

íslensk menningarpólítík

Bjarki Valtýsson

Íslensk menningarpólítík

Íslensk menningarpólitík

2011

Höfundur: Bjarki Valtýsson

This work is licensed under the Creative Commons Attribution-NonCommercial-ShareAlike 3.0 Unported License. To view a copy of this license, visit <http://creativecommons.org/licenses/by-nc-sa/3.0/>

Bókin er gefin út með aðstoð starfsstyrks Hagþenkis

Útgefandi: Nýhil

Kápa: Aðalsteinn Hallgrímsson

Umbrot: Oddur Árni Arnarsson

Prentun: Leturprent

ISBN 978-9935-413-10-9

Bjarki Valtýsson

Íslensk menningarpólitík

Þúhú

Efnisyfirlit

Inngangur

9

Fyrsti hluti

Fræðilegar stoðir

18

1

Margfeldni menningarpólítíkur

19

Hvað er menning?

19

Margslunginn síðmóðernismi

24

„Glókal“ heimsmynd

28

Sambræðingur hins háa og lága

30

Tilkoma „upplýsts“ almannasviðs

32

Kerfi og lífheimur

35

Blekking skynsamlegra boðskipta

38

Orðræðubúnt og sannleiksveldi

41

Áhrif þjóðerniskenndar á síðmóðernisma

44

Menningarpólítískt módel síðmóðernismans

46

2

Ólík menningarmódel

59

Fjögur menningarmódel

59

Norðurlandamódelið

62

Aðkallandi viðfangsefni menningarstefnu

68

Annar hluti

Íslensk menningarpólítík

72

Stytttri fræðistoðir

73

3

Íslensk menningarvitund

77

Frumdrög íslensks almannasviðs

78

Samlíf og samfélag

84

Frumdrættir íslenskrar menningarpólítíkur

91

Menningarvitundin tekur á sig mynd

97

4

Aðalleikararnir í íslenskri menningarpólítík	109
Menningarstefna íslenska ríkisins	109
Framlög á fjárlögum til menningarmála	121
Nokkur einkenni opinberrar menningarstefnu	133
Bandalag íslenskra listamanna og listamannalauna	140
Menningarstefna Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga	154
Markaður	172
Menningartengd ferðaþjónusta	184
Fjölmíðlar	192
Íslensk stjórnmálaöfl	210
Alþjóðleg menningarsamvinna	221

5

Framtíðarsýn íslenskrar menningarstefnu	231
Áhrif Bjarkar	232
Stafræna sprengjan	242
Öflugri almannasvið?	249
Netsamfélagið	254
Endurblönduð menning: Fimm dæmi	257
Stafræn endurblöndun og menningarpólítík	263
Íslensk menning árið 2050	267
Heimildaskrá	278
Prentaðar heimildir	278
Heimildir á netinu	290
Viðmælendaskrá	297

Inngangur

Vestræn samfélagsgerð nútímans er flókið fyrirbæri sem mótast einstaklinga eftir mismunandi hefðum og viðmiðum. Sá nútími sem við búum við er ýmist kallaður *póstmóðernískur* nútími, *reflexífur* nútími, *síðmóðernískur* nútími, nútími *netsins*, nútími *upplifana* eða jafnvel *súpernnútími*. Eitt helsta einkenni þessa tímabils virðist vera hversu erfitt það reynist að festa hendur á gagnsæi og samvirkni samfélagsins og af þeim sökum er því oft lýst með flotkenndum orðum eins og *margfeldni*, *margvídd*, *fjölbreytileiki*, *flókindi* og *híbríð*. Hvað sem slíkri málnotkun líður þá ætti öllum að vera ljóst að nútíminn hefur flókinn strúktúr sem ómögulegt er að skoða í allri sinni mynd.

Þótt smíði einhvers konar heildarsamfélagskenningar sé göfugt markmið í sjálfu sér er ég hræddur um að slíkar tilraunir séu dæmdar til að mistakast. Hins vegar er hægt að rannsaka ákveðna samfélagsþræði og greina þá í samhengi við aðra skylda samfélagsþræði. Sé slíkum þráðum safnað saman myndast búið og það *samfélagsbúið* sem verður skoðað nánar í þessu verki er jafnan kallað *menningarpólítík*¹ en þar sem slíkt búið er í eðli sínu of stórt fyrir þessa rannsókn þá snyrti ég og móta búiðið þannig að það tekur mynd *íslenskrar menningarpólítíkur*. Markmiðið er í stuttu máli að greina helstu einkenni íslenskrar menningarpólítíkur, að staðsetja hana út frá öðrum menningarmódelum og spá fyrir um framtíðarþróun hennar, sérstaklega með tilliti til stafrænnar tækni, breytts fjölmiðlaumhverfis og fjármálakreppunnar sem skall á heimsbyggðinni síðari hluta ársins 2008.

Í viðum skilningi er menningarpólítík vettvangur færslna og átaka milli ólíkra aðila menningarsviðsins, t.d. ríkisins, markaðarins, listamanna, framleiðenda, neytenda, menningarstofnana, fyrirtækja, sveitarfélaga, grasrótahreyfinga og stærri alþjóðlegra stofnana. Markmið og ítök þessara aðila eru auðvitað ekki þau sömu en ásetningur þeirra er að hafa áhrif á þróun og birtingarmyndir lista og menningar í þjóðfélaginu, oft með eigin hagsmuni að leiðarljósi. Þessi stýring ráðandi afla menningarsviðsins ákvarðar hvaða list eigi skilið fjárhagslegan stuðning og neyslu almennings. Þetta er ansi mikið

¹Menningarpólítík er einnig oft kölluð menningarstefna (e. cultural policy). Ég nota orðin jöfnum höndum en greini þó blæbrigðamun milli menningarpólítíkur sem regnhlífarhugtaks og menningarstefnu sem orðaðs markmiðs, oft sett fram í formi laggs.

vald því listir og menning hafa mikil áhrif á, og stjórna í sumum tilvikum, þróun ýmissa þátta samfélagsins og mótun sjálfsvitundar einstaklinga þess. Af þessum sökum er hægt að tala um menningarpólitík sem ákveðna tækni, eða aðferð, sem ráðandi aðilar menningargeirans nota til að móta listræn og menningarleg gildi almennings.

Mikilvægt er að hafa í huga að hlutverk og markmið þessara ráðandi aðila menningargeirans eru svo ólík að það verður sem betur fer ekki komist hjá líflegum umræðum og skoðanaágreiningi. Þessar umræður fylgja á yfirborðinu „upplýstum“ röksemdafærslum sem eiga rætur að rekja til heimspeki upplýsingarinnar en undir sýnilega sléttu yfirborðinu fer jafnan fram annars konar umræða sem fylgir frekar lögmálum skapandi leiks og þrár *valdsins*.

Ef við lítum nánar á liljur íslenska menningarvallarins er nokkuð ljóst að ríki og sveitarfélög hafa annarra hagsmuna að gæta en t.d. hinn frjálsi markaður. Menningarstefna ríkis er lituð pólitískum leiðum og lýðræðislegri umræðu en markaðurinn hefur það helsta markmið að græða sem mest fé á sem allra stystum tíma. Ríkið þarf hins vegar að dragnast með byrðar þróunar þjódlegrar sjálfsvitundar ásamt viðhaldi og varðveislu menningararfsins. Ríkið setur einnig upp fagurfræðileg og tölfræðileg viðmið sem menningarstofnanir ríkisins vinna út frá. Auk þess gegnir ríkið mikilvægu hlutverki í menningarlegu uppeldi barna og unglinga, og á að vernda menningarlega hagsmuni innflytjenda, etnískra og landfræðilegra minnihlutahópa. Þá ákveður ríkið einnig ytri aðstæður margra listamanna og menningarstofnana ríkisins og mótar heildarmenningarstefnu þjóðarinnar, sem hefur vitaskuld mikil áhrif á framtíðarþróun allrar menningar í landinu.

Markaðurinn virðist hins vegar fylgja því einfalda boðorði að græða pening og gerir því sitt ítrasta til að móta ákveðna fagurfræði sem hægt er að pakka áreynslulítið inn og selja til sem flestra, auk þess sem hann gerir sér í auknum mæli grein fyrir vægi menningar og lista til jákvæðrar ímyndasköpunar. Þrátt fyrir þessi skýru markmið markaðsaflanna hafa þau ýmsar leiðir til að raungera þau og stuðla því jafnan að fjölbreytni, jafnvel þótt framleiðslunni sé beint að stórum markhópum. Á milli *hins opinbera* og *markaðar* er svo *almenn-ingur* sem gerir réttmæta kröfu um flæði upplýsinga, skemmtun, fagurfræði, þekkingu og aðra andlega virkni; *menningarstofnanir* sem krefjast fjárhagslegs öryggis og hagstæðra starfsskilyrða; *atvinnulistamenn* sem krefjast hliðhollra samfélagsaðstæðna til að geta lifað af list sinni; *áhugalistamenn* og aðrar

félagslegar og uppeldislegar stofnanir sem krefjast fjárhagslegs og líkamlegs svigrúms fyrir starfsemi sína; hin *skapandi grasrót* sem krefst meiri teygjanleika og innlimun nýrra listgreina og nýrra hugmynda í menningarbatteríð; *stjórnámálamennirnir* sem vilja skjótfengnar lausnir, oft í gervi árangursstjórnunarsamninga og annarra aðferða nýrrar opinberrar stjórnunar (e. new public management); *fjölmíðlar* í öllum sínum fljótandi formum, *stjórn mála flokkar* með afar misvel hugsaðar menningarstefnur sínar, og að lokum ýmsar *alþjóðlegar stofnanir* eins og Norræna ráðherranefndin, Evrópusambandið, Evrópuráðið og UNESCO, sem einblína á að færa menningarumræðuna frá þjóðríkinu yfir í alþjóðlegt samhengi.

Þetta undirstrikar hversu flókið menningarpólitíska sviðið er og hversu langt það teygir sig inn á ólík svið samfélagsins. Til að bæta gráu ofan á svart þá er einnig hlutverk menningarstefnu að sameina ólík listform í eina samfellda stefnu sem hefur það meginhlutverk að stýra og móta framtíðarþróun menningar og lista í samfélaginu. Það eru til margar ólíkar leiðir til að móta, stýra og framkvæma slíka stefnu og mun þetta rit fyrst og fremst horfa á þróun undanfarinna ára og hvernig líklegt er að hún muni verða á Íslandi næstu ár. Til þess að gera grein fyrir núverandi menningarstefnu helstu aðila menningarvettvangsins tel ég þó nauðsynlegt að hverfa til fortíðar og rekja stuttlega fæðingu ákveðinnar menningarvitundar sem ég tel að sé enn afar áhrifamikil í íslenskri menningarpólitík.

Til að koma þessu við mun ég taka menningarhugtakið til nánari skoðunar í 1. kafla auk þess sem fræðilegar undirstöður verksins verða byggðar. Ég nota ákveðna þætti kenninga Jürgens Habermas um *almannasviðið* (e. public sphere) og hugleiðingar Michel Foucault um samspil *valds* og *þekkingar*, *orðræðu* (e. discourse), *orðræðubúnt* (e. discursive formation) og *sannleiksveldi* (e. regime of truth) til að búa til módel sem getur gagnast við nánari rannsókn á menningarpólitíska sviðinu.² Módelið byggir einnig á kenningum Anthony D. Smith um þjóðerni og þjóðerniskennd auk þess sem litið verður á skrif Roberts J. Holton um tengsl hnattvæðingar og þjóðríkisins. Kenningar Manuel

² Ástæðan fyrir því að ég valdi ákveðna þætti kenninga Habermas og Foucault sem fræðilegar undirstöður þessa verks er einstök innsýn þeirra og tilraunir til að skilgreina þann flókna samfélagsstrúktúr sem við búum við. Með hugtökum á borð við *kerfi*, *lífsheimur* og *almannasvið* veitir Habermas mér dýrmætan hugtakaramma sem dregur fram ráðandi aðila menningarpólitískrar umræðu. *Valda-* og *þekkingarhugtök* Foucault, ásamt *orðræðu*, *orðræðubúntum* og *sannleiksveldinu*, eru einnig mikilvæg hugtakakerfi sem ég nota til að kasta margræðara ljósi á einföld tvíhyggjukerfi.

Castells um netsamfélagið, „raun-sýndarlega“ menningu (e. culture of real-virtuality) og hnattvætt net nýmiðla eru vel til þess fallnar að útskýra notkun mína á stafrænum almannasviðum og loks munu áhrif rússneska forritarans, fræðimannsins og listamannsins Lev Manovich verða kynnt, sérstaklega út frá skilgreiningu hans á nýmiðlum, endurblandaðri menningu (e. culture of remixability; remix culture) og áhrifum þeirra á rótgróin listform. Þáttur Manuel Castells og Lev Manovich tilheyrir í raun 5. kafla en ég nefni hann hér til frekari glöggvunar á því sem koma skal.

Markmið mitt með módelinu er að nota ákveðnar kenningar þessara fræðimanna til að sýna fram á og útskýra margbreytileikann sem menningarpólitíski vettvangurinn stendur andspænis í byrjun tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Módelið verður síðan notað sem greiningartæki og er ætlun þess að sýna ákveðin einkenni og meginfærslur innan íslenska menningarpólitíksins.

Í 2. kafla geri ég grein fyrir mismunandi menningarmódelum og er menningarmódel Norðurlandanna sérstaklega mikilvægt, því íslenska útgáfan er helst skyld því jafnvel þótt áhrifa þess bandaríska gæti í auknum mæli. Fyrstu tveir kaflarnir gera sér því far um að byggja fræðilegar stöðir verksins og hafa mun almennari skírskotun, bæði hvað samfélagsgerð síðmóðernismans varðar og menningarpólitík sem hugtak.

Verkið skiptist því í tvennt; annars vegar í fræðilegar stöðir og hins vegar í birtingarmynd íslenskrar menningarpólitíkur um þessar mundir. Til að undirbyggja síðarnefndu greininguna er ætlun 3. kafla að líta aðeins til fortíðar og rekja fæðingu sérstaks íslensks *almannasviðs* og þjóðerniskenndarinnar sem fylgdi því. Sú menningarlega vitund sem myndaðist með þjóðinni á ýmsum stigum sjálfstæðisbaráttu hennar er í mikilli mótsögn við þá síðmóðernísku ímynd sem reynt er að koma á framfæri nú á dögum. Eitt helsta verkefni íslenskrar menningarpólitíkur er að bregðast við þessari gjá milli ólíkra gerða íslenskrar sjálfsvitundar og byggja menningarpólitíska brú sem tengir fortíð, nútíð og framtíð með öðrum og betri hætti en hefur verið gert.

Í 4. kafla verður lítið nánar á starf og skyldur ríkisins í íslenska menningarmódelinu og gerð grein fyrir menningarpólitískum umsvifum listamanna, sveitarfélaga, markaðar, menningartengdrar ferðaþjónustu, fjölmiðla, stjórnmálaflokka og alþjóðlegrar menningarsamvinnu. Þessi kafla er mestur að umsvifum enda eitt helsta takmark þessa rits að greina menningarpólitískar hræringar síðustu ára hérlendis.

Að lokum mun ég í 5. kafla velta fyrir mér framtíðarmöguleikum og áskorunum íslenska menningarmóðelsins, sérstaklega með tilliti til breytinganna sem *stafræn menning* og *stafrænan menningar* hefur í för með sér. Enginn vafi leikur á því að stafrænið miðlar knýja íhaldssöm menningarmóðel til breytinga og þessu verður ábyrg menningarpólitik að bregðast við. En sem fyrr segir mun ég í þessum kafla varpa ljósi á kenningar Manuel Castells og Lev Manovich, auk þess sem nokkur dæmi um stafræn almannasvið verða tekin.

Það kemur í ljós síðar í þessu verki hvort helstu aðilar íslenskrar menningarpólitikur svari kalli hins stafræna nútíma en ein helsta spurning bókarinnar er hvort lykilinn að gæfuríkri íslenskri menningarpólitik sé að finna í fortíð íslenska tungumálsins, menningararfsins og í frekari menningarlegri notkun á náttúru landsins; eða í stafrænum miðlum netsamfélagsins, hraðri þróun internetsins og í gagnvirkum dreifimöguleikum sem stafræn menning býður notendum sínum upp á. Ýmis teikn eru á lofti sem benda til þess að íslensk menningarpólitik velji fyrri kostinn en hvernig fellur slík stefna að stafrænum tímum síðmóðernískra menningarstrauma?

Þetta rit er yfirlitsverk um íslenska menningarpólitik og sem slíkt býður það upp á ákveðna fræðilega nálgun þar sem valdir hnútar á neti íslenska menningarvettvangsins verða virkjaðir og flæðið á milli þeirra kannað. Þetta þýðir þó ekki að það verði þurrausið, enda er það ekki hægt. Slík er í það minnsta raunin samkvæmt þeirri skilgreiningu á neti og netsamfélagi sem notast verður við hér og rennur undan rifjum spænska fræðimannsins Manuel Castells. Samkvæmt henni eru net sveigjanleg, breytileg og án miðju, auk þess sem þau hafa mikla aðlögunarhæfileika og eiga þ.a.l. auðvelt með að tengjast öðrum netum. Þótt strúktúr neta sé miðjulaus eru þau samt sem áður drifin áfram af gildum og eins og oft vill verða um gildi eru þau hárarkísk. Sumum er hampað á kostnað annarra. Slík bygging er samt ekki endanleg því eitt helsta einkenni neta er að þau aðlagast breyttum aðstæðum, virkja nýja hnúta, auka streymið á milli þeirra hér, minnka þar, tengjast hér, rjúfa þar. Og svo er einnig um menningarpólitik.

Þeir hnútar í neti íslenskrar menningarpólitikur sem ég vel að greina hér eru eðli málsins samkvæmt valdir af mér. Þetta þýðir auðvitað ekki að aðrir hnútar séu ekki til og að streymi þeirra í milli hafi ekki áhrif á heildarmynd netsins. Þeir voru valdir vegna þess að mér fannst þeir vel til þess fallnir að

afmarka útlínur íslenskrar menningarpólítíkur. Þegar ég styðst við fjórar menningarskilgreiningar, kenningar Jürgens Habermas um almannasviðið, valdaskilgreiningu Michel Foucault, skrif Anthony D. Smith um þjóðerniskennd, endurblöndunarhugtak Lev Manovich, kenningar Manuel Castells um netsamfélagið, áhrif Fjölnismanna og Nýrra félagsrita, vægi ríkis, listamanna, sveitarfélaga, markaðar, fjölmiðla, menningartengdrar ferðapjónustu, alþjóðlegrar samvinnu, áhrif Bjarkar, markaðsmynd Sigur Rósar, náttúrunotkun í íslenskri kvikmyndasögu og síðast en ekki síst, innreið nýmiðla, þá hleypi ég einungis af afmörkuðu streymi innan netsins sem eftirleiðis verður kennt við íslenska menningarpólítík.

Líkt og öll önnur verk er þetta því takmarkað rit fullt af óvirkjuðu streymi milli hnúta sem þarf að hleypa frá. Í þessu felst samt tilgangurinn. Markmiðið er nefnilega ekki að tæma umræðuna, heldur að halda henni við. Að skapa stopult uppkast að neti, sem aðrir mega gjarnan fylla í, beina streymi í nýjar áttir, loka fyrir tengingar hér, opna nýjar þar, dýpka greiningar og atvik sem lítið er komið inn á eða rengja þær leiðir sem farnar eru hér. Allt er betra en þögnin.

Til að koma á góðu rennsli milli hnúta þess nets sem ég kenni við íslenska menningarpólítík ákvað ég í samráði við útgefanda minn að gefa verkið út undir Creative Commons leyfinu *Höfundar getið – Ekki í viðskiptalegum tilgangi – Sömu dreifingarskilmálar 3.0* (e. Attribution-NonCommercial-ShareAlike 3.0). Notendur eru því hvattir til að nota verkið á skapandi hátt, umsemja, endursemja, þurrka út, bæta inn í, svo framarlega sem mín er getið sem upphaflegs höfundar, að viðkomandi „endurblandari“ noti ekki endurblöndun sína til gróða og dreifi endurblöndun sinni undir sama leyfi. Til að auðvelda slíka endurblöndun er hægt að nálgast stafræna útgáfu þessa rits á vefslóðinni www.valtysson.net. Þar er einnig hægt að skrá inn kaflabreytingar á wiki-formi og taka þar með þátt í framhaldslífi verksins. Ég mun síðan leggja yfir þær tilögur sem þar verður að finna og gefa verkið út á stafrænu formi á ný undir heitinu *Íslensk menningarpólítík 2.0*. Haldi fólk áfram að bæta ritið með þörfum athugasemdum mun útgáfa 3.0 að sjálfsögðu líta dagsins ljós og svo koll af kolli.

Aðferðafræðilega byggir verkið á endurblöndun fræðikenninga sem mér finnst vinna vel saman til að skapa hugtakaförða sem er gagnlegur við greiningu á íslenskri menningarpólítík. Sjálf greiningin í fjórða kafla byggir að mestu á skjalagreiningu en þar fer ég í saumana á opinberum skýrslum frá

ráðuneytum, ýmsum stofnunum á vegum sveitarfélaga, Bandalagi íslenskra listamanna, stjórnmalaflokkum og fleirum. Þetta flokkast undir það sem kalla mætti *menningarpólitísk sýnd*, þ.e. það sem stefnur segjast gera. Ég kiki þó einnig á það sem ég kalla *menningarpólitíska reynd*, þ.e. sjálfa framkvæmd stefnunnar, m.a. með því að rekja fjármagnsstraum frá ráðuneytum til menningarstofnana og menningarverkefna. Til þess að komast undir sýnilega lyngt yfirborð hinna ýmsu menningarstefna tók ég nokkur eigindleg rannsóknarviðtöl³ en megintilgangur þeirra var að komast í upplýsingar um aðdraganda hinnar formlegu stefnu. Ég hefði gjarnan viljað taka fleiri slík viðtöl en sökum búsetu minnar og vinnu í Kaupmannahöfn reyndist mér erfitt að koma því við. Verður þetta að teljast galli á verkinu sem rétt er að hafa í huga við lestur þess – en hugsanlega munu lesendur laga það fyrir *Íslenska menningarpólitík 2.0*.

Þetta verk á sér töluverðan aðdraganda og má segja að áhugi minn á viðfangsefninu hafi vaknað þegar ég skrifaði BA-verkefni mitt, *Bölvun borgarinnar*, undir handleiðslu Ástráðs Eysteinsonar, prófessors við bókmennta- og menningarfræðideild Háskóla Íslands. Í því verkefni greindi ég ferð íslenskrar nútímavitundar frá skáldsögu Halldórs Laxness, *Barni náttúrunnar* frá 1919, til kvikmyndar Friðriks Þórs Friðrikssonar, *Börn náttúrunnar* frá 1991. Að augljósum textatengslum undanskildum fannst mér verkin tjá ágætlega þróunina og þær gríðarlegu umbreytingar sem orðið hafa á íslenskum veruleika á ekki lengri tíma.

Nútíminn getur verið trunta og hann stóð svo sannarlega undir merkjum í *Börnum náttúrunnar*, í það minnsta út frá skynjun gamalmennanna tveggja sem reyndu að flýja undan tangarhaldi hans til kunnuglegri, hlýrri, náttúrulegri og sumpart yfirskilvitlegri slóða. Þessi flótti frá samfélagsþáttum borgarinnar til samlífsþátta sveitarinnar hefur löngum verið íslenskum listamönnum, íslenskum stjórnmalamönnum, íslenskum markaði og íslenskum menningarneytendum hugleikinn. Áhrifa hans gætir víða, sérstaklega í list-

3 Sjá viðmælendaskrá. Ég beitti „semí-strúktúráðri“ viðtalstækni og talaði við einn viðmælanda í einu. Þær bækur sem ég notaði við úrvinnslu viðtalanna eru *Qualitative Researching with Text, Image and Sound* í ritstjórn Martin W. Bauer og George Gaskell, *Interview: En introduktion til det kvalitative forskningsinterview* eftir Steinar Kvale, *Kvalitative metoder i et interaktionistisk perspektiv: Interview, observationer og dokumenter* í ritstjórn Margarethu Järvinen og Nönnu Mik-Meyer. Einnig tók ég nokkurt mið af bók Bente Halckier, *Fokusgrupper*.

rænum afurðum sem Íslendingar markaðssetja erlendis og í menningartengdri ferðaþjónustu. BA-verkefni mitt gerði sér far um lýsa togstreitu samfélags- og samlífshugtakanna, og hvorn pólinn íslenskar listafurðir hneigjast til að taka.

Ég tók þennan þráð sumpart upp á ný þegar ég skrifaði lokaverkefni mitt í cand. mag. námi mínu í menningarfræði við Kaupmannahafnarháskóla en leiðbeinandi minn var danski menningarfélagsfræðingurinn Peter Duelund. Í verkefninu beiti ég svipuðum hugtakaramma og ég geri hér en dýpka greiningar og bæti við dæmum. Fræðirit eru eðli málsins samkvæmt ekki alltaflétt undir tönn og því dró ég aðeins úr fræðilegum skírskotunum og breytti byggingu verksins til muna. Þeir sem hafa áhuga á fræðilegri nálgun, túlkun minni á áðurnefndum fræðimönnum og tengingu minni á skrifum þeirra við menningarpólítíska umræðuvettvanginn, munu hugsanlega geta skemmt sér yfir hinum *fræðilegu stöðum* fyrstu tveggja kafla verksins. Í þessum köflum fer ég m.a. nokkuð ýtarlega í kenningu Jürgens Habermas um almannasviðið og ætti útlitun mín að geta orðið gagnlegt greiningartæki fyrir áhugasama lesendur. Á þetta ekki síst við í kjölfar efnahagshrunsins. Fyrstu tveir kaflarnir geta því staðið sem sjálfstæð heild. Þeir hafa almenna skírskotun og geta nýst í ólíku samhengi.

Líklega munu flestir lesendur þó kjósa að fletta beint upp á 3. kafla og lesa greiningu mína og túlkun á íslenskri menningarpólítík. Í upphafi 3. kafla má finna stutta kynningu á tveimur fyrstu köflunum svo hugtakaraminn sé ekki með öllu óþekktur. Gekk ég þannig frá verkinu að óþarft er að fara í gegnum fræðipófið til að greiningin verði skiljanleg.

Ég notast við bóka- og greinaheiti á þeim tungumálum sem ég les þau en get frumútgáfuárs í hornklofa í heimildaskrá.

Ég vil þakka áðurnefndum Ástráði Eysteinssyni og Peter Duelund fyrir þeirra augljósu áhrif. Einnig vil ég þakka Søren Kjörup, prófessor við Hróarskelduháskóla, en hann var leiðbeinandi doktorsverkefnis míns sem fjallaði um stafræna menningarneyslu og menningarframleiðslu, og hvernig menningarfesta Evrópusambandsins bregst við ýmiss konar áskorunum stafrænnar menningar.

Einnig vil ég þakka ritstjóra verksins, Ásgeiri H. Ingólfssyni, og ýmsum aðilum sem komu að ólíkum stigum handritsdraga og nefni ég sérstaklega Sigurð

Ólafsson, Aðalstein Hallgrímsson, Hjört Einarsson, Hildi Lilliendahl, Hildi Þórisdóttur og Valtý Sigurbjarnarson. Án þeirra væri verið miklu lengra, ómarkvissara, ljótara og vitlausara. Bókin er gefin út með aðstoð starfsstyrks Hagþenkis og kann ég fólki þar á bæ bestu þakkir, sem og forlaginu Nýhil. Íslensk menningarpólitík er búin að fylgja mér lengi og stal verðmætum stundum. Takk fyrir þolinmæðina, Hildur, Hrafnkell Ari, Ásrún og Þórir Björn.

Fyrsti hluti

Fræðilegar stöðir

I

Margfeldni menningarpólitíkur

Hvað er menning?

Einn helsti gallinn á mörgum menningarstefnum er sá að þær gera litla sem enga tilraun til að útskýra notkun sína á menningarhugtakinu. Þetta virðist einnig vera tilfellið hjá flestum helstu aðilum íslenska menningarvettvangsins. Þetta er slæmt því það er forsenda árangursríkrar stefnu að hún sé fær um að skilgreina hugtakið sem hún byggir á. Í þessu sambandi tel ég fjórar menningarskilgreiningar afar mikilvægar menningarpólitískri umræðu; þá *húmanísku*, *mannfræðilegu*, *þjóðernislegu* og *stafrænu*, og eigi menningarstefna að vera markviss verður hún að gera grein fyrir vægi þessa mismunandi skilnings á menningu.

Margir hafa reynt að komast nær innviðum menningarhugtaksins og spanna þær tilraunir allt frá hámenningarskilgreiningu Matthew Arnold frá árinu 1869 um að menning sé „allt það besta sem hefur verið hugsað og vitað í heiminum“⁴ til almennari og hógværarari skýringa, sem halda því fram að menning sé einfaldlega einhvers konar hjúpur sem umlykur allt skynjanlegt umhverfi og hefur áhrif á allar okkar gjörðir, tal og athafnir. Samkvæmt fyrrnefndu skilgreiningunni er menning andleg uppspretta sem færir anda mannsins sem næst háleitustu og göfugustu skynjunum sem hann er fær um að meðtaka. Síðari útskýringin hefur hins vegar mun almennari skírskotun þar sem menning er hreinlega alltumlykjandi, út um allt, alls staðar.

Fyrri skilgreiningin á rætur að rekja til húmanískrar hefðar upplýsingarinnar þar sem menning og listir voru notuð sem tæki til að skapa hinn *menntaða* og *fágaða* einstakling. Húmaníska skilgreiningin greinir á milli góðrar og slæmrar listar, þar sem mælistikan er innra gildi og gæði listarinnar. Slík stigskipting er óhjákvæmilega tengd smekksstigveldi sem er mótað af ráðandi menningarstefnu og öðrum ríkjandi félagslegum og efnahagslegum þáttum.

Seinni skilgreiningin er oft kölluð *mannfræðilega menningarhugtakið*, sem er nátengt *menningarlegu lýðræði*. Sem fyrr segir umlykur menning sam-

4 Sjá Arnold 1995: 32.

kvæmt þessari skilgreiningu allar víddir tilverunnar og hefur í för með sér að öll list á jafnmikið tilkall til opinberra styrkja og almennrar þátttöku. Mannfræðilega menningarhugtakinu óx ásmegin á Norðurlöndum á sjöunda áratug síðustu aldar og hefur allar götur síðan verið mikilvæg viðbót og öflugt vopn fyrir menningarendurreisn ýmissa minnihlutahópa.

Þótt mannfræðilega menningarhugtakið hafi sprengt mörk og dregið úr menningarsnobbi húmaníska menningarhugtaksins þá er galla þess einkum að finna í víðri skírskotun þess. Það segir sig sjálft að það er mjög erfitt að skapa, þróa og stýra menningarstefnu og menningarpólítík ef allur skynjanlegur veruleiki fellur undir mörk hennar. Þessi menningarsýn á því til að fletja út sjálf menningar- og listhugtökin og gera svo almenn að þau missa nothæfa merkingu.

Mannfræðilega menningarhugtakinu var upphaflega ætlað að dreifa jákvæðum áhrifum lista og menningar til allra þjóðfélagsþrepa samfélagsins, þ.e. í stað þess að boða fagnaðarerindið frá efstu þrepunum var ætlunin að byrja neðan frá og besta leiðin til þess var að útvíkka menningarhugtakið og steypa póla *menningar* annars vegar og *lista* hins vegar í sama mót. Ein hliðarverkana þessa gjörnings er að ýmsir aðilar menningarvettvangsins beita menningarhugtakinu til að ná fjárhagslegum og pólitískum markmiðum. Menning og listir eru þannig notuð til að bæta „listrænni“ vídd við ýmsar vörur, fyrirtæki, pólitískar áróðursherferðir og aðra klæki almannatengsla, eða til að auðvelda aðgengi forsvarsmanna fyrirtækja og stjórn málaafila að fjölmiðlum.

Þessi almennleiki mannfræðilega menningarhugtaksins hefur einnig skapað þéttan hugtakaskóg sem erfitt getur reynst að rata um, sérstaklega þegar óljós hugtök á borð við neyslumenningu, umferðarmenningu, tískumenningu, bullumenningu og matarmenningu hlaðast utan á menningarhugtakið. Þótt mannfræðilega menningarhugtakið hafi flækt málín dálítið ber ekki að líta á það neikvæðum augum heldur sýnir það fremur fram á margræðni og margfeldni menningarpólitíska vettvangsins. Menningarhugtakið er fullt af mótsögnum og því er afar erfitt að stjórna áhrifum þess. Þetta er mikilvæg staðreynd sem gerendur menningarpólítíkur eru því miður ekki alltaf meðvitaðir um.

Þriðja menningarskilgreiningin er jafnan kölluð *þjóðernislega menningarskilgreiningin* og er oft rakin til skrifa þýska heimspekingsins Johanns Gott-

fried Herder. Samkvæmt henni er menning nátengd þjóðerni og þar af leiðandi bundin sameiginlegri sjálfsvitund fólksins og þjóðarinnar. Tungumálið er að mati Herder mótandi menningarlegt afl og sömuleiðis sameiginlegur þjóðarandi fólksins.⁵ Þessi menningarskilgreining hefur lengi haft mikil áhrif á íslenska menningarstefnu því viðhald íslenskrar þjóðmenningar, íslensks þjóðernis, tungumáls, menningararfs og náttúru hafa alltaf verið leiðandi öfl í íslenskri menningarstefnu.

Hefðbundin menningarstefna notar yfirleitt þessar þrjár menningarskilgreiningar jöfnum höndum og þótt þær virðist stundum vera í mótsögn hver við aðra þá á sú þverstæða vel við flókið hlutverk og notkun á menningarhugtakinu innan siðmóðernískra samfélaga. Þetta kemur betur í ljós þegar litið er á nokkur helstu verkefni menningarpólítíkur, sem á t.d. að sjá til þess að menning geti verið sótt og iðkuð af sem flestum, um leið og hún á að vera mælikvarði á góða og lélega list. Þessu til viðbótar á menning að blása fólki þjóðernistilfinningu í brjóst og veita mismunandi samfélögum þá tilfinningu að þau tilheyri þjóðlegri sjálfsvitund. Síðastnefnda atriðið er þjóðernissinn- um mikilvægt vopn í baráttunni við ýmsa þætti hnattvæðingar og er menningarhugtakið miskunnarlaust notað til að benda á sérkenni og göfuglyndi einstakra þjóða og héraða.

Þegar íslenska menningarmódelið er skoðað kemur fljótlega í ljós að það reynir að sameina þessar að því er virðist þversagnakenndu skilgreiningar menningarhugtaksins. Þegar menningarpólítískar ákvarðanir eru teknar um hverjir eigi skilið stuðning þá er í raun verið að styðjast við *húmanísku* menningarskilgreininguna, þar sem munur lágmennningar og hámenningar lifir enn góðu lífi. Sé rétt staðið að slíkum ákvörðunum eru þær teknar af sérfræðingum í „innra“ gildi lista,⁶ sem hafa faglegar forsendur til að velja ákveðin verkefni fram yfir önnur. Jafnvel þótt tvígreining hámenningar og lágmennningar hafi tekið ákveðnum breytingum á síðustu áratugum tuttugustu aldar þá kemur á óvart hversu hefðbundið íslenska ríkið er í styrkveitingum sínum og á það bæði við um stofnanir og þær listgreinar sem skipta á milli sín listamannalaunum.

⁵ Sjá Herder 1968.

⁶ Ritið *Creating Cultural Value: How Culture Has Become a Tool of Government Policy* eftir John Holden gerir grein fyrir mismunandi markmiðum og þankagangi efnahagslífsins, pólitíkur og menningarvettvangsins. Þar heldur hann því t.d. fram að ómögulegt sé að mæla beint áhrif lista og menningar á forsendum tölfraði og því beri að beita öðrum hugtakamma og aðferðafræði til að fanga virkni menningarvettvangsins.

Sé lítið nánar á opinberar styrkveitingar sést greinilega að mestur fjárhagslegur stuðningur rennur til „upplýstra“⁷ listforma á borð við bókmenntir, myndlist, klassíska tónlist og dans, leiklist og kvikmyndalist. Nýrri og sumpart framúrstefnulegri listform, eins og stafræn list, internetlist, myndasögur, gjörningsljód, listfengnir tölvuleikir, plötusnúðar, videosnúðar, iðnaðarlist, listrænir gjörningar, dægurtónlist og ýmiss konar hönnun, eiga mun erfiðara með að ná eyrum og augum opinbera liststyrkjabáknsins.

Þótt íslenska menningarmódelið styðjist við *humanísku* menningarskilgreininguna þegar kemur að því að velja milli góðrar og slæmrar listar, þá notast það einnig við *mannfræðilegu* útgáfuna, því ríki og sveitarfélög undirstrika mikilvægi áhugamannalistar við menningarlegt uppeldi þjóðarinnar og styðja gjarnan ýmis verkefni sem lúta að því að fá sem flesta til að skapa og njóta listar. Þetta er vitaskuld þversagnakennt, því þar sem áhugamannalist er af flestum talin af minni gæðum en atvinnumannalist, þá stuðla ríki og sveitarfélög bæði að hvatningu og útilokun lélegrar listar. Þessi þversögn stafar fyrst og fremst af því að ríki og sveitarfélög greina ekki nógu vel á milli *menningar* annars vegar og *lista* hins vegar en, eins og norski fræðimaðurinn Thorvald Sirnes hefur sýnt fram á, þá liggur oft gjörólík hugsun að baki þessum hugtökum.

Sirnes segir menningarhugtakið alltaf hafa verið notað til að ná ákveðnum markmiðum ráðandi aðila, eins og að skapa þjóðerniskennd, að nota menningu til að temja og síða lýðinn og kenna honum „rétt“ gildi, eða til að auka fjárhagslega veltu einstaklinga og fyrirtækja, svo fácin dæmi séu nefnd. Listin er hins vegar einstaklingsbundnari og markmið hennar er jafnt að sundra og að sameina, og þess vegna á listahugtakið í raun lítið sameiginlegt með hefðbundinni notkun á menningarlegri „normaliseringu“. Sirnes segir vettvang listarinnar liggja fyrir utan siðferði og siðalögmál og spili því allt eins á tilfinningar grimmdar, fýsna og annarra skuggalegri þátta mannlegrar tilveru. Listin sækist eftir ákefð og ofsa, hvort sem er í sársauka eða gleði. Þjáningin liggur því listinni allt eins til grundavallar og sælan, og eyðilegging merkingar getur verið jafn áhugaverð og eftirsókn eftir djúpri merkingu.

7 Ég kalla þessar greinar upplýstar vegna þess að þær eiga upphaf sitt að miklu leyti í hræringum og hugmyndafræði upplýsingarinnar. Tony Bennett veltir þessum atriðum til að mynda fyrir sér í bókinni *The Birth of the Museum: History, Theory, Politics*. Einnig vil ég benda á bókina *Listkerfi nútímans* eftir Paul Oskar Kristeller.

Sirnes heldur því einnig fram að ómögulegt sé að byggja dyggðugt og sann-
gjarnt þjóðfélag á list því eitt helsta hlutverk hennar sé að koma okkur í kynni
við tilfinningar og heim sem er okkur framandi, þar sem við eigum erfitt með
að finna okkur stað. Listin leitar því ekki í far hins þekkjanlega heldur leiðir
okkur á vit nýrra og framandi upplifana. Sirnes gengur meira að segja svo langt
að halda því fram að ekki sé æskilegt að nota list á uppbyggjandi hátt, því hlut-
verk hennar sé að eyðileggja ráðandi túlkanir á raunveruleika okkar.⁸

Þótt ég deili ekki fullkomlega þessari eyðileggjandi listsýn Sirnes þá er
nokkuð ljóst að innri spenna hvílir í hugtakinu, þ.e. listin er hvort tveggja fær
um að bæta og eyðileggja, og upplifun á list er oft einstaklingsbundin og því ekki
sama sameiningaraflíð og menningarhugtakið getur verið. Aðgreining Sirnes á
virkni menningar og listar er því mikilvæg en hún er samt fullmikil einföldun.
Þótt greining hans á þverstæðu listhugtaksins sé ágæt, dreg ég hið saklausa
yfirbragð sem hann gefur menningu í efa. Menning, rétt eins og listir, er fær um
að skapa og sameina, en hún er einnig fær um að eyðileggja og sundra. Marga
helstu harmleiki mannkynssögunnar má rekja til misnotkunar á menningar-
hugtakinu, þar sem fagurfræði fasismans trónir ofarlega í vafasömum hópi.
Þannig einfaldar Sirnes margbreytileika menningar en þetta er gildra sem þeim
sem móta menningarstefnu ber að varast.

Menningarhugtakið hefur margar hliðar og notkun þess fylgir ábyrgð. Því ber
ekki að einfalda hlutina heldur að gangast við margbreytileikanum og taka fullt
tillit til hans við mótun menningarstefnu. Fæstar menningarstefnur gera sér
t.d. fulla grein fyrir mikilvægi stafrænnar menningar. Hún mun fá meira vægi
í framtíðinni því fólk mun í auknum mæli njóta og neyta menningar með hjálp
nettengdra tölva og annarra hreyfanlegra miðla stafræns efnis. *Stafræn menn-
ing og stafrænun menningar* er því eitthvað sem menningarmodel og menningar-
stofnanir verða að taka afstöðu til og bregðast við. Þar sem íslensk menningar-
pólítík hefur hingað til ekki gert möguleikum stafrænnar menningar nægileg
skil hefur hún ekki haft mikil áhrif á vettvanginn. Af þessum sökum mun ég bíða
með nánari útlistun á hugtakinu þangað til í fimmta kafla en þar er m.a. ætlun
mín að spá fyrir um mögulega framtíðarþróun menningarpólítíska sviðsins.

Þessi litli undirkaflí er ég hef tileinkað menningarhugtakinu gerir flækjum
þess að sjálfsögðu engan veginn nægileg skil. Breski menningarfræðingurinn

8 Sjá Sirnes 2003.

Raymond Williams sagði að hugtakið sé eitt það allra flóknasta í enskri tungu⁹ og þróun þess og notkun hefur afar víðar skírskotanir. Því tel ég þörfina á sér-tækum skilgreiningum brýna og væri því óskandi að þeir aðilar sem vinna með menningarhugtakið skýrðu betur notkun sína á því út frá því samhengi sem unnið er með hverju sinni.

Ég hef velt fyrir mér þremur algengum skilgreiningum á hugtakinu og hvernig þær tvinnast saman við gerð menningarstefnu en vissulega eru aðrar leiðir færar. Sá breski angi menningarfræða sem jafnan er kenndur við Birmingham háskólann notaðist t.d. mikið við *menningarhringinn* svokallaða en hann er myndaður úr samspili *framsetningar* (e. representation), *sjálfsvitundar* (e. identity), *framleiðslu* (e. production), *neyslu* (e. consumption) og *stýringar* (e. regulation).¹⁰ Þetta er því önnur aðferð til að gera grein fyrir margbreytilegri virkni menningarhugtaksins í samfélaginu og hversu langt það getur teygt anga sína. Ég ætla mér þó ekki að dvelja lengur við útskýringar á hugtakinu í bili en bendi enn og aftur á mikilvægi þess að gera rækilega grein fyrir notkun þess hverju sinni. Þeir aðilar og stofnanir sem mest hafa unnið með hugtakið innan íslenskrar menningarpólitíkur eru því miður mjög sparsamir á slíkar skýringar og í þau fáu skipti sem tilraun er gerð til að fanga virkni menningarhugtaksins er það skilgreint svo vítt að merking þess verður afar óskýr og beit-ing þess ómarkviss.

Margslunginn síðmóðernismi

Að framansögðu er ljóst að vettvangur menningarpólitíkur er afar flókinn og eru slíkar flækjur mjög í takt við þann samfélagsstrúktúr sem hingað til hefur verið kallaður *síðmóðernismi*.¹¹ Það er hins vegar full ástæða til að útskýra nánar hvað ég á við með slíku orðskrípi en þar sem það er nátengt hugtökunum

⁹ Sjá Williams 1976.

¹⁰ Sjá du Gay 1997.

¹¹ *Síðmóðernismi* er þýðing á enska orðinu *late-modernism* sem fræðimennirnir Ulrich Beck, Anthony Giddens og Scott Lash notast töluvert við. Í hnotskurn mætti segja að þessir fræðimenn séu andsnúnir orðinu póstmóðernismi því það beri með sér að móðernismanum sé lokið. Þeir telja svo ekki vera, heldur séum við stödd á tímum þar sem móðernísk við-horf og póstmóðernísk viðhorf hverfast saman og því telja þeir orðið síðmóðernismi betur til þess fallið að lýsa þeim hrærigraut sem hlutskipti okkar hefur orðið að búa við. Sjá t.d. bókina *Reflexive Modernization: Politics, Tradition and Aesthetics in the Modern Social Order*, sem inniheldur ritgerðir eftir Beck, Giddens og Lash auk ýmissa einstaklingsbundinna verka þessara fræðimanna.

móðernismi og *póstmóðernismi* ætla ég mér að fara á hundavaði yfir nokkur helstu einkenni þessara margslungnu hugtaka.

Allar götur síðan þýski heimspekingurinn Immanuel Kant tilkynnti hátíðlega að eitt helsta hlutverk upplýsingarinnar væri „*Sapere aude!*“ hafðu hugrekki til að nota þitt *eigið* hyggjuvit!¹² Þá hefur „frelsi til óskertrar notkunar skynseminnar á *opinberum vettvangi*“¹³ verið eitt helsta leiðarljós vestræns menningarheims. Samkvæmt slíkri móðernískri túlkun á raunveruleikanum eru helstu stoðir siðmenningar okkar byggðar á vísindalegri þekkingu á heiminum og gildismati sem byggir fyrst og fremst á óbilandi *skynsemi* mannsins. Þetta einstaklingsbundna frelsi og skynsemi mannsins á að leiða til þjóðfélagslegra framfara hvort sem litið er til efnahagslegra, pólitískra eða menningarlegra þátta samfélagsins.

Þessi sýn móðernistanna hefur síðan verið raungerð í flókinni blöndu efnislegrar neyslumenningar frjálsa markaðarins, frjálslyndu lýðræði, húmanisma, rökhyggju, einstaklingshyggju, kapítalisma, iðnvæddri framleiðslu og blindri trú á mátt vísinda og tækni sem er á góðri leið með að ná hámarki sínu í þeirri stafrænu sprengju, nanótækni og genasplæsingum sem riðið hafa yfir nánast öll svið samfélagsins síðasta áratuginn. Mótsagnakennt eðli slíkrar upptalningar gefur þó til kynna hversu flókið samband vísinda, frelsis, sannleika, þjóðfélagslegra framfara, skynsemi og einstaklingshyggju er og þessi ósamkvæmni er vatn á myllu þeirra sem harðast gagnrýna þessa móðernísku ímynd þjóðfélagslegrar fullkomnnunar.¹⁴

Margir „klassísku“ móðernistanna litu á mannlega skynsemi sem frelsandi afl undan kennisetningum og kreddum úreltra samfélagsstofnana á borð við kirkju og konungsveldi. Mannleg skynsemi og upplýst umræða byggð á rökræðum almennings átti að vera lykillinn að réttlátu samfélagi og virku lýðræði. Gagnrýnendur móðerníska draumsins hafa hins vegar bent

12 Kant 1993: 379. Skáletrun í texta.

13 Sama rit: 380.

14 Margt misjafnt hefur verið skrifað um móðernisma og póstmóðernisma; reyndar svo margt að erfitt er að finna samfellu sem útskýrir hugtökin á fullnægjandi hátt. Birtingarmyndir þessara fyrirferðarmiklu *isma* eru ólíkar, bæði innan listgreina og fræðikenninga, og því er rétt að undirstrika að þær hneigðir sem eru dregnar upp hér eru á engan hátt tæmandi. Eitt þeirra rita sem reynt hefur að draga upp helstu einkenni þessara stefna er *From Modernism to Postmodernism: An Anthology*, í ritstjórn Lawrence Cahoon, og er margt af því sem hér verður haldið fram fengið úr inngangskafka hans.

á evrópskan imperíalísma, firringu, heimsvaldastefnu, kynþáttahyggju, fasisma og drottun valdasjúks feðraveldis sem nokkur stingandi dæmi um þjóðfélagslega reynd slíkra drauma. Þessir gagnrýnendur eru jafnan kallaðir póstmóðernistar vegna andstöðu sinnar í garð metafýsískra sannleiksblokka sem runnar eru undan rifjum móðernískrar hefðar upplýsingarinnar.¹⁵

Gagnrýnisráddir póstmóðernistanna eru samt sem áður svo sundurlausar að allt tal um póstmóðernisma er illviðráðanlegt, sérstaklega ef tekið er mið af misjafnri þróun hans innan mismunandi greina á borð við heim-speki, bókmenntir, arkitektúr, kvikmyndalist og aðra sjónlist. Engu að síð-ur er hægt að benda á ýmislegt sameiginlegt með kennismíðum póstmóð-ernismans og ber þar fyrst að nefna kröfu þeirra um *flækjur* og *margræðni* allra skynjanlegra hluta. Samkvæmt póstmóðernistum eru öll fyrirbæri í eðli sínu *skapandi* og geta því endalaust hlaðið utan á sig nýrri merkingu og þar af leiðandi *vaxið* óendanlega. Einfaldur og höndlanlegur sannleikur er því ekki til í hugarheimi póstmóðernistans og öll leit og þrá eftir merk-ingabærum heildum, samkvæmni og stöðugleika er dæmd til að mistakast. Þessi sundurlausi hópur er því gagnrýninn í garð hvers kyns heilleika og samheldni, og á það jafnt við um samheldni heimsins, þekkingar og samfé-laga, heilleika sjálfins og merkingu orða. Eitt lykilorða í póstmóðernískri hugsun er því (*mis*)*munur*, framleiðsla (*mis*)*munar* og birtingamyndir slíks (*mis*)*munar*.

Annað og skylt einkenni póstmóðernískrar hugsunar er sú staðhæfing að þekking sé mannanna verk og merking geti því ekki verið annað en kúgun. Skynjanlegur raunveruleiki okkar er í raun bundinn ferli (*mis*)skilnings og (*mis*)þekkingar, þ.e. þekktar þjóðfélagslegar stærðir sem virðast byggðar á órekjanlegum eilífðarlögmálum eru í raun búnar til af ráðandi öflum sem beita miskunnarlaust fyrir sig brögðum útilokunar, stigveldisröðunar og tvídeilingu andstæðna. Bandaríkjamadurinn Lawrence Cahoon orðar þetta svo:

Fyrirbæri í semíótískum kerfum öðlast einungis merkingu svo framarlega sem önnur fyrirbæri þessa sama kerfis eru útlístuð sem *ókunn* eða sem *eitt-hvað annað*. Stigveldisröðuð tvípólun veldur því að eitthvað ákveðið fyrirbæri

15 Jean-François Lyotard ræðir þetta m.a. í einu lykilverki póstmóðernismans, *Hið póst-móðerníska ástand*.

er tekið fram yfir annað, þ.e. því eru veitt forréttindi á kostnað hins. Þetta ferli er rækilega falið svo fólk haldi að þessi stigveldisröð sé fyrirbærinu náttúruleg, en samkvæmt póstmódernistum er slík stigveldisröð alltaf mannanna verk.¹⁶

Að ofansögðu má ljóst vera að póstmódernismi er viðbragð við hroka móðerníska viðhorfsins sem virðist við fyrstu sýn hygla samheldni, heild, vissu og yfirsýn hinna „rétt“ upplýstu einstaklinga. Það skal þó tekið skýrt fram að þetta er gróf einföldun sem er aðallega gerð til að sýna ákveðin mun grunnhugsunar móðernískra og póstmóðernískra viðhorfa. Móðernismi er, líkt og póstmóðernismi, afar flókið hugtak sem hefur einnig tekið miklum breytingum eftir listformum, löndum og ólíkum akademískum greinum.

Til marks um hversu flókin orðræðan um móðernisma og póstmóðernisma er orðin þá halda margir því fram að póstmóðernismi sé í raun rangnefni. Móðernisminn hafi aldrei liðið undir lok heldur einungis tekið stakkaskiptum og það sem er kallað póstmóðernismi sé í raun einungis rökrétt framhald upphaflega móðernismans. Því er oft gripið til hugtaksins *síðmóðernismi* sem einskonar blöndu móðernisma og póstmóðernisma. Póstmóðernismi skarast því á við og hefur áhrif á síðmóðernisma en móðernísk viðhorf eru ennþá notadrjúg og setja svip sinn svo um munar á síðmóðernískan samfélagsstrúktúr nútímans. Þótt þetta virðist dálítið flókið þá er mjög mikilvægt að ábyrg menningarstefna reyni ekki að einfalda hlutina um of, heldur taki þessari margræðni fagnandi og vinni úr henni á skapandi og nýstárlegan hátt.

Íslensk menningaryfirvöld eru vön að forgangsraða og fjármagna menningu út frá tiltölulega hefðbundnum og móðernískum skilningi á menningarhugtakinu. Síðmóðerníski samfélagsstrúktúrin býður hins vegar upp á aðrar leiðir og því er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir margbreytileikanum að baki honum. Verði þetta ekki gert er hætta á að hugmynd fólks um listir og menningu staðni í mótum sem eiga sér litla samsvörun í samfélaginu og fáir ná til.

Sem dæmi má taka núverandi stöðu safnsins sem menningarstofnunar. Á safnið að vera elítumusteri hámenningar? Gagnlegt tól til lýðræðislegrar menntunar? Mótandi stofnun sem þröngvar „réttum“ siðareglum og gildum ráðandi afla upp á lýðinn? Á safnið að vera afþreyingarstofnun upplifunar-samfélagsins (e. experience society) sem keppir við aðra afþreyingarmiðla um

16 Cahoon 2003: 11. Skáletrun í frumriti.

velvilja og áhorf fjöldans?¹⁷ Þótt þessar menningarpólítísku pælingar virðist þversagnakenndar þá reynir síðmóðerníska safnið samt sem áður að bregðast við öllum þessum ólíku viðfangsefnum í einu.

Ef við tökum hefðbundið ríkisrekið listasafn sem dæmi á það klárlega að greina milli góðrar og lélegrar listar. Sé listmunur sýndur á viðurkenndu safni eða galleríi öðlast hann sjálfkrafa ákveðin „innri“ gæði sem sérfræðingur í „innri“ gæðum lista hefur skorið úr um og er þar með settur skör hærra en aðrir listmunir.¹⁸ Auk þess hafa söfn á vegum ríkis og sveitarfélaga ákveðna menntunarlega ábyrgð sem snýr að þjóðlegri sjálfsmynd og viðhaldi menningararfsins en það verður einnig að stilla miðaverði í hóf því ekki má mismuna ríkum og fátækum. Þrátt fyrir þessa kvöð er safnið stöðugt undir fjárhagslegri pressu og verður þar af leiðandi að sýna fram á tiltekinn tölfræðilegan vöxt. Loks á síðmóðernísk menningarkvöð safnsins að bregðast við áhrifum fjölmenningar, innflytjenda, menningarlegs rasisma, útlendingahatri, tækniframförum, ýms-um menningarkimum, þjóðerniskennd og hnattvæðingu!

Þýski menningarfræðingurinn Andreas Huyssen fangar vel mótsagna-kenndar kröfur á safnið þegar hann segir það eiga að vera „núttímalega stofnun þar sem ólíkir menningarheimar geta mæst og sýnt fram á margræðni og fjölbreytileika menningar, tengsl og sambræðing ólíkra listforma og haft áhrif á upplifun og hugarheim áhorfandans.“¹⁹ Þótt þetta sé mjög eftirsóknarvert markmið er raunveruleikinn samt sem áður sá að mjög fáar menningarstefnur eru færar um að sinna öllum þessum skyldum og er yfirleitt hægt að skrifa það á flókinn samfélagsstrúktúr sem og á vanhæfni þeirra sem standa að gerð slíkrar stefnu.

„Glókal“ heimsmynd

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að flækja málin örlítið meira og bæta hugtökunum *þjóðerniskennd* og *hnattvæðing* við þéttofinn hugtakafrumskóg

17 Tony Bennett veltir m.a. þessum atriðum fyrir sér í áður nefndu riti.

18 Franski félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu velti rækilega fyrir sér færslum, valdi og virðingastöðulum innan menningargeirans og mæli ég sérstaklega með ritgerðum hans í safnritinu *The Field of Cultural Production*.

19 Huyssen 1995: 35.

síðmóðernismans.²⁰ Heimsmarkaðurinn, hröð þróun nýmiðla og annarra alþjóðlegra samskiptaforma eru á góðri leið með að umturna alheimssamfélaginu og búa til nýjar og óþekktar samfélagsgerðir. Það getur verið erfitt að koma orðum að og skilgreina þetta ytra áreiti hnattvæðingar en það mun í auknum mæli móta sjálfsvitund einstaklinga og því verður ábyrg menningarstefna að taka bæði póla þjóðerniskenndar og hnattvæðingar til gaumgæfilegrar athugunar.

Umræðan um hnattvæðingu er oft tilfinningarík og einkennist af öfgum, annað hvort er fólk með eða á móti. Neikvæðar raddir halda því oft fram að hún muni staðfesta og auka vestræn – og kannski aðallega bandarísk – efnahagsleg, pólitísk og menningarleg yfirráð í heiminum og stuðla að aukinni einsleitni þjóðfélagsins. Enn aðrir spá tvíþólun alheimssamfélagsins í *McWorld* eind annars vegar og *Jihad* eind hins vegar,²¹ eða á milli viðskiptasjónarmiða, tæknihyggju og afþreyingarmenningar annars vegar og fanatískrar túlkunar trúarbragða hins vegar. Bæði sjónarmið geta valdið hörmungum, sérstaklega ef litið er til þróunar atburða eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001, þar sem Bandaríkjamenn voru sérstaklega duglegir að búa til gildishlaðna tvíþólun með *okkur* (*McWorld*) í einu liði og *þeim* (*Jihad*) í hinu.

Neikvæðnin í garð hnattvæðingar er vissulega áberandi en þó finnast líka bjartsýnni raddir. Þær telja alþjóðlegan sambræðing þjóðríkja gera einstaklingum, samfélögum, þjóðríkjum og alþjóðlegum stofnunum í auknum mæli kleift að skiptast á hugmyndum, menningarlegri ástundun, mannauði og tæknilegum nýjungum. Litið er á hnattvæðingu sem rökrétta birtingarmynd síðmóðernískrar samfélagsgerðar þar sem flæði, fjölbreytni, híbríð og margræðni eru litin jákvæðum augum. Þeir allra áköfustu spá meira að segja hruni þjóðríkisins og uppgangi gagnrýnins kosmópólitanisma.²²

Glóbal-lókal, hnattvæðing-þjóðerniskennd tvíþólin er flókin blanda sem hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Í stað þess að taka upp öfgafulla orðræðu þar sem allir verða annað hvort að vera með eða á móti, ber að líta á þessi orð sem regnhlífahugtök sem lýsa pólitískri, efnahagslegri og menning-

20 Þessi undirkaflí byggir aðallega á riti Roberts J. Holton, *Globalization and the Nation-State*.

21 Sjá rit Benjamins R. Barber, *Jihad vs. McWorld*.

22 Nýlegt rit Þjóðverjans Ulrich Beck, *Power in the Global Age*, er ágætt dæmi um slíkan kosmópólitanisma.

arlegri þróun. Þessi þróun mun tvímælalaust hafa áhrif á samfélagsgerð þjóða og því er mikilvægt að spá fyrir um og bregðast við henni með fullnægjandi hætti. Það er engin ástæða til að fagna fjölbreytni vegna þess að hún hljómi svo vel og bölvla einsleitni því að tiskustraumarnir segja manni að einsleitni sé af hinu illa, eða öfugt. Í stað slíkrar tvípólunar á menningarpólitík að virða óskýr landamæri menningarsviðsins og taka tillit til bæði „lókál“ og „glóbal“ viðhorfa.

Til að ná þessu markmiði er best að greina síðmóðerníska samfélagsstrúktúrinn sem „glókal“, þ.e.a.s. með því að tengja *míkró* og *makró* hliðar samfélagsins saman. Fjölbjóðleg risafyrirtæki, alþjóðlegir markaðir, alþjóðlegar stofnanir (t.d. Heimsbankinn, Alþjóðaviðskiptabankinn, Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið, Atlantshafsbandalagið) og ópólitískar alþjóðlegar stofnanir (t.d. Rauði krossinn og Amnesty International) hafa mikil áhrif á heimsmyndina, hvernig við upplifum veruleikann og þróun einstaklingsbundinnar sjálfsvitundar fólks. Hinu ber heldur ekki að neita að þjóðríkið stendur ennþá sterkt og fátt bendir til að það muni breytast á næstunni. Alþjóðlegar stofnanir þurfa nefnilega enn á stöðugleika þjóðríkisins og stuðningi þegna þess að halda. Nær þessi stuðningur jafnt til kerfisbundinna þátta samfélagsins (ríki og markaðar) og náninna lífheimseinda (hins borgaralega samfélags) þess.

Því er gæfuríkara að líta á tvípólun alþjóðlegra og staðbundinna viðhorfa sem frjótt valdasamband þar sem þjóðríkið trappar annars vegar niður kerfshugsun alþjóðamarkaðarins og glóbalískt upplýsingaflæði kemur hins vegar í veg fyrir þjóðerniskenndar áróðursherferðir. Hættan er þó sú að annað hvort viðhorfið verði ofan á og mengi þjóðfélagið með kapitalískri rányrkju eða með öfgafullri þjóðerniskennd. Þess vegna er eitt mikilvægasta verkefni menningarpólitíkur að koma á góðu jafnvægi milli þessara afla og forsenda þess er að taka tillit tilflokkinna, fjöltengdra, misleitra, margfaldra og dreifðra samfélagsstoda síðmóðernismans.

Sambræðingur hins háa og lága

Eitt mikilvægasta hlutverk menningarpólitíkur er að segja fyrir um hvort happadryggt sé að bregðast við flotkenndum síðmóðernisma með aukinni áherslu á þjóðerniskennd eða hvort tími kosmópólitískrar sjálfsvitundar sé upp runninn. Ef marka má skrif Theodors Adorno og skoðanabræðra hans við Frankfurtarskólann þá hafa tæknilegir miðlar eftirmynda og eftirprent-

ana, ásamt áhrifum mónópólísks kapítalísma, sniðið menningu að einsleitum og stöðnuðum menningarmarkaði. Þessir fræðimenn litu á kvikmyndir, sjónvarp, útvarp og prentun afþreyingarefnis sem einsleitt einstefnu samskiptaform sem heilapvoði fólk og gerði dofið fyrir eyðileggjandi áhrifum þess. Þeir lögðu því mikla áherslu á „rétt“ menningarlegt uppeldi þar sem innri fegurð hámenningar var leiðarljós til göfuglyndis lista. Í augum þeirra var menningariðnaðurinn því einsleitt afl sem kúgaði mannsandann undir lögmál markaðarins.²³

Margir hafa lýst þessu sem hrokafullu hámenningarsjónarmiði og bent á að sköpun menningariðnaðarins sé ekki eins einsleit og Adorno og félagar héldu fram.²⁴ Þrátt fyrir að sköpunargildi menningariðnaðarins og þýðing „lágmenningarlegra“ afurða séu almennt viðurkennd þá hefur hámenningarlegi arfurinn samt sem áður mikil áhrif á nútíma menningarstefnu. Andreas Huysen segir eitt helsta einkenni síðmóðernismans vera að hann þrífist í stöðugri spennu milli hefðar og nýbreytni, íhaldssemi og endurnýjunar, fjöldamennningar og hámenningar, þar sem síðarnefndu hugtökunum sé ekki lengur forgangsraðað á kostnað þeirra fyrrnefndu. Það sé því ekki lengur hægt að lýsa þessu spennusviði með einfaldri tvípólun á borð við framför-afturför, vinstrihægri, nútíð-fortíð, móðernismi-raunsæi, huglægni-hlutlægni eða avantgarde-kitsch.²⁵

En menningarpólitík gengur afar illa að bregðast við þessum veruleika. Ný listform tengd nýmiðlum eiga til að mynda sérstaklega erfitt með að hljóta náð fyrir augum þeirra sem með valdið fara. Ekki bara á Íslandi heldur einnig í menningarstefnum flestra Evrópulanda, þar sem haldið er fast í menningar- og listsýn sem ekki er í takti við nútíma samfélagsgerð. Þess vegna þarf vel heppnuð og nýstárleg menningarstefna að taka til gaumgæfilegrar athugunar *sambreyðing* hins háa og lága, viðhorfa móðernisma og póstmóðernisma, hnattvæðingar og þjóðerniskenndar, „analóg“ og stafrænnar menningar. Slík stefna mun ekki búa yfir sömu samheldni og afmörkuðum landamærum listforma eins og núverandi stefna, enda er slík klassísk listsýn eftirsókn eftir logni mitt í ferskum stormi síðmóðernismans.

23 Sjá t.d. frægt rit Adorno og kollega hans Horkheimer, *Dialectic of Enlightenment*.

24 Sjá t.d. rit Tyler Cowen, *Creative Destruction*.

25 Sjá Huyssen 1986: 216-217.

Tilkoma „upplýsts“ almannasviðs

Almannasviðið er einn helsti umræðuvettvangur menningarpólitíkur því þar blandast hugðarefni og hagsmunamál helstu aðila menningarumræðu og list-sköpunar, hvort sem þau vísa til hámenningar eða lágmennningar, „lókál“ eða „glóbal“ viðhorfa. Því er mikilvægt að gera nánari grein fyrir samsetningu og virkni slíks sviðs og mun ég einkum styðjast við skrif Jürgens Habermas um efnið, sem og þau viðbrögð sem skrif hans hafa vakið.

Í *The Structural Transformation of the Public Sphere*²⁶ frá 1962 gerir Habermas grein fyrir tilkomu borgaralegs almannasviðs sem átti rætur að rekja til menningarlegrar upplýsingar almennings í Evrópu á 18. og 19. öld. Þessi almenningur myndaði gagnrýninn umræðugrundvöll sem Habermas kallar *almannasviðið*. Hann rekur tilkomu þess til pólitískra, sögulegra, heimspeki-legra og efnahagslegra breytinga sem urðu á þýsku, bresku og frönsku samfélagi í kjölfar upplýsingarinnar. Breyttar kringumstæður þessara þjóðfélaga gerðu almenningi loks kleift að mynda lýðræðislegt samfélag sem byggði í orði kveðnu fyrst og fremst á skynsamlegum samskiptum og skoðanaskiptum almennings. Þessi hugsanabylting varð til þess að upplýstir borgarar stýrðu opinni umræðu um ýmis þjóðþrifamál í stað aldalangrar einokunar aðals, kirkju og konungsveldis á umræðunni.

Ein helsta forsenda þessara breytinga var aukin þéttbýlismyndun, því með tilkomu stærri bæja og borga myndaðist markaður fyrir menningarafurðir, svo ekki sé minnst á samtök og staði þar sem menningarlegar og pólitískar umræður fóru fram. Habermas bendir í þessu sambandi á bresku kaffihúsin, frönsku salónana og þýsku Tischgesellschaften, tilkomu blaða og tímarita og margs konar almenningssamkomur þar sem upplýst umræða átti sér stað fyrir opnum tjöldum. Þetta borgaralega almannasvið skapaði frjóan umræðugrundvöll almennings sem gat hæglega haft áhrif á og mótað pólitískar ákvarðanir valdhafa.

Samkvæmt Habermas er fullkomin birtingarmynd slíks almannasviðs flotkennt *svið* eða *rými* með víðan umræðugrundvöll sem byggir á upplýstum skoðanaskiptum og boðskiptum sem stjórnast af skynsemi og jafnræði. Slíkt ímyndað almannasvið gerir ráð fyrir algjöru tjáningarfrelsi, fullkomnu frelsi fjölmiðla og skilyrðislausum rétti allra þjóðfélagsþegna til að láta til sín taka þegar kemur að pólitík og menningu. Þótt slík birtingarmynd sé falleg þá er

26 Á frummáli heitir ritið *Strukturwandel der Öffentlichkeit*.

hún því miður tálsýn og þess vegna er nauðsynlegt að velta því fyrir sér hversu útbreitt almannasviðið var og hverjir höfðu aðgang að því.

Ég tel Habermas hafa rétt fyrir sér þegar hann greinir mikilvægar breytingar á samfélagsgerð margra Evrópuríkja á 18. og 19. öld. Þessum umskiptum var fyrst og fremst stjórnað af borgarastéttinni, sem í orði kveðnu kom á almannasviði sem átti að fylgja lögmálum skynsamlegrar, upplýstrar og uppbyggilegrar gagnrýni. Þessar samfélagsbreytingar borgarastéttarinnar eru gríðarlega mikilvægar því þær eru þýðingarmikill hlekkur í þeirri samfélagskeðju sem við búum við í dag. Skynsöm umræða almennings, þar sem samkomulagi er náð með hjálp upplýstra skoðanaskipta, er einn af hornsteinum lýðræðis og áhrif þeirra eru t.d. greinileg við gerð menningarstefnu.

Ýmsir aðilar sem koma að gerð slíkrar stefnu taka menningarpólítískar ákvarðanir út frá fyrirframgefnu menningarsviði og ákveða þar með hlutverk og þróun menningar og lista. Ef menningarsviðið er víðfeðmt eru meiri líkur á að menningarstjórnun sé í takt við almannasviðið og geti þar afleiðandi brugðist fljótt við breyttum samfélagsaðstæðum. Sé skilgreining menningarsviðsins hins vegar þröng eru miklar líkur á að menningarhugtakið og stjórnun menningar staðni. Undir slíkum kringumstæðum er hætta á að ráðandi aðilar menningarsviðsins geri sitt ýtrasta til að tryggja afkomu sinnar listgreinar eða sinnar stofnunar, og gefi því ekki heildarþróun menningar og lista gaum. Þetta veldur því að breið og þverfagleg samvinna verður erfið og endurnýjun fólks og listgreina lítil.

Um það leyti sem Habermas skilgreindi tilkomu almannasviðsins var ákveðinn listkvarði settur sem átti að stjórna smekk fólks og gera almennt listmat stofnanavætt. Sumar listgreinar hlutu náð fyrir augum menningarvitanna á kostnað annarra og þetta mynstur er enn greinilegt við gerð opinberrar menningarstefnu, þar sem mest fé rennur til „klassískra“ listforma sem sum hver voru skilgreind um svipað leyti og Habermas staðsetti almannasviðið. Þetta bendir óneitanlega til þess að „stjórnendur“ menningarlífsins hafi ekki verið á tánum heldur hallað sér um of að stöðnuðu módeli.

Skilgreining Habermas á almannasviðinu er góð til að sýna fram á margþætt hlutverk menningarpólítíkur og hvernig mikilvægir málshafar og stofnanir síðmóðerníssks samfélags urðu til. En viðhorf Habermas eru of stöðluð og hann treystir of mikið á mátt gagnrýnninnar umræðu almennings og á móðerníska tálsýn upplýstra boðskipta sem stjórnast af skynsemi

mannsins. Þetta verður sérstaklega ríkjandi í síðari hluta *The Structural Transformation of the Public Sphere*, þar sem hann rekur minnkandi færni fólks til að nota eigið hyggjuvit. Hann segir að almannasviðið hafi breyst frá því að vera vettvangur lýðræðislegra skoðanaskipta, þar sem menningarlegur auður og „rétt“ menningarframleiðsla og umræða þrífst, í það að vera vettvangur viðskiptasjónarmiða, afþreyingarmenningar og einkarekinna fjölmiðla sem stjórna af gróðaleit markaðarins. Við slíkar kringumstæður telur Habermas hvorki pláss fyrir hugarheim einstaklingsins né sammanlegu reynslu mannkynsins.

Tálsýn Habermas felst aðallega í óbifanlegri trú hans á tilveru einsleits almenningssins sem tekur fullan þátt í gagnrýninni þjóðfélagslegri umræðu, byggðri á skynsemi upplýstra borgara, og á tregðu hans til að taka valdatengsl mannlægs samfélags til nánari athugunar. Misrétti hefur alltaf verið falið eða sett í sviga af ráðandi öflum og slík var líka raunin á þeim tíma sem Habermas greindi tilkomu almannasviðsins. Þeir sem höfðu aðgang að almannasviði Habermas voru aðallega menntaðir karlmenn sem áttu eignir og þeir mynduðu með sér ákveðna orðræðu sem meinaði smábændum, þjóðarbrotum í minnihluta, verkalyðsstéttinni, konum og fleirum aðgang að þessari „upplýstu jafnræðisumræðu“. Áhersla Habermas er á göfuglyndi orðræðu sem í raun var mótuð af borgarastéttinni og hleypti því einungis útvöldum aðilum að. Þá finnst mér staðhæfing hans um *einsleitni* borgaralegs almannasviðs einnig orka tvímælis.²⁷

Áður en ég dembi mér í frekari útlistun á lykilhugtökum Habermas; *kerfi* og *lífheimi*, er mikilvægt að nefna eitt menningarpólitískt einkenni á hinn uppahaflegu kenningu Habermas en það er samspil *menningarlegra almannasviða*

27 Margir hafa gagnrýnt upphaflega kennismíð Habermas um almannasviðið og það með réttu. Árið 1972 gáfu Þjóðverjarnir Oskar Negt og Alexander Kluge út bókina *Public Sphere and Experience: Toward an Analysis of the Bourgeois and Proletarian Public Sphere* sem allar götur síðan hefur verið góð heimild um gagnrýni á einsleitni almannasviðs Habermas. Eftir að bók Habermas, *The Structural Transformation of the Public Sphere*, var gefin út á ensku árið 1989 gekk verkið í endurnýjun lífdaga og hefur það verið töluvert milli tanna fræðimanna, sérstaklega innan boðskipta- og fjölmiðlafræða. Ég nefni hér greinarsöfnin *Habermas and the Public Sphere*, sem ritstýrt er af Craig Calhoun, og *The Phantom Public Sphere*, sem ritstýrt er af Bruce Robbins, sem góð dæmi um margvísleg viðbrögð við kenningu Habermas. Auk þess hafa t.d. Curran 2002, Dahlgren 2005, Duelund 2004, Garnham 1990, Kellner 1990, McGuigan 1996 og 2004 og Mouffe 2000 skrifað af töluverðu innsæi um ýmsan ljóð á hinn upphaflegu kenningu Habermas, hvort heldur sem um fjöllumarefnið er fjölmiðlar, boðskipti, menning, listir, þrá eða hið óskynsamlega.

og *pólítískra almannasviða*.²⁸ Habermas deilir í raun upphaflega almannasviðinu í þrennt, þar sem menningarlega almannasviðið er í miðju. Fyrir neðan það er borgarmyndun og fyrir ofan er pólítíska almannasviðið. Lögin héldust í hendur og eitt hefði ekki getað orðið til án hinna. Þannig var borgin, með öllum þeim breyttu samfélagsháttum sem henni fylgdu, forsenda uppgangs menningarlega almannasviðsins, sem aftur var forsenda þess pólítíska. Habermas gerði þó skýran greinarmun á virkni menningarlega sviðsins annars vegar og þess pólítíska hins vegar, og gerði í raun sömu mistök og alltof margir gerendur nútímamenningarstefnu. Hann upphefur þýðingu og gildi *skynsems- og gagnrýnisstýrðra* pólítískra almannasviða á kostnað *gagnrýnisstýrðra* menningarsviða. Skynsemin hefur alltaf haft miklu hlutverki að gegna í hugmyndafræði upplýsingarinnar og með því að taka þann þátt úr tali um menningarsviðin gerir Habermas hlut þeirra minni.

Þó ber að hafa í huga að þrátt fyrir skilgreint skynsemisleysi Habermas er menningarsviðið í miðju móðels hans. Hlutverk þess var m.a. að vera eins konar bindiefni milli einstaklingsbundinna sjálfsvitunda og hins sammannlega í menningu okkar. Án menningarlega almannasviðsins væri hið pólítíska tóm, því það hefði engar tengingar í menninguna í víðum skilningi og hefði því ekkert að byggja á. Habermas er því afar meðvitaður um mikilvægi menningar og hvernig aðrir málaflokkar byggja á áhrifum hennar. Samband skynsemi og menningar og lista vefst hins vegar enn fyrir honum og gerir áfram í síðari verkum hans.

Kerfi og lífheimur

Rit Habermas um þróun og umbreytingu almannasviðsins kom fyrst út á þýsku árið 1962 og síðan þá hefur hann gert breytingar sem taka tillit til skapandi viðnáms fólks sem ekki tilheyrði borgarastéttinni og þeirrar staðreyndar að fjöldamenning er ekki eins einsleitt og dofið afl og hann hugði í fyrstu.²⁹ Í kjölfarið beitti hann annarri greiningartækni sem styðst ekki eins mikið við sögulega nálgun, og í lykilverkinu *The Theory of Communicative Action* frá árinu 1981 færir hann upprunalegu kenninguna um almannasviðið nær margræðni síðnútímans og á það sérstaklega við um hugtökin *kerfi* og *lífheimur*.

28 Sjá sérstaklega síður 51–56 í *Structural Transformation of the Public Sphere*.

29 Sjá t.d. ritgerð hans „Further Reflections on the Public Sphere“ í áðurnefndu safnriti, *Habermas and the Public Sphere*.

Lífheimur er eins konar vídd þar sem mælandi og hlustandi skiptast á skoðunum og ræða mál sem tilheyra viðurkenndum hlutlægum, huglægum og samfélagslegum heimi þeirra. Með hjálp boðskipta leysa þeir ágreiningsmál og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Samvinna og samningsumleitaniir liggja því til grundvallar árangursríkum boðskiptum og spila tungumálið og skilningur á venjum og gildum ólíkra menningarheima stórt hlutverk.

Innri stöðir lífheimsins endurnýjast gegnum tungumálið og samheldni og samræmi eru metin út frá „rökréttri“ og gildri þekkingu hverju sinni. Tiltrú Habermas á þessari upplýstu og sammannlegu sátt, sem allt ferli boðskipta krefst, endurspeglast vel þegar hann heldur því fram að „þátttakendur boðskipta mætist á forsendum óheftra möguleika gagnkvæms skilnings.“³⁰ Það má vissulega deila um hvort gagnkvæmur skilningur tveggja eða fleiri aðila geti verið svo óheftur og reyndar má tína til ótal dæmi úr mannkynssögunni sem sýna fram á hið gagnstæða. Habermas gerir sér vissulega grein fyrir þessu enda þróar hann heimspeki sína í skugga harmleiks síðari heimsstyrjaldar og er því mjög meðvitaður um mögulegar afleiðingar *misskilnings* og *vanskilnings*. Óbilandi tiltrú hans á mætti mannlegra boðskipta veldur því að hann leggur ekki árar í bát og enn heldur hann fast í þetta frelsandi afl mannlegra boðskipta í samtalsbók heimspekingsins Giovanna Borradori, sem fjallar um stöðu heimspokinnar á tímum alheimshryðjuverka.³¹

Lífheimur Habermas byggir á túlkunarfræðilegri og málvísindalegri sýn á boðskiptaleiðir sem liggja að baki öllum samskiptum og gera okkur kleift að „skilja“ hvert annað. Lífheimurinn er því eins konar rými eða hjúpur þar sem menningarleg og samfélagsleg þekking einstaklinga og stærri hópa er mynduð, þróuð og endurnýjuð. Innviðir þessa lífheims eru gerðir úr viðmiðum og reglum sem gera einstaklingum samfélaga kleift að eiga samskipti, vinna saman og halda uppi „réttri“ samfélagslegri innlimun og endurnýjun þjóðfélaga. Þrátt fyrir þessa sameiginlegu ábyrgð gagnvart samfélaginu er lífheimurinn einnig rými þar sem persónulegar sjálfsverur myndast og þróa með sér sjálfstæð viðbrögð við menningararfi og sameiginlegum hefðum þess samfélags sem þær eru hluti af. Það má því með hæfilegri einföldun segja að lífheimurinn

30 Habermas 1987: 149.

31 Í ritinu, sem kom út árið 2003, stefnir Giovanna Borradori skoðunum Habermas og franska heimspokingsins Jacques Derrida saman á viðtalsformi.

hafi leyst menningarlega almannasviðið af hólmi, eins og það var saman sett í *The Structural Transformation of the Public Sphere*.

Helstu stöðir lífheimsins eru sem fyrr segir *menning* og *tungumál* en Habermas þróar einnig hugtakið *boðskiptaaðgerðir* (e. communicative action). Það eru ákveðnar samtalsaðstæður þar sem hlutadeigandi aðilar gera allt sem þeir geta til að komast að niðurstöðu sem allir geta sæst á. Þeir aðilar sem taka slíkar boðskiptaaðgerðir alvarlega mega ekki bara gæta eigin hagsmuna heldur hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Þetta er því spurning um skynsamlegar samræður á jafnréttisgrundvelli þar sem hæfni einstaklinga til að semja og komast að samkomulagi ræður úrslitum.

Gegn þessum sameiginlega menningarbakgrunni lífheimsins stefnir Habermas *kerfinu*. Kerfið hefur orðið til vegna þróunar *markaðarins* og *rikisvaldsins* og samanstendur af lögmálum þeirra beggja. Helstu hvatar kerfisins eru *peningar* og *stjórnsýsluvald* og stendur það því í andstöðu við *boðskiptaaðgerðir* lífheimsins. Kerfið er vettvangur kapítalískrar vöruframleiðslu, samansöfnunar auðs og skrifræðis síðmóðernískra samfélaga. Samkvæmt þessu hefur síðmóðerníska samfélagsgerðin klofnað í *kerfi* og *lífheim*. Þessi brot lúta ólíkum lögmálum og eru þess vegna í stöðugri baráttu sín á milli. Habermas heldur því einnig fram að þessi barátta sé ekki jöfn, því skrifræðislegur og efna-hagslegur þankagangur *kerfisins* kúgi *lífheiminn*. Gangvirki *kerfisins* mun því að lokum kúga samfélagslega innlimun og sýmbólíska endurnýjun *lífheimsins* og á þetta einnig við um gjörðir þar sem samhljóða álit er nauðsynlegt.³² Mála-miðlun, milliganga, sættir og sátt *lífheimsins* verða því kúguð af *kerfinu*. Versta birtingarmynd þessarar þróunar á sér stað þegar einstaklingsbundnar sjálfs-vitundir, sem eiga rætur að rekja til skynsamlegra og frjálsra boðskipta *lífheimsins*, verða að brúðum sem stjórnað er af markaðs- og valdaöflum *kerfisins*.

Sé þróun samfélagsgerðar síðmóðernismans í höndum Habermas tekin saman hefur hinn skynsami og gagnrýni borgaralegi almenningur 18. aldar almannasviðsins breyst í viljalausan og dofinn fjölda sem stjórnað er af síðmóðernískum kerfisöflum. Þetta hefur auðvitað alvarleg áhrif á alla menningarstefnu, því ef kerfisöfl markaðar og ríkisrekstrar kúga aðra þætti samfélagsins þá eru listir og menning í mikilli hættu á að verða (mis)notuð til að auka fjárhagslegan gróða eða herða pólitísk ítök og völd á innihaldi lista og menningar.

32 Sjá Habermas 1987: 196.

Nokkrar spurningar koma upp í hugann: Hvað verður um innra gildi lista, aðstæður listamanna, menningarlegt uppeldi, auðgandi áhrif lista á samfélagið og ekki síst nýsköpun og ögrun, í samfélagi sem er stjórnað af öflum kerfisins? Erum við dæmd til að vera þrælar markaðsaflanna og búa við einsleita samfélagsgerð eða er þetta orðum aukið hjá Habermas? Er þetta kúgunarferli kerfis í garð lífheims staðreynd, og ef svo er, er þetta ferli þá endilega svona einsleitt?

Blekking skynsamlegra boðskipta

Styrkur boðskiptakenningar Habermas felst fyrst og fremst í því hversu vel honum tekst að greina flókið samband pólitíkur, menningar og efnahags út frá kerfisfræði, málvísindum og túlkunarfræðum. Honum tekst að draga ákveðna þætti síðmóðerníssks samfélags fram og skapa mengi sem eru allri menningarpólitík mikilvæg. Þannig er aðgreining hans á *kerfi* og *lífheimi* góður grunnur til að kynna tvö ríkjandi þekkingarkerfi síðmóðerníssks samfélagsstrúktúrs og sambandsins sem ríkir á milli þeirra.

Hins vegar er einn helsti galli þessara kenninga Habermas sú *hlutlausa skynsemi* sem hann telur vera forsendu „réttra“ samskipta. Hugmynd hans um hlutlausan umræðugrundvöll, þar sem allar skoðanir fá notið sín og þátttakendur umræðunnar komast að upplýstri niðurstöðu í fullri sátt, er ansi hæpin. Auk þess alhæfir hann of mikið um lífrænar, bætandi og fræðandi eindir lífheimsins, og steríl, einsleit og kúgandi einkenni kerfisheimsins. Tvígreining Habermas er að mínu mati of skörp. Hann tekur ekki nægt tillit til þess að almannasvið og lífheimur geta einnig verið vettvangur valdatafls, kúgunar og tilrauna til yfirráða, eins og raunin er oft með kerfisheiminn. Menning og tungumál eru ekki, og hafa aldrei verið, „hlutlausar“ stærðir. Eins væri mikil einföldun að halda því fram að kerfið sé einungis drifið áfram af kúgandi hvötum.

Pótt Habermas greini ákveðin sjúkdómseinkenni á síðmóðernískum samfélagsstrúktúr þá telur hann samt að hægt sé að snúa við óæskilegri kúgun kerfisins og endurreisa lífheiminn. Helsta vopn hans í þessari baráttu er það sem hann kallar *hinar fullkomnu samtalsaðstæður*. Hann heldur því fram að tungumálið geti gagnrýnt og gegnumlýst hvers konar óæskileg áhrif og yfirráð og sé því í raun fært um að móta fullkomið samfélagsmynstur. Helsta von lífheimsins gegn kerfinu eru því upplýst samskipti fólks með hjálp tungumálsins. Galdurinn er einfaldlega upplýst, skynsemissstýrð boðskipti þar sem fólk

hefur komist að rökréttum niðurstöðum og sátt. Þau eru fær um að fjarlægja misskilning, mistúlkanir, valdabrölt og aðrar óæskilegar tilraunir til að stýra heimsmyndinni eftir eigin höfði.

Þetta viðhorf Habermas er í andstöðu við kenningar Michel Foucault og annarra póstmóðernista, sem margir halda því fram að tungumál og boðskipti manna á milli séu alltaf gegnsýrð valdalöngun og þjóni því tilgangi kúgunar og misnotkunar. Tungumál telja þeir mótað af viðhorfum þeirra sem fara með valdið og stjórna leyfilegri orðræðu. Ráðandi öfl skapa því ákveðin *sannleiksveldi* og *orðræðubúnt* sem ákvarða hvað sé „eðlilegt“ að taka til umfjöllunar og hvernig sé „eðlilegt“ að fjalla um ýmis samfélagsleg málefni. Slíkt vald hefur vitaskuld mikil áhrif á hvernig við upplifum og tölum um skynjanlegt umhverfi okkar og mótar skoðanir á sýnilega „eðlilegum“ málaflokkum á borð við listir og menningu.³³

Annar galli á greiningu Habermas er hversu *samtalshneigð* greining hans er. Með því að byggja kenninguna fyrst og fremst á töluðu og rituðu máli þá útilokar hann mörg önnur sýmbólísk tjáningarform á borð við *nýmiðla*, *performatív tjáningarform* og *sjónræna menningu*, sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna í síðmóðernismanum. Músík, grafík, leiklist, gagnvirk internetlistaverk og kvikmyndir, svo dæmi séu tekin, eru fullfær um að kynna fyrir manni nýja hugarheima sem geta haft mikil áhrif á skynjun og skoðanir. Reyndar held ég því fram að listrænin miðlar séu með öflugustu miðlum til að kroppa í kviku sálarlífsins og þótt tungumálið sé mikilvægur hluti þess ferlis þá er það svo sannarlega ekki sá eini.

33 Þótt valdahugtakið spili stórt hlutverk í kennisetningum margra póstmóðernista gerir ótemjandi leikur táknmyndarinnar (e. signifier) það einnig. Skrifstrúktúralistans Rolands Barthes, sem síðar varð einn helsti kennismiður póststrúktúralista, kemur inn á þetta óhefta flæði táknmyndarinnar í ritgerðinni „From Work to Text“. Þar gerir hann greinarmun á *verki* og *texta*. Verkið er miklu bundnara táknmiðinu (e. signified), þar sem auðveldara er að segja fyrir um merkingu þess. Merking þess er því á ákveðinn hátt endanleg eða lokuð. Hugmynd Barthes um texta er hins vegar andstæð heilleika táknmiðsins. Texti er dýnamískur, opinn, miðjulaus, fjölradda og mótsagnakenndur. Texti smýgur undan hvers kyns hárarkíum og það er ekki hægt að njörva hann niður við ákveðin verk eða ákveðnar greinar. Texti hefur því lag á að koma sér undan endanlegri merkingu.

Þriðji hængurinn á kennisetningum Habermas er of mikil áhersla á mátt skynseminnar.³⁴ Sem fyrr segir gerir hann greinarmun á *skynsömum* og *gagnrýnum* einkennum pólitískra almennasviða og einungis *gagnrýnum* menningarsviðum. Í ljósi þess mikilvægis sem hann gefur mætti skynseminnar er ljóst að menningarsviðin eru undirskipuð. Í raun má gagnrýna þessa kennisetningu Habermas úr tveimur áttum. Annars vegar með því að draga fram mikilvæga þætti sjálfmyndar okkar sem hafa lítið með skynsemi að gera. Þetta geta verið þættir á borð við tilfinningar, þrár, húmor, hræðslu og ýmis einkenni *gróteskrar hláturmenningar* Mikhails Bakhtin, *semíótík*-hugtak Juliu Kristevu, eða *jouissance*-hugtak Rolands Barthes.³⁵ Allir koma þessir þættir inn á hluta sjálfsmýndar og persónueinkenna sem eru mikilvægir breytni okkar og hegðun og hafa því mikið að segja um samband menningarsviða og pólitískra sviða samfélagsins. Að útiloka þá á kostnað skynseminnar takmarkar því fjölbreytni og samtvíning almennasviðsins um of.

Hins vegar má gagnrýna Habermas út frá takmarkaðri sýn hans á menningarhugtakið. Menningarhugtakið hefur bæði skynsamur og rökréttar stöðir sem og óskynsamur, órökréttar stöðir. Sama má segja um ýmsar stöðir lýðræðis okkar þar sem tilfinningar ráða oft meiru en ísköld skynsemin. En það má einnig snúa þessari röksemd á hvolf þar sem margir listviðburðir eru einmitt byggðir á gagnrýninni skynsemi, þótt þeir séu klæddir fagurfræðilegum búningi. Fjöl margir listamenn hafa í gegnum tíðina komið í gegn pólitískum skilaboðum með tónum, texta, myndum, hreyfimyndum, athöfnum eða gjörningum, og sökum breiðra skírskotana geta þessi verk haft töluverð áhrif í almennasviðum.

34 Belgíska fræðikonan Chantal Mouffe hefur gagnrýnt skynsemissýki Habermas, sérstaklega út frá lýðræðiskenningu hans. Nýlegt rit í þá veru er *The Democratic Paradox*. Sænski fræðimaðurinn Peter Dahlgren hefur einnig verið duglegur að benda á mikilvægi tilfinninga og þrár í samsetningu almennasviðsins. Í því samhengi má benda á greinasafnið *Communication and Citizenship: Journalism and the Public Sphere in the New Media Age*, sem hann ritstýrði ásamt Colin Sparks, og greinina „The Internet, Public Spheres, and Political Communication: Dispersion and Deliberation“ sem birtist í vísindatímaritinu *Political Communication*, og greinina „Civic Participation and Practices“ sem birtist í greinasafninu *Researching Media, Democracy and Participation*. Einnig mæli ég með bók hans *Media and Political Engagement: Citizens, Communication and Democracy*.

35 Mikhail Bakhtin kemur mikið inn á þátt gróteskunnar í riti sínu *Rabelais and his World*; Julia Kristeva tekur hið semíótíska m.a. fyrir í bók sinni *Desire in Language: A Semiotic Approach to Literature and Art* og Roland Barthes útskýrir notkun sína á *jouissance* and-spænis *plaisir* í bókinni *The Pleasure of the Text*.

Pólitísk listaverk geta því hæglega sameinað svið menningar og pólitíkur, og því ekki einungis haft áhrif í djúpi lífheimsins heldur einnig í „efri“ stigum pólitískrar ákvarðanatöku. Skemmst er að minnast verks listamannsins Dror Feiler, *Mjallhvít og brjálæði sannleikans*, sem sýndi mynd af brosandi Hanadi Jaradat, palestínsku sjálfsmorðssprengjuárásarkonunni sem varð 21 manni að bana. Listaverkið var sýnt í Sögusafninu í Stokkhólmi og ísraelski sendiherrann í Svíþjóð, sem var viðstaddur uppákomuna, umturnaðist og reyndi að eyðileggja listaverkið. Honum var kastað út og með því vörpuðu Svíar sér út í töluvert alvarlega diplómátíska deilu við Ísrael. Þetta er tiltölulega nýlegt dæmi sem varð frægast á myndum sem fréttastöðvar og netveitur sýndu af sendiherranum í ham. Áhrifarík pólitísk listaverk eru hins vegar ekki ný af nálinni.

Orðræðubúnt og sannleiksveldi

Það er einmitt þessi „einfaldleiki“ svarthvíta móðerníska viðhorfsins sem póstmóðernistarnir storkuðu. Sem fyrr segir einblína póstmóðernistarnir frekar á (mis)mun, útilokanir, tálsýn metafýsísks sannleika og flókin valdastrúktúr samfélagsins og af þessum sökum er gott að líta nánar á hugtök Michel Foucault um *orðræðu*, *vald/þekkingu*, *orðræðubúnt* og *sannleiksveldi*.³⁶

Skilgreining Foucault á valdi og þekkingu er einkar notadrjúg við greiningu á pólitískum og menningarlegum þáttum samfélagsins, því hann segir öll form hugsunar einkennast af samspili *valds* og *þekkingar*. Foucault telur að þetta samspil *valds* og *þekkingar* skapi ákveðna *orðræðu* sem síðan blási út og verði að *orðræðubúntum*. Þessi orðræðubúnt eru hugtaka- og orðræðurammi sem leyfir ákveðna tegund hugsunar og samfélagssýn og útilokar aðrar. Búntin eru búin til úr skrifuðum jafnt sem óskrifuðum reglum sem verða til út frá flóknu samspili *valds* og *þekkingar*. Orðræðubúntin stýra því hvað megi segja og hugsa innan ákveðinna sviða á ákveðnum tíma.

Orðræðuhugtak Foucault lýsir valdaferli ýmissa samfélagsstofnana og því hvernig þessar stofnanir skapa ákveðin form hugsunar og leyfð um-

36 Þau rit sem ég styðst helst við eru *The Archaeology of Knowledge, Discipline and Punish: The Birth of the Prison*, „Two Lectures“ í safnritinu *Power/Knowledge*, „What is Enlightenment?“ í *The Foucaultian Reader*, viðtalinu „Truth and Power“ sem birtist í ritinu *Power: Essential Works of Foucault 1954-1984* og „The Subject and Power“ í *Art after Modernism*. Ég styðst einnig við ágætán kafla Stuart Hall, „The Spectacle of the ‘Other’“, í *Representations* og yfirlitsritið *A Foucault Primer: Discourse, Power and the Subject* eftir Alec McHoul og Wendy Grace.

fjöllunarefni með því að beita flóknu valdaferli (mis)munar, skilgreininga og útilokunar þátta sem ekki falla að þeirra heimsmynd og hugsunarmynstri. Þar sem orðræða býr til þekkingu getur þýðing og merking ekki þrífist utan orðræðunnar. Orðræðan er hins vegar ekki föst og skynsamleg heild, heldur flókin afleiðing samblands tungumáls, gjörða og reyndar sem, ásamt ýmsum valdatengslum skilgreinir, framleiðir og ákvarðar tilgang, form og innihald þekkingar okkar. Michel Foucault útskýrir samband valds og orðræðu með eftirfarandi orðum:

Í samfélagi okkar, og í raun hvaða samfélagi sem er, eru fjölmörg valdatengsl sífellt að störfum sem smjúga inn í, auðkenna, lýsa og mynda samfélagsgerðina. Þessum valdatengslum er ekki hægt að koma á fót, styrkja þau og koma þeim í framkvæmd án framleiðslu, samansöfnunar, útbreiðslu og virkni orðræðunnar.³⁷

Orðræða, vald og þekking tengjast því innbyrðis og áhrif og virkni þeirra blandast og mynda *orðræðubúnt* sem sameina ákveðnar *orðræður*. Til að mynda slík búnt verða orðræðurnar að eiga ákveðin markmið og hátt sam-eiginleg. Þær verða að byggja á svipaðri hugmyndafræði og tilheyra ákveðinni pólitískri og menningarlegri hneigð sem er einkennandi fyrir ákveðið tímabil. Ráðandi aðilar slíks tímabils skapa síðan sín eigin *sannleiksveldi* sem eru nokkurs konar *safn orðræðubúnta*. Slíkt safn orðræðubúnta veldur talsýn meðal samfélagsþegna sem líta á gildi sannleiksveldisins sem náttúrulegan og eðlilegan *sannleik*. Um slíkan sýnilegan sannleik hefur Foucault þetta að segja:

Sannleikur er mannanna verk sem einungis er hægt að framleiða með margvíslegri og meðvitaðri þvingun og slíkur sannleikur veldur valdastraumi. Hvert samfélag býr við sitt sannleiksveldi, sína „almennu sannleikspólitík“. Slíkt sannleiksveldi er byggt á samþykktri orðræðu sem látin er líta út fyrir að vera sönn og inniheldur ákveðinn mekanisma sem gerir einstaklingum kleift að greina milli sannra og rangra fullyrðinga. Sannleiksveldið setur hömlur og býr til framleiðsluferli sannra gilda og ákvarðar hvaða öfl fá það vald í hendurnar að búa til og þróa slíkan sannleika.³⁸

37 Foucault 1980: 93.

38 Foucault 2002c: 131.

Ágætis dæmi um gerð slíks sannleiksveldis er stefna stjórnar George W. Bush eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Eftir þann harmleik sköpuðu bandarísk yfirvöld ákveðið sannleiksveldi sem síðan hefur haft afgerandi afleiðingar fyrir heimsbyggðina. Bush notaði einmitt orðið *sannleikur* ítrekað við gerð stefnu sinnar og lætur hann þá líta út fyrir að það sé eitthvað *eðlilegt* og *náttúrulegt* við slíka stefnu. Þetta gæti verið ástæðan fyrir því að við upphaf stríðsins leit þorri bandarísku þjóðarinnar á slátrun saklauss almennings í Írak sem nauðsynlegan fylgífisk þess að breiða út manngæsku og lýðræði *hins sanna og rétta* bandaríska sannleiksveldis.

Það sama má segja um blinda trú fjölmargra Íslendinga á mátt nýfrjálshyggjunnar á fyrstu árum tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Útrás og þensla bankakerfisins og annarra viðskiptablokka gegnsýrði orðræðu almennings, svo úr urðu afar víðfeðm orðræðubúnt sem erfitt var að losna úr klónum á. Sannleiksveldi nýfrjálshyggjunnar varð svo máttugt að það varð í raun „eðlilegt“. Svólítið eins og aðrar leiðir væru ekki færar.

Skilgreining Foucault á valdi er hins vegar ekki eins einsleit og stöðnuð og margir valdhafar vildu óska. Eitt helsta einkenni valds er nefnilega *skapandi framleiðni* og *gagnvirkir eiginleikar* þess. Birtingarmynd valds má því líta á sem hringrás valdastreymis. Ekki er hægt að staðsetja valdið fyrir fullt og allt, hvorki í höndum einstaklings, í audi eða í vöruskiptum. Vald dreifist og virkni þess felst í skapandi og gagnvirku netlaga umhverfi.³⁹ Kröftugir makró valdastraumar gefa því af sér míkro-andstöðu sem getur hæglega undið upp á sig, eins og George W. Bush fann svo sannarlega fyrir á seinni hluta forsetatíðar sinnar, og hinir svokölluðu útrásarvíkingar finna nú fyrir í íslensku samfélagi.

Þetta skapandi, keðjuverkandi netlaga form valdsins varpar nýju ljósi á borgaralegt almannasvið Jürgens Habermas, því þegar valdi er beitt er viðbragða að vænta. Sökum skapandi eiginleika valds opnast alltaf samfélagssvið þar sem viðbrögð og möguleg svörun á sér stað. Þrátt fyrir að borgarastéttin hafi skapað sitt eigið *sannleiksveldi*, sem Habermas kallar einsleitt *almannasvið*, býr valdahugtakið í meðförum Foucault yfir þeim skapandi eiginleikum að búa til gagnrýna minnihlutahópa sem koma í veg fyrir að ráðandi orðræðubúnt og sannleiksveldi geti komið á einsleitum yfirráðum.

39 Foucault 1980: 98.

Þótt ákveðinn ljóður sé á kenningum Foucault, sérstaklega varðandi stöðu súbjeksins í öllu þessu valdastreymi, þá mynda póstmódernískar hugmyndir hans um *skapandi vald*, *tálsýn sannleika*, samband *þekkingar* og *valds* og hugmyndina að baki *orðræðu*, *orðræðubúnti* og *sannleiksveldi* mikilvægar fræðilegar stöðir sem hægt er að tefla fram gegn trú Habermas á *upplýst* og *skynsamleg boðskipti*. Áður en þessum viðhorfum verður stefnt saman í módeli mínu af síðmódernískri samfélagsgerð er rétt að hafa fleiri orð um áhrif þjóðerniskenndar á síðmódernismann. Þetta á sérstaklega við um greiningu á íslenska menningarmódelinu sem einkennist mjög af slíkum kenndum.

Áhrif þjóðerniskenndar á síðmódernisma

Áhrif þjóðerniskenndar á síðmódernisma eru mikil og taka sér gjarnan stöðu andspænis kosmópólitískum einkennum hnattvæðingar. Í ritinu *Nationalism* tilgreinir Anthony D. Smith fjögur blæbrigði þjóðerniskenndar sem hann kallar *varanlega* (e. perennialism), *náttúrulega* (e. primordialism), *móðerníska* (e. modernism) og *etníska* (ethno-symbolism).

Samkvæmt *varanlega* viðhorfinu byggja þjóðir og þjóðerniskennd fyrst og fremst á óslitnu samhengi, þ.e. þjóðir þurfa að hafa verið til í langan tíma og eiga helst að geta rakið uppruna sinn að minnsta kosti til miðalda. Hinar öfgarnar kallar Smith *móðernísku* skilgreininguna en samkvæmt henni er þjóðerniskennd fylgifiskur nútímans og því tilbúningur ráðandi afla hverju sinni. Smith greinir móðerníska útgáfu þjóðerniskenndar niður í fimm undirflokkar sem hann kallar *efnahagslegan*, *menningarlegan*, *pólitískan*, *hugmyndafræðilegan* og *konstrúktívíska* móðernisma, allt eftir því hvaða aðferðum hver útgáfa beitir til að ná settu markmiði. Þessar móðernísku kenningar eiga það sameiginlegt að líta á þjóðerniskennd sem manngerðan tilbúning og því sé ekkert „eðlilegt“ við hana. Hún misnotar og virkjar fólk til að verða sér úti um ákveðin sameiginleg gildi sem gerir þeim kleift að ná settum markmiðum. Þjóðerniskennd er því máttugt afl sem hefur mikil áhrif á orðræðu samfélaga og mótun þjóðernislegrar sjálfsvitundar borgara þess.

Náttúrulega útgáfan fer lengra aftur í söguna heldur en móðerníska skilgreiningin gerir og reynir þar með að höfða til náttúrulegs anda þjóða. Smith rekur þessa kenningu til skrifna franska heimspekingins Rousseau og áherslu hans á afturhvarf til gilda náttúrunnar þar sem þjóðernislegur andi hvílir. Þessi „náttúruleiki“ myndast á löngum tíma og í honum býr kraftur og stolt

hverrar þjóðar. Náttúrulega útgáfan leggur einnig áherslu á heppilegar „genasplesingar“ gegnum tíðina, þar sem ákveðin hómógenísk genamengi liggja þjóðerni til grundvallar.

Etnísk skilgreining þjóðerniskenndar er að mati Smith samblanda varanlegu, móðernísku og náttúrulegu kenninganna. Má því segja að hún steypi saman objektívum viðhorfum móðernísku skilgreiningarinnar og subjektívum áhrifum minninga, gilda, tákna, goðsagna og hefða. Samkvæmt etnisku kenningunni verður að greina samfélagslega og menningarlega þróun lengra aftur í tímann en móðerníska kenningin gerir. Með slíkri rannsóknaraðferð er því hægt að sýna fram á að almenningur er ekki bara viljalaust verkfæri í höndum þeirra sem með valdið fara, heldur hefur hann þvert á móti efnahagsleg, menningarleg og pólitísk áhrif á ráðandi öfl.

En hver þessara skilgreininga á þjóðerniskennd á best við um Ísland? Mín kenning er sú að íslensk þjóðerniskennd einkennist af samblöndu þeirra allra. Þjóðernislegt menningarhugtak Herder hefur verið notað grimmt síðan sjálfstæðisbaráttan hófst fyrir alvöru á öndverðri 18. og 19. öld. Hér hefur landfræðileg lega vegið þungt sem og sú staðreynd að Ísland er eyja og á henni býr þjóð með sitt eigið tungumál. Þökk sé bókmenntaarfinum er leikur einn að rekja menningararf og landnám Íslands og hentar það *varanlega* viðhorfinu vel. Allt fram á fyrstu áratugi tuttugustu aldar, og reyndar lengur í einstökum verkum og hugmyndafræði ákveðinna stjórn málaafra, voru tungumálið og afturhvarf til náttúru notuð sem rök til að flýja sollinn í bænum og hverfa aftur til „rétrar“ sveitamenningar sem ól af sér „rétt“ og göfugt gildismat, landi og þjóð til heilla, auk þess sem þáttur náttúrunnar við að sverfa og móta íslenskar sjálfsmyndir og geðslag er enn áberandi, t.d. í menningartengdri ferðaþjónustu. Þessi rök eiga því ýmislegt sameiginlegt með því sem Rousseau predikaði með *náttúrulegum* boðskap sínum. Heppilegri genablöndu Íslendinga hefur einnig verið hampað en slík áhersla fellur einnig innan náttúrulegu skilgreiningarinnar.

Þótt íslenska sjálfstæðisbaráttan reyndi með þessum þjóðernisrembingi að sýna fram á sérstöðu menningarlegra og þjóðernislegra gilda og aðgreina þau þar með frá umheiminum var þessi barátta einnig tilraun til að halda valdatengslum samfélagsins öhreyfðum. Því er hægt að þröngva öllum fimm skilgreiningum móðerníska viðhofsins upp á ýmsar tilraunir íslensk-danskra yfirvalda, presta og valdastétta til að skapa „rétt“ *orðræðubúnt* og *sannleiksveldi* sem féllu betur að viðmiðum, hagsmunum og valdabraski þeirra.

Þessi þvingun hefði samt ekki verið möguleg án goðsagnakenndrar minningar horfinnar gullaldar sem er eitt helsta einkenni *etnisku* skilgreiningarinnar. Slík goðsagnakennd minning er sveipuð ljóma íslenskrar tungu, stórbrotinnar náttúru og bókmenntaarfs miðalda. Íslenski þjóðarandinn hefði samt aldrei náð að myndast og þróast með þeim hætti sem hann gerði ef ekki hefði verið fyrir míkro-andstöðu almennings og þeirrar alþýðumenningar sem hann mótaði.⁴⁰ Íslenski menningararfurinn hefur alltaf verið (mis)notaður og lagður að gildum ráðandi sannleiksveldis, en samkvæmt etnistum er slík notkun ekki möguleg án þeirrar sögulegu og menningarlegu meðvitundar sem hefur þróast með þjóðinni allt frá landnámi. Anthony D. Smith orðar þetta svo:

Minningin um sameiginlega gullöld, gildi og djörfung forfeðra og hetja, goðsagnir, þjóðernislegt upphaf, búsetuþróun, velþóknun æðri máttarvalda, sérstök tákn samfélagsins, landfræðileg lega, sagan og örlög fólksins, aðgreinir það frá öðrum. Mismunandi siðir, fórnir og ættartengsl veita einnig mikilvægan skilning á þjóðfræðilegu sambandi milli fortíðar, samtíðar og framtíðar.⁴¹

Jafnvel þótt slík runa sé ekki fær um að útskýra að fullu áherslu núverandi menningarstefnu íslenskra stjórnvalda á tungumálið, miðaldabókmenntirnar, menningararf, sögu landsins og náttúru, þá sýnir hún klárlega hvaðan þeir aðilar sem standa að slíkri menningarstefnu sækja hráefnið.

Menningarpólitískt módel síðmóðernismans

Í þessu riti verður reynt að brúa bil móðernískra og póstmóðernískra viðhorfa og þróun þjóðerniskenndar og hnattvæðingar tekin með í reikninginn. Nauðsynlegt er að sýna fram á flókin strúktúr síðmóðernískra samfélagsgerða og kosti þess að líta á menningu sem margvitt, margfalt, flókið, misleitt og misgott afl. Því verður síðmóðerníska módelið að taka tillit til póstmóðernískra þverfaglegra híbriða, frjáls flæðis upplýsinga og skapandi valdatengsla, ásamt móðernískri leit að föstum og áreiðanlegum gildum, gegnsæjum samfélagsstrúktúr og skynsamlegri vissu fyrir því að hlutirnir leysist ekki upp í óyfírstíganlegt

40 Í bókinni *Wasteland with Words: A Social History of Iceland* gerir Sigurður Gylfi Magnússon grein fyrir þýðingu alþýðumenningar á menntun og menningarvitund þjóðarinnar.

41 Smith 2001: 119.

afstæði. Þó ber að hafa í huga að slíkt módel er á stöðugri hreyfingu og tekur sífelldum breytingum. Upplýsingaflæði, valdastreymi, fjármagn, menningarlegar afurðir og pólitísk ítök ólíkra almannasviða eru í sífelldri þróun og ber því að líta á módelið sem eins konar amöbulaga hjúp sem bærast í straumnum.

Eitt meginhlutverk menningarpólitíkur er að búa til, viðhalda og þróa mismunandi menningarleg umhverfi, aðstæður og kringumstæður sem hafa ólíku hlutverki að gegna innan ólíkra almannasviða. Þessi menningarlegu svið verða að vera teygjanleg og geta tekið breytingum ef listræn og menningarleg þróun á að geta náð jafnt til persónulegrar reynslu einstaklinga sem og stærri samfélagsheilda. Menningarpólitík á því að skapa aðstæður þar sem listræn upplifun og reynsla einstaklinga og stærri hópa fær notið sín. Þannig kemur hún á góðu jafnvægi milli lífheims og einsleits valdabróts og fjármagnsleitar pólitískra og efnahagslegra afla. Það hefur hins vegar reynst þrautin þyngri að raungera slíka draumsýn.

Habermas heldur því fram að almannasvið stjórnist af hagsmunum fjölda-menningar, yfirborðslegs menningariðnaðar, auglýsingamennsku og aðferðum almannatengsla. Fjöldinn eigi því ekki lengur kost á að þróa „réttu“ einstaklingsbundna sjálfsvitund, hvað þá að tjá „sameiginlega“ sjálfsvitund samfélagsins. Þess í stað hefur hinn almenni borgari orðið fórnarlamb yfirborðslegrar orðræðu sem er framleidd af skoðanakönnunum, auglýsingaáróðri, glóbalískri iðmaskínu, almannatengslum og öðrum hagsmunaaðilum kerfisins. Habermas telur hins vegar að hægt sé að snúa þessu ferli við, því þar sem kerfið er búið til af mönnum þá þurfi einungis skynsamlega mannlega samstöðu til að laga hin samfélagslegu mein.

Þetta er að mínu mati útópísk óskhyggja sem gerir lítið úr misleitni samfélagsins í stað þess að notfæra sér þverfagleg híbríð þess. Síðmóðerníski samfélagsstrúktúrinn féll ekki fullgerður af himnum ofan, hann þróaðist í flóknu sögulegu ferli. Eigi menningarstefna að vera árangursrík og í takti við tímann verða gerendur hennar að taka mið af þeim flækjum sem slíku ferli fylgja.

Kerfið er vettvangur margs konar færslna milli *markaðar* og *ríkis* sem hefur mikil áhrif á þróun *almannasviða* og *lífheims*. Þessar færslur milli markaðar og ríkis einkennast m.a. af vörum og þjónustu, sköttum, launagreiðslum, pólitískum ákvarðanatökum, framboði og eftirspurn. Uppgangur alþjóðlegra nýmiðla og stafrænna boðskipta er eitt helsta einkenni margræðs og miðjulauss síðmóðernisma, og þar hefur *upplýsingaflæði* afgerandi

þýðingu. *Upplýsingar* eru *vald* og því er flæði þeirra mjög mikilvægt við greiningu á síðmóðernískum samfélagsformum og þeirri menningarpólitík sem stundud er við slíkar kringumstæður. Það er einmitt þetta upplýsingaflæði sem hefur breytt skýrum línunum og skilgreiningum Habermas á kerfi, lífheimi og almannasviði. Upplýsingar tilheyra nefnilega ekki einungis kerfiseindunum, heldur flæða þær jafnt um almannasvið og lífheim. Þetta aukna upplýsingaflæði, sem helst í hendur við öra þróun stafrænna boðskipta og uppgang internetsins, riðlar því klassískri greiningu Habermas á kerfi og lífheimi. Almennasviðin sem fljóta á milli þeirra gera nefnilega ekki lengur skýran mun á *framleiðslu*, sem samkvæmt Habermas tilheyrir *kerfinu*, og *boðskiptaáðgerðum* sem tilheyra *lífheiminum*.

Framleiðsla er í auknum mæli byggð á *upplýsingatækni* og *boðskiptaleiðir* eru í auknum mæli byggðar á *tölvutækni*. Spurningar varðandi stjórn og dreifingu fjölmiðla, nýmiðla og framtíðarþróun tölvubransans, aðgengi almennings að fjölmiðlum og nýmiðlum, fjármögnun þeirra, ábyrgð og áreiðanleika, eru augljóslega gríðarlega mikilvægar. Ein helsta röksemdarfærsla Habermas varðandi kúgun kerfisins í garð lífheimsins er bundin einkareknum fjölmiðlum í eigu fárra, valdamikilla aðila. Að mati Habermas notar slík valdablokk meðvitað einstefnuböðskiptamiðla á borð við sjónvarp og útvarp til að stuðla að samfélagslegri óvirkni og dæða. Sameiginlegu almannasviði upplýstra og skynsamra borgara hefur verið sundrað og þess í stað reika sundraðir og sljóir neytendur milli fjöldaframleiddra skoðana sem fanga þá í net pólitískra og efnahagslegra tískastrauma.

Ég tel hins vegar að almannasviðið hafi aldrei verið vettvangur einsleits samþykkis og því sé miklu gæfuríkara að hugsa um almannasviðin sem þyrpingu viðhorfa sem geta bæði tengst og staðið í andstöðu hvert við annað. Almennasviðin samanstanda því bæði af minnihlutaskoðunum jaðarhópa og ríkjandi stefnumeirihlutans. Hugtök eins og *fjöl-menning* og *fjöl-miðlar* eru því ekki eins einsleit og Habermas heldur fram. Jafnvel þótt til séu áhrifamiklir fjölmiðlarísar eins og Murdoch samsteypan, Time-Warner og Walt Disney samsteypan,⁴² sem mótast af viðhorfum markaðarins og græða á formúluafurðum, þá eru einnig aðrir kostir innan fjölmiðlahugtaksins sem draga svo um munar úr þessari svokölluðu einsleitni.

42 Sjá bók Robert W. McChesney, *Rich Media, Poor Democracy: Communication Politics in Dubious Times*.

Í riti sínu *Between Facts and Norms* brást Habermas við gagnrýni í sinn garð og uppfærði kenningar sínar. Mikilvægasta breytingin var að nú notar hann *netið* sem metaforu fyrir flókna samfélagsgerð síðmóðernismans, auk þess sem sýn hans er mun fjölbreyttari og fjölraddaðri í anda Mikhail Bakhtin.⁴³ Skýr greinarmunur á gagnrýnum menningarsviðum andspænis pólitískum sviðum gagnrýnnar skynsemi vefst enn fyrir honum og kallar hann t.d. list, trú og bókmenntir existensialísk tungumál sem lúta öðrum lögmálum en skynsemis-lögmál annarra samfélagsmálaflokka. Hann leggur þó áherslu á sambandið milli menningarlegra og pólitískra sviða og segir að gildin sem myndist í lífheimum hins borgaralega samfélags hafi áhrif á hin pólitísku. Hann á samt dálítið erfitt með tilgreina nánar hversu mikil þessi áhrif eru og hvernig birtingarmynd þeirra er á pólitísku valdasviðunum. Ástæðan er fyrst og fremst endurtekin áhersla hans á lykilhlutverk *skynsemi* og skynsamlegra boðskipta. List og trúmál eru að hans mati ekki skynsamleg og því eiga þau ekkert erindi við pólitískar valdatökur. Habermas lendir samt reglulega í mótsögn við sjálfan sig, því menning og tungumál eru grundvöllur afkúgunarferlisins og gegna því lykilhlutverki í þeirri mótspyrnu sem hann vonar og væntir að borgaralega samfélagið sé fært um að veita kerfinu.

Skipting hans á almannasviðinu í mörg misvaldamikil almannasvið er samt sem áður veigamikil breyting. Hann greinir þessi svið í þrennt eftir þéttleika, umfangi og útbreiðslu boðskipta, frá *sundurlausum* sviðum götumynda, kaffihúsa og ölstofa, til *skipulagðra viðburða* á borð við rokktónleika, leiksýningar, ráðstefnur stjórn málaflókka og trúfélaga, og yfir í *abstrakt* almannasvið einstakra lesenda, áhorfenda eða hlustenda sem eru dreifðir víðs vegar um hnöttinn. Þessi svið tengjast margofnum þráðum í flóknu og illgreinanlegu neti.⁴⁴ Að mati Habermas eru fjölmiðlar helsta bindiefni þessa nets, það efni sem lætur hnúta netsins tengjast. Hann hefur hins vegar ekki horfið af þeirri braut sem hann markaði í *Structural Transformation of the Public Sphere* – að líta á fjölmiðla sem einsleitt, kúgandi afl sem mótar lýðinn í sömu skordur.

Aðgreining Habermas á almannasviðinu á ágætlega við þrígreiningu John Keane á *míkró-, mesó- og makróþáttum* almannasviðsins.⁴⁵ Að hans mati eru

43 Í ritgerðinni „Further Reflections on the Public Sphere“, sem kom út árið 1992, þakkar Habermas m.a. kenningum Bakhtin fyrir nýja sýn sína á gagnrýnismátt alþýðumenningar.

44 Sjá *Between Facts and Norms*, sérstaklega síður 373-379.

45 Sjá Keane 2000.

míkróþættir þess bundnir sjálfsvitund einstaklinga á persónulegan hátt, eins og t.d. þegar fólk hittir vini sína á kaffihúsi, fer í kirkju, spjallar við lækinn sinn, leikskólakennara barnanna o.s.frv. Míkró-almannasviðin eru því eins konar vettvangur hversdags hins borgaralega samfélags, þar sem einstaklingar komast í kynni við alls kyns viðhorf og þurfa sífellt að bregðast við þeim með einum eða öðrum hætti.

Mesó-sviðin eru yfirleitt bundin stærri málaflokkum, eins og málefnum þjóðríkisins og sveitarfélaga. Þessi málefni ná til fjölda fólks og er yfirleitt miðlað með hjálp fjölmiðla. Morgunblaðið, Fréttablaðið og RÚV gegna lykilhlutverki í íslenskri mynd þessa sviðs en héraðsfréttamiðlar eins og Víkurfréttir og Bæjarins besta tilheyra því einnig. Loks einkennast makró-sviðin af umfangi hnattvæðra stofnana á borð við Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar og af gríðarlegu umfangi og útbreiðslu hnattvæðra fjölmiðla og fjölmiðlaviðburða (Eurovision, HM í knattspyrnu og Ólympíuleikarnir eru ágæt dæmi um slíka viðburði). Einnig geta mesó-svið umhverfst í makró-svið sökum útbreiðslu. Dæmi um slíkt eru forsetakosningar í Bandaríkjunum og enski boltinn.

Helstu áhrifavaldar nútíma almannasviðsins eru því fjölmiðlar, bæði hjá Habermas og Keane. Habermas sér þá á sama hátt og áhrifavaldar hans, Adorno og Horkheimer, gerðu nokkrum áratugum fyrr. Sem einsleitt, fégráðugt afl sem steypir öllu í sama farið og kemur í veg fyrir upplýst skoðanaskipti. Keane tekur hins vegar ekki sömu afstöðu til neikvæðra eða jákvæðra eiginleika fjölmiðla heldur einblínir frekar á gríðarlega útbreiðslu þeirra og áhrifamátt. Þetta veldur því að hvorugur þeirra greinir þá fjölbreytni sem felst í fjölmiðlahugtakinu.

Í bók sinni *Media and Power* gerir James Curran hins vegar grein fyrir fimm mismunandi gerðum fjölmiðla: *almannamiðlum* (e. public service), *markaðsreknum miðlum* (e. market sector), *miðlum hins borgaralega samfélags* (e. civic sector), *samfélagslegum markaðsmiðlum* (e. social market sector) og *faglegum miðlum* (e. professional sector). Í módeli Curran, sem er eins konar draumsýn hins fullkomna fjölmiðlamarkaðar, eru almannamiðlar í miðjunni og umkringja hinar fjórar gerðirnar þá, hver með jafnstóran hlut. Hann setur almannamiðlana í miðjuna vegna þess að þeir eru í eðli sínu best til þess fallnir að bregðast við fjölbreytni samfélagsins. Samt ber að hafa í huga að almannamiðlar eru í raun eins misjafnir og þeir eru margir, bæði hvað varðar hugmynda-

fræðilegar stöðir og fjármögnun. Grunnigildi þeirra byggja samt á innlendri framleiðslu, vönduðum fréttaflutningi, fræðsluefni, varðveislu menningararfs og tungumáls, og í mörgum tilfellum stuðlar miðillinn einnig að gerð skemmtiefnis. Frægasti og virtasti almannamiðillinn, BBC, gerir t.d. skemmtanabáttinn að einu helsta markmiði sínu samhliða fræðslu og upplýsingu.⁴⁶

Í anda annarra almannamiðla einsetur BBC sér einnig að ná til sem flestra og gera líf almennings ríkara, auk þess sem markmið hans er að verða mest skapandi og traustasti miðill heims. Þessi markmið eru dálítið þversagnakennd því það er erfitt að framleiða efni sem gerir allt í senn; nær til allra, er skapandi, skemmtilegt, fræðandi og traustvekjandi. Ómögulegt er að leysa þessa innri spennu sem hvílir í almannamiðlahugtakinu og gera öllum til hæfis, sérstaklega á síðmóðernískum tíma þar sem skil skemmtunar og fræðslu eru ekki alltaf skýr. Markaðsreknir miðlar vilja auðvitað að umfang almannamiðla sé sem minnst en tilvist almannamiðla, sem eiga að vera lausir undan áhrifum markaðar og pólitískra tengsla, er nauðsynleg fjölmiðlamódeli Curran, ekki einungis út frá áður nefndum atriðum heldur einnig út frá því *aðhaldi* (e. watch dog effects) sem slíkur fjölmiðill er fær um að veita máttarstólpum þjóðfélagsins.

Eitt helsta hlutverk markaðsrekinna miðla er að gera eigendur sína ríkari og valdameiri og því er eðlilegt að dagskrá þeirra reyni að ná til sem flestra, oft með skemmtanagildi að leiðarljósi. Nærvera þeirra er því einnig liður í meiri fjölbreytni og gefur hinum miðlunum ákveðið olnbogaráymi, því sökum fjármagns geta þeir ekki keppt við markaðsreknu miðlana, og geta því leitað á ódýrari og oft áhugaverðari og framúrstefnulegri mið. Það sem ber að varast er að áhrif markaðsreknu miðlanna verði of mikil og að eignamyndun þeirra verði alltumlykjandi. Þegar litið er til hnattvæðdra risasamsteypa eins og News Corporation, Disney og Time Warner, ótrúlegs umfangs þeirra og áhrifa inn í ólíka kima samfélagsins er því miður full ástæða til að vera á varðbergi.

Glóbal risar vita samt að helstu markaðir eru lókal og því beita þeir yfirleitt glókal leiðum til að ná settum markmiðum. Formúlur sem reynst hafa vel á einum stað eru því oft fjöldaframleiddar fyrir mismunandi markhópa. Gott dæmi um þetta er MTV sem til er í mörgum mismunandi útgáfum, eins og t.d. albönsku, indónesísku, japönsku, frönsku, pólsku, marokkósku, argentínsku, úkraínsku, kínversku, pakistönsku og indversku. Þótt formið sé það sama er

46 Sjá „About the BBC – Mission and Values,” nálgast 30. júlí 2009. URL: <http://www.bbc.co.uk/info/purpose/>

innihaldið einungis að hluta hið sama. Það er því einföldun að halda því fram að markaðurinn sé einsleitt afl sem stuðli einungis að stöðluðum afþreying-arafurðum. Hann framleiðir vissulega fullt af rusli en hann framleiðir einnig fullt af efni sem er fært um að uppfræða, mennta og skemmta.

Það væri til að mynda mjög þröngsýnt að halda því fram að allar Hollywood- myndir séu einsleitt rusl og ég leyfi mér hiklaust að halda því fram að sjónvarpsstöðvar á borð við Discovery Channel, Animal Planet og National Geography séu færar um að mennta og upplýsa hinn almenna borgara, svo ekki sé minnst á markaðsreknar stöðvar sem gera gamanþætti og raunveruleika-sjónvarp. Slík menntun er kannski ekki hámenningarvitum að skapi en hún er mikilvægur hluti samfélags okkar og hefur því töluverð áhrif á menningarlega sýn og mótun almennings.

Þriðji flokkur Curran er settur saman úr miðlum *hins borgaralega samfélags*, og á hann þar við ýmis samtök aktívista borgaralega samfélagsins, stjórnmála-samtök og alls kyns menningarkima sem halda úti blöðum, pésúm, vefsíðum og spjallrásum. *Samfélagslegu markaðsmiðlarnir* eru nokkuð tengdir *miðlum borgaralega samfélagsins* en Curran greinir á milli þeirra því hinir fyrrnefndu eru studdir af ríkinu en staðsetja starfsemi sína og útbreiðslu innan borgaralega samfélagsins. Markmið þessara miðla er að stuðla að enn meiri fjölbreytni og gefa út efni sem er ekki endilega fjárhagslega hagkvæmt sökum sérstöðu. Þetta kerfi er t.d. við lýði á Norðurlöndum, í Austurríki og Hollandi, þar sem margs konar sérfagleg blaða- og bókaútgáfa er að einhverju leyti styrkt af ríkinu.

Síðasti liðurinn í módeli Curran er *faglegir miðlar* og er þetta eini hlutinn sem ekki fyrirfinnst á einhverju formi í dag en Curran álitur hann samt mikilvægan hlekk í þessari draumsýn. Starfsmenn þessara miðla eiga að vera fagmenntaðir innan boðskipta og starfa við fullkomið sjálfstæði. Þeir eiga því ekki að taka tillit til neins, nema leitarinnar að sannleikanum hvernig sem hann er svo skilgreindur. Þetta er falleg draumsýn en, eins og Curran sjálfur viðurkennir, því miður skýjaborgir einar.


Þótt módel Curran sé vel til þess fallið að sýna fram á fjölbreytt hlutverk fjölmiðla þá er miðjan sem hann kennir við almannamiðla því miður umfangsminni í raun en hann ætlar auk þess sem hinir fjórir hlutarnir eru fjarri því að vera jafnir. Markaðsreknu kerfismiðlarnir eru langsterkastir í krafti valds og peninga. Málið er samt ennþá flóknara því allir hlutar módelins eru búnir aukalagi nýmiðla.

Nýmiðlar, sérstaklega veraldarvefurinn, hafa vaxið með undraverðum hraða allt frá því að Tim Berners-Lee gerði vefinn aðgengilegan almenningi árið 1990. Ýmsar samfélagshreyfingar, minnihlutahópar, grasrótarhreyfingar, nýskapandi listform og einstaklingar, sem alla jafna eiga erfitt með að koma boðskap sínum á framfæri, hafa nú öðlast máttugt *mikró-tól* til að blása út svið lýðræðislegrar umræðu og menningarpólitíkur. Upplýsingasamfélagið breytti eldri samfélagsformum og nú er ekki lengur hægt að halda „habermasísku“ almannasviði á lofti, þar sem þátttakendur komast að rökréttri niðurstöðu með hjálp gagnrýnninnar og upplýstrar umræðu. Slík sátt er talsýn og í raun alls ekki æskileg. Síðmóðernísku almannasviðin eru miklu fremur vettvangur átaka og umbreytinga, og þótt bilið milli valdastrauma kerfa og lífheims verði ekki endilega minna, þá hefur gagnvirkni nýmiðla og dreifingarmöguleikar internetsins gert almenningi fært að tjá sig á áhrifaríkan hátt. Liggur beinast við að nefna blogg og gáttir á borð við Facebook, YouTube, MySpace, Twitter og Flickr sem dæmi.

Í 5. kafla mun ég útskýra nánar ýmis einkenni nýmiðla og setja þá í betra samhengi við þróun menningarpólitíkur. Nú verður kastljósinu hins vegar beint aftur að módeli sem á einfaldan hátt sýnir umsvif helstu aðila menningarpólitíska vettvangsins, m.a. út frá kenningum Habermas um kerfi, lífheim og almannasvið, glókal færslum þjóðerniskenndar og hnattvæðingar ásamt valdastreymi Foucault.

Módel 1

Vettvangur menningarpólitíkur



Innsti hringurinn táknar almannasvið sem skiptist í óteljandi makró, mesó og míkró útgáfur. Hringurinn sem umlykur almannasviðin táknar glókal færslur og kassinn sem markar útlínur móðelsins táknar skapandi valdastreymi. Örvunar sem vísa niður táknar kúgun og örvunar sem vísa upp táknar viðnám.

Eins og sjá má af módelinu eru míkró-, mesó- og makró- almannasviðin boðskiptarými sem miðla á milli kerfa og lífheims. Mikilvægustu menningarpólitísku þættir þeirra eru *fjölmíðlar*, *upplýsingaflæði*, *menningarstofnanir*, *menntun*, *menningarframleiðsla* og *menningarneysla* og eiga þessir þættir upptök sín bæði í lífheimi og kerfi. Það er ekki lengur raunhæft að halda því fram að menntun sé einungis á færi fjölskyldusviðs lífheims eða á menntunarskyldu ríkis og sveitarfélaga. Markaðurinn er nefnilega líka fær um að upplýsa og mennta fólk jafnvel þótt hann stjórnist af gróðahugsjónum. Það er því alltof einfalt að láta eina ör vísa niður, sem tákn um kúgun, og aðra upp, sem tákn um mótspyrnu. Hvert lag almannasviðsins markast af báðum þáttum, mótspyrnan er meiri í neðri stigum lífheims hins borgaralega samfélags og kúgunin meiri í efri stigum kerfisins. Af

Þessum sökum eru svörtu pílnar sem vísa niður stærri, einfaldlega vegna þess að umsvif þeirra og áhrif eru meiri í krafti fjármagns og valds.

Kenning Habermas skírskotar til hins sammannlega í skynsamlegum talboðskiptum, þar sem sátt næst með rökræðum. Gallinn er hins vegar sá að með því að leggja þessa áherslu á talboðskipti þá hundsar Habermas mikilvægar boðskiptaleiðir sem sjónræn menning, performatív tjáningarform og nýmiðlar búa yfir. Það gefur auga leið að ýmis þekking, reynsla, tákn og venjur eru tjáð með öðrum leiðum en hinum fullkomnu boðskiptaaðgerðum Habermas. Lífheimshugtakhans á því undir högg að sækja því þótt við göngumst við ákveðnum persónulegum sviðum fjölskyldu og náinna vina, sem mynda og móta skoðanir og sjálfsvitund einstaklinga með ýmsum hætti, þá minnkar bil almennasviða og sviða lífheimsins stöðugt. Sérstaklega með tilkomu nettengdu heimilistölvunnar sem getur opnað víddir órafjarri dæmigerðum gildum og viðmiðum lífheims. Habermas túlkar þetta ferli sem neikvæða kúgun sem steypi á endanum ólíkum viðhorfum og lífssýn í sama farveg, og geri samfélagið þannig einsleitt og dofið. Ég lít þennan samfélagslega sambræðing hins vegar björtum augum því ef rétt er staðið að menningarpólitískri ákvarðanatöku framtíðarinnar er hægt að notfæra sér sundrung síðmóðernískrar samfélagsgerðar til að stuðla að fjölbreyttari og lýðræðislegri almennasviðum.

Ég vil þó undirstrika mikilvægi þess að treysta ekki um of á einfalt tvíhyggjukerfi kúgunar kerfis og frelsis lífheimsins. Vettvangur lífheims er einnig mótaður af samspili valds og þekkingar. Þetta á jafnt við um *persónulegt svið fjölskyldu og náinna vina* og um stærri *menningartengd lífheimssvið*. Því ber samt ekki að neita að fjölskyldugildi, hversu misjöfn sem þau kunna að vera, hafa mikil áhrif á þróun einstaklingsbundinna sjálfsvitunda. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að ég held ennþá hugmynd Habermas um *lífheim, almennasvið og kerfi* á lofti. Ég hef hins vegar ítrekað bent á að þessi skipting er flókin, flotkennd og margræð, og landamærin á milli lífheims, almennasviða og kerfis í reflexívri hringrás upplausnar og uppbyggingar. Þetta er ástæðan fyrir því að ég læt örvar vísa bæði upp og niður sem tákn fyrir kúgun og frelsi/mótspyrnu, bæði innan kerfis og lífheims.

Í módelinu eru kerfi, almennasvið og lífheimur umkringd alþjóðlegu samfélagi sem samanstendur m.a. af glókal færslum alþjóðlegra risafyrirtækja, alþjóðlegra markaða, alþjóðlegra stofnana, alþjóðalaga og alþjóðlegra valdablokka. Það er rík tilhneiging til að líta stoðir kerfis, almennasviða og lífheims

augum þjóðríkisins en eins og módelið sýnir þá hefur alþjóðasamfélagið með sínum glókal færslum mikil áhrif á síðmóðerníska samfélagsgerð og bætir nýrri vídd við menningarpólitíska umræðuvettvanginn. Þessi vídd er afar mikilvæg því hún getur hæglega stuðlað að *kosmópólitískri sjálfsvitund* sem varpar nýju ljósi á núning þjóðlegra og alþjóðlegra viðhorfa og ábyrg menningarstefna verður að gera það upp við sig hvort hún fagni fjölgun og áhrifum slíkra alheimsborgara eða fordæmi þau.

Að lokum tel ég mikilvægt að hnykkja á ysta sviði móðelsins, sem er ætlað að sýna að miðjulaus plúralismi síðmóðernismans er umkringdur skapandi valdatengslum að hætti Michel Foucault. Samkvæmt honum er öll túlkun einungis ákveðin orðræða sem reynir að ná yfirhöndinni í baráttunni við aðra orðræðu og allar okkar athafnir einkennast af þvingun mögulegra viðhorfa hverju sinni. Hvort sem um er að ræða gerð menningarstefnu eða aðrar gjörðir lýðræðisþjóðfélaga þá stöndum við alltaf andspænis þeirri klemmu að færa *umræðu* í *athafnir*. Þetta er einungis mögulegt með hjálp skapandi valdatengsla sem ákveða hvaða *orðræðubúnt* eru æskileg og hver mega missa sín. Mismunandi *sannleiksveldum* er vitaskuld í sjálfsvald sett hvaða *orðræðubúntum* þau hygla en aðaltilgangur þessarar rannsóknar er að komast að því hvernig íslensk menningarpólitík greiðir úr flækjum síðmóðernískrar samfélagsgerðar. Einnig ber að hafa í huga að flæðið milli ólíkra hluta móðelsins á sér stað eftir leiðum netsins, hvort sem um kerfi, lífheim, makró, mesó eða mikró almannasvið er að ræða. Að baki móðelunum liggur því metafora netsins og fylgi ég þar forskrift Habermas eins og hún birtist í *Between Facts and Norms*. Ég mun síðar útskýra nánar notkun mína á nethugtakinu en í bili munu móðelin verða leiðarljós mitt til að lýsa upp og sýna fram á:

-tengsl og umfang ýmissa aðila íslenskrar menningarpólitíkur. Þá sérstaklega ríki, sveitarfélög, listamenn, markað, fjölmiðla, menningartengda ferðaþjónustu, stjórn málaflokka og alþjóðlegt samstarf.

-viðbrögð íslenskrar þjóðernisvitundar við hinu alþjóðlega samfélagi.

-mögulegt hlutverk nýmiðla við mótun öflugri og lýðræðislegri almannasviða.

-hvernig ákvarðanatökur ýmissa ráðandi aðila íslenska menningarmóðelsins skapa orðræðubúnt þar sem afar sértækri túlkun á hinni aldagömlu íslensku menningarvitund, íslenska tungumálinu og náttúru landsins er beitt, kerfisöflum til góða.

En áður en kemur að nánari greiningu á sérkennum og þróun íslenska menningarmóðelsins er rétt að hafa fáein orð um menningarmódel annarra landa, ásamt því að hnykkja á ýmsum aðkallandi viðfangsefnum síðmóðernískrar menningarpólitikur.

2

Ólík menningarmódel

Flotkennt eðli almannasviða veldur því að ekki er hægt að negla niður einhvern einn ákveðinn strúktúr og því hafa ólík þjóðfélög þróað mismunandi samsetningar og tengsl þeirra á milli. Bygging, flæði og mörk almannasviða eru ólík á milli þjóðfélaga og fara eftir ríkjandi gildum og þörfum hverju sinni. Það sama gildir vitaskuld um menningarstefnu og hér verður gerð grein fyrir fjórum mismunandi leiðum til að koma slíkri stefnu í framkvæmd. Þó er rétt að hnykkja á því að menningarpólitik er ekki einungis bundin þröngu menningarsviði, hún varðar líka aðra þætti samfélagsins. Þessar fjórar mismunandi menningarstjórnunarleiðir sýna því einungis mismunandi áherslur innan móðelsins úr fyrsta kafla, hvernig sum menningarmódel leggja áherslu á þátt ríkis og sveitarfélaga en önnur á mátt markaðar, almannasviða eða lífheims.

Fjögur menningarmódel

Verndarar menningar og lista eru ekki nýir af nálinni og danski menningarfélagsfræðingurinn Peter Duelund bendir á kirkjuna sem dæmi um stofnun sem alltaf hefur séð sér hag í töluverðum umsvifum innan menningargeirans. Duelund segir kirkjuna hafa verið valdamesta í evrópsku samhengi frá 700 til 1300 en þá hafi vald aristókrata orðið meira og þeir hafi því bæst í hópinn sem verndarar menningar og lista. Frá 1600 urðu konungshirðirnar töluvert áberandi en borgarastéttin gerði menningu og listir að sínum á 18. og 19. öld, eins og Habermas hefur gert grein fyrir. Eftir síðari heimsstyrjöld jukust umsvif ríkisins mikið og þegar líða tók á 20. öldina urðu fyrirtæki og vel stæðir einstaklingar einnig áberandi.⁴⁷

Svona upptalning er þó gróf einföldun og hafa ber í huga að starf listamanna og staða menningar hefur breyst mikið á þessum tíma. Hún bendir samt til þess að ýmsar stofnanir samfélagsins hafi alltaf átt sig á mikilvægi menningar og nauðsyn þess að hafa áhrif á birtingarmyndir hennar. Sumir til að auka valdsvið sitt og ota hugmyndafræði sinni og heimssýn að fjöldanum, en aðrir

47 Sjá Duelund 2003a.

frekar af fjárhagsástæðum. Svo eru þeir sem gera sér grein fyrir mannbætandi áhrifum menningar og stuðla því að framgangi hennar út frá samfélagslegum sjónarmiðum í viðum skilningi.

Menning er mikilvægt vopn til að meitla orðræðubúnt og skapa sannleiksveldi sem hafa áhrif á þróun samfélagsins. Gott dæmi eru þau orðræðubúnt sem Hitler og samverkamenn hans héldu uppi. Menningartengd rök voru einn helsti lykillinn að áróðursvél nasismans. Eftir síðari heimsstyrjöld varð ríkið fyrirferðarmeira við gerð menningarstefnu, sérstaklega í Evrópuríkjum og skiptu kanadísku fræðimennirnir Harry Hillman-Chartrand og Claire McCaughey þessum menningarmódelum í fjóra flokka.⁴⁸ Þau kenna flokkana við hæfni, velunnara, arkitekt og verkfræðing, allt eftir ítökum ríkis við framkvæmd og fjármögnun þeirra.

Hæfnismódelið byggir á litlum afskiptum ríkis af menningu og þurfa þátttakendur þess því að treysta á duttlunga markaðsaflanna. Yfirvöld beita aðallega skattafrádrætti til að aðstoða og virkja gerð og þróun menningar og lista. Bandaríska menningarmódelið er jafnan tekið sem dæmi um slíkt módel og felst styrkur þess helst í möguleikum á mikilli fjölbreytni og nýsköpun. Módelið er háð smekk og forgangsörðun fyrirtækja, stofnana, sjóða og einstaklinga sem festa kaup á list, og séu þessir aðilar framúrstefnulegir í hugsun og þori að taka áhættu eru töluverðar líkur á að þetta módel skili fjölbreyttu listalífi út í samfélagið.

Sjá Hillman-Chartrand og McCaughey 1989. Aðrir fræðimenn hafa greint menningarstefnur með svipuðum hætti og má þar nefna bók Bela Rasky og Andreu Ellmeier, *Cultural Policy in Europe – European Cultural Policy?: Nation-State and Transnational Concepts*. Jim McGugan fer hins vegar aðra leið í bókum sínum *Culture and the Public Sphere* og *Rethinking Cultural Policy* en þar fylgir hann hefð sem samlandi hans Raymond Williams kom á fót nokkrum áratugum fyrr. Sem dæmi um enn aðra hefð má nefna rannsóknir Tony Bennett og samstarfsmanna hans. Ég hef þegar minnst á bók hans, *The Birth of the Museum*, þar sem hann beitir hugtakaramma Michel Foucault til að gera grein fyrir þróun og mismunandi hlutverki safnsins en hann hefur einnig gert merka rannsókn á ástralskri menningarpólitík í bókinni *Accounting for Tastes: Australian Everyday Culture* og er einnig aðalhugsuður skýrslunnar *Differing Diversities: Transversal Study on the Theme of Cultural Policy and Cultural Diversity* sem Evrópuráðið stóð að. Bók Simons Mundy, *Cultural Policy: A Short Guide* veitir einnig ágætis yfirlit yfir nokkur helstu hugðarefni menningarpólitíkur, sem og bók Toby Miller og George Yúdice, *Cultural Policy*. Loks má nefna greinasafnið *Cultural Politics* í ritstjórn Glenn Jordan og Chris Weddon en þar er einkum litið á menningarpólitík út frá þælingum um stéttir, kyn og kynþátt. Í safnritinu *The Nordic Cultural Model* er greiningu Hillman-Chartrand og McCaughey beitt og mun ég einnig gera það, mestmegnis í söku þess að stefnubreyting frá arkitektahugsjónum í átt að hæfnishugsjónum varpar áhugaverðu ljósi á núverandi þróun íslenskrar menningarpólitíkur.

Gallinn er hins vegar sá að sérfræðingar í menningu og listum koma yfirleitt hvergi nærri og því hafa ráðandi tískustraumar mikil áhrif á val og fjármögnun lista. Annar ókostur þessa móðels er sú öfgafulla staða sem það setur listamenn óhjákvæmilega í, því annað hvort slær viðkomandi listamaður í gegn og upplifir ameríska drauminn með tilheyrandi frægð og frama – eða lepur dauðann úr skel. Hæfnismóðelið hefur ekkert öryggisnet og því eru listamenn háðir sveiflum markaðarins. Undir slíkum kringumstæðum er hætta á að þeir skapi ekki lengur eftir eigin höfði heldur lagi sig að því sem þeir vita að selur. Afleiðing slíkrar þróunar getur hæglega orðið sú að móðelið snúist upp í andhverfu sínu og geti af sér einsleita list sem stjórnað af lögmálum markaðarins í stað fjölbreyttrar, nýskapandi og ögrandi listar. Hæfni er því að sumu leyti rangnefni, því oft liggja markaðsklækir að baki velgengni slíkrar listar og slíkra listamanna frekar en listrænir hæfileikar. Ekki er þó rétt að fordæma bandaríska list eða list sem á rætur sínar að rekja til hæfnismóðelsins heldur veltur þróunin þar á framsýni og djörfung þeirra sem kaupa list og skapa listamönnum réttmæt kjör og aðstæður til að þróa list sína.

Þátttaka ríkisins í *velunnaramóðelinu* er mun meiri en í hæfnismóðelinu. Til að koma í veg fyrir of mikið pólitískt ríkisforræði styðst velunnaramóðelið við *seilingarfjarlægðarlögmálið*, sem á að vernda listrænt frelsi fyrir kerfiseindum samfélagsins. Pólitískar nefndir og ráð ákveða því fjárhagslegan ramma og heildarmarkmið en nefndir, skipaðar atvinnumönnum í greininni, hagsmunasamtökum og öðrum sérfræðingum, taka endanlega ákvörðun um úthlutanir á forsendum gæða og virkni listamanna og menningarstofnana. Oftast er það þó ríkisstjórn eða menningarmálaráðherra sem skipar í stöðu seilingarfjarlægðarnefndanna og því er ferlið afar pólitískt í reynd. Bresk menningarstefna styðst til dæmis við þetta kerfi og þar hefur það þróast í að vera ansi elítubundið, því markmið þess er að beita pólitískum áhrifum til að auka gæði lista. Þessi listsýn styðst því við húaníska menningarskilgreininguna og hefur ekki miklar áhyggjur af kröfum almennings, svo lengi sem elítan er ánægð.

Arkitektamóðelið er skylt velunnaramóðelinu en styðst miklu frekar við mannfræðilega menningarhugtakið og einblínir á jákvæðar hliðarverkanir þess að sem flestir skapi og njóti lista. Slík menningarpólitík er því hluti af velferðarpólitík og metur list út frá kröfum samfélagsins frekar en út frá gæðum.

Arkitektamódelið notar seilingarfjarlægðarlögmálið á virkan hátt og er meginreglan sú að listir séu að miklum hluta fjármagnaðar af viðkomandi menningarmálaráðuneyti en fénu dreift í ríkara mæli af hagsmunasamtökum listamanna, sérfræðingum og starfsfólki ráðuneyta. Þumalputtareglan er samt sú að listamenn og hagsmunasamtök þeirra eigi fleiri nefndarmeðlimi heldur en pólitíski armurinn.

Arkitektamódelið veitir listamönnum öruggari kjör en hæfnis- og velunnaramódelin og geta listamenn því frekar unnið eftir eigin höfði og ætti slík sköpun að leiða til fjölbreyttrar, gefandi og ögrandi listar. Hættan er hins vegar sú að listamenn sem eru á framfæri ríkisins árum saman hafi það einfaldlega of gott og staðni í sköpun sinni. Slík þróun getur þannig hæglega snúið upp í andstæðu sína og leitt til verri listsköpunar og minni framleiðslu á framúrskarandi listaverkum. Hillman-Chartrand og McCaughey taka Frakkland og Holland sem dæmi um þjóðir sem styðjast við arkitektamódelið og sama má segja um ýmsar þjóðir Evrópu, þ.m.t. allar Norðurlandabjóðirnar.⁴⁹

Verkfræðingamódelið á rætur sínar að rekja til kommúnistaríkjanna og taka Hillman-Chartrand og McCaughey sérstaklega dæmi af Sovétríkjunum fyrrverandi. Þetta módel einkennist af miklu ríkisforræði, því ríkið á og stjórnar einfaldlega allri gerð og þróun menningar í landinu. Slíkt módel hundsar sjálfstæða listsköpun og setur pólitískar óskir ráðandi valdhafa í öndvegi. Skýrara dæmi um kúgun kerfiseinda í garð skapandi lífheims er vart til og verður langtíma birtingarmynd slíkrar menningarstefnu óneitanlega afar einsleit og óáhugaverð.⁵⁰

Norðurlandamódelið

Ekkert þessara fjögurra móðela fyrirfinnst í fullkomlega hreinu formi. Ólík þjóðfélög forgangsraða, skipuleggja og framkvæma menningarstefnu eftir

49 Á vefsíðunni www.culturalpolicies.net má finna gott yfirlit yfir menningarstefnur ýmissa þjóða Evrópuráðsins auk annarra þjóða sem tengjast menningarstarfsemi þess. Ég og Peter Duelund erum höfundar danska prófilsins fyrir árin 2009-2010 og má lesa þar meira um menningarpólitískar hræringar í Danmörku síðustu ára. Sjá Duelund og Valtýsson 2010, nálgast 15. mars 2010. URL: <http://www.culturalpolicies.net/web/denmark.php>

50 Tekið skal fram að þessi skipting Hillman-Chartrand og McCaughey er frá 1989 og því skal ekki lesið of mikið í hvaða þjóð tilheyrir hvaða módeli, því margt getur breyst á tuttugu árum. Ennfremur er rétt að benda á að ekkert þessara móðela fyrirfinnst á „hreinu“ formi, heldur er hér um ákveðnar normatívar nálganir að ræða sem benda á hneigðir frekar en algild sannindi.

eigin hentugleik og eru áhrif ríkis, menningariðnaðar, listamanna, menningarstofnana og almennings mismunandi sterk. Þótt menningarmódel Norðurlanda tilheyri arkitektamódelinu hefur það samt þróað sín sérkenni sem aðgreinir það t.d. frá franska og hollenska módelinu.⁵¹ Norðurlandamódelið leggur mun meiri áherslu á jafnrétti og jafnt aðgengi að menningu og listum, sem og á seilingarfjarlægðarlögmál sem er mótað og þróað í náinni samvinnu menningaryfirvalda og hagsmunasamtaka listamanna. Annað sérkenni Norðurlandamódelisins eru beinar launagreiðslur til einstakra listamanna, en í öðrum löndum, sem einnig nota arkitektamódelið, renna samsvarandi greiðslur jafnan til listhópa, stofnana og verkefna, en ekki til einstakra nafngreindra listamanna.

Norðurlandamódelinu er ætlað að ná yfir stórt almannasvið og leggur því áherslu á að fá sem flesta til að taka þátt í sköpun og neyslu lista. Þótt slíku fyrirkomulagi sé ætlað að dreifa jákvæðum andlegum og fjárhagslegum hliðarverkunum í öll lög samfélagsins þá leiðir það samt til hagsmunaárekstra milli ríkis og markaðar. Ríkið er leiðandi afl við fjármögnun og útdelingu fjármuna og því berjast kerfisþættirnir tveir, ríki og markaður, um menningarleg yfirráð almannasviða og lífheims. Markaðurinn vill auka fjárhagslegan gróða og ríkið seilist eftir valdinu til að stjórna menningarlegum orðræðubúntum samfélagsins og móta þannig ákveðna menningarlega þjóðarvitund sem heldur misleitum sauðum samfélagsins saman. Menningarstefnu ríkisins er því ekki einungis ætlað að upplýsa og ala lýðinn upp heldur einnig að halda honum í (þjóð)menningarlegum skorðum með því að halda uppi ákveðnum (þjóð)menningarlegum gildum. Gott dæmi er áhersla allra Norðurlandanna á uppbyggingu þjóðlegrar sjálfsvitundar og tiltölulega einsleitrar (þjóð)menningar til varnar misleitni alþjóðasamfélagsins.

Lausn Norðurlandamódelisins á höfundarréttinum er einnig mikilvægt sérkenni. Höfundarrétturinn er eitt mikilvægasta viðfangsefni menningarpólítíkur á síðmóðernískum tímum nýmiðla og reynir norræna útágáfan að

51 Margt af því sem sagt verður um þróun menningarlegs Norðurlandamódelis er að finna í riti sem danski menningarfélagsfræðingurinn Peter Duelund ritstýrði og ber nafnið *The Nordic Cultural Model*. Ritið er afrakstur fimm ára vinnu tuttugu menningarfræðinga sem einhentu sér í það verkefni að rekja uppruna, greina núverandi ástand og spá fyrir um framtíðarþróun menningar og lista á Norðurlöndunum. Ritið kannar þróun og stjórn menningar Norðurlandanna og greinir ákveðið sameiginlegt mynstur sem gerir það að verkum að hægt er að tala um sérstakt Norðurlandamódel.

koma á góðu jafnvægi milli kröfu höfunda og hagsmunasamtaka þeirra um greiðslur, rétt, dreifingu og stjórnun á afurðum sínum sem og kröfu almennings um auðvelt og fljótlegt aðgengi að upplýsingum og menningu. Internetið og nútíma tölvutækni hrófla sannarlega við slíku jafnvægi en ég tel eitt helsta hlutverk framtíðarmenningarstefnu að bregðast við þessari röskun. Ég mun fjalla nánar um deiliteknina í fimmta kafla og kynna þar hugsanlega lausn á vandamálum tengdum höfundarréttinum í stafrænum og alþjóðlegum síðmóðernisma, m.a. út frá Creative Commons-leyfinu sem er runnið undan rifjum bandaríska lagaprófessorsins Lawrence Lessig. Núna ætla ég mér þó að dvelja við áleitin viðfangsefni, þróun og þrautir sem norræna menningar-módelið stendur andspænis.

Norræna menningarmódelið er margþætt módel þar sem opinber menningaryfirvöld skipa stórt hlutverk. Ríkisvaldið fer bæði beinar og óbeinar leiðir til að tryggja listrænt frelsi og skapa listamönnum og menningarstofnunum sæmandi kjör.⁵² Slík stefna er oft kölluð *menningarleg stjórnun*, því ríkið hefur ákveðin menningarpólitísk markmið sem það beitir ýmsum brögðum til að ná. Vitaskuld má deila um það hvort slík stefna sé lituð óþarfa forræði því hver segir að það eigi að vera hlutverk ríkis að hafa áhrif á gæði lista, að hafa meðvituð áhrif á menningarlega sjálfsvitun þjóðfélagsþegna sinna – sem kristallast oft í þjóðernislegum varnarmúr gegn alþjóðasamfélaginu?⁵³ Svarið er ekki einfalt en hugsanlega er hægt að leita svara í þeim *orðræðubúntum* sem urðu til í kjölfar evrópsku upplýsingarinnar og ekki síður í norrænu samhengi í kjölfar síðari heimsstyrjaldar.

Heimspékilegur grundvöllur menningarstefnu norrænu velferðarríkjanna byggir á þeirri heimspékihefð sem Jürgen Habermas aðhyllist. Listræn sýn okkar og menntun er í mörgu bundin gildum evrópsku upplýsingarinnar og þrátt fyrir skarpar greiningaraðferðir póstmóðernistanna lifum við í samfélagi sem á rætur sínar að rekja til „upplýsts“ lýðræðis þessarar stefnu. Þótt póstmóðernistarnir hafi sýnt fram á að slíkt samfélag sé að miklu leyti byggt á falinni kúgun og skapi metafýsískar talsýnir þá er það samt byggt á gildum

52 Listamannalaun og fjármagn til rekstrar menningarstofnana eru dæmi um beinar leiðir og ýmsar skattheimtur eru dæmi um óbeinar leiðir.

53 Ágætt dæmi um þetta er hin svokallaða menningarkanóna danskra menningaryfirvalda þar sem 108 verk voru valin og stofnanavædd sem lykilverk í danskri menningarsögu. Sjá „Kulturkanon,“ nálgast 2. febrúar 2010. URL: <http://www.kulturkanon.kum.dk/>

upplýstra einstaklinga, sem eiga í orði kveðnu að vera færir um að móta skynsamlega þróun pólitísku, efnahagslegs og menningarlegs lýðræðis og vera virkir þátttakendur í henni.

Á Norðurlöndunum tók velferðarríkið sér það hlutverk að ganga úr skugga um að einstaklingar þess yrðu upplýstir og menntaðir sem hluti af dýrmætri heild þjóðríkisins. Þessir einstaklingar áttu að vera færir um að taka skynsamlegar ákvarðanir, bæði á eigin forsendum og á forsendum heildarinnar. Menningarleg markmið velferðarríkisins voru því að stuðla að listrænu frelsi, menningarlegri fjölbreytni og „réttu“ fagurfræðilegu uppeldi. Þótt þessi markmið séu lituð bæði húanískri og mannfræðilegri menningarsýn þá hefur velferðarríkið alltaf gætt þess að fagurfræðilegar áherslur haldist í hendur við þróun menningarlegrar þjóðarvitundar og sköpun eins konar þjóðrænnar lista- og menningarsérstöðu. Hér er því um blöndu þess húaníska, mannfræðilega og þjóðernislega að ræða og er hlutur tveggja síðastnefndu þáttanna stærstur.

Menningarstefna Norðurlandanna gerir þessa blöndun þó aðeins flóknari, því í norræna módelinu er ríkið svo mikilvægur þátttakandi á menningarsviðinu að það verður hlutverk þess að snúa við kúgunarferli markaðsaflanna. Norrænu velferðarþjóðfélögin setja því greiningu Habermas í nýtt samhengi því *lífheimurinn* er ekki lengur sterkasta móttöðuafl markaðarins, heldur þvert á móti *ríkið* sjálft. Hættan hér er vitaskuld sú að ríkið verði of sterkt og kúgi eðlilega þróun og áhrif markaðar og lífheims á birtingarmynd menningar og lista í þjóðfélaginu og taki þar með form verkfræðingamóðelsins. Slíkt menningarmódel getur einnig litast af pólitísku hagsmunapotí, þar sem krafan um endurkjör er á kostnað langtíma menningarmarkmiða.

Seilingarfjarlægðarlögmálið á að koma í veg fyrir slíka misnotkun á opinberu fé í menningargeiranum. Sérfræðinefndir og sjálfstæð ráð eiga að sjá til þess að pólitísk og efnahagsleg ítök – og óþarfa kunningja- og fjölskyldutengsl – verði ekki ráðandi þegar kemur að útdeilingu listamannalauna og annarra styrkja og embætta í menningargeiranum. En Peter Duelund hefur sýnt fram á að lögmálið er einungis notað við útdeilingu lítils hluta opinbers menningarfjár. Langstærsti hlutinn fer nefnilega í rekstur menningarstofnana á borð við þjóðleikhús, óperu, listasöfn, þjóðskjalasöfn og þjóðminjasöfn, þar sem seilingarfjarlægðarlögmálið er víðsfjarri. Stærstum hluta opinbers menningarfjár er því úthlutað af starfsfólki menningarráðuneyta – og í sumum tilfellum beint

af menningarmálaráðherra án utanaðkomandi sérfræðiálits⁵⁴ og þar með án seilingarfjarlægðarlögmálsins.

Duelund segir fræðileg mörk í útdeilingu opinbers menningarfjár á Nordurlöndunum hafa færst síðustu fimmtíu ár frá *húmanískum* og *mannfræðilegum* sjónarmiðum í átt að árangurstengdum sjónarmiðum sem stuðla að *fjárhagslegum* ábata og *virkari opinberri stjórnsýslu*. Hann skiptir þessari þróun niður í fjögur tímabil og kallar fyrsta tímabilið *lýðræðislega menningarstigið*. Þetta tímabil nær frá lokum síðari heimsstyrjaldar til 1975 og er sérstaklega áberandi frá 1960-1975. Húmaníska menningarskilgreiningin er ráðandi og áhersla opinberrar menningarpólítíkur er að skilgreina hvað sé „rétt“ og þolanleg (há)menning gegn hraðri framrás menningariðnaðarins, sem var álitinn skapa einsleita og lágkúrulega menningarsýn. Ríkið átti því að hafa ákveðið forræði yfir því hvað gæti talist verð og „lýðræðisleg“ (há)menning sem væri mótvægi við óæskileg áhrif menningariðnaðarins.

Á næsta tímabili, 1975-1985, berst opinber menningarstefna áfram gegn „einsleitum“ menningariðnaði og beinir sjónum sínum í auknum mæli að vandamálum tengdum höfundarrétti. Húmaníska menningarstefnan, þar sem lýðurinn átti að læra göfuglyndi lista út frá sjónarmiðum klassískrar hámenningar, bar ekki tilætlaðan ávöxt og því prófuðu stjórnámálmenn að nálgast vandamálið „neðan frá“, í stað þess að predika gildi lista og menningar frá hæstu hæðum. Á þessu tímabili vék því *lýðræðisleg (há)menning* fyrir *menningarlegu lýðræði*, mannfræðilega menningarhugtakið leysti það húmaníska af hólmi og jókst staðbundin menningarstarfsemi til muna.

Þriðja tímabilið nær frá 1985-1995 og kennir Duelund það við *afmiðjun* eða *dreifingu* (e. decentralisation) opinberrar menningarpólítíkur. Dregið var úr menntunarlegri og upplýsandi ábyrgð menningaryfirvalda og baráttan við menningariðnaðinn þótti tímaskekkja. Efnahagsleg rök fengu byr undir báða vængi og ábyrgð á rekstri menningarstofnana og útdeilingu fjármuna var í auknum mæli flutt frá ríki til sveitarfélaga. Ríkið ákvað enn heildarrámmann og hugmyndafræðina bak við hann en sveitarfélögum var í auknum mæli falið að hrinda stefnunni í framkvæmd. Því kennir Duelund tímabilið við *afmiðjun* ríkisvalds og frekari *dreifingu* peninga og valds.

54 Sjá Duelund 2003d, einkum síður 504-509.

Fjórdða menningarpólitíska tímabilið, sem nær frá 1995 fram til okkar tíma, einkennist af meiri ítökum kerfisafllanna. Viðhorf núverandi menningaryfirvalda á Norðurlöndum litast af því að menning og listir geti skilað fjárhagslegum gróða og þar af leiðandi stuðla menningaryfirvöld að samruna og samlífi menningar og atvinnulífs. Til að framkvæma slíkan samruna hafa norræn menningaryfirvöld til dæmis veitt skattaafslætti, svo einstaklingar og fyrirtæki eigi hægara um vik með að festa kaup á menningarafurðum. Árangursstjórnunarsamningar, samhæft árangursmat og skorkort, sem oft eru kennd við nýja opinbera stjórnun, eru notuð til að setja tölfræðileg og innihaldsleg viðmið sem menningarstofnunum er skylt að miða starfsemi sína við. Mælanleg lögmál markaðarins hafa því tekið yfir og ýtt illmælanlegum áhrifum „innri“ gilda lista út í horn. Slík notkun á menningarhugtakinu leiðir óhjákvæmilega til þess að listafurðir verða lögmálum markaðarins að bráð og æ líkari afurðum menningariðnaðarins.⁵⁵

Á yfirbörðinu virðist hrakspá Habermas því hafa ræst; efnahagslegir og pólitískir þættir kerfisins kúga „innra“ gildi menningarinnar. Því verður ekki neit að að stjórnámálamenn og fjárfestar hafa meðvitað notað menningarhugtakið til að beina sjónum sínum að staðbundnum menningarstigum þjóðfélagsins, því samkvæmt þeim skapar menning aukið fjárflæði og atvinnu og hefur þannig jákvæð áhrif á þróun sveitarfélaga. Þessi notkun hentar markmiðum stjórnámálamannsins og fjárfestisins, því hún stuðlar bæði að endurkjöri og auknum gróða. Menningarstrúktúrinn, sem upphaflega átti stoðir sínar í útbreiðslu og notkun á seilingarfjarlægðarlögmálinu, styðst nú við kenningar *nýrrar opinberrar stjórnunar*, þar sem listrænn árangur er sífellt oftar metinn í tölum.⁵⁶

Það virðist því ekki lengur skipta máli hvort listmunir og viðburðir séu áhugaverðir út frá menningarlegu og listrænu sjónarmiði, heldur hvort hægt sé að selja þá, fyrir hve mikinn pening og hvort þeir hafi jákvæðar hliðarverkanir á efnahagslífið. Seilingarfjarlægðarlögmálið hefur vitaskuld ekki horfið í opinberri menningarstefnu, því er bara beitt á svo takmarkaðan hluta menningar-

55 Sama rit: 515-516.

56 Þessi greining Duelund og annarra fræðimanna sem stóðu að gerð *The Nordic Cultural Model* er ekki einsdæmi. Carsten Grave gerir til að mynda úttekt á NPM aðferðum í ritgerð sinni, „New Public Management,“ og kemst að svipuðum niðurstöðum. Jim McGuigan er sömuleiðis myrkur í máli þegar kemur að menningarstefnu Bretlands og tekur hann í bók sinni *Rethinking Cultural Policy* t.d. dæmi af Millenium-ári Breta og gróðahugsjónunum sem stýrðu því.

kökunnar og er því í skugga gróða- og valdahugsunar kerfiseindanna. Duelund telur mögulegar afleiðingar slíkrar þróunar tvískiptar. Annars vegar mun þessi nýja stjórnun auka pólitískt vald yfir menningarstofnunum með föstum árangursstjórnunarsamningum og gerð skorkorta. Þessir samningar hygla ákveðnu innihaldi og markmiðum og búa til fjárhagslegan ramma fyrir stofnanir og starfsmannastefnu með það markmið að minnka skrifræði og gera stjórnunarferli og viðmið menningarstofnana skýrari. Hins vegar halda margir því fram að dulin afskipti af innihaldi og árangursstjórnunarsamningum sé lifandi sönnun þess að þeim þáttum menningarpólitíkur sem var ætlað að standa vörð um sjálfstæði menningar og lista frá pólitískum og fjárhagslegum hagsmunum, hafi verið ýtt til hliðar.⁵⁷

Aðkallandi viðfangsefni menningarstefnu

Sú samnorræna þróun sem rakin var hér að framan er vitaskuld mismunandi eftir löndum og tekur hún stöðugum breytingum. Það er ekki hægt að takmarka margræðni síðmóðernismans við tvískiptingu innri gilda menningar annars vegar og fjárhagslegra og pólitískra viðhorfa hins vegar. Eitt helsta viðfangsefni menningarpólitíkur er að klófesta jákvæðustu þætti þessara ólíku viðhorfa og koma á góðu *jafnvægi* á milli þeirra. Kjörjafnvægi menningarstefnu væri auðvitað ef menning og listir væru í miðju almannasviðsins og það ríkti gott jafnvægi á milli markaðar, pólitískra afla og lífheims.

Því tel ég þetta of einfalda og neikvæða greiningu hjá Duelund og eins og sjá má af módelinu úr síðasta kafla fellur Habermas í svipaða gryfju. Það er of þröngsýnt að halda því fram að allar aðferðir nýrrar opinberrar stjórnunar séu slæmar fyrir menningu og listir. Eftir að safnstjórar tóku þessar aðferðir upp hefur t.d. orðið umtalsverð aukning gesta á norrænum söfnum, auk þess sem safnbúðir skila meiri hagnaði.⁵⁸ Þetta eru hins vegar tölfræðilegir þættir safnstjórnunar sem eiga vel við aðferðir nýrrar opinberrar stjórnunar.

Hið sama er ekki hægt að segja um abstrakt þróun og gæði listar þar sem tölfræðilegir þættir eiga lítið erindi. Ábyrg menningarstefna er fjárfesting til framtíðar og það er mjög erfitt að fanga áhrif hennar á samfélagið af nokkurri nákvæmni. Það er hins vegar alveg ljóst að fjögurra ára kjörtímabil stjórn-

⁵⁷ Duelund 2003d: 520.

⁵⁸ Sama rit: 519.

málamanna og krafa markaðsaflanna um skjótan gróða eiga ekki samleið með jákvæðum langtímaáhrifum menningar og lista á samfélagið. Því er ekki raunhæft að byggja menningarstefnu að mestu á samspili menningar og atvinnulífs, eins og færst hefur í vöxt undanfarin ár. Lykilorðið er *kjörjafnvægi* milli þessara ólíku þátta menningarmóðelsins

Punglamalegar ríkisstofnanir geta gert ákvarðanatökuferlið gegnsærra og virkara með því að beita aðferðum nýrrar opinberrar menningarstjórnunar og koma þannig á fagmennsku sem stuðlar að betri fjárhagslegum rekstri menningarstofnana. Menningarmódelið er hins vegar í hættu ef hagfræðilegir þættir stýra listrænu innihaldi um of því slík stefna leiðir óhjákvæmilega til þess að listir og menning verði (mis)notuð til að efla ferðamennsku, gróða og ímynda-sköpun fyrirtækja og kosningabaráttu einstakra flokka og stjórnmálamanna.

Annar galli á nýrri opinberri stjórnun er að hún snýst oft upp í andhverfu sína. Þrátt fyrir að hún eigi að gera kerfið gagnsærra og minnka skriffinnsku þá hefur eftirlitið það í för með sér að skriffinnska verður oft meiri og tekur æ meiri tíma frá öðrum þáttum, eins og t.d. sjálfri framkvæmd menningarviðburða. Skorkort, samhæft árangursmat og árangursstjórnunarsamningar eru nú notuð í einhverjum mæli, bæði af sveitarfélögum og ríki, í takt við greiningu Duelund.

Ég vil þó ítreka að æskilegt markmið menningarpólitíkur er að ná ákveðnu *kjörjafnvægi* milli ólíkra hagsmuna kerfisheims markaðar, ríkis og sveitarfélaga, og lífheims hins borgaralega samfélags. Það er t.d. ekkert að því að græða pening svo lengi sem listrænt frelsi og menningarleg fjölbreytni eru tryggð. Þetta jafnvægi virðist þó vandfundið eins og greining mín á núverandi menningarstefnu á Íslandi mun leiða í ljós.

Annað aðkallandi viðfangsefni menningarpólitíkur snýr að áskorunum stafrænnar menningar og stafrænnar menningar. Nýmiðlar og önnur stafræn tækni hafa mikil áhrif á „hefðbundin“ menningarmódel og nauðsynlegt er að endurskilgreina hvað átt er við með hugtökum á borð við menningarneytendur, framleiðendur, fagurfræði, menningarstjórnun, gerð og dreifingu menningarafurða og höfundarhugtakið. Jafnvel þótt áhugi á hefðbundnum ríkisstuddum listgreinum á borð við bókmenntir, leikhús, klassíska tónlist, kvikmyndir, sagnfræðileg og menningarleg söfn hafi lítilla aukist þá hefur (gervihnatta) sjónvarpsáhorf og netneysla aukist mun meira.⁵⁹ Menningarpólitísk umræða

59 Sama rit.

um *kúgunarferli kerfiseinda*, *höfundarrétt* og *menningarneytendur* verður að taka tillit til þessara nýju aðstæðna og því verða ráðandi aðilar menningarumræðunnar að víkka skilgreiningu *menningar* og *menningarneyslu*.

Ég tel síðmóðernisma búa yfir flókinni samfélagsgerð þar sem mismunandi *orðræðubúnt* og flókin valdatengsl eru notuð til að stjórna þróun ýmissa þátta samfélagsins. Þökk sé gríðarlegri þróun nýmiðla og stórauðnu upplýsingaflæði hafa minnihlutahópar öðlast kröftugt vopn í internetinu og þetta leiðir til þess að drættir ýmissa menningarmóðela, sem áður voru skýrir, verða móðukenndir.⁶⁰ Yfirsýn hverfur og nútíma menningarmódel tekur mynd amöbulaga veru sem setur hlutina sífellt í nýtt og óvænt samhengi. Þess vegna er alltof takmarkað að afgreiða menningariðnaðinn sem einhæft og kúgandi afl og halda því fram að lífheimur sé endalaus uppspretta listræns frelsis og menningarlegrar fjölbreytni. Nýmiðlar hafa dregið mikið úr notagildi slíkrar tvískiptingar, því menningarneytandi síðmóðernismans er ekki endilega hinn vel menntaði og vel stæði borgarbúi sem fær sér hvítvínsglas á opnun menningarsýningar, heldur menningarneytandi sem notar nettengda tölvu til að skoða, njóta og hala niður menningarafurðum af internetinu.

Þótt ég máli nýbreytni síðmóðernísku samfélagsstrúktúrs sterkum litum þá er ekki þar með sagt að gamalgróin listform muni hverfa. Hefðbundin listform munu áfram fá mestan stuðning, bæði frá hinu opinbera og frá einkageiranum. Fólki mun alltaf njóta þess að fara á söfn, opnanir, í leikhús, bíó, óperu og á upplestra enda er markmið framsækinnar menningarstefnu engan veginn að útrýma þessum þáttum. Framsækin menningarpólítík þarf hins vegar að gangast við breyttri menningarsýn og á því að vera miklu opnari fyrir því að taka inn ný listform og bregðast við tækninýjungum af sæmilega gagnrýninni forvitni í stað hræðslu. Framsókn og þróun nýmiðla mun aukast á næstu áratugum og ein mikilvægasta birtingarmynd slíkrar þróunar gæti orðið *öflugri almannasvið* í formi stórauðinnar þátttöku almennings, bæði við neyslu menningar og lista sem og sköpun þeirra.

Internetið og veraldarvefurinn eru til að mynda ekki eins einhliða miðlar og sjónvarp og útvarp, því þar hafa neytendur miklu meira frelsi til að velja sínar eigin leiðir og stunda tvístefnu- eða margstefnubodskipti. Því verður miklu erfiðara að stjórna menningarneyslu almennings, því það er honum í sjálfsvald

60 Sjá Bjarki Valtýsson 2010a.

sett hvaða síður hann ákveður að skoða, hvaða myndum hann halar niður og hvernig hann ákveður að notfæra sér sköpunarkraft stafrænnar tækni. Hér komum við því loks að einum mikilvægasta kjarna íslenskrar síðmóðernískrar menningarpólitíkur sem þetta verk mun reyna að svara: *Verða stjórnunaraðferðir hins opinbera og markaðarins valdalausar í baráttunni við stafræna og alþjóðlega heimssýn; eða mun áframhaldandi áhersla á þjóðernisprýdda menningarpólitík standa uppi í hárinu á stafrænum síðnútíma og finna skjól í „öruggum“ gamalgrónum gildum þjóðmenningar þjóðríkisins?*

Annar hluti

Íslensk menningarpólítík

Stytttri fræðistodir

Í inngangi kom fram að verkið væri tvískipt, fyrst fræðilegar stodir og svo greining á íslenskri menningarpólitík. Þeim sem vildu sleppa fræðikenningunum var bent á að hefja lestur við þriðja kafla en til að þeir lesendur átti sig á hugtakanotkun og ytri ramma verksins tel ég nauðsynlegt að rifja hér upp helstu þætti fræðihlutans.

Í stuttu máli styðst ég við skrif þýska fræðimannsins Jürgen Habermas, einkum um *almannasviðið*, og útleggingu franska heimspekingsins Michel Foucault á samspili *valds* og *þekkingar*, *orðræðu*, *orðræðubúntum* og *sannleiksveldum*. Einnig notast ég við hugtakaforða Anthony D. Smith og Roberts J. Holton, einkum fjórar mismunandi skilgreiningar þess fyrirnefnda á *þjóðerniskennd* og samspili *staðbundinna* (lókala) og *hnattvæðra* (glóbal) viðhorfa eins og þau blasa við þeim síðarnefnda. Að lokum kom ég inn á rannsókn sem danski menningarfélagsfræðingurinn Peter Duelund leiddi um norræna menningarmódelið en sú rannsókn snertir m.a. á hlutverkum ólíkra menningarpólitískra módelo og þróun þess norræna frá síðari heimsstyrjöld og til okkar tíma.

Ég hef þessar stuttu fræðistodir á Habermas og almannasviðinu en samkvæmt honum er almannasviðið einhver mikilvægasti vettvangur lýðræðislegra skoðanaskipta, hvort sem þau lúta að menningarlegum eða pólitískum málum, og því mikilvægt menningarpólitískt hugtak. Í raun má segja að Habermas staðsetji almannasviðið í miðju samfélagsmódelisins (sjá módel bls. 54) og er það umlukið *kerfinu* og *lífheiminum*. Kerfið er samansett af *markaðnum* og *ríkinu*. Gegn þessum blokkum, *peningum* og *valdi*, stefnir hann lífheimi með *menningu* og *tungumál* innanborðs. Samkvæmt kenningu Habermas er lífheimur kúgaður af „instrúmentalískum“ hvötum kerfisins og er almannasviðið því mengað af of miklum ítökum markaðarins og áhrifum ríkisvaldsins.

Einn helsti drifkraftur almannasviðsins eru fjölmiðlar og beinist greining Habermas mjög að neikvæðum áhrifum afþreyingariðnaðarins og samsöfnun eigna og auðs á fjölmiðlamarkaði. Fjölmiðlasamsteypur og Hollywood eru því þyrnar í augum Habermas. Þó er ekki öll von úti því í ljósi hinna fullkomnu boðskiptaaðstæðna, þar sem menn mætast á opnum forsendum óhefts og skynsamlegs samskiptaflæðis, er í orði kveðnu hægt að komast að rökréttri niður-

stöðu sem allir geta unað. Í krafti algildiseiginleika tungumálsins er hægt að leysa ágreining, og það sem meira er, þá er hægt að snúa við óheillavænlegri kúgun kerfisins í garð lífheimsins.

Kenning Habermas hefur verið gagnrýnd úr mörgum áttum, m.a. fyrir að gera hlut tal- og skrifboðskipta of mikinn og hundsá þar með aðrar tjáningarleiðir, eins og myndmál, dans, tónlist o.fl. Hann þykir ennfremur hafa full einhæfa sýn á fjölmiðla og hvorki gera sér fulla grein fyrir gagnsemi þess að skoða orðræður ólíkra almennasviða né sambandsins sem ríkir á milli þeirra. Slíkar orðræður fljóta um í breytilegum valdastraumi og því er tilvalið að smella nokkrum grunnhugtökum Michel Foucault inn í og á milli þess flæðis sem knýr virkni almennasviðanna áfram.

Samkvæmt Foucault er ekkert utan orðræðunnar og orðræðan er knúin áfram af samspili valds og þekkingar. Verði ákveðin þekking ofan á er það vegna þess að ákveðnir valdastraumar hafa hag af því. Sé valdastreymi ákveðnum orðræðum nógu hagstætt geta þær hæglega undið upp á sig og myndað orðræðubúnt sem síðan verða að sannleiksveldum. Ágætt dæmi um slíkt samsafn orðræðna og myndun sannleiksveldis er það orðræðubúnt sem George W. Bush hélt af þrautseigju við eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Þetta orðræðubúnt gerði skýran greinarmun á *okkur* (kristna vestrið) og *þeim* (múslimska austrið). Þessi taktík virkaði ágætlega framan af en eitt helsta einkenni valds að mati Foucault eru skapandi og leikandi eiginleikar þess sem kristallast m.a. í því að vald staðnar ekki heldur er á stöðugri hreyfingu. Það eru vissulega til makró straumar valds sem hafa breiðari og kröftugri farvegi en eins og með kröftugustu jökulár kvíslast minni sprænur út frá þeim.

Þar sem valdi er beitt myndast nýtt vald. Nýi valdastraumurinn er sjaldnast sterkur í byrjun en margir slíkir geta hæglega sameinast og storkað þeim stóra. Áðurnefndur Bush fann fyrir þessum eiginleika valds þegar dró að lokum forsetatíðar hans, þar sem valdastraumurinn að baki Íraksstríðinu rénaði um leið og mótstraumarnir styrktust.

Ef við snúum þessu upp á menningu og menningarpólítík þá telja bæði Habermas og Foucault að hægt sé að snúa við ráðandi valdastreymi og breyta hugmyndafræðilegum rótum ráðandi sannleiksvelda. Þá greinir vissulega á um leiðir en þessi staðreynd er samt sem áður mikilvæg fyrir þróun menningarpólítíkur.

Þjóðerniskennd er kraftmikill aflgjafi menningarstefnu og því þótti mér tilvalið að notast við fjórar skilgreiningar Anthony D. Smith á fyrirbærinu en hann greinir það í *varanlega*, *náttúrulega*, *móderníska* og *etníska*. Samkvæmt þeirri varanlegu verða þjóðir að geta sýnt fram á sögulega samfellu langt aftur í aldir, sú náttúrulega gerir samband þjóðar og náttúru að lykilatriði, sú móðerníska heldur því fram að þjóðerniskennd sé tilbúningur manna, og það til-
tölulega nýr tilbúningur, og sú etníska sameinar í raun hinar þrjár og heldur því fram að þótt þjóðerniskennd sé vissulega mannasetningur þá þurfi hún samt sem áður skírskotanir aftur í aldir til að geta talist trúverðug. Spila þar nátt-
úran, goðsagnir, menningin, tákn og menningararfur stórt hlutverk.

Robert J. Holton lítur á síðmóderníska samfélagsgerð sem glókal, sem sýnir fram á bæði frjótt og eyðandi samband staðbundinna viðhorfa og hnattvæð-
ingar. Staðbundin menningarstefna Reykjavíkurborgar þróaðist t.d. að miklu leyti út frá þeirri reynslu og sambanda sem starfsmenn borgarinnar öðluð-
ust í kjölfar þess þegar hún var ein af menningarborgum Evrópu árið 2000. Að sama skapi hafði birtingarmynd hátíðarinnar hér á landi, sem og í öðrum menningarborgum, afgerandi áhrif á framhald og góðvilja Evrópusambands-
ins til verkefnisins.

Þá er rétt að útskýra stuttlega þær menningarskilgreiningar sem verkið styðst við og hvað átt er við með seilingarfjarlægðarlögmálinu. Því lögmáli er ætlað að koma á faglegum farvegi fyrir fjármuni, t.d. styrki og laun sem renna frá ríkinu til ýmissar menningarstarfsemi. Nærtækasta dæmið eru lista-
mannalaun en þar ákveður ríkið rammann með lögum um listamannalaun en fagnefnd er gert að skipta fénu á milli umsækjenda. Þumalputtareglan er sú að fulltrúar hins borgaralega samfélags, í þessu tilviki fulltrúar á vegum lista-
manna og samtaka á þeirra vegum, séu í meirihluta, og starfsmenn mennta-
málaráðuneytisins í minnihluta.

Menningarskilgreiningarnar fjórar eru sú *húmaníska*, sem hefur einkum skírskotun til stofnanavæðdrar „hámenningar“, sú *mannfræðilega*, sem kveður á um að menning sé alls staðar, eða *the whole way of life* eins og Raymond Willi-
ams orðaði það svo eftirminnilega. Sú *þjóðernislega* segir menningu nátengda þjóðerni, menningararfi og tungumáli og sú *stafræna* hefur ekki síður gagn-
sætt heiti en verður útskýrd betur í fimmta kafla.

Menningarpólitísku módelin eru einnig fjögur og kveða á um þátt ríkis og seilingarfjarlægðarlögmáls í stefnu þeirra. Bandaríska menningarmódelið er

t.d. kallað *hæfnismódel* vegna lítilla afskipta ríkisvaldsins. Á hinum endanum er *verkfræðingamódelið* en þar er ríkisvaldið nánast einrátt, eins og tilfellið var í gömlu Sovétríkjunum. Mitt á milli eru *velunnaramódelið* og *arkitektamódelið*. Velunnaramódelið leggur mikið upp úr „elítulist“ og hefur ekki yfir að ráða eins virku seilingarfjarlægðarlögmáli og arkitektamódelið en þar er mikil áhersla á samband húmaníska og mannfræðilega menningarhugtaksins, auk þess sem seilingarfjarlægðarlögmálið er sæmilega tryggt. Ísland og hin Norðurlöndin tilheyra arkitektamódelinu.

Ég vona að þessi stutta útlekking á fræðilega hlutanum reynist lesendum gagnleg en eigi lesendur enn erfitt með að átta sig á hugtakanotkuninni vísa ég til fyrstu tveggja kafla verksins þar sem þeim eru gerð mun betri skil. Að lokum er mikilvægt að nefna hvernig greining Peter Duelund og samstarfsfólks hans á norræna menningarmódelinu bendir til að grunur Habermas um „kólóniserandi“ áhrif kerfis í garð lífheims sé á rökum reistur. Telur Duelund sérstaklega að ítök markaðar séu alltof mikil og hafi neikvæð langtímaáhrif á birtingarmynd og þróun menningar og lista á Norðurlöndunum. En er þetta einnig tilfellið á Íslandi?

3

Íslensk menningarvitund

Norræna menningarmódelið hefur lagt mikla áherslu á þátt ríkisins við myndun menningarstefnu en ýmislegt bendir til þess að norræn menningarstjórnun færist nú nær *hæfnismódelinu*. Slík þróun helst í hendur við pólitísk sannleiksveldi sem eru við lýði hverju sinni og sé litið á hana út frá íslensku samhengi þá fór Sjálfstæðisflokkurinn með lykлавöld menntamálaráðuneytisins frá 1991 til janúarmánaðar 2009. Aukin markaðsáhersla íslenskrar menningarstefnu ætti því ekki að koma á óvart. Rætur núverandi menningarstjórnunar liggja þó miklu dýpra og til að greina þær er nauðsynlegt að rifja upp þróun íslensks almannasviðs sem mótaðist á 18. og 19. öld.

Stórbrotin náttúra eldeyjunnar í norðri hefur löngum verið sveipuð hulu godsagnakennds leyndardóms. Mýta sem þessi fellur þó ekki af himnum ofan heldur myndast í flóknu samspili ríkulegrar sögu, kraftmikilla náttúruafla og langrar þróunar íslensks samfélags og einstaklinga þess. Landfræðileg sérkenni Íslands, staðsetning þess, náttúra, byggðaþróun og sagnfræðilegur og menningarlegur arfur hafa mikil áhrif á birtingarmynd íslenskrar menningarpólitíkur og á myndun menningarlegrar sjálfsvitundar íslenskrar þjóðar.

Allt frá landnámi hefur menning og samfélagsgerð Íslands þróast í samhengi við ríkjandi sannleiksveldi hverju sinni. Þessi sannleiksveldi hafa mótað sjálfsvitund einstaklinga og þjóðfélagsgerð í samræmi við eigin kreddur. Sökum skrásetningahvatar forfeðra okkar erum við svo heppin að eiga til búsna haldgóðar heimildir um líf og sögu þjóðarinnar nánast óslitið til okkar tíma. Ætlun þessa verks er þó alls ekki að rekja þróunarsögu heillar þjóðar í rúmlega 1000 ár en til að skilja menningarpólitík samtímans er nauðsynlegt að líta nánar á þá menningarvitund sem varð ríkjandi samfara sjálfstæðisbaráttunni á 18. og 19. öld.

Helsta einkenni þessarar menningarvitundar eru endurreisn íslenska tungumálsins, hinnar gylltu sögualdar og mjög meðvituð notkun á rómantískri sýn Herder á menningarhugtakið – sem hérlandis birtist sem þjóð eins kynstofns með sitt eigið tungumál og sameiginlegan og tiltölulega einsleitan menningararf. Þessi notkun menningarhugtaksins virðist vera í sókn í íslenskum síðmóðernisma, því umræðan um þjóðerniskennd andspænis hnatt-

væðingu veldur því að íslensk menningarstjórnun leggur meiri áherslu á þjóðlega þætti opinberrar menningarstefnu. Þessi menningarvitund hefur þó ekki eingöngu áhrif í menningarpólitík hins opinbera því aðrir aðilar menningar-geirans notfæra sér þessa stefnu á eigin forsendum.

Íslensk náttúra er t.d. afar áberandi við gerð og markaðssetningu íslenskrar listar, í það minnsta hjá listafólki sem ætlar sér stóra hluti erlendis. Afleiðing þess getur hæglega orðið sú að menning og listir verði notaðar til að auka framgang menningartengdrar ferðaþjónustu og ýta undir sjónarmið markaðsaflanna, því margt bendir til þess að íslensk náttúra selji vel um þessar. Þessi þróun þarf ekki endilega að vera neikvæð, svo framarlega sem önnur listsköpun fái einnig notið sín. En verði þessi nálgun yfirþyrmandi er hætt við að orðræður sem lúta tölfraeðibyggðum árangursmarkmiðum kerfisins verði ríkjandi. Þá er stutt í raungervingu þess kúgunarferlis sem Habermas greinir í garð lífheims en að mínu mati er eitt helsta hlutverk menningarpólitíkur að sporna við slíkri kúgun og stuðla að betra jafnvægi almannasviða.

Frumdrög íslensks almannasviðs

Ég endurtek: ætlun þessa rits er ekki að mynda menningarsögulega samfellu heillar þjóðar. Ég reyni þó að lýsa menningarpólitíska sviðinu sem vettvangi átaka þar sem ólíkar orðræður takast á og reyna að mynda ríkjandi orðræðubúnt og sannleiksveldi. Menningin hefur alltaf skipað stóran sess í slíkum tilbúningi og setur Habermas hana í miðju mótels síns fyrir almannasviðið. Því kemur ekki á óvart að frumdrög íslenska almannasviðsins séu einnig lituð af ákveðinni túlkun á menningararfinum en stúdentar í Kaupmannahöfn voru strax á 18. og 19. öld duglegir að halda á lofti ákveðinni túlkun á íslenskum menningararfi. Skilgreining þeirra var í takt við þjóðernislega menningarskilgreiningu Herder og mótar fyrir henni hjá stúdentafélaginu Sectu um miðja 18. öld.⁶¹

61 Matthías Viðar Sæmundsson opnaði augu mín fyrir áhrifum Sectu með skrifum sínum um upplýsinguna í *Íslenski bókmenntasögu III*. Ástæðan fyrir því að ég staldra örliðið við Sectu er sú að þessi hreyfing var undir áhrifum svipaðra hugmynda og Fjölnismenn og Ný fólagsrit voru síðar. *Fjölnir* og *Ný fólagsrit* gegna mikilvægu hlutverki við myndun íslenskrar menningarvitundar, þótt aðrir þættir, hreyfingar og skrif annarra leiki líka stórt hlutverk. Þessu verki er ekki ætlað að leggjast í djúpa greiningu á fæðingu þeirrar vitundar en vegna mikilvægis Fjölnismanna og *Nýrra fólagsrita* staldra ég aðeins við þær orðræður sem aðstandendur þeirra héldu á lofti. Þessa vitund má þó rekja lengra aftur í tímann. Gunnar Karlsson sagnfræðingur gerir t.d. grein fyrir áhrifum Arngríms lærða á slíka vitund í grein sinni „Syrpa um þjóðernisumræðu“ sem birtist í *Skírni* árið 2004.

Sectumeðlimir stefndu að endurreisn Íslands, bæði efnahagslegri og menningarlegri. Þegar kom að því að raungera slíkar draumsýnir skiptist hópurinn hins vegar í tvennt. Önnur fylkingin sá hina fullkomnu fyrirmynd endurreists Íslands í gullöld sagnaarfsins. Hún taldi farsælast að taka upp gamla siði og tungumál forfedranna, því þar bjó hin sanna íslenska þjóðarvitund. Hin fylkingin vildi hins vegar frekar fylgja alþjóðlegri leiðum upplýsingarinnar. Sú fylking vildi grípa ýmsar nýjungar samtímans og læra af siðum og hugsunarhætti annarra þjóða. Þeir töldu einangrun Íslands þránd í götu raunverulegra framfara.⁶²

Þessi tvískipting Sectu er sérstaklega athygliverð því hún endurspeglar vel tvíræðni íslenskrar menningarpólitíkur frá upplýsingu til síðnútíma 21. aldarinnar; hvort svarið við árangursríkri menningarpólitík sé að finna í upphafningu á glæstri fortíð eða í þverfaglegri óreiðu samtímans. Þessi tvískipting, sem kallast á við aðgreiningu Habermas á menningartengdum og pólitískum almannasviðum, á einnig við um afstöðu og málflutning Fjölnismanna og svo Jóns Sigurðssonar og *Nýrra félagsrita*. Evrópa breyttist mikið á þeirri hálfu öld sem skilur á milli Sectumanna og skrifa Fjölnishópsins. Íslensku stúdentarnir tóku hugmyndum þjóðernislegrar rómantíkur opnum örmum enda var sjálfstæði Íslands þeim ofarlega í huga.

Þörfin fyrir að endurskilgreina tilverurétt þjóða var mjög vaxandi og skýtur *þjóðernisleg menningarskilgreining* Herder aftur upp kollinum. Með því að (mis)nota hana gátu ólíkar þjóðir byggt upp þjóðlegar sjálfsvitundir sem áttu að vera öðruvísi – og að sjálfsögðu betri – heldur en aðrir *þjóðarandar*. Þetta hafði mikil áhrif á íslenska menningarvitund því mikill áhugi kviknaði meðal Norðurlandþjóða á öllu því sem var norrænt. Íslensku stúdentarnir geymdu lykilinn að skrá ævaforinnar sjálfsvitundar norrænu þjóðanna, því þeir lásu og töluðu enn tungumálið sem varðveitti menningararf hinna norrænu miðalda. Því var nýju ljósi varpað á sögueyjuna í norðri og íslensku stúdentarnir nýttu sér þetta til að gera tilkall til sjálfstæðis þjóðarinnar. Sé litið til menningarskilgreiningar Herder studdi einsleitni íslenskrar menningar tilkall þjóðarinnar til sjálfstæðis, sökum skýrra landamæra, sérstakrar þjóðtungu, ríkulegs bókmenntaarfs og erfðafræðilegrar einsleitni íbúa landsins.⁶³

62 Sjá Matthías Viðar Sæmundsson 1996: 77.

63 Páll Valsson 1996: 269.

Þessi drögað „íslensku“ almannasviði einkenndust því af samkomum þar sem ungir íslenskir karlstúdentar hópuðust saman undir merkjum þjóðernislegrar rómantíkur og ræddu framtíð landsins. Þetta almannasvið útilokaði alla aðra en heldri manna syni sem fengu þau forréttindi í beinan karllegg að vera sendir erlendis til náms. Þeir vildu endurskapa gullöld Íslands og notuðu rök þjóðernislegrar rómantíkur óspart. Þeir gáfu út bækur og tímarit en áhrifamest þessara rita voru *Fjölnir*, sem kom fyrst út árið 1835, og *Ný félagsrit*, sem fyrst komu út árið 1841. Þessi rit gerðu sitt ítrasta til að skilgreina, móta og hafa áhrif á íslenskt samfélag með það að markmiði að vekja íslenska þjóðarandann úr dvala.⁶⁴

Fjölnismenn lögðu ríka áherslu á þjóðerniskennd og föðurlandsást. Eitt helsta markmið þeirra var að endurreisa Alþingi á Þingvöllum og dyrkun þeirra á sögulegri gullöld átti að sannfæra íslenskan almenning um að komast mætti úr ógöngunum og niðurlægingunni sem nýlendustefna Dana kallaði yfir þjóðina.⁶⁵ Menningarvitund þeirra var undir áhrifum frá Herder og lögðu þeir mikla áherslu á þjóðararf Íslands og tungumálið. Klassískt dæmi um það er rambbundin stefnuyfirlýsing fyrsta heftis, sem birtist í formi ljóðsins *Ísland* eftir Jónas Hallgrímsson. Stefnumarkmið þeirra kom einnig glögglega í ljós í inngangskafila fyrsta heftis árið 1835:

Hvur sem les íslenzku sögurnar með athygli, í honum verður að kvikna brennandi ást á ættjörðu sinni, eða hann skilur þær ekki sem vera ber. Víst er um það: mart er annað sem minna mætti sérhvurn Íslending á þessa ást, ef hann rennir augum sínum yfir grænu dalina, með hlíðarnar kvikar af nautum og sauðum og hrossum, og lítur niður í lækina, himintæra, – laxa og silúnga leika þar með sporðköstum. Eyðarnar virðast oss ekki leiðinlegar, þegar fiskurinn geingur uppí flæðarmál og fuglinn þekur sker og kletta. Himinn er heiður og fagur, loptið hreint og heilnæmt. Og sólin, þegar hún roðar á fjöll og sumar-ðaga kvöldum, enn reikirnir leggja beint í loptið upp – hvað þá er blítt og fall-egt í heröðunum! Og því fleiri lönd sem vér sjáum, því ákafar girnumst vér aptur til Íslanz. Enn viljir þú að marki, Íslendingur, fá ást á landinu þínu, þá blaðaðu í æfi þess, og kynntu þér allt það sem þar er skrifað af mentun og athöfnum fedra þinna. Takirðu í burt það sem þeir hafa skrásett, muntu þér ei að eins virðast æði dauflægt norðurlönd, heldur muntu í sögu mannkynsins finna álíkt skarð og stjörnufræðingurinn, ef hann vantaði leiðarstjörnuna.⁶⁶

64 Aðalgeir Kristjánsson 1999: 384–387.

65 Sveinn Yngvi Egilsson 1999: 42.

66 Brynjólfur Pétursson o.fl. 1835: 2–3.

Fjölismenn höfðu einnig sína „herderísku“ hugmynd um tungumálið. Í stefnuyfirlýsingu Fjölnismanna er gott dæmi um leiðarþema íslenskrar málstefnu, sem fylgt hefur verið allar götur síðan:

Málið er eitt afeinkennum mannkynsins, og æðsti og ljósasti vottur um ágæti þess, og málin eru höfuðeinkenni þjóðanna. Éingin þjóð verður fyrri til enn hún talar mál útaf fyrir sig, og deyí málin deya líka þjóðirnar, eða verða að annari þjóð; enn það ber aldrei við, nema bágindi og eýmd séu komin á undan. Því hróðugri sem Íslendingar meiga vera, að tala einhverja elztu túngu í öllum vesturhluta Norðurálfu, er ásamt bókmentum Íslendinga og fornsögu þeirra er undirstaða þeirra þjóðheids; og því heldur sem reýnslan ber vitni um, hvað hægt er að verja hana skemdum; því ágætari sem hún er, og hæfari til að auðgast af sjálfrar sinnar efnum – þess heldur ættu menn að kosta kapps um, að geýma og ávaxta þennann dýrmæta fjársjóð, sameign allra þeirra sem heitið geta Íslendingar.⁶⁷

Fjölismenn tóku einnig að sér að fræða lýðinn og gerðu tilraun til að móta „réttu“ fagurfræði, sem vitaskuld var mótuð af viðhorfum þjóðernisrómantikur. Þeir voru vissir um að þeirra heimsmynd væri sú eina rétta og þessi víska varð stundum til þess að ákveðinn hroki var í skrifum þeirra. Eitt dæmi um slíkan hroka er dómur Jónasar Hallgrímssonar um *Tristransrímur* Sigurðar Breiðfjörð sem birtist í þriðja árgangi árið 1837.

Fjölni var þó ekki sérstaklega vel tekið á Íslandi. Þjóðernisrómantik Fjölnismanna var á skjön við upplýsta skynsemi embættismannastéttarinnar sem og þjóðlega hefð almennings. Það rennir stöðum undir þá kenningu að jafnvel þótt meðvitund notkun á menningarhugtakinu geti leitt af sér menningarstefnu er ekki þar með sagt að þessi manngerða stefna eigi nokkuð sameiginlegt með vilja og menningarsýn almennings. Hér er mikilvægt að minnst þeirrar gagnrýni sem beint var að upprunalegri kenningarsmið Habermas, sérstaklega hvað varðar einsleitni hins borgaralega almannasviðs og þeirrar staðreyndar að önnur almannasvið geta þróast samhliða því vinsælasta. Þótt Jónas hafi til dæmis bölsótast út í rímur hafði alþýðan þær enn fyrir munni sér og gagnaðist þetta boðskiptaform henni til að gagnrýna yfirvöld og erlenda isma.

Þótt *Fjölni* hafi ekki verið vel tekið af samtímamönnum þá skipar framlag Tómasar Sæmundssonar, Konráðs Gíslasonar, Jónasar Hallgrímssonar og

67 Sama: 11.

Brynjólfs Péturssonar stóran sess í íslenskri menningarsögu. Svo stóran að það má koma þeim fyrir í miðju þess móðels sem Habermas lagði fyrst upp með. Þar sem ekki var nein alvöru borgarmyndun á Íslandi þess tíma gegndi Kaupmannahöfn hlutverki borgarinnar í hálfíslenskrri mynd. Í Kaupmannahöfn mynduðust skilyrði þar sem íslensku stúdentarnir gátu tjáð sig og setið á rökstólum, líkt og Kant boðaði. Ein mikilvægasta boðskiptaleið þeirra var útgáfa tímarits sem gat náð víða og myndaði, sérstaklega þegar frá leið, öflugt orðræðubúnt sem sífellt endurómar í íslenskri menningarpólitík. Þetta orðræðubúnt sækir röktilbúning sinn mjög meðvitað til hinnar gylltu sögu-aldar þegar enn riðu hetjur um héruð, þegar hér voru skráð merkisrit einsleits hóps sem tjáði sig á einsleita tungu.

Ný félagsrit Jóns Sigurðssonar tóku í sumu við kyndli Fjölnismanna þótt skrif hans hafi ekki litast jafnmikið af upphafningu horfinnar fortíðar. Þess í stað einblíndi Jón frekar á samfélagslegar, menntunarlegar, menningarlegar og efnahagslegar breytingar íslenskrar þjóðfélagsgerðar. Hann vildi auka veg menntunar á Íslandi, auka frelsi einstaklingsins, koma á fjölbreyttari efnahag og styrkja stóðir íslenskrar borgarastéttar. Ritgerð hans, „Hugvekja til Íslendinga“, frá 1848 er með frægari ritsmíðum Íslandssögunnar en þar leggur Jón fram nokkur rök fyrir sjálfstæðibaráttunni, einkum þann skilning sinn að með valdaafsali Friðriks sjöunda sé Gamli sáttmáli ekki lengur í gildi. Jón tapaði sér ekki í tilfinningaríkum innblæstri gylltrar fortíðar og náttúru Íslands, þótt vissulega beri á slíkri hneigð í málflutningi hans, heldur einblíndi á að gera sambandsslit Danmerkur og Íslands þannig úr garði að íslensk þjóð lærði af þeim nútímastraumum sem þá einkenndu Danaveldi. Þó var ákveðinn fyrirvari á slíkum lærdómi, sem kristallaðist gjarnan í því að við sem þjóð værum tilbúin að nema af mentorum okkar, svo framarlega sem við hefðum rétt á að hundsá slíkan lærdóm:

En, nú eru Danir komnir lengra áleiðis í mentun og kunnáttu enn vér: er það þá ekki vel gjört af þeim að leiða oss við hönd sér og kenna oss? – að vísu, en vér getum öllu betur lært af þeim allt hvað auðið er og oss getur verið til gagns, ef sambandið við þá er einmitt á þann hátt sem eðlilegur er og samkvæmur sönnu gagni hvorratveggju. Vér bjóðum þeim með ánægju hönd vora til bróðurlegrar vináttu og sambands, en vér höfum ekki gott af að þeir umfaðmi oss svo fast, að þeir kæfi oss með vinsemdinni.⁶⁸

68 Jón Sigurðsson 1951: 129.

Jón fór sér hægar en Fjölnismenn, var yfirvegaðri og sumpart lúmskari í málflutningi sínum, eins og sönnnum stjórnmálamanni sæmir. Það má því segja að Jón Sigurðsson hafi dregið taum pólitíska sviðsins og Fjölnismenn hafi verið mest áberandi innan menningarsviðsins. Menningarsviðin eru hins vegar forsenda pólitísku sviðanna og því hefði pólitískur röktilbúningur Jóns Sigurðssonar mátt sín lítils án menningarlegu vitundarinnar sem Fjölnismenn og fleiri hömrðu stöðugt á. Þessi vitund skýtur því oft upp kollinum í ræðum og ritum Jóns, eins og eftirfarandi klausur bera með sér, en þær eru úr „Um Alþing á Íslandi“, sem prentuð var í fyrsta hefti *Nýrra félagsrita* árið 1841: „Þegar menn skoða veraldarsöguna verða menn að játa, að hinir fornu Íslendingar hafa verið í mörgu oddvitar norðurbjóðanna“⁶⁹. Hér notar hann svo menningarhugtak Herder til að sýna fram á hversu eðlilegt og náttúrlegt það er að menningarþjóð á borð við Ísland sé sjálfstæð:

[L]and vort og þjóð er mjög ólík og ókunnug Dönum. Löndin eru ólík að landslagi og lopslagi, þjóðirnar að flestu því sem þjóðir mega verða ólíkar að: Fyrst er málið ólíkt, þar næst lunderni, þá atvinnuvegir, þá landssiðir, o.s.frv., og enn er skipting á löndunum og embættunum ólík, eður stjórnarröðunin, og lögin og kunnátta hvorutveggju. [...] En þar af kemur einnig, að ekkert liggur nær, heldurenn að Danir fyrir vankunnáttu sakir fari afvega í stjórnaaðferð á Íslandi, ef þeir mega einir ráða, og það hefir raunin sýnt. Þeim fer það einsog þegar þeir eru að lýsa oss, þeir taka optast nær það sem fábreyttast er, og þegar lýsingin er búin þá stendur myndin optast öfug eða afskræmd á ýmsa vegu. En þegar vér látum oss annst um að hugsa sjálfir um hagi vora, þá eigum vér öllu hægara að taka eptir hvað oss vantar, og laga sjálfir í hendi það sem ábótavant er.⁷⁰

Málflutningur Jóns stýrist af pólitískum markmiðum en hann veit að án menningarsviðsins eru rökin veikari. Áherslumunur *Fjölnis* og *Nýrra félagsrita* sýnir þó að íslenska almannasviðið var klofið og áttu menn erfitt með að komast að samkomulagi um hvernig endurreisn Íslands yrði best borgið. Tvískipting *Fjölnis* og *Nýrra félagsrita* bendir til þess að íslenska menningarvitundin sem myndaðist á 19. öld hafi verið mótsagnakennd því hún dýrkaði góðsagnakennda og rómantíska fortíð en reyndi líka að þróast samkvæmt

69 Jón Sigurðsson 1951: 1.

70 Sama rit: 13.

frjálslyndum viðhorfum sem ruddu sér til rúms á síðari hluta 19. aldar í Kaupmannahöfn. Menningarlega sviðið og pólitíska sviðið tengdust samt alltaf og voru háð hvort öðru, því ómögulegt var að ná tilsettum markmiðum án fulltingis beggja sviða. Út frá beinum makró-valdastraumi var pólitíska sviðið líklegra til lagalegs og efnahagslegs árangurs en grunnforsenduna var samt að finna í margkvísluðum míkro-strúktúrum menningarsviðanna.

Það má enn sjá leifar þessarar tvískiptingar í íslensku vitundarlífi, þetta sést greinilega í afurðum sumra frægustu listamanna Íslands, þar sem framandi náttúra, leyndardómsfull þjóðtrú, tungan og sagnaarfurinn eru notuð á mjög meðvitaðan hátt, stundum á kostnað innihalds. Munurinn er þó sá að á 19. öld var almannasviðið notað til að tengja menningu lífheimsins við pólitískan arm kerfisins en í dag er henni frekar beint að markaðnum með fjárhagsleg markmið að leiðarljósi.

Ég mun síðar greina nokkur slík dæmi nánar og læt því nægja í bili að nefna meðvitaða notkun náttúrutákna og leyndardómsfullrar þjóðtrúar í myndböndum og markaðssetningu Bjarkar, múm og Sigur Rósar, mörgum kvikmynda Friðriks Þórs Friðrikssonar, mörgum skáldsagna Einars Más Guðmundssonar, Sjóns, Kristínar Mörju Baldursdóttur og Vigdísar Grímsdóttur, og í sjónrænni list Georgs Guðna Haukssonar, Rúriar, Gabríelu Friðriksdóttur og Steingríms Eyfjörð, svo ekki sé minnst á mörg verka hins dansk-íslenska Ólafs Eliassonar.

Til að skilja núverandi náttúru- og þjóðtrúardýrkun íslenskra listamanna verður þó að skoða betur rætur slíkrar menningarvitundar og því er nauðsynlegt að skoða hræringar seinni hluta 19. aldar betur.

Samlíf og samfélag

Þegar raunsæisstefnan náði til Íslandsstranda með skrifum danska fræðimannsins Georg Brandes héldu margir íslenskir rithöfundar og leikritahöfundar áfram uppteknum hætti og lofuðu landbúnaðarsæluna og fordæmdu leti og andlega niðurníðslu bæjarlífsins.⁷¹ Þessi hugmyndafræðilega ósk ráðandi

71 Guðmundur Hálfðanarson gerir góða grein fyrir menningarlegum og pólitískum forsendum þeirrar hugmyndafræði sem aðhylltist „landbúnaðarsæluna“ í riti sínu *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk* en einnig er rétt að benda á greinasafnið *Íslensk þjóðfélagspróun 1880-1990* í ritstjórn Guðmundar Hálfðanarsonar og Svans Kristjánssonar.

sannleiksveldis var því enn við lýði þótt sífellt fleiri flyktust á mölina. Slíkt *sannleiksveldi* skapaði stigveldishlaðna tvíþólun hömlulausrar og firrtrar borgar annars vegar og öruggrar og lífrænnar sveitar hins vegar. Fyrirlestur Gests Pálssonar um bæjarlífið í Reykjavík árið 1888 er frábært dæmi um þá hnignun sem fólk tengdi borgarlífinu.

Gestur greinir þar fimm stéttir: embættismenn, kaupmenn, námsmenn, iðnadmenn og sjómenn, og segir helsta vandamálið vera lítinn samgang á milli stétta. Hver heldur fast um sitt og hamlar það mjög framförum. Eitt er það þó sem bæjarbúar virðast geta deilt í mesta bróðerni og það er slúðrið. Bókmenntalíf þeirra er snautt og menntalífið segir hann að sé eins og bærinn sjálfur að næturlagi: „Í flestum húsum einhverjar ljóstýrur fyrir heimilisfólkið, ætíð það minnsta sem komið verður af með, og fyrir utan þennan fátæklega ljóshring, sem þessar »familíu«-týrur gera, ekkert nema kolsvart myrkur, niðdimm nótt, sem ekki veit af því, að nokkurt ljós eða nokkur himinn sé til.“⁷²

Auk slúðurs og daufrar menntatýru nefnir Gestur eintrjáníningsskap og mannorðssýki sem einkenni á bæjarbúum. Þegar kemur að því að leita leiða við að lýsa þessa týru, leggja niður tepruskapinn og leyfa aukið flæði milli stétta dettur Gestu einungis eitt ráð í hug: „Þarfasti maðurinn, ekki einu sinni fyrir þennan bæ og hans félagslíf, heldur fyrir allt landið, allt þjóðlífið og allan bókmenntadauðann – það væri kómedíuskáld, sem gæti sýnt okkur vel og greinilega, hvernig vér lítum út í spegli.“⁷³

Gestur lét ekki sitt eftir liggja og í sönnnum raunsæisanda skrifaði hann um rotnar stoðir samfélagsins, um hræsni og fasta valdastrúktúra, sem smásagan „Kærleiksheimilið“ er gott dæmi um. Í öðrum fyrirlestri, sem hann hélt ári síðar, tekur Gestur fyrir ástand menntunar á Íslandi og spyr sérstaklega hvort nokkuð sé til í þeirri þjóðtrú að íslensk alþýða sé betur menntuð en alþýða annarra landa. Hann leitar svara í bókmenntaarfinum sem honum finnst heldur lítilfjörlegur og þótt hann gangist við mikilvægi fornsagnanna til þess að koma við þjóðerniskviku landsmanna og vekja með þjóðinni vitund um sjálfstæðiskröfu, þá telur hann fornsögulesturinn að ýmsu leyti meingallaðan:

⁷² Gestur Pálsson 1888: 25–26.

⁷³ Sama rit: 28.

Sem menntunarlind, og einkum og sérílagi sem einasta menntunarlind, hafa fornsögurnar mikla og verulega galla. Það liggur í augum uppi, að það getur ekki verið hollt, að sækja menntun sína 6, 8 eða kannske 10 aldir aptur í tímann, þar sem hugsunar- og lifnaðar-háttur er allur annar. Svo framarlega sem það er rétt, -og það mun skoðun flestra, - að heiminum fari yfir höfuð fram en ekki aptur, þá sér hver heilvita maður, hve mikil framfara-von er af því, að ala sál sína á hugmyndum og skoðunum, sem voru góðar og gildar fyrir meira en hálfu þúsundi ára. Enginn getur heldur neitað því, að lífsskoðun sú, sem liggur til grundvallar fyrir fornsögnum, er harla fjarri því að vera fögur og góð.⁷⁴

Ástæðu þess að alþýða manna lítur á fornöldina sem dyggðuga og eftirsóttá telur Gestur vera þá að „[f]lestir beztu menn þjóðarinnar hafa öld eptir öld í ræðum og ritum vegsamað fornöld vora sem einhvern fyrirmyndartíma allra alda og talað um fornsögur vorar eins og þann dýrmætasta bókmenntafjársjóð, sem til væri í víðri veröld.“⁷⁵ Gestur er alls ekki sammála því og nefnir skáldskap Hebrea og Davíðssálma sem dæmi um skáldskap fremri Eddukvæðunum. Um þýðingu ritanna segir Gestur:

Þau eru góð, að svo miklu leyti sem þau hafa vakið þjóðernið og glætt sjálfstæðis-tilfinninguna, en ill að því leyti sem þau hafa dregið nokkurs konar nautsbelg af ástæðalausum þjóðardrambi yfir lítilssiglda og fámenna þjóð, togað hana burt frá áhrifum annarra þjóða og reifað hugsunarháttinn forn-
eskjulegum og úreltum hugmyndum frá fornöld, þegar mannréttur einstaklingsins var einskis virtur og lögin voru höfð að leikfangi.⁷⁶

Þessi greining Gestis er áhugaverð því hann virðist næmur á mögulegar afleiðingar þess að landa akkeri menningarstefnu við fornöld og gleyma því að líta í kringum okkur, kanna og finna nýja strauma og stefnur og stuðla þannig að endurnýjun eða skapandi samræðum við menningararfinn. Þrátt fyrir tilburði raunsæismanna varð Gestí Pálssyni ekki að ósk sinni varðandi háðska leikritaskáldið, að minnsta kosti ekki strax. Skilningur hans á mikilvægi menningarsviðanna er samt sem áður áhugaverður og, miðað við greiningu hans,

74 Gestur Pálsson 1889: 6.

75 Sama rit: 8.

76 Sama rit: 9.

ekki mjög algengur. Fyrstu skáldsagnaskrif Íslendinga, hvort sem leitað er til Jóns Thoroddsen, Einars Kvaran eða Jóns Trausta, endurspeгла t.d. að mestu viðhorf sem hygla lífrænu bændamenningunni.

Þýski félagsfræðingurinn Ferdinand Tönnies sýnir þennan mun lífsmynstra sveitar og borga vel. Hann setur upp eins konar tvíkerfi mannsandans þar sem einn póllinn er í sveitalífinu en hinn í borgarlífinu. Hugtökin sem Tönnies notar eru *Gemeinschaft* og *Gesellschaft* – eða eins og Halldór Guðmundsson þýðir þau, *samlíf* og *samfélag*.⁷⁷ Í *Gemeinschaft*-hugtakinu felst trúnaður og traust á því sem er kunnuglegt og líkir Tönnies því við fjölskyldu þar sem allt einkennist af lífrænni heild. Umhyggja föðurins svífur yfir vötnum og samlíf þess fólks sem lifir í *Gemeinschaft* er heimilislegt, öruggt og lokað.⁷⁸ *Gesellschaft* er meira fyrir kaupmenn og kapítalista. Þar ríkir samkeppni og einstaklingar eru óháðir hver öðrum og hafa ekki sýnileg áhrif hver á annan. Þetta *samfélag* skilur menn því frekar að og byggist meira á hagsmunum, eignum og einhvers konar opnu rými sem veitir leikendum hins frjálsa markaðar færi á að spila út trompum sínum í friði. Í *Gesellschaft* ríkir því hugsunin um að gefa sem minnst af sér, fá maður ekkert í staðinn.

Gesellschaft-samfélagsformið reis samfara hinum frjálsa markaði sem iðnvæðingin hafði í för með sér og varð fljótlega allsráðandi í þeim löndum þar sem þéttbýlið hafði betur gegn dreifbýlinu. Eitt helsta einkenni borgarlífsins var skortur á þeirri heildarsýn veruleikans sem sveitalífið veitti. Með aukinni tæknibekkingu fjarlægðist almenningur ræturnar sem voru sveitalífinu samvaxnar og alls kyns sérfræðingar skutu upp kollinum og breikkuðu bilið milli hins venjulega manns og þeirra hluta sem umlykja hann í hversdagslífinu. Mannsandinn upplifir sjálfan sig því í allt öðru sambandi við umheiminn en í hinu taktfasta töltili sveitarinnar, þar sem heimssýn hægðarinnar réði ríkjum. Sökum hraða og annarleika einkennist veröld borgarbúans af snöggum leiftrum og sambönd byggjast á hráum og yfirborðskenndum svipmyndum. Í stað tilfinninga og geðhrifa bóndans kemur fjarlægð og skynsemi stórborgarans.

Borgarbúiinn þrífst því á allt öðrum forsendum en bóndinn og lífsskoðanir hans eru litaðar öðrum litum en grænku sveitarinnar og þorpsins. Sveita- og þorpslífið einkennist af lokuðum hring vissu og yfirsýnar meðan borgarlífið er

⁷⁷ Halldór Guðmundsson 1987: 19.

⁷⁸ Tönnies 1990: 79.

opið og brotakennt. Þessi röskun á skynjun mannsins á sjálfum sér og umhverfi sínu hafði mikil áhrif á mannsandann. Allt í einu var hefðbundnum stöðum tilverunnar kippt undan honum og hans gamla lífssýn hulin þoku og óvissu. Maðurinn varð að skilgreina sig upp á nýtt og samfara því breyttist lífsbaráttan úr baráttu við náttúruna yfir í baráttu milli mannanna sjálfra.

Tvípólun *Gemeinschaft-Gesellschaft* var einnig helsta þrætuepli íslenskrar menningarpólitíkur fyrstu áratugi 20. aldar. Ný kynslóð fræðimanna fyllti Háskóla Íslands sem stofnaður var árið 1911. Þessir fræðimenn⁷⁹ leituðu ennþá að hinni sönnu íslensku sjálfsvitund í gildum landbúnaðarsamfélagsins og börðust gegn „útlendum“ straumum módernismans.⁸⁰ Þetta vekur vissa furðu því þessir fræðimenn höfðu flestir lært við virta evrópska háskóla, þar sem þeir komust í kynni við spennandi ólgu evrópsku aldamótaáranna. Slíkir straumar stóðu nefnilega flestir í skarpri andstöðu við afturhvarf til baðstofusælnunar.⁸¹

Í kringum fullveldisárið flyktist landslýður sem fyrr til þéttbýlisstaða, þar sem kapítalismi, kommúnismi og sósíalismi hófu að þróast og bilið milli fátækra og ríkra breikkaði hratt. Í kjölfarið örvaðist stéttarvitund manna og þeir fylktu sér í pólitíska flokka, oftast eftir stöðu þeirra í þjóðfélagsstiganum sem og búsetu þeirra á landinu. Þriðji áratugur 20. aldar var mikill umbrotatími í Íslandssögunni og hugmyndabaráttan tók á sig skýrari mynd en áður. Reykjavík þandist út og óx úr 6.600 manna bæ um aldamót yfir í 40.000 manna bæ árið 1940⁸² og ljóst var að hinar lífrænu „Gemeinschaft“-hugmyndir áttu á brattann að sækja þar sem svo margir ósamstæðir hugar úr jafnólíkum áttum höfðu safnast saman.

Þrátt fyrir þessa óumflýjanlegu þróun borgarsamfélagsins kom fram á sjónarsviðið framvarðarsveit sveitaviðhorfa sem einsetti sér að berjast með kjafti og klóm gegn þeim heimi firringar og sundrunar sem þeim þótti Reykjavík vera að þróast í. Ég nefndi áðan þá kynslóð sem sat í lykilstöðum nýstofnaðs Háskóla Íslands. Þrátt fyrir ágætis ásetning gerði hún sig seka um ákveðinn

79 Sigurður Nordal, Guðmundur Finnbogason, Ágúst H. Bjarnason og Jón J. Adils voru atkvæðamiklir í leit sinni og skilgreiningum á hinum „góðu“ gildum.

80 Halldór Guðmundsson 1987: 53-55.

81 Evrópskir „tískustraumar“ á borð við sýmbólisma, art nouveau, impressjónisma, expressjónisma, fútúrisma, rússneskan konstruktívisma, súrrealisma og dadaisma áttu litla samleið með íslenskum baðstofugildum.

82 Árni Sigurjónsson 1986: 15.

hroka hinna menntuðu og vantraust á dómgreind íslenskrar alþýðu. Hún reyndi að koma á orðræðu hins umhyggjusama föður með það takmark að leiða þjóðina framhjá frumskógi evrópskrar borgarhugsunar og koma í orð einhverri séríslenskri útgáfu sem væri betur tengd við íslensku menningarvitundina.

Menntamennirnir við Háskóla Íslands voru þó tiltölulega hógværir í þessum skoðunum sínum samanborið við Jónas Jónsson frá Hriflu. Jónas frá Hriflu er tvímælalaust einn helsti stuðningsmaður menningarsýnar samlífshugsjóna og hann reyndi m.a. að koma í veg fyrir að skaðleg áhrif erlendra listastefna næðu að skjóta hér rótum. Hann vildi innleiða það sem hann taldi íslensku þjóðinni hollt veganesti á leið hennar til nýrra tíma. Þótt ég nefni þátt Jónasar frá Hriflu hér var hann fjarri því einn um að halda uppi kostum sveitalífsins og náttúrunnar, því eins og Guðmundur Hálfðanarson bendir á var „einfaldlega um viðtekna skoðun að ræða sem átti sér djúpar rætur í uppeldisviðhorfum Íslendinga.“⁸³

En Reykjavík var í örum vexti og máttur slíkrar menningarsýnar var því dæmdur til að minnka. Menn voru hættir að treysta alfarið á eldgömul ættarbönd og farnir að hnýta eigin reipi á allt öðrum forsendum. Þessum mönnum til varnar er rétt að hafa í huga að þeir voru að glíma við mjög flókna hluti. Nútíminn í öllu sínu veldi er ekki einfalt fyrirbæri og eðli hans er mótsagnakennt, því hann boðar bæði frelsi fjöldans sem og firringu þá sem sérhæfingin hafði í för með sér. Þetta kristallaðist meðal annars í ólíkum listastefnum sem spruttu upp í kjölfar nútímastrauma sem sumir tóku fagnandi á meðan aðrir einblindu á neikvæða eiginleika þeirra.

Orðræðan var eftir sem áður sveitarómantíkinni hliðholl og hafði gríðarleg áhrif á menningarlíf Reykjavíkur. Töluverð andstaða var lengi vel meðal rit höfunda og fræðimanna höfuðborgarinnar gegn ákveðnum þáttum nútímans. Sýn sveitalífsins endurómar t.d. í gegnum bókmenntaumræðu þriðja áratugar tuttugustu aldar og hafa margir megna andstyggð á erlendum ismum og því sálarróti sem þeir valda. Til að hefta framrás þessara mengandi strauma og koma í veg fyrir að þeir næðu að ströndum Íslands var reglulega slegið á strengi hins forna og þjóðlega í fari þjóðarinnar og mikið gert úr sérstöðu okkar sem gamalgróinnar víkingaþjóðar í norðri. Skrif þessa tíma bera þó keim af mótsagnakenndu eðli viðfangsefnisins og það er alls ekki alltaf fullur samhljómur

83 Guðmundur Hálfðanarson 2007: 157.

með sveitaviðhorfunum í verkum þeirra sem mótuðu íslensku menningarvitundina.

Sigurður Nordal var t.d. á ýmsa lund mildur í garð nútímamenningarinnar enda átti hann sjálfur þátt í að hleypa ferskum straumum inn í bókmenntalíf þjóðarinnar með prósaljóðinu *Hel*, sem hann birti 1919. Hann hvarf þó fljótt frá slíkri róttækni og sór sig meira í ætt við það sem hann sjálfur nefndi einlynda manninn en veturinn 1918-1919 hélt Sigurður röð fyrirlestra þar sem hann útskýrði hugtök sín *einlyndi* og *marglyndi*. Samkvæmt þeim er maðurinn marglyndur á æskuskeiði sínu, þegar hugurinn er opinn og óþroskaður og illfær um að velja rétta leið í völuarhúsi sálarlífsins. Einlyndi maðurinn er á hinn bóginn reyndari og betur til framkvæmda búinn.⁸⁴

Einlyndis- og marglyndishugtök Sigurðar Nordal eru í raun önnur leið til að orða andstæður þær sem Ferdinand Tönnies sá í *Gemeinschaft* og *Gesellschaft* og enn á ný endurspegla þessi hugtök miklar andstæður í veruleikasýn. Sveitin og borgin. Þrátt fyrir töluvert forvarnarstarf þeirra sem aðhylltust svipaða menningarsýn og Fjölnismenn hafa míkro-valdastraumar alltaf verið til staðar, eins og skrif Gests Pálssonar eru til vitnis um. Það sem gerði skoðanaskipti þessara tveggja fylkinga sérlega áhugaverð var að útgáfa blaða og tímarita jókst gríðarlega á 3. áratugnum. Þótt menningarforbólarnir hafi átt sína föstu gríðarstaði fyrir sinn málflutning þá veitti þetta andstæðingum þeirra einnig sóknarfæri. Þannig logaði allt í hatrömmum ritdeilum þar sem ekkert var gefið eftir og stóryrðin lítt spöruð. Einn helsti andófsmaður einlyndar þjóðernisrómantíkur var Halldór Laxness sem skrifaði sig fljótt eftir fyrstu utanfarir sínar frá „hamsúnskum“ lífsviðhorfum einstaklingshyggju og sveitasæluáróðurs til marglyndisviðhorfa borgarlífsins. Þetta gerir hann í mörgum skáldverka sinna en ekki síst í ritgerðasöfnum, sem innihalda margar beittar ritsmíðar þar sem Halldór gerir tilraun til að færa evrópskan og norður-amerískan nútíma nær ströndum Íslands.⁸⁵

Eftir því sem áhrif iðnvæðingarinnar jukust á Íslandi gátu allir séð að fólk myndi ekki snúa aftur í sveitina. Göfuglyndi sveitasælunnar var samt sem áður

84 Sigurður Nordal 1987: 284-289.

85 Hér má nefna ritgerðasöfnin *Alþýðubókin* frá 1929, *Dagleið á fjöllum* frá 1937, *Vettvángur dagsins* frá 1942, *Sjálfsagðir hlutir* frá 1946, *Dagur í senn* frá 1955, *Íslendingaspjall* frá 1967 og vitaskuld ritið *Af menningarástandi* sem kom út árið 1986.

lengi haldið við innan menningargeirans og enginn vafi er á að þessi áhersla hefur búið til sérstaka íslenska menningarvitund sem eimir enn af. Þótt slík sjálfsvitund sé alltaf búin til af ráðandi *orðræðubúntum* þá lifir tungumálið, sagan og náttúran sterkt í íslenskri þjóðarvitund og þessir þættir leika enn stórt hlutverk við gerð íslenskrar menningarstefnu nútímans. Mikilvægt er þó að hafa í huga að þessi orðræðubúnt falla ekki af himnum ofan heldur eru þau ofin úr flóknum þráðum, þar sem allar fjórar skilgreiningar Anthony D. Smith á þjóðerniskennd koma við sögu, sú *varanlega*, *náttúrulega*, *móðerníska* og *etníska*.

Frumdrættir íslenskrar menningarpólítíkur

Íslenskt samfélag 19. aldar þróaði ekki með sér borgaralegt almannasvið í sama mæli og nágrannabjóðirnar Danmörk og Svíþjóð. Stöðug upphafning sveitagildanna á kostnað borgarsollsins olli því að gagnrýnin borgarastétt reis ekki hér fyrr en áhrif iðnvæðingarinnar urðu ljós og menn áttuð sig á að færsan úr sveit í borg var óumflýjanleg og óafturkræf. Að mati Guðmundar Hálfðanarsonar gerðist þetta þó ekki vegna hugmyndafræðilegra breytinga heldur vegna innri nauðsynjar samfélagsins. Sveitirnar gátu einfaldlega ekki lengur brauðfætt ört vaxandi íslenska þjóð.⁸⁶

Stofnun Háskóla Íslands varð til þess að Reykjavík tók í auknum mæli við hlutverki Kaupmannahafnar sem miðstöð mennta. Sífellt fleiri dagblöð og tímarit voru skrifuð og prentuð á Íslandi frekar en í Danmörku. Þjóðminjasafnið var stofnað árið 1863 og árið 1884 var Listasafni Íslands komið á fót. Þetta voru mikilvægir þættir sjálfstæðisbaráttunnar því þessum stofnunum var frá upphafi ætlað að skapa sterka þjóðlega sjálfsvitund og endurspegla „réttu“ íslenska þjóðlist og þjóðmenningu. Stofnun Leikfélags Reykjavíkur árið 1897 var enn einn hlekkurinn í keðju þjóðlegra menningarstofnana því metnaður félagsins var frá upphafi að notast við íslenska leikara sem fluttu íslensk verk, skrifuð á íslenska tungu, m.a. til að sporna við dönskum áhrifum í samfélaginu.⁸⁷

Tengsl Íslendinga við Kaupmannahöfn urðu stöðugt veikari, ekki síst vegna einangrunar landsins í fyrri heimsstyrjöld og með fullveldissamningnum árið

86 Sjá Guðmundur Hálfðanarson 2007: 106-108.

87 Sveinn Einarsson 1996: 93-114.

1918. Íslendingar leituðu annarra úrræða og erlend áhrif og fjárstreymi, sérstaklega frá Bandaríkjunum og Bretlandi, urðu meiri. Þessi auknu erlendu áhrif ollu því meðal annars að bylgja þýddra reyfara og ástarsagna gekk yfir landið, íslenskum lesendum til mikillar gleði, enda margir orðnir þreyttir á upphafningu landbúnaðarsællunnar. En áfram börðust voldug öfl innan samfélagsins heiftúðlega gegn innreið erlendrar „lágmenningar“ og gerðu sitt ítrasta til að snúa við því hnignunarferli sem borgarlífið hafði að þeirra mati á vitundarlíf þjóðarinnar.

Rimma Jóhanns próka og Jónasar frá Hriflu er ágætt dæmi um slíkt menningarforræði ráðandi afla og orðræðubúnta. Jónas var um árabíl valdamikill á menningarsviðinu, ekki síst þegar hann gegndi stöðu formanns *Menningar-sjóds*. Jónas var sannfærður um að hans menningarsýn væri landi og lýðum til heilla og því gerði hann allt sem hann gat til að halda uppi listsýn og viðmiðum landbúnaðarsamfélagsins á kostnað móðernískrar menningarsýnar. Fræg er sýning hans á úrkynjun abstraktlistar en þar nálgadist hann efnistök sem nasistar beittu tíu árum áður. Jónas og ráðandi yfirvöld styrktu og viðurkenndu því einungis tilverurétt listar sem var þjóðleg, raunsæ og náttúruleg.⁸⁸ List og menning áttu að endurspegla fjölbreytta og stórbrotna íslenska náttúru, ásamt því að sýna fram á þær „sönnu“ íslensku sjálfsvitundir sem urðu til við slíkar aðstæður.

Þessi list- og menningarsýn var algeng í ráðandi orðræðubúntum þar sem mikið bar á umræðu um þjóðarandann, náttúrulotningu og jafnvel líkamleg sérkenni Íslendinga.⁸⁹ Þeir notuðu gjarnan klisjuna um að sérstök einkenni Íslendinga hefðu slípast í aldanna rás sökum duttlungafullrar náttúru, heiftúðlegra veðurskilyrða og „sannrar“ sveita- og baðstofumenningar þessarar „sérstöku“ þjóðar í norðri.

Frægt rit Sigurðar Nordal, *Íslensk menning*, er ágætt dæmi um slíkan röktilbúning en hann gerir mikið úr hlut kynstofns, aldaranda og umhverfis. Samkvæmt Sigurði skipar landnám Íslands og sú samfélagsgerð sem landnámsmenn urðu ásáttir um enn stóran sess við myndun, mótun og þróun íslenskra sjálfsvitunda 20. aldar:

⁸⁸ Guðjón Friðriksson 1993: 196.

⁸⁹ Rit Guðmundar Finnbogasonar frá 1933 *Íslendingar: Nokkur drög að þjóðarlýsingu* er ágætt dæmi um hið síðastnefnda.

Til dæmis að taka hafa Íslendingar lengi borið þess merki, að landið var numið og þjóðfélag þeirra stofnað á dögum ríkrar einstaklingshyggju. Víkingaöldin var full af andstæðum. Annars vegar var hún byltingatími. [...] Hins vegar var hún skipulagstími. Upp úr rótinu mynduðust stærri og öflugri félagsheildir en áður voru til. Svo er og farið áhrifum hennar á einstaklinginn. Um leið og hann losnar úr viðjum, fer hann að finna til meiri ábyrgðar á sjálfum sér, þjálfar sig til sjálfræðis, setja sér eigin lögmál, líkt og Gyðingar mynduðu sér í eyðimörkinni ný boðorð, sem þeim hefðu ekki til hugar komið í þrældómnum og yfir kjötkötlum Egiptalands. Þegar þess er minnzt, að Íslendingar urðu afskekktt smáþjóð, sem lítt reyndi á til sameiginlegra átaka út á við, er auðskilið, að mikið var undir vakandi framgirni einstaklinganna komið, svo að þeir koðnuðu ekki niður í marklausu basli.⁹⁰

Inngróin einstaklingshyggja Íslendinga er hér skýrð út frá lunderni víkinga og ekki þarf mikið ímyndunarafl til að tengja hina frægu útrás nútíma Íslendingsins við slíkt lunderni, og reyndar mun ég líta á eitt slíkt dæmi í kaflanum um menningartengda ferðapjónustu. Það leþja þó ekki allir slíka sögulega samfellu upp gagnrýnislaust og t.d. dregur Sigríður Matthíasdóttir þessa íronísku ályktun í *Tímariti Máls og menningar* frá árinu 2000: „Hugsjónir nútíma vestrænnar menningar, upplýsingarinnar og nútíma vestrænna stjórnarháttar blómstruðu á Íslandi þegar á miðöldum og voru þjóðinni náttúrulega áskapaðir.“⁹¹ Um þetta rit Sigurðar Nordal segir Kristján B. Jónasson m.a. þetta í sama hefti *Tímarits Máls og menningar*:

Menning okkar Íslendinga er ófæð mörkuð þeim hugmyndum sem reynt er að festa í sessi og skýra í *Íslenskri menningu*, hugmyndum til að mynda um sögulegt algildi hinnar afmörkuðu sjálfsveru, upphafningu hinnar þjóðlegu gullaldar þar sem fornþókmennirnir eru í öndvegi sem og hið mikilvæga hlutverk kynþáttarins, eða þá erfðanna í menningunni.⁹²

Þessi menningarsýn hefur alltaf blundað með þjóðinni þótt ýmis vatnaskil í sögu landsins hafi gert menningarsviðin fleiri og fjölbreyttari. Má þar t.d. nefna þegar landsmenn komust í kynni við breska og bandaríska fjölmenningu í kjölfar seinni heimsstyrjaldar. Viðhorf þeirra sem hallir voru undir við-

⁹⁰ Sigurður Nordal 1942: 92-93.

⁹¹ Sigríður Matthíasdóttir 2000: 13.

⁹² Kristján B. Jónasson 2000: 20.

hald og framgang þessarar þjóðernislegu menningarvitundar hurfu vitaskuld ekki, samanber áður nefnda málverkasýningu Jónasar frá Hriflu, og notuðu forsvarsmenn þessarar menningarsýnar hin erlendu áhrif til að sýna fram á að þeir hefðu rétt fyrir sér. Erlend áhrif víkkuðu samt svið íslenskrar menningarneyslu – og eins og oft þegar rækilega niðurnjörvuðum valdasamböndum er raskað þá bregðast ráðandi valdablokkir við með því að útskúfa, úthúða og draga úr virkni þeirra sem raskinu valda. Vald getur hins vegar af sér vald, í það minnsta samkvæmt Foucault, og hefur það alltaf verið raunin með íslenska menningarvettvanginn, hvort sem um er að ræða tilburði Fjölismanna, Jóns Sigurðssonar, háskólaelítunnar eða Jónasar frá Hriflu.

Jón Karl Helgason tekur dæmi af þeim síðastnefnda og bendir réttilega á að í raun hafi þetta snúist að miklu leyti um „hver fengi að matreiða menninguna ofan í almúgann.“⁹³ Slík matreiðsla gat tekið hin furðulegustu form eins og tittnefnd sýning Jónasar á úrkynjaðri list ber vitni um en Jón Karl tekur einnig dæmi af afskiptum hans af listamannalaunum, kaupum Menntamálaráðs á listaverkum og lögnum um einkarétt ríkisins á útgáfu íslenskra fornrita. Bók Jóns Karls, *Ferðalok*, er annað ágætt dæmi um mátt menningarpólitíkur. Þar er skemmtilegu ljósi varpað á beinaflutning Jónasar Hallgrímssonar árið 1946 og hversu mikið hagsmunamál það var fyrir alla þjóðina, þrátt fyrir fátækleika þess.⁹⁴

Á þessum árum var menningarumræðan nátengd hræringum í íslenskum stjórnmálum og viðkvæmu ástandi og þróun heims mála í kringum síðari heimsstyrjöld. Menningarvettvangurinn hefur alltaf verið margklofinn og það er alltof mikil einföldun að snúa þessu upp í átök borgaralegra afla og sósíalista þótt átök þeirra hafi verið eitt einkenna menningarsviðsins. Samskipti Jónasar frá Hriflu, bæði við Halldór Laxness og Sigurð Nardal, eru ágætt dæmi um þá forræðisbyggju sem Jónas adhylltist. Ef menn sköpuðu hugverk innan hans orðræðu var þeim hampað, féllu þeir utan hennar voru þeir hirtir. Þannig snerust þessar menningarpólitísku hræringar umfram allt um það hvaða öfl réðu orðræðubúntum um íslenska menningu og sköpuðu sannleiksveldi á stöðum þeirra.

Hin menningarlega meðvitund ráðandi valdaaðila, sem höfðu sagnaarfinn, náttúruna og sveitarómantíkuna að leiðarljósi, hafði aðgang að öflugum veitum valdastrauma og hafði því gríðarleg áhrif á menningarvitund þjóðarinnar eftir

93 Jón Karl Helgason 2002: 406.

94 Sjá Jón Karl Helgason 2003.

seinni heimsstyrjöld þótt þessi vitund hafi verið margklofin. Vinstri og hægri fylkingar greindi vissulega á um margt en þó fundu báðar fylkingar enn hald í þjóðernisrómantík þar sem ákveðnir andmóðernískir þættir voru notaðir til að viðhalda sérstöðu íslenskrar menningar. Þetta kom í veg fyrir að íslenska menningarsviðið gæti þroskast eins og í nágrannalöndunum. Sem dæmi um þennan mótfroða gegn tækniþróun samtímans má nefna að gildi menntunar og upplýsingar voru ekki hvatinir að stofnun íslensks sjónvarps árið 1966, heldur þótti ráðamönnum menningarmála ótækt að amerísk áhrif væðu uppi og því þyrfti að skapa þjóðlegt mótsvar við bandaríska herstöðvarsjónvarpinu.⁹⁵

Þrátt fyrir þessa þjóðlegu menningarvitund er ljóst að sérstaklega afmörkuð og samfelld menningarstefna fylgdi þjóðinni ekki fyrstu áratuginu eftir sjálfstæði, aðallega vegna pólitískrar ósamstöðu og skorts á sameiginlegu frumkvæði ráðamanna. Hafa ber þó í huga að eftir sjálfstæðisfirlýsinguna árið 1944 varð íslenska ríkið að sanna tilverurétt sinn með því að koma á fót ýmsum stofnunum sem þykja hverju ríki nauðsynlegar. Því var meira púðri eytt í efna-
hag og menntun í stað „forréttindamálaflökka“ á borð við menningu og menningarpólitík. Sú menningarvitund sem varð að óformlegri menningarstefnu á 18. og 19. öld virtist þjóna ráðamönnum nýsjálfstæðs Íslands vel og menningarvitinn sem lýsti upp vettvang íslenskrar menningarumræðu komandi áratuga var drifinn áfram af áherslu á tungumálið, söguna, náttúruna og hina „sönnu“ íslensku þjóðarvitund.

Annað mikilvægt einkenni á íslenskri menningarpólitík tengist fámenni og óþroska ungrar þjóðar, þar sem pólitísk tengsl, vinskapur, klíkuskapur og fjölskyldubönd hafa oft meira að segja um „faglegar“ ákvarðanatökur en sérfræðiálit þeirra sem eiga að hafa þekkingu á menningu og listum. Lengi var fjármagni og öðrum listrænum styrkjum dreift af þrælpólitískum nefndum sem hygdu sínu fólki og þeirra listsýn. Opinberar sporslur fylgdu þá gjarnan pólitískum vindum hverju sinni.

Þannig náði íslensk menningarpólitík ekki almennilega að fylgja þróuninni sem talað var um á Norðurlöndunum í öðrum kafla, jafnvel þótt helstu markmið hennar fylgdu hugmyndafræði norræna velferðarríkisins að mestu. Gestur Guðmundsson dró saman helstu þróun íslenskrar menningarstefnu frá lokum síðari heimsstyrjaldar en þar segir hann að fram að sjötta áratugnum

95 Sjá Gestur Guðmundsson 2003.

hafi íslensk menningarstefna snúist um stofnun þjóðlegra menningarstofnana á borð við Landsbókasafn, Þjóðminjasafn og Listasafn Íslands. Þessar stofnanir höfðu verið til í smærri mynd meðan Ísland var í konungssambandi við Dani, og sömu sögu var að segja um Háskóla Íslands og Ríkisútvarpið. Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveitin voru síðan stofnuð árið 1950. Að mati Gests einkenndist menningarvettvangurinn af beinni pólitískri stýringu og hatrömmum pólitískum deilum um innihald þjóðmenningarinnar. Tímabilið 1960-70 var lítað af tilraunum til að dreifa menningu betur til fólksins þótt menningarmál hafi ekki verið forgangsverkefni ríkisstjórnar. Á tímabilinu 1970-90 var seilingarfjarlægðarlögmálið kynnt og það virkjað á sífellt fleiri stöðum og hlutverki stjórnvalda við fjármögnun lista var forgangsraðað. Þó segir Gestur að tíð stjórnarskipti ásamt skorti á eiginlegri menningarpólitík hafi dregið úr áhrifamætti stefnu ríkisstjórna á þessum tíma.⁹⁶

Sé þróun íslenskrar menningarstefnu borin saman við þróunina í nágranna löndunum er ljóst að íslenska útgáfan hefur ekki náð sömu hæðum hvað varðar samfellu, árangursríka stjórnun og notkun á seilingarfjarlægðarlögmálinu. Ástæðu þessa má finna í sögulegum sérkennum landsins, sem og hraðri nútímavæðingu þjóðarinnar eftir síðari heimsstyrjöld. Iðnþróun og menntun var einfaldlega forgangsraðað á kostnað menningar.

Ég er samt ósammála því að til staðar sé *vöntun* á íslenskri menningarpólitík eins og Gestur talar um í greiningu sinni. Hann hefur vitaskuld rétt fyrir sér þegar hann talar um vöntun á ábyrgri og vel ígrundaðri opinberri menningarstefnu. Þetta þýðir þó ekki að íslensk menningarpólitík og íslensk menningarstefna séu ekki til, heldur frekar það að íslensk stjórnvöld virðast sátt við varðveislu og viðhald tungumálsins, þjóðararfsins og stöðuga upphafningu á náttúrulitaðri íslenskri sjálfsvitund. Þessi áhersla núverandi og fyrrverandi menningarstjórnvalda veldur því að nútímaleg og ígrunduð menningarstefna, sem horfist af fullum þrótti í augu við aðkallandi málefni á borð við *stafræna menningu* og *stafrænu menningar*, er víðs fjarri. Aðrir aðilar hins menningarpólitíska vettvangs, eins og sveitarfélög, samtök listamanna, markaður, fjölmiðlar og stjórn málaöfl, virðast einnig skella við skollaeyrum. Raunveruleikinn er samt sem áður sá að íslenskt þjóðfélag breyttist á ótrúlega skömnum tíma úr stöðnuðu landbúnaðarsamfélagi í ríkt og þróað nútímasamfélag. Ís-

96 Sjá sama rit: 137.

lenskum sjálfsvitundum hefur reynst erfitt að fylla það rými sem myndaðist í kjölfarið, því þær búa bæði við hugmyndafræðilega upphafningu gylltrar fortíðar og stafræna og alþjóðlega óreiðu síðmóðernismans.

Í fjórða kafla greini ég betur núverandi ástand opinberrar íslenskrar menningarstefnu, hvernig seilingarfjarlægðarlögmálinu er beitt og hver stefna ríkisins er í menningarmálum. Í kjölfarið fer ég líka dýpra í saumana á menningarstefnu Reykjavíkurborgar auk þess sem ég kanna hug Bandalags íslenskra listamanna, markaðar, fjölmiðla, menningartengdrar ferðaþjónustu, stjórnmalaflokka og alþjóðlegrar menningarsamvinnu. Í lokakaflanum skoða ég nánar afleiðingar menningarsýnar ráðandi afla í íslensku menningarlífi, hvernig sýn þeirra passar við þróun síðmóðerníks samfélagsstrúktúrs og hvaða áhrif þessi sýn gæti haft á gæði íslenskrar listar.

Ég tel að stöðug notkun á tilbúinni íslenskri menningarvitund hafi neikvæð áhrif á gæði íslenskrar listar. Of mikil áhersla á náttúrulegan auð íslenskrar þjóðar veldur því að bilið milli menningartengdrar ferðamennsku og framleiðslu listar minnkar. Stjórnvöld og aðrir veigamiklir aðilar menningarlífsins virðast styðja þessa þróun með margvíslegum hætti og því virðist mér íslensk menningarstefna fylgja svipuðum lögmálum og á hinum Norðurlöndunum; á árdögum 21. aldarinnar virðist það skipta minna máli hvort list sé góð eða léleg, svo lengi sem hún skilar auði, og er þá bæði átt við efnahagslegan auð viðskiptalífsins og táknrænan auð stjórnmalanna.

Menningarvitundin tekur á sig mynd

Áður en farið verður út í nánari greiningu á núverandi menningarástandi íslensku þjóðarinnar er rétt að styðja tilgátuna með nokkrum dæmum. Þegar hefur verið minnst á þátt Sectumanna, Fjölnismanna, Jóns Sigurðssonar og greiningu Gests Pálssonar á beitingu menningarvitundarinnar. Álíka notkun á tilbúinni íslenskri menningarvitund er einnig hægt að finna í ritum eins og *Ármani á Alþingi* og *Norðurfara*, og með hæfilegri einföldun má tína til mörg fleiri dæmi innan bókmenntaheimsins, allt frá *Manni og konu* og *Pilti og stúlku* Jóns Thoroddsen til *Mávahláturs*, *Karítasar án titils* og *Óreiðu á striga* Kristínar Mörju Baldursdóttur. Lengi vel stóðu samlífsverkin sterk en um leið og skilyrði voru til aukinnar þéttbýlismyndunar bar á verkum sem fjölluðu frekar um samfélagsþátt Ferdinands Tönnies og eru sögur Einars Kvarans *Gull* og *Ofurefli*, ágæt dæmi um slíkt.

Ég tel þó mjög mikilvægt að slá varnagla við upptalningu sem spannar jafn vítt svið og íslenska menningu. Margir rithöfundar hafa skrifað um efni sem hafa lítið með þessa títtnefndu menningarvitund að gera. Sumir skrifa um ákveðna þætti hennar í hluta verka sinna, meðan önnur verk eru sambland viðhorfa er einkenna nútímann og menningararfinn, náttúruna, hin duldu öfl og tungumálið. Slíkur listi getur þess vegna aldrei orðið tæmandi. Ég tek þessi dæmi til að sýna fram á ákveðna hneigð sem hefur lengi ríkt í listsköpun þjóðarinnar og er óspart notuð í íslenskri nútímalist, sérstaklega í list sem er á einn eða annan hátt beint til kynningar og neyslu erlendis.

Þannig hefði margt sem stendur í *Karitas án títils*⁹⁷ verið óhugsandi að skrifa á þeim tíma sem Jón Thoroddsen skrifaði verk sín, til dæmis greining Kristínar Mörju á aðstæðum kvenna til listsköpunar á fyrri hluta síðustu aldar. En þarna má líka greina afgerandi hlutverk náttúrunnar og nálægð vætta þjóðsagnanna, þætti sem eru endurtekin þemu í mörgum íslenskum listaverkum þar sem náttúran og hennar huldu öfl spinnast saman við raunveruna. Eftirfarandi klausa er lýsandi fyrir þá hneigð sem ég reyni að útskýra á þessum síðum, þar sem myndrík ganga upp á hæsta tind landsins er látin tákna hræringar í sálarlífi aðalpersónunnar:

Þokuslæða lá yfir mjallhvítum jöklinum, Karitas barðist við myndir og minningar úr lífi sínu, það var eins og þær heimtuðu líf í dauðakýrrðinni. Sumar voru skýrar, litfagarar, aðrar óljósar, gráar, hurfu í þoku, birtust aftur, hurfu, kýrrðin fór illa í hana. Hún staðnæmdist. Hvað er nú? sagði Auður. Mér finnst þögnin vera að éta mig, hvíslaði Karitas og tók um höfuðið. Auður togaði hana áfram. Eftir nokkra stund staðnæmdist hún aftur. Ertu viss um að við séum á rétttri leið, gætum við ekki villst í þokunni? Hér er allt svo hvítt, dautt, engin kennileiti.⁹⁸

Náttúran, og baráttan við hana, er látin tákna það klif og streð sem lífið hefur upp á að bjóða en þegar toppnum er náð veitir hún einnig lausn. Karitas hefur ekki einungis betur gegn náttúrunni heldur sigrast á sjálfri sér í leiðinni:

⁹⁷ Ég tek *Karitas án títils* sem dæmi vegna þeirrar athugli sem hún hlaut á Norðurlöndum í kjölfar tilnefningar til Norrænu bókmenntaverðlaunanna fyrir hönd Íslands árið 2006. Ritíð er því skínandi dæmi um þrautseigju íslensku menningarvitundarinnar.

⁹⁸ Kristín Marja Baldursdóttir 2004: 378.

Og þær urðu hljóðar, næstum feimnar, eins og þeim hefði verið varpað inn á hvítt marmaragólfíð í höll sólarinnar og kynnu ekki hirdsiðina. Þær sneru bókum saman, hreyfðu höfuðið hægt frá vinstri til hægri, sneru sér í hring. Þókan hafði hörfað, þær sáu landið allt. Hvíta toppa og bláa, samræmið og fegurðin fullkomin. Kyrrðin sogaði til sín sálu þeirra, vitund þeirra opnaðist, allt varð svo létt.⁹⁹

Sambærileg notkun á menningarvitundinni er endurtekið þema í íslenskri menningarsögu og Kristín Marja spinnur einnig vænan skammt af yfirsilvitlegum þjóðsöguatburðum inn í frásögnina þar sem óálitlegum álfakönun bregður reglulega fyrir.

Flеiri íslenskir nútímahöfundar, sem vakið hafa athygli erlendis, nota ýmsar skírskotanir til þessarar menningarvitundar – sérstaklega þegar mikið liggur við, eða óvenju mikið rót er á sálarlífi persóna. Hlynur Björn sá t.d. ástæðu til að arka upp á jökul og Böddi Steingríms reið á hesti frá Sauðárkróki til Reykjavíkur í sögum Hallgríms Helgasonar *101 Reykjavík* og *Roklandi*. Hallgrími er samt að nálgast viðfangsefni sín á íronískan hátt, líkt og lærimeistara hans Halldóri Laxness, en það er samt athyglisvert að í báðum verkunum er náttúran látin tjá þá innri óreiðu sem geisar í hugarfylgnum persónanna. Vegur Hallgríms verður sífellt meiri erlendis og var *Rokland* til að mynda annað framlag Íslands til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2008.

Einar Kárason, sem einnig er ágætlega þekktur erlendis, er svo annað dæmi um rithöfund sem er undir töluverðum áhrifum frá menningarvitundinni. Sögur á borð við *Norðurljós*, *Óvinafögnuð* og *Ofsa* eru augljós dæmi vegna tengingar þeirra við menningararfinn en aðrar sögur þrífast einnig á svipaðri notkun og er persóna Karolínu úr *Djöflaeyjuflokknum* besta dæmið, en hún er óvenju vel tengd við hinn framlíðna heim. Einar er þó fullfær um að rífa sig frá þessari hneigið eins og *Stormur* er ágætt dæmi um, og sjálf sagt er að ítreka að flestir þessara höfunda eru vitaskuld einnig fullfærir um að semja sögur í öðrum stíl. Menningarvitundin er hins vegar afskaplega þrautseig og skýtur iðulega upp kollinum þegar á að herja á erlenda markaði.

Loks er upplagt að nefna glæpasögur Arnalds Indriðasonar, þar sem náttúran spilar iðulega stórt hlutverk þrátt fyrir að langflestir glæpir séu framdir í bæjum. Það er samt alls ekki óeðlilegt þar sem náttúran er ágætlega til þess

⁹⁹ Sama rit: 382-383.

fallin að fela lík, og hentar því glæpasögum vel. Bægslagangurinn á Vatnajökli í *Napóleonskjölunum* einkenndist af mikilli notkun náttúrunnar en þessi hneigð er algeng í höfundarverki Arnalds og eru *Harðskafi* og *Furðustrandir* ágæt dæmi. Þetta eru handahófskennd dæmi og eru aðeins til að sýna að menningarvitundin lifir enn góðu lífi. Arnaldur Indriðason er sérstaklega mikilvægur í þessu samhengi því hann er sá rithöfundur íslenskur sem rennur hvað best ofan í erlenda lesendur nú um stundir – sem og raunar íslenska.

Mýmörg dæmi eru um slíka notkun menningarvitundarinnar innan íslenskrar myndlistar, allt frá fyrstu leiktjaldamálurunum til gömlu meistaranna til þeirra listamanna sem undanfarið hafa borið kyndil Íslands á Feneyjativíæringnum. Slíkra áhrifa gætir í mörgum verka Einars Jónssonar, Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar, Jóhannesar Kjarval, Gunnlaugs Blöndal, Finns Jónssonar, Júlíönu Sveinsdóttur, Kristínar Jónsdóttur, Kristínar Sigfúsdóttur, Jóns Þorleifssonar og fleiri. Þótt aðföng, áhrif og stíll séu oft ólík eru náttúra Íslands, þjóðsagnaarfurinn og alþýðan til sveita og sjávar endurtekin þemu, hvort sem þau birtast undir áhrifum realisma, sýmbólisma, impressjónisma, expressjónisma, sýrrealisma eða kúbisma. Greining Björns Th. Björnssonar staðfestir þetta, því í listasögu sinni segir hann: „Fram undir 1920 hafði sjálfstæðishugsjónin verið þjóðinni allri samtengjandi afl og hlutverk listanna það, að gæða hana menningarlegu inntaki. Allt frá því að íslenskri málalagist buðust skilyrði til vaxtar, hafði hún fyrst og fremst rækt þetta erindi sitt með því að vekja og auðga skynjun manna gagnvart landinu, blíðu þess og hrikatöfrum.“¹⁰⁰

Ef marka má ýmsar ljósmyndaseríur Ólafs Elíassonar virðist ekki svo margt hafa breyst frá notkun gömlu meistaranna á ægiafli náttúrunnar þótt aðföng og tækni séu önnur. Framlag undanfarinna ára á Feneyjativíæringnum er einnig markað svipaðri nálgun en þrjú nýleg framlög Íslendinga hafa gert töluvert úr þessari sérstöðu menningarvitundarinnar. Þetta er framlag Rúríar árið 2003, Gabríelu Friðriksdóttur árið 2005 og Steingríms Eyfjörð árið 2007. *Endangered Waters* Rúríar var gagnvirk margmiðlunarinnsetning þar sem 52 ljósmyndir af íslenskum fossum og dynurinn frá þeim var undirliggjandi. Í tilfelli Gabríelu Friðriksdóttur spila íslenskur spíritismi og goðsagnir stórt hlutverk auk þess sem hún notfærir sér tengsl þjóðarinnar við bókmenntaarfinn. Steingrímur spilar einnig inn á íslensku menningarvitundina í verki sínu *Lóan*

100 Björn Th. Björnsson 1964: 172.

er komin en í fréttatilkyningu kemur m.a. fram áhugi hans á hindurvitnum og þjóðsögum:

Steingrímur kafar djúpt í menningararfleifð Íslendinga og nútímalega tjáningu hennar, en endurskoðar um leið þá tjáningu og setur hana í annað og margræðara samhengi en oftast er raunin. Þungamiðja verksins er Gerðið. Gerðið sjálft er smíðað eftir leiðbeiningum huldumanns sem Steingrímur komst í samband við í gegnum miðil en verkið lýsir ferð listamannsins til heimkynna huldumannsins á Suðurlandi til að kaupa af honum kind.¹⁰¹

Þótt hér sé á vissan hátt um nýskapandi túlkun á menningararfinum að ræða þá er engu að síður athyglisvert hversu ljóslifandi menningarvitundin er enn í dag og hversu oft íslenskir listamenn notfæra sér aðdráttarafi hennar erlendis. Framlag Íslendinga árið 2009, *The End* eftir Ragnar Kjartansson, sker sig sumpart frá hinum verkunum en þó eimir enn eftir af togstreitu hinna kunnuglegu samfélags- og samlífspátta. Munurinn felst kannski helst í „útrásareinkennum“ verksins, því í stað þess að notast við íslenska náttúru þykja Klettafjöll Kanada nú hentugri:

Feneyjar eru táknmynd menningarinnar, áfangastaður fjölda ferðamanna sem þangað koma til að njóta borgarinnar eins og risastórs safns. Klettafjöllin eru táknmynd hinnar villtu náttúru, en um leið varðveitt sem þjóðgarður og aðkomufólki gert að njóta þeirra sem slíks.¹⁰²

Kvikmyndin er sérstaklega vel til þess fallin að notfæra sér íslenska náttúru. Þótt undantekningar séu vissulega til staðar, eins og grínmyndirnar *Nýtt líf*, *Dalalíf* og *Löggulíf* auk nýrri mynda á borð við *Börn* og *Foreldra* Ragnars Bragasonar, þá er hneigðin í átt að ódýrum leiktjöldum íslenskrar náttúru. Þekkt dæmi eru kvikmyndir Friðriks Þórs Friðrikssonar *Börn náttúrunnar* og *Cold Fever*. Sú fyrri var tilnefnd til Óskarsverðlauna og hlaut því talsverða athygli erlendis og *Cold Fever* var fyrst og fremst hugsuð fyrir erlendan markað. Báðar ala á helstu einkennum íslensku menningarvitundarinnar, þáttur náttúrunnar er mikill, bílar hverfa á yfirskilvitlegan hátt í björg, nakinn kvendraugur veifar í

101 „Steingrímur Eyfjörð – The Golden Plover has Arrived – Lóan er komin“, nálgast 5. ágúst 2009. URL: <http://www.cia.is/venice/Icelandic%20Pavilion%202007.htm#press>

102 „The End – Ragnar Kjartansson“, nálgast 5. ágúst 2009. URL: <http://www.cia.is/venice/index.htm#press>

flæðarmálinu og fólk virðist almennt markað öflum sem það getur ekki útskýrt á röklegan hátt og verður því hálfskrýtið. Með því að staðsetja japanskan mann mitt í þessari furðuveröld íslenskrar menningarvitundar í *Cold Fever* elur Friðrik Þór á þessum sömu klisjum, þar sem útlensk siðmenning er framandgerð af íslensku menningarvitundinni, sem í krafti annarleika síns, frumleika, líta og meðvitaðra ýktra staðalímýnda veitir henni sérstöðu í erlendum augum.

Friðrik Þór er fjarri því að vera eini íslenski leikstjórinn sem notfærir sér sérstöðu menningarvitundarinnar, því þessarar hneigðar verður einnig vart í *Mávahlátri* Ágústs Guðmundssonar, víkingamyndum og galdrabrennum Hrafns Gunnlaugssonar, *Kaldaljósi* Hilmars Oddssonar og *Kristnihaldi* Guðnýjar Halldórsdóttur, svo ég nefni nokkur verk þekktra starfandi kvikmyndaleikstjóra. Í fimmta kafla greini ég heimasíðu Sigur Rósar, ber saman tvær myndir Dags Kára, *Nóa albinóa* og *Vöksne mennesker*, og sýningu sem haldin var á verkum Kjarvals og Ólafs Elíassonar í Kaupmannahöfn og bar yfirskriftina *Lavaland*. Þessar greiningar munu skjóta frekari stöðum undir þá kenningu að íslenskir listamenn sem stefna á frama erlendis sjá margir hag sinn í því að notast við íslensku menningarvitundina.

Þetta er þó ekki nýmæli eins og greining Jóns Yngva Jóhannssonar á viðtökum verka Gunnars Gunnarssonar í Danmörku ber með sér. Það væri gaman að vita hvort Gunnar, Jóhann Sigurjónsson og Guðmundur Kamban hefðu orðið jafnþekktir ef verk þeirra hefðu ekki hverfst að miklu leyti um íslensku menningarvitundina. Jón Yngvi segir viðtökur Gunnars einkennast af hinu frumstæða og sjálfsprottna, og að Gunnar og félagar birtist okkur „í gervi náttúrunnar eða jökulstormsins.“¹⁰³ Hann vitnar í dóm Oscar Geismar sem skrifar: „Gunnar stendur fyrir hið manneskjulega og upprunalega, sem er ómengað af menntun og menningar- og bókmenntalegri tilgerð en á rót sína í íslenskri náttúru.“¹⁰⁴ L.C. Nielsen í Politiken hefur svipuð orð um Fjalla-Eyvind Jóhanns Sigurjónssonar: „Með stórkostlegar eyðimerkur hins íslenska landslags sem bakgrunn mótar höfundurinn sterkar svipmyndir persónanna, líkt og væru þær skornar út í hraunið sem þær byggja.“¹⁰⁵ Viðtökur Bjarkar og Sigur Rósar eru um margt líkar. Meira um það síðar.

103 Jón Yngvi Jóhannsson 2001: 36.

104 Sama rit: 37.

105 Sama rit: 44.

Áður en ég greini núverandi menningarpólitík Íslendinga finnst mér vert að spyrja hvort þekktustu listamenn þjóðarinnar hefðu orðið jafnþekktir hefðu þeir ekki notast við mörg einkenni þessarar menningarvitundar. Þegar hefur verið minnst lítillga á viðtökur Gunnars Gunnarssonar en einnig má benda á að Halldór Laxness hlaut Nóbelineinn í kjölfar útgáfu *Gerplu*, að markaðsmynd Bjarkar, Sigur Rósar og múm er mjög náttúru- og álfaskotin og þáttur náttúrunnar mikill í mörgum verka Ólafs Elíassonar.

Nánari greiningar innan einstakra listgreina er þörf en í ljósi aðstæðna get ég lítið annað gert en hvetja til slíkra greininga, svo nákvæmara mynstur myndist. Menningarsaga er vitaskuld full af mótsögnum eins og menningarhugtakið sjálft. Ég tel samt að hægt sé að greina hneigð, hneigð sem ég hef kennt við íslenska menningarvitund, þar sem helstu hráefnin eru ákveðinn meðvitaður „lestur“ á menningararfinum, og sérstaklega bókmenntunum, þáttur tungumálsins og auðvitað náttúrunnar. Þótt slíkum hneigðum sé stýrt af ráðandi makró-orðræðubúntum íslenskrar menningarpólitíkur þá getur valdastraumur af sér andstöðu og því ber vitaskuld einnig á „andhneigðum“ innan ráðandi orðræðu. Eftirfarandi skrif Þórbergs Þórðarsonar úr *Bréfi til Láru* eru ágætt dæmi um slíka afhyllingu hinnar iðilfögru íslensku náttúru:

Ég gekk yfir hálsinn austan megin fjarðarins. Þar var logn og heiður himinn. Sól skein í suðri. Sumarfuglarnir sungu suðræn ástarljód í runnum og móum. Fram undan blasir við fagurt hérað, skrýtt skógarkjarri og grösugum eldfjöllum. Fjöllin eru frumlega gerð og einkennileg, rétt eins og forsjónin hefði skapað þau með sáru samvirkubiti út af hrákasmíð sinni á Rangárvöllum. Fyrir neðan skógarbrekkurnar glampar á hafið himinblátt, alsett eyjum og vogum, – helgi og fegurð svo langt sem auga eygir. [...] Ég settist niður í skógarunn og skeit. Á setum sínum kemst maður í andlegt samfélag við náttúruna. – Hver andskotinn! Að baki mér krunkar kviðfullur hrafn um heimilisiðnað og horfelli. „Íslenzk bændamenning,“ tautaði ég og girti brækur mínar í fússi.¹⁰⁶

Íslenska menningarvitundin fékk ekki heldur alltaf fyrstu einkunn hjá skáldbróður Þórbergs, Halldóri Laxness, og beitti hann iðulega íronísku sjónarhorni í umfjöllun sinni um landann eins og verk á borð við *Sölku Völku*, *Sjálfstætt fólk*, *Heimsljós* og *Gerplu* eru til vitnis um. Þessar sögur hefðu þó ekki orðið til án afar meðvitaðrar notkunar hans á menningarvitundinni og er það því fyrst og

106 Þórbergur Þórðarson 1974: 23.

fremst íronísk nálgunin sem skilur milli hans og margra rithöfunda sem áttu erfitt með að finna samlífshugsjónum horfinnar bændamenningar stað í óreiðu örrar samfélagsþróunar. Bókaflokkur Ólafs Jóhanns Sigurðssonar um blaðamanninn Pál Jónsson, *Gangvirkið, Seiður og héglog* og *Drekar og smáfuglar*, er gott dæmi um hvernig yrkisefni íslenskra rithöfunda fram á 8. áratug síðustu aldar voru í mörgum tilvikum enn undir miklum áhrifum frá samlífsþáttum íslensku menningarvitundarinnar.

Ástæða þess að ég tek þessi dæmi, en ekki mýmörg önnur, er sú að þessir höfundar og listamenn hafa allir öðlast einhverja viðurkenningu erlendis, og eru verk þeirra því vísbending um uppskrift að árangri erlendis. Þórbergur Þórðarson er að vísu undantekning, þar sem vegur hans varð aldrei mikill erlendis – og er spurning hvort afhylling hans á íslenskri náttúru sé ástæða þess.

Nýlegt dæmi um viðurkenningu erlendis frá er skáldsaga Sjóns, *Skugga-Baldur*, en þar skipar frumlegur lestur hans á þjóðsögum, og auðvitað náttúran, stóran sess. Sjón hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005 fyrir söguna. Saga Friðu Á. Sigurðardóttur, *Meðan nóttin liður*, hlaut einnig Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1992. Þar segir af konu sem „flýr“ annríki og firringu borgarhversdagsins og leitar skjóls í hrikalegri náttúru bernskustöðva sinna. Þótt þemað sé nálgast úr annarri átt eru efnistökin um margt lík kvikmynd Friðriks Þórs, *Börnum náttúrunnar*. Loks hlaut Snorri Hjartarson verðlaunin árið 1981 fyrir ljóðasafnið *Hauströkkrið yfir mér*, en eins og fram kemur í stórgóðum inngangi Hjartar Pálssonar í *Kvæðasafni Snorra Hjartarsonar* þá var náttúra Íslands honum sérlega hugleikin. Eitt frægasta kvæði hans í þessa veruna er „Land þjóð og tunga“ en það hefst á þessum orðum:

Land þjóð og tunga, þrenning sönn og ein,
þér var ég gefinn barn á móðurkné;
ég lék hjá þér við læk og blóm og stein,
þú leiddir mig í orðs þíns háu vé.¹⁰⁷

Þessar línur tilheyra reyndar bókinni *Á Gnitaheiði* sem kom út árið 1952 en í *Hauströkkrið yfir mér* ber einnig á sömu hneigð enda fór Snorri ekki í graf-götur með að vera undir áhrifum frá náttúrunni. Upphafskvæðið „Lindin í mónum“ er ágætt dæmi um þetta, sem og „Eina haustnótt“ en þar birtist manni

107 Snorri Hjartarson 2006: 87.

menningarvitundin lituð leyndardómsfullri náttúru. Áðurnefndur Ólafur Jóhann Sigurðsson hlaut einnig verðlaunin árið 1976 fyrir ljóðabækurnar *Ad laufferjum* og *Ad brunnum*, þar sem hann bregður upp náttúrulituðum myndum sem sverja sig frekar í ætt við Gemeinschaft-viðhorfið, en Gesellschaft-hugsun borgarlífsins.

Hér er svo sannarlega ekki ætlunin að takmarka fjölbreytt höfundarverk Snorra Hjartarsonar, Ólafs Jóhanns Sigurðssonar eða annarra áðurnefndra höfunda við álfaskotnar náttúrumyndir. Ég bendi hins vegar á að íslenska menningarvitundin virðist skjóta furðu oft upp kollinum þegar kemur að athygli, markaðssetningu og viðurkenningu á erlendum vettvangi.

Undanfarin ár hefur verið lífleg umræða um upphaf þess fyrirbæris sem ég kalla íslensku menningarvitundina og hafa sagnfræðingarnir Guðmundur Hálfðanarson og Gunnar Karlsson verið sérstaklega duglegir að birta hugleiðingar og rannsóknir sínar um stöðu náttúrunnar og menningararfsins í íslenskri þjóðarvitund og hvar beri að leita rótanna. Ég minntist á þátt Sectu, Fjölismanna, *Nýrra félagsrita* og Jónasar frá Hriflu. En megintilgangur þessa rits er ekki að mynda djúpa, sögulega samfellu, heldur frekar að greina hneigð og tengja hana við greiningu á menningarpólitík eins og hún er stunduð nú á dögum. Væri þó þarft verk að draga upp heilsteypartí mynd af þætti listafólks allra tíma við gerð slíkrar vitundar, sem og því hvernig pólitísk öfl nota menningarlega undirstöðu sem hreyfiafl og hvers konar orðræðubúnti þetta hreyfiafl kom á. Í stuttu máli þarf að fara miklu dýpra í saumana en hér er gert.

En snúum okkur aftur að greiningu sagnfræðinganna tveggja. Í ritgerð frá 1999 gerir Guðmundur Hálfðanarson grein fyrir stöðu náttúrunnar í íslenskri þjóðarvitund, sérstaklega eins og hún birtist Fjölismönnum og Jóni Sigurðssyni. Niðurstaða hans er svipuð og sú sem hér birtist þótt greiningartækin séu önnur. Hún er að íslensk náttúra og samband þjóðarinnar við landið hafi frá upphafi verið mikilvægt íslenskum þjóðernissinum og tekur hann rómantíska þjóðarvitund Fjölismanna sem dæmi. Jón Sigurðsson beindi sjónum sínum aftur á móti að pólitískri stjórn landsins og efnahagslífi þess. Jón heillaðist lítið af þýskri rómantík, en var frekar innblásinn af upplýsingastefnunni og breskri frjálslyndisstefnu. Bæði Jón og Jónas fundu þó hald í þjóðernissinnaðri náttúrusýn þótt þá greindi á um hvaða leiðir væru greiðfærastar til að koma stefnunni í framkvæmd: „Þannig getum við litið á Jónas Hallgrímsson og Jón Sigurðsson sem fulltrúa fyrir tvo ólíka strauma í þjóðernissinnaðri náttúrusýn

Íslendinga; annars vegar standa þeir sem tigna náttúruna í þverstæðukenndri og hrikalegri fegurð hennar og hins vegar þeir sem fyrst og fremst vilja nýta hana þjóðinni til hagsbóta.¹⁰⁸

Guðmundur nefnir einnig samband nytjahyggju og rómantikur og hvernig „íslensk nytjahyggja hafi alltaf verið dálítið rómantísk og rómantikinn lituð af nytjahyggjunni“¹⁰⁹. Hann tekur m.a. dæmi af skrifum Steingríms Thorsteinssonar, Jónasar Hallgrímssonar, Bjarna Thorarensen, Hannesar Hafstein, Einars Benediktssonar og Guðmundar Finnbogasonar í því samhengi. Athygli vekur að samkvæmt skilningi Guðmundar er nytjahyggjan, sem hefur verið mest áberandi í viðhorfum þjóðarinnar til umhverfisins, á undanhaldi og náttúran óðum að taka við kyndli tungumáls og menningar í íslenskri þjóðernisstefnu og sem tákni sem greinir okkur frá öðrum þjóðum. Niðurstaða hans er því sú að þrátt fyrir aukna alþjóðahyggju og alþjóðavæðingu sé þjóðernisstefnan enn eitt mikilvægasta viðmið íslenskra stjórnmála og því sé í raun enn verið að vinna úr og þróa þá vitund sem öðlaðist form á 19. öld:

Ég held því tæpast að hin rómantíska nytjahyggja sé á undanhaldi í íslenskri þjóðmálaumræðu, heldur hafi hún þvert á móti endurnýjað lífdaga sína í andstöðu við virkjanir og stóriðju við lok 20. aldar. Nú hafa ættjarðaljóðin öðlast nýja merkingu – fyrir sumum eru þau hvatning til að upplífa fegurð fjallanna af eigin raun, en fyrir öðrum eru þau áminning um að Íslendingar eigi sér fegurra föðurland en aðrir, og þá ímynd eigi að selja útlendingum og bæta þar með hag landsmanna.¹¹⁰

Greining mín á íslenskri menningarpólitík í næsta kafla mun renna stóðum undir þá kenningu Guðmundar að boðskapur 19. aldar standi traustum fótum mitt í hnattvæddu valdastreymi alþjóðavæðingar, þar sem náttúran skipar stóran sess hjá öllum helstu aðilum íslenska menningarvettvangsins. Ég er hins vegar ekki sammála honum um að náttúran hafi tekið við kyndli íslensks tungumáls og íslenskrar menningar, eða menningararfs, því í íslensku menningarvitundinni eru þessir þættir samofnir og erfitt að skilja þá að. Náttúran, tungan og menningararfurinn eru, og hafa alltaf verið, veigamestu þættir íslenskrar menningarfestefnu og gætir áhrifa þeirra svo um munar enn

108 Guðmundur Hálfðanarson 1999: 308.

109 Sama rit: 318.

110 Sama rit: 334.

í dag. Íslensk menningarstefna er því undir miklum áhrifum frá hinum fjóru kennistefnum innan þjóðernisfræða – móðernísku, etnísku, varanlegu og náttúrulegu – þar sem huglæg vitund er hlutgerð úr frá ríkjandi pólitískum orðræðubúntum samfélagsins. En slík hlutgerving er illfrámkvæmanleg án menningararfs, tákna, godsagna og minninga fortíðar, þótt menn greini vissulega á um hversu langt aftur í tímann slíkur arfur teygir sig.¹¹¹

Í grein sinni „Íslensk þjóðernisvitund á óþjóðlegum öldum“ rekur Gunnar Karlsson upphaf þjóðernis til Jóns Arasonar biskups og Arngríms lærða. Sá síðarnefndi var að mati Gunnars mikill áhrifavaldur við „sköpun“ hinnar íslensku gullaldar, sérstaklega með Íslandslýsingu sinni *Crymogæa* sem kom fyrst út á latínu árið 1609. Gunnar nefnir einnig kvæði séra Einars Sigurðssonar í Eyðölum og skrif séra Jóns Arasonar í Vatnsfirði, séra Bjarna Gissurarsonar í Þingmúla og séra Gunnars Pálssonar. Sectumaðurinn Eggert Ólafsson flýtur einnig með í upptalningu Gunnars sem er vel til þess fallin að renna stóðum undir þá staðreynd að vitundin um íslenskt þjóðerni hafi verið til lengi á Íslandi þótt hún hafi tekið stakkaskiptum og orðið mun meira áberandi á 19. öld.¹¹²

Þessi upptalning Gunnars bendir til þess að íslensk menningarvitund sé undir miklum áhrifum frá öllum áður nefndum kenningum um þjóðerniskennd. Menn getur greint á um hversu langt aftur ber að leita áhrifavalda en út frá nútíma menningarpólitík er mikilvægast að gera sér grein fyrir því að innviðir hennar virðast enn sóttir langt aftur í aldir og endurtúlkaðir út frá ráðandi orðræðubúntum.

Menningararfurinn, náttúran og tungan eru helstu mótunaröfl slíkrar vitundar eins og Kristján Árnason bendir á í grein sinni „Landið, þjóðin, tungan – og fræðin“:

Vilji Íslendingar hlutgera sitt „ímyndaða samfélag“, gera sig að þjóð, safnast saman undir einhverjum fána, er tungan einna handhægust. Hér hefur menningararfurinn einnig gegnt mikilvægu hlutverki, allt frá tímum Arngríms lærða. En tungan og bókmenntirnar hafa ekki verið ein um hituna, því landið, sagan, og náttúran hafa einnig verið talin móta íslenska þjóðernisvitund.¹¹³

111 Sjá t.d. grein Guðmundar Hálfðanarsonar „Hvað gerir Íslendinga að þjóð? Nokkrar hugleiðingar um uppruna og eðli þjóðernis“, í *Skírni* 1996.

112 Sjá Gunnar Karlsson 1999.

113 Kristján Árnason 1999: 450–451.

Slík mótun gerist þó ekki sjálfkrafa. Menningarpólitík hverju sinni ákveður hvaða þáttum er hampað og hverjir falla í gleymsku. Þetta kristallast vel í þessum orðum Kristjáns úr sömu grein: „Málstefna er pólitík og byggist því á hagsmunum og hugsjónum en ekki fræðilegum niðurstöðum.“¹¹⁴ Málstefna, mótun menningararfs og sú tilhneiging að spyrða náttúru Íslands við slíka mótun er menningarpólitík. Sú menningarpólitík hefur í áratugi fundið hentugt hald í slíkri gerð, hvort heldur sem er til sjálfstæðisbaráttu, við mótun og þróun íslenskra sjálfsvitunda, til að skapa íslenskum listaverkum sérstöðu erlendis, eða til að fleyta auknu fjármagni inn í landið með aðstoð menningartengdrar ferðaþjónustu.

Dæmi um þessa menningarpólitík er fjárausturinn í kringum landafundina og Kristnihátíðina en Þorgerður Þorvaldsdóttir, sagn- og kynjafræðingur, bendir á fáránleika slíkrar stefnu í pallborðsumræðu sem Brynhildur Þórarinsdóttir stýrði árið 2001. Þar segir Þorgerður: „Landafundirnir eiga sérstaklega að vera söluvænn atburður, 1000 ára gömul ímynd sem engir Íslendingar kannast við á neinn hátt. Guðríður Þorbjarnardóttir er allt í einu orðin ofsaleg þjóðhetja, fyrsta konan sem eignaðist hvítt barn í Ameríku. Ég man ekki eftir að hafa nokkurn tíma heyrt á þessa konu minnst.“¹¹⁵

Er slík menningarpólitík dæmigerð, eða var þáttur Guðríðar Þorbjarnardóttur undantekning sem gott þótti að notfæra sér til markaðssetningar á sérstöðu íslenskrar menningar erlendis? Svarið er að finna í næsta kafla, en þar fer ég í saumana á núverandi ástandi og stefnu helstu aðila íslenskrar menningarpólitíkur.

114 Sama rit: 465.

115 Sjá „Þetta er afar skrytín þjóð! Hringborðsumræður í Þjóðmenningarhúsinu.“ Brynhildur Þórarinsdóttir stýrði umræðum 2001.

Aðalleikararnir í íslenskri menningarpólitík

Í síðasta kafla var gerð grein fyrir fæðingu og þróun íslenskrar menningarvitundar. Þessi menningarvitund varð til vegna flókins samspils þjóðar, þjóðerniskenndar, þjóðmenningar, þjóðtrúar, menningararfs og náttúru. Þessi menningarvitund lifir enn góðu lífi með þjóðinni og er óspart notuð af ráðandi aðilum menningarvettvangsins. Menningarmódel Norðurlanda hafa þróast þannig að ríkis- og markaðsþættir *kerfisins* eru leiðandi öfl og orðræða menningarstjórnunar beinist í auknum mæli að pólitískum áhrifum og fjárhagslegum gróða. Það skal þó tekið skýrt fram að ekki er til eitt allsherjarmódel sem kemur á „réttu“ jafnvægi milli lífheims, almannasviða, markaðar, ríkja, alþjóðlegra stofnana og hnattvæðingar. *Hæfnismódelið*, *velunnaramódelið*, *arkitektamódelið* og *verkfræðingamódelið* eru dæmi um ólíkar áherslur mismunandi menningarmóðela, en stjórnun og birtingarmynd þeirra kvíslast einnig, samanber sérkenni Norðurlandamóðelsins innan hefðar arkitektamóðelsins.

Sökum menningarvitundarinnar sker íslenska menningarmódelið sig frá öðrum norrænum arkitektamóðelum. Flest orðræðubúnt íslenska menningarvettvangsins virðast beina sjónum sínum að meðvitaðri notkun á íslensku menningarvitundinni en slík stefna getur auðveldlega steyppt íslenska list í einsleitt mót náttúruupphafningar og mergsogins menningararfs.

Menningarstefna íslenska ríkisins

Íslensk stjórnvöld virðast ekki sjá sérstaka ástæðu til að móta og orða menningarstefnu sína á skýran og skorinorðan hátt. Þetta virðist í það minnsta raunin sé orðinu *menning* flett upp í netútgáfu gagnasafns menntamálaráðuneytisins en gagnasafnið teygir anga sína aftur til ársins 1993. Það er erfitt að segja til um ástæðurnar. Menning virðist enn vera með einhvern „lúxusstimpil“ og er því ekki tekin jafnalvarlega og t.d. menntun, viðskipti, sjávarútvegur, heilbrigðismál, landbúnaður eða iðnþróun. Afleiðingin er að stjórnun menningarmála er ekki í sama faglega farvegi. Ísland er eina Norðurlandabjóðin sem ekki starfrækir sérstakt menningarmálaráðuneyti og eru menningarmál því í höndum ráðuneytis mennta- og menningarmála. Árið 2002 runnu 2,4% af

heildarfjárveitingu ríkissjóðs til menningarmála og alls 21% af heildarfjárveitingu menntamálaráðuneytisins.¹¹⁶ Íþrótt- og æskulýðsmál eru innifalin í þessu 21 prósentu. Án þeirra og fjárstreymis vegna afnotagjalda Ríkisútvarpsins er hlutfallið mun lægra. Árið 2006 var svipað uppi á teningnum en þá voru framlög til menntamálaráðuneytisins á fjárlögum 41,1 milljarður króna af 315 milljarða heildarútgjöldum ríkissjóðs. Um 20% af því var varið til menningarmála. Samsvarandi hlutfallstala fyrir árið 2010 er 16,8%.

Þetta er í takt við hin Norðurlöndin en menningarfjárveitingar nýtast ekki með sama hætti í fámennissamfélagi eins og því íslenska. Þetta stafar helst af upplýsingarhefðinni, kröfu vestrænna þjóðfélaga um að fólk geti gengið að ákveðnum menningarstofnunum vísum; stofnunum á borð við *Listasafn Íslands*, *Þjóðminjasafnið*, *Þjóðleikhúsið*, *Þjóðskjalasafnið*, *Landsbókasafnið* og *Sinfóníuhljómsveit Íslands*, auk þess sem flestar þjóðir státa af veglegum tónlistarhúsum. Rekstur slíkra stofnana gleypir langstærstan hluta þess fjár sem eyrnamerkur er menningu á hinum Norðurlöndunum, rétt eins og á Íslandi.

Hér gætir þó ákveðins tvískinnungs, því flestar menningarstofnanir sem ríkið stendur að starfa við svo þröngan fjárhagslegan ramma að þær geta varla haldið uppi þeirri starfsemi sem til er ætlast. Skrefið er því einungis stigið til hálfs og því er rétt að spyrja hvort hér geti verið um sýmbólísk stöðutákn að ræða. Að við, sem sjálfstæð þjóð, teljum okkur þurfa að starfrækja samskonar menningarstofnanir og fjölmennari ríki á borð við Þýskaland, Frakkland, Bretland og hin Norðurlöndin, jafnvel þótt við höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til að gera það almennilega. Hér er þó ekki endilega við menntamálaráðuneytið að sakast. Umbreyting á núverandi fyrirkomulagi hefði í för með sér breytt valdahlutföll á menningarsviðinu og meira samstarf milli stofnana – sem hugsanlega gæti leitt til skerts sjálfstæðis þeirra. Bygging ráðstefnu- og tónlistarhúss rennir stoðum undir slíkan grun þar sem í upphafi hönnunar hússins var ekki gert ráð fyrir starfsemi Íslensku óperunnar, jafnvel þótt hver maður sjái hagræðinguna í slíku fyrirkomulagi.

116 Einhverjum gæti komið það spáskt fyrir sjónir að ég vitni í tölur frá árinu 2002 í stað t.d. 2003 eða 2004. Ástæðan er sú að menntamálaráðuneytið hefur ekki gefið út margar skýrslur sem sýna hvernig fjáframlögum til menningarmála er háttað. Það birtust þó skýrslur árin 2001 og 2002, og loks 2006, 2007, 2009 og 2010. Það er ekki mikill munur á þessum skýrslum en ég mun bera saman nokkur atriði úr skýrslunni frá 2002, 2006, 2009 og 2010 til að sýna fram á þær breytingar sem orðið hafa á þessum tíma.

Annað einkenni á opinberri íslenskri menningarstjórnun eru „flotkenndar“ stöðir hennar, sem sumir myndu kalla skort á fagmennsku. Á Alþingi eru starfræktar 12 fastanefndir, engin þeirra er tileinkuð menningarmálum sérstaklega, menningarmál heyra undir menntamálanefnd. Menningarmál virðast heldur ekki vera í jafnföstum skorðum og aðrir málaflokkar, eins og sjá má af umsvifum forsætis-, iðnaðar- og utanríkisráðuneytis í menningarmálum. Samkvæmt fjárlögum 2006 heyrir rekstur menningarstofnana á borð við *Vesturfarasetrið á Hofsósi*, *Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal* og *Hrafnseyri* undir forsætisráðuneyti auk þess sem það setur 14 milljónir í ritun biskupasögu.¹¹⁷ Eins er rekstur *Þjóðmenningarhússins* (81,4 milljónir)¹¹⁸, *Vest-norræna menningarhússins í Kaupmannahöfn* (7,8 milljónir) og *Minningarsafns um Halldór Laxness á Gljúfrasteini* (31,9 milljónir) á borði forsætisráðuneytisins. Menningar-, menntunar- og vísindamálastofnun Sameinuðu þjóðanna heyrir undir utanríkisráðuneyti en færa má rök fyrir því að slík stofnun ætti frekar heima í menntamálaráðuneytinu. Í raun er þetta svipað og ef mál Evrópuráðsins eða málefni stjórnskrárnefndar væru í höndum starfsfólks menntamálaráðuneytis.

Slík forgangsörðun segir samt sitt um stöðu menningarmála í íslenskri stjórnsýslu. Þetta virðast vera einhver sýmbólísk gæluverkefni sem þurfa enga sérfræðikunnáttu. Þessa áhugaleysis gætir einnig í opinberri menningargestefnu, því samræmd framtíðarstefna með skýrum markmiðum, rökstuðningi og leiðum til framkvæmda er ekki til, ef marka má þær skýrslur sem menntamálaráðuneytið hefur birt á vef sínum síðan 1993. Þess í stað finna gerendur íslenskrar menningargestefnu kunnuglegt hald í þjóðlegri menningarvitund, þar sem höfuðáhersla er lögð á tungumálið, söguna, náttúruna og menningararfinn.

Þá hafa menningarmál alltaf verið eitt af mörgum ábyrgðarsviðum viðkomandi ráðherra.¹¹⁹ Þrátt fyrir þetta ósamræmi í stjórn menningarmála þá myndast þokkaleg samfella frá árinu 1991, þegar sjálfstæðismenn tóku við lykлавöldum menntamálaráðuneytis, sem þeir héldu allt til ársbyrjunar 2009. Á þessum tíma voru fjórir menntamálaráðherrar en þó er hægt að tala um

117 Þessir liðir falla undir lið 01-190 ýmis verkefni. Undir viðhaldsverkefni ráðstafar ráðuneytið 3 milljónum til viðhalds á stafkirkju í Vestmannaeyjum. Sjá „Fjárlög fyrir árið 2006“, nálgast 1. mars 2010. URL: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2005.152.html>

118 Tölur miðast við gjöld umfram tekjur.

119 Menntamálaráðherratal, sem finna má á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, sýnir þessa þróun vel. Gylfi Þ. Gíslason, sem lengst hefur gegnt embætti menntamálaráðherra, frá 24. júlí 1956–14. júlí 1971, gegndi t.d. á tímabili einnig stöðu iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

ákveðna hugmyndafræðilega samfellu. Við stjórnarskiptin 1991 tilkynnti nýr menntamálaráðherra hugmyndafræðilega stefnubreytingu og þar með var þróunarvinnu forvera hans í menningarmálum kastað til hliðar. Þetta er þó eðlilegt, því í lýðræðisþjóðfélögum hafa kjósendur fullan rétt til að kjósa yfir sig breytingar og þegar nýr flokkur tekur við lyklavöldum ráðuneyta þá vilja kjósendur hans að hugmyndafræðilegar stöðir viðkomandi flokks fái notið sín.

Gallinn er vitaskuld sá að ef stjórnarskipti eru tíð verður erfitt að móta framtíðarstefnu til langs tíma og var þetta eitt helsta einkenni stjórnar íslenskra menningarmála, í það minnsta fram til ársins 1991. Síðan þá hefur hins vegar myndast samfella í stjórn menningarmála og menntamálaráðherrar bara borið ábyrgð á mennta-, vísinda- og menningarmálum. Hvort sem ástæðan er heppileg ytri skilyrði eða eljusemi þá birti Björn Bjarnason, menntamálaráðherra frá 1995–2002, sjaldséðar skýrslur, þar sem áform ríkisins og stefna í mennta- og menningarmálum var kunngjörð.¹²⁰

Í febrúar 1996 kom út bæklingurinn *Menning og menntun: Forsenda framtíðar* og eftirfarandi yfirlýsingu um menningarstefnu íslenskra stjórnvalda er að finna þar: „*Markmið í menningar- og menntamálum er tvíþætt: 1. Varðveisla og efling íslenskrar menningar, sögu og tungu. 2. Íslenska skólakerfið veiti menntun og þjónustu sem stenst samanburð við það besta sem þekkist á alþjóðlegum vettvangi.*“¹²¹ Aðaláherslan er enn á ný lögð á menntun, í það minnsta hvað nýsköpun varðar. Menningarlega á svo greinilega að finna tangarhald í hinni vel þekktu íslensku menningarvitund. Í inngangi sínum staðfestir Björn Bjarnason þennan ásetning frekar en þar segir hann að „[s]tanda eigi vörð um íslenska tungu og þjóðmenningu og stuðla eins og kostur er að öflugu lista- og menningarlífi sem aðgengilegt sé öllum landsmönnum,“¹²² þ.e. íslensk menning á bæði að vera þjóðleg og ná til allrar þjóðarinnar.

Samkvæmt skýrslunni á ríkið að koma á hvetjandi menningarlegu umhverfi í stað þess að vera beinlínis gerandi eða framkvæmdaraðili menningarstarfseminnar. Þarna má greina skýra hugmyndafræðilega breytingu þar sem ríkið ýtir aukinni ábyrgð yfir á markað og sveitarfélög, sem er mjög í ætt við nýja opinbera stjórnun. Eftirfarandi tilvitnun úr bæklingnum sýnir þetta skýrt:

120 Gestur Guðmundsson 2003: 130.

121 *Menning og menntun: Forsenda framtíðar* 1996: 6. Skáletrun í frumriti.

122 Sama rit: 5.

Hlúð skal að gróskumiklu menningarstarfi og listsköpun á öllum sviðum um land allt. Besta leiðin að því marki er að menningunni sé skapað blómlegt umhverfi en ekki að ríkið standi fyrir stærstum hluta menningarstarfsemi. Auka þarf fjárhagslegt sjálfstæði menningarstofnana og svigrúm þeirra til að afla sér sértekna. *Samhliða samstarfi ríkis og sveitarfélaga í menningarmálum skulu einkaaðilar hvattir til að leggja listsköpun og menningarstarfi lið.*

Fyrirtæki og einstaklingar verði í auknum mæli hvött til að styrkja íslenska menningu, meðal annars með því að nýta sér skattaávilnanir vegna framlaga til menningar. Verði unnt að treysta slíkt fyrirkomulag mætti draga úr opinberum styrkveitingum.¹²³

Skýrslan leggur ennfremur áherslu á gegnsæi og skilvirkni við rekstur opinberra menningarstofnana auk þess sem brýnt er að úthlutun fjármuna megi ekki safnast á of fárra hendur. Afmiðjun, dreifing ábyrgðar og fjármuna, aukið samstarf menningarstofnana og markaðar, allt eru þetta einkenni á nýrri opinberri stjórnun. Markmið um að koma á „reglubundnu samstarfi menningarstofnana og samtaka listamanna um kynningu á íslenskri list erlendis“¹²⁴ og að leggja beri „áherslu á tengsl verkmenningar og lista og tengsl ferðapjónustu og menningar“¹²⁵ benda til þess að opinber menningaryfirvöld hvetji til aukins samruna umsvifa ríkis og markaðar og halli sér þannig í átt að hæfnismódelinu. Alls eru tvær opnur um menningarmál í 21 síðu bæklingi. Hlutur menntunar er sem fyrr mestur.

Í bæklingnum er einnig talað um að endurskoða þurfi lög um listamanna-laun og tekið er sérstaklega fram að koma eigi „í auknum mæli til móts við þá listamenn sem afla sér sjálfir tekna.“¹²⁶ Talað er um að endurskoða eigi leiklistarlög auk þess sem bent er á mikilvægi þess að börn og unglingar séu hvött til listsköpunar. Efla á málræktarsjóð, leggja áherslu á útgáfu rita um íslenska tungu og málmenningu og styrkja á verkefni sem efla tungumálið. Loks er komið inn á mögulegt tónlistarhús og nefnt er að „fjölmíðlar ná ekki að dafna nema svigrúm þeirra og frelsi sé mikið.“¹²⁷

123 Sama rit: 18. Skáletrun mín.

124 Sama rit.

125 Sama rit.

126 Sama rit.

127 Sama rit: 21.

Menningarstefna Björns Bjarnasonar snýst því um verndun menningararfs og tungumáls en stefnan tók einnig tillit til alþjóðasamfélagsins og notkunar á nýmiðlum síð nútímans. *Dagur íslenskrar tungu* er upprunninn úr þessari stefnu og á dagurinn að undirstrika sérstöðu og mikilvægi íslenskrar tungu í alþjóðasamfélaginu. Tungumálastefna menningaryfirvalda kemur m.a. fram í bæklingnum *Íslenska – í senn forn og ný* frá 2001:

Íslensk málstefna hefur að geyma tvo meginþætti: annars vegar áframhaldandi varðveislu málsins (málkerfisins og grunnorðafordans) og hins vegar þróun málsins, ekki síst að stuðla að því að orðaforðinn sé ávallt nægur til að mæta nýjum aðstæðum og að íslenska verði notuð á sem flestum sviðum.¹²⁸

Einnig er bent á nauðsyn þess að þróaður verði hugbúnaður sem geri kleift að nota íslensku í tölvubúnaði og því er haldið fram að á Íslandi ríki almenn sátt um málstefnuna enda sé hún að miklu leyti byggð á áhuga almennings. Að lokum er sérstaklega minnst á verðmætan sess íslensks máls og bókmennta í vitundarlífi þjóðarinnar:

Samhengi í íslensku máli og bókmenntum kemur fram í því að íslenskir rithöfundar á 20. öld, svo sem nóbelssskáldið Halldór Laxness, rituðu á sama tungumáli og t.a.m. Snorri Sturluson, einn fremsti rithöfundur á Norður-löndum á 13. öld.

Verk skálda og rithöfunda hafa ávallt notið hylli meðal almennings á Íslandi. Enn eru bækur vinsælustu jólagjafirnar, ekki síst ævisögur og endurminningar.¹²⁹

Skýrslan gerir ennfremur mikið úr áhuga útlendinga á íslenskunámi, nýyrðasmíð, íslensku málkerfi og íslensku nafnasiðunum. Það síðastnefnda er oft notað til að vekja athygli á menningu okkar erlendis og hefur auglýsingamarkaðurinn tekið þetta upp, samanber eina herferð Landsbankans. Þar mættu stálhraustir, fallegir og stoltir Íslendingar ferðamönnum í Leifsstöð og sögðu þeim hvað þeir hétu og hvað nafn þeirra þýddi.

Í bæklingnum *Menntun og menning fyrir alla*, verkefnaáætlun ríkisins í menntunar- og menningarmálum 1999-2003, segir: „Markmið ríkis-

¹²⁸ *Íslenska – í senn forn og ný* 2001: 7.

¹²⁹ Sama rit: 15.

stjórnarinnar er að standa vörð um íslenska tungu og þjóðmenningu og stuðla að öflugu lista- og menningarlífi sem sé aðgengilegt öllum landsmönnum.¹³⁰ Þá er sérstaklega minnst á varðveislu menningararfsins, upplýsingatækni í þágu bókasafna, tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð, ný útvarpslög og eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar. Talað er um mikilvægi þess að einkaframtak styðji menningu, að höfundarréttur sé tryggður og að efla skuli menningarstarf á landsbyggðinni í samstarfi við sveitarstjórnir og Bygðastofnun.

Undir liðnum um *öflugri menningarstarfsemi* er sérstaklega minnst á Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands og Íslenska dansflokkinn sem hornsteina íslenskrar menningarstarfsemi. Forsendur öflugra menningarstofnana eru orðaðar svo: „Forsenda þess að menningarstofnanir eflist enn frekar er að kröfur einkarekstrar og árangursstjórnunar einkenni starfsemi þeirra. Unnið verði að gerð samninga um árangursstjórnun við menningarstofnanir þar sem markmið þeirra, hlutverk og fjárveitingar eru skilgreind.“¹³¹ Fyrirtæki og einstaklingar eru á ný hvött til að *styrkja* íslenska menningu og er sérstaklega bent á skattafrádrátt. Engin skýring er gefin á því hvers vegna áður nefndar menningarstofnanir eigi að mynda hornsteina íslenskrar menningarstarfsemi, þ.e. hvers vegna Íslenska dansflokknum er gert hærra undir höfði en Kvikmyndasafni Íslands, Ríkisútvarpinu eða Þjóðskjalasafni Íslands, svo dæmi séu tekin.

Síðasta skýrslan sem kveður á um innihaldslegar áherslur menningarstefnu ríkisins er *Menntamálaráðuneytið: Menning, menntun og vísindi* frá árinu 2005. Þessi pési útskýrir í grófum dráttum starfsemi ráðuneytisins og kemur fram að samkvæmt fjárlögum árið 2005 runnu 17,5% af heildarútgjöldum ráðuneytisins til menningarmála. Hlutverk ríkisins á sviði lista og menningarmála er með þrennum hætti: „Í fyrsta lagi rekstur stofnana, í öðru lagi starfræksla sjóða til stuðnings menningarstarfsemi og í þriðja lagi stuðningur við starfsemi og verkefni, ýmist með lögbundnum framlögum eða styrkjum á grundvelli fjárveitinga í fjárlögum hverju sinni.“¹³²

130 *Menntun og menning* fyrir alla 2000: 9.

131 Sama rit: 10.

132 *Menntamálaráðuneytið: Menning, menntun og vísindi* 2005: 4.

Bæklingurinn telur upp menningarstofnanir á vegum ríkisins: Þjóðleikhúsið, Íslenski dansflokkurinn, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Kvikmyndaskoðun, Ríkisútvarpið, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Kvikmyndasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Húsafríðunarnefnd ríkisins, Íslensk málstöð, Blindrabókasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Orðabók Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands. Þá eru taldir upp þeir sjóðir sem ráðuneytið hefur umsjón með: Safnasjóður, Húsafríðunarsjóður, Fornleifasjóður, Starfslaunasjóðir listamanna, Launasjóður höfunda fræðirita, Barnamenningarsjóður, Þýðingarsjóður, Menningarsjóður, Menningarsjóður félagsheimila, Kvikmyndasjóður, Tónlistarsjóður, Listskreytingasjóður, Bókmenntakynningarsjóður, Æskulýðssjóður og Íþróttasjóður.

Ráðuneytið hefur líka gert samninga við aðrar menningarstofnanir eins og Íslensku óperuna og ýmis sveitarfélög, bæði hvað varðar rekstur stofnana og aðkomu að viðburðum á borð við Listahátíð í Reykjavík. Liður í styrkjum til sveitarfélaga er bygging menningarhúsa á Akureyri, Ísafirði, Sauðárkróki, Austurlandi og í Vestmannaeyjum. Markmiðið er að húsin verði miðstöðvar menningar á sínu landssvæði, fjölnota hús fyrir tónlistarviðburði, sviðslistir, myndlist og safnastarf. Þá er minnst stuttlega á fjölmiðla, höfundarréttarmál og íþrótt- og æskulýðsmál. Loks er lítil klausa aftast um þátt ráðuneytisins í alþjóðlegu menningarsamstarfi og er þar vísað til Norrænu ráðherranefndarinnar, kvikmyndaáætlunarinnar MEDIA, menningaráætlunarinnar Culture 2000 og Youth æskulýðsáætlunarinnar á vegum Evrópusambandsins. Þá er ótalið samstarf við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, Eystrasaltsráðið og Vest-norræna ráðið.

Séu aðalatriði þessara skýrslna dregin saman sést að frá 1991 hefur áherslan verið á menningarvitundina, hinn þjóðlega menningararf og tungumálið, sem og stjórnunarlega afmíðjun. Auk þess er aðferðum nýrrar opinberrar stjórnunar, árangursstjórnunarsamningum og gerð tölfræðimiðaðra skorkorta í auknum mæli beitt á fleiri svið menningarstjórnunar. Reglulega er talað um ágæti einkarekstrar og hvatt til að fyrirtæki og einstaklingar leggi sitt af mörkum. Undir stjórn hægri afla hefur stjórnunarleg hagræðing, hugmyndir um einkavæðingu og vægi markaðshyggju aukist sem birtist m.a. í kröfu stjórnvalda um að menningarstofnanir fjármagni starfsemi sína að hluta frá einkaaðilum.

Frá því að Björn Bjarnason varð menntamálaráðherra hefur þróun innan upplýsingatækni skipað sinn sess og má í því sambandi nefna ritið *Í krafti upplýsinga: Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996-1999* sem kom út árið 1996. Þessi áhugi ráðuneytisins á þróun nýmiðla virðist samt ekki hafa fangað möguleikana sem nýmiðlar búa yfir. Íslensk menningaryfirvöld virðast helst líta til nýmiðla til að auka útbreiðslu „hefðbundinna“ lista og menningararfsins, eins og eftirfarandi klausa úr skýrslunni ber með sér:

Með nýrri tækni geta einstaklingar notið fjölbreyttari menningar án meiri fyrirhafnar. Þeir geta horft á danssýningu á tölvuskjá, hlustað á leikrit sem berst gegnum Internetið, skoðað sig um á söfnum af margmiðlunardiskum eða séð nýjustu listsýningar hvort sem þær eru haldnar í Reykjavík eða New York án þess að fara úr húsi eða standa í biðröðum.

Þannig eru möguleikarnir óþrjótandi en markmiðið er alltafhið sama, að gera einstaklingum kleift að njóta fjölbreytilegrar og öflugrar menningar. Það skal þó undirstrikað að það er hin lifandi list sem áfram verður undirstaða listsköpunar og menningar í landinu. Ekkert kemur í hennar stað. Upplýsingatækni er tæki til að auka fjölbreytileika þeirra leiða sem listinni er miðlað eftir.¹³³

Skýrsluhöfundar undirstrika að nýjar listgreinar líti dagsins ljós samfara þróun í upplýsingatækni og að eldri listgreinar kanni nýjar leiðir. Það er samt dálítið erfitt að sjá hvernig þetta fer saman við *lifandi list sem undirstöðu listsköpunar og menningar í landinu*, sérstaklega þar sem *ekki* kemur í hennar stað. Í fimmta kafla mun ég hins vegar sýna fram á að sé aðallega einblínt á hvernig hægt sé að nota stafræna tækni til að auka veg hinnar lifandi listar þá séu möguleikar stafrænna boðskipta og nýmiðla einungis nýttir til hálfis.

Í skýrslunni þykir m.a. sérstök ástæða til að nefna að um 90% alls efnis á internetinu sé á ensku. Þetta er vitaskuld liður í málstefnunni eins og sjá má á eftirfarandi meginmarkmiðum skýrsluhöfunda:

Standa vörð um íslenska tungu í upplýsingasamfélaginu og tryggja að tungumálið fái að þróast í samræmi við íslenska málstefnu.

Hvatt verði til að íslenskt efni verði í auknum mæli á boðstólum á tölvutæku formi.

¹³³ *Í krafti upplýsinga: Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996-1999* 1996: 20. Skáletrun mín.

Efla þarf nýyrðasmíð sem tengist upplýsingatækni og tölvuvæðingu. Stefnt skal að því að íslenska algengustu gerðir hugbúnaðar.¹³⁴

Einnig þykir æskilegt að nota upplýsingatækni til markvissrar kynningar og markaðssetningar á íslenskum listum og menningu erlendis, koma verði á opinberu menningarneti, menningararfinn þarf að varðveita á tölvutæku formi, mikilvægt sé að tryggja frjálsa samkeppni á alþjóðlegum fjölmiðlamarkaði upplýsingasamfélagsins og að leitast verði við að nota tæknina til að færa dreifðar byggðir landsins hverja nær annarri.

Heildartónn skýrslunnar er því jákvæður í garð nýmiðla og upplýsingatækni, sérstaklega út frá möguleikum þeirra til að raungera menningarstefnu stjórnvalda. Þannig eru stafræn boðskipti og nýmiðlar nokkurs konar viðbót við hugmyndafræðina sem enn leggur áherslu á íslensku menningarvitundina, þ.e.a.s. internetið getur hæglega nýst sem nýr miðill þar sem útlendingar geta komist í kynni við helstu bautasteina íslenskrar menningar. Svipuð skýrsla frá 2002, *Lýsigagnaskráning á menningarefni: Menningargátt*,¹³⁵ notar sömu rök en þar er m.a. lagt til að starfræktur verði lýsigagnagrunnur sem samræma á upplýsingar og gögn opinberra menningarstofnana. Gagnagrunnurinn á þannig að vera stafræn innihaldslýsing fyrir menningararf Íslands með það takmark að færa byggðir landsins betur saman og sem áhald til að kynna menningartengda ferðaþjónustu.

Hugmyndir um slíkan lýsigagnabanka eru liður í nútímavæðingu íslenska menningarhugtaksins og viðbragð við einu helsta vandamáli upplýsingasamfélagsins, að koma reglu á offlæði upplýsinga. Slíkur lýsigagnabanki myndi koma á sameiginlegum stöðlum fyrir skráningu gagna menningarstofnana ríkisins, og jafnvel landsins í heild, og auðveldað þar með aðgang að upplýsingum um hvar ýmis gögn sé að finna. Dæmigert notendaviðmót slíks gagnabanka er heimasíða með vel hönnuðum leitarmöguleikum þar sem notendur geta fengið upplýsingar um ákveðinn listamann, listmun eða stað. Ef notandi vildi fá upplýsingar um ákveðið málverk eftir Kjarval gæti hann slegið inn við-eigandi leitarorð og fengið upplýsingar um hvar það sé að finna og hugsanlega einhverjar ýtarlegri upplýsingar um verkið.

134 Sama rit: 24.

135 Sjá *Lýsigagnaskráning á menningarefni: Menningargátt*. 2002, nálgast 16. febrúar 2010. URL: <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/menningargatt.pdf>.

Þrátt fyrir ágæti lýsigagnagrunna eru aðrar leiðir færar eins og BBC hefur sýnt fram á. Árið 2004 setti BBC á laggirnar verkefnið *Creative Archive* með einkunnarorðunum *Find it, Rip it, Mix it, Share it. Come and get it*. Eins og einkunnarorðin gefa til kynna vill BBC gefa Bretum kost á að notfæra sér gagnagrunn BBC á nýstárlegan hátt. Hann á ekki bara að auðvelda dreifingu stafræns efnis BBC heldur eru notendur beinlínis hvattir til þess að notfæra sér efni grunnsins á skapandi hátt, t.d. með því að endurhljóðblanda lög eða klippa myndskleið upp á nýtt og deila svo sköpun sinni með öðrum. Hér er því ekki um lýsigögn að ræða (gögn sem lýsa því hvar önnur gögn er að finna) heldur gögnin sjálf. Ef notandi slær t.d. inn leitarorðið Adolf Hitler fær hann aðgang að textum, hljóðskjölum, myndum, hreyfimyndum, teikningum og fleiru tengdu Hitler sem BBC hefur fært á stafrænt form. Viðkomandi getur svo halað niður efninu sér að kostnaðarlausu. Í næsta kafla fjalla ég nánar um þetta verkefni BBC og önnur sambærileg.

Níu ár eru langur tími í upplýsingasamfélaginu og því hefði mátt búast við stakkaskiptum í nýrri stefnu menntamálaráðuneytis í upplýsingatækni frá 2005.¹³⁶ En svo er ekki. Bæklingurinn kallast *Áræði með ábyrgð: Stefna menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005-2008*. Hann hefst á ávarpi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, þáverandi menntamálaráðherra, þar sem hún leggur áherslu á að skilningur komandi kynslóða á menningararfleiðinni verði mótaður af nýmiðlum og því verði að fylgjast vel með þróun þeirra. Stefnumið íslensks máls í öndvegi hafa lítið breyst. Sem fyrr er kveðið á um að Íslendingar hafi greiðan aðgang að fjölbreyttu stafrænu efni og hugbúnaði á íslensku, að Íslendingar verði í fararbroddi í þróun tungutæknilausna og að helsti hugbúnaður og notendaviðmót stýrikerfa verði á íslensku.¹³⁷

Í undirkaflanum *Stafræn endurgerð og miðlun íslensks menningararfs* er mikilvægi stafrænnar tækni tíundað auk þess sem minnst er lítilliga á möguleika til miðlunar, samskipta og gerðar stafræns menningarefnis sem þessi tækni gerir kleift. Litlar nýjungar er samt að sjá á stefnumiðunum og hvergi er minnst á að gera stafrænt efni aðgengilegt almenningi til niðurbals og

136 Annar bæklingur, *Forskot til framtíðar* kom út í millitiðinni árið 2001, og var eins konar framhald *Í krafti upplýsinga*. Ritið fjallar nær eingöngu um menntamál.

137 Sjá *Áræði með ábyrgð: Stefna menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005-2008* 2005:17.

skapandi úrvinnslu eins og hjá BBC. Þar eru höfundalög ein helsta hindrunin. Hugverkastuldur er auðvitað ólöglegur en það er löngu búið að bregðast við því með sveigjanlegri höfundarlögum þar sem höfundarnir sjálfir hafa talsvert um það að segja á hvaða formi þeirra eigin hugverk eru varin. Í bæklingnum er minnst á hversu mikilvægt það er að reisa ekki óeðlilegar hindranir sem komi í veg fyrir flæði menningarlegra upplýsinga því „[þ]á hagsmuni, sem verndaðir eru með höfundarlögum, verður að skoða í samhengi við þá þjóðhagslegu hagsmuni sem felast í opnu upplýsingasamfélagi.“¹³⁸ Þessir hagsmunir virðast samt niðurnjörvaðir í ströngum höfundarlögum eins og *Sarpur*, upplýsingasafn um menningarminjar, er dæmi um en almenningur hefur afar takmarkaðan aðgang að safninu.¹³⁹

Ég staðhæfði í upphafi þessa kafla að íslensk stjórnvöld virtust ekki eyða miklu púðri í að orða menningarstefnu sína á skýran og skorinorðan hátt. Ég hef þó gert mér far um að rekja innihald hennar í þeim innihaldsrýru skýrslum sem hér hafa verið nefndar og af þeim má álykta að menningarstefna ríkisins sé alls ekki í jafnfaglegum farvegi og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Gerendur hennar virðast sérstaklega sparsamir á að tilgreina þær forsendur sem liggja að baki stefnunni. Margt er þó líkt með þróun opinberrar menningarpólitíkur á Íslandi og í öðrum löndum sem lengi töldust innan arkitektamóðelsins. Má þar sérstaklega nefna innreið markaðsaflanna, aðferðir nýrrar opinberrar stjórnunar, afmiðjun og tilurð árangursstjórnunarsamninga. Módelið færir þá frá þeim lífheimsmiðuðu gildum almannasviðsins sem einkenna arkitektamódelið til kerfismiðaðrar árangursstjórnunar hæfnismóðelsins. Annað einkenni þessa „innihaldslega“ hluta opinberrar menningarpólitíkur er áhersla á íslensku menningarvitundina og þá sérstaklega á tungumálið og bókmenntarfinn.

Þó ber að hafa í huga að þessar menningarstefnur hins opinbera eru, eins og svo margar aðrar menningarstefnur, einungis orð á blaði. Þótt þær gefi ágætis hugmynd um hugmyndafræðina segja þær ekkert um hvernig fjármunum er í raun varið. Þetta er því einungis *sýnd* menningarpólitíkur, ekki *reynð* hennar. Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta spurning um forgangsroðun. Þegar höfundar íslenskrar menningarstefnu ákveða að fjármagna ákveðna hluti eru

138 Sama rit: 41.

139 Sjá „Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn“, nálgast 16. febrúar 2010. URL: <http://www.sarpur.is/>

þeir um leið að loka á fjárveitingar til annarra viðfangsefna sem sumir myndu kannski meina að séu mikilvægari en til dæmis stofnun *Íslensku hestamiðstöðvarinnar*, sem Tómas Ingi Olrich kom á sem sjálfseignarstofnun með styrk frá ríkinu, í sinni stuttu menntamálaráðherratið. En hvernig er opinberum útgjöldum til menningarmála varið og getur verið að kunnuglegt mynstur dúkki upp þegar litið er nánar á hvert peningarnir renna?

Framlög á fjárlögum til menningarmála

Árið 2002 hætti Björn Bjarnason sem menntamálaráðherra og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tók við. Það varð engin kúvending í menningarmálum við þau skipti en innkoma VG í ríkisstjórn og Katrínar Jakobsdóttur í sæti menntamálaráðherra snemma árs 2009 ætti að gefa tilefni til slíkrar vendingar. Þótt greina megj afstöðubreytingu innan ákveðinna málaflokka, eins og t.d. listamannalauna, er of snemmt að segja fyrir um einhvers konar hugmyndafræðilega kúvendingu, hvað þá að stefnunni sem slíkri verði breytt til muna.

Gerð og birting opinberra skýrslna hjá menningararmi menntamálaráðuneytisins hefur verið af skornum skammti og þær skýrslur sem hafa verið birtar fjalla ekki ýtarlega um hugmyndafræðilegar forsendur fyrir þeirri menningarpólitík sem er rekin á Íslandi. Árin 2001 og 2002 birtust þó mikilvægar skýrslur sem gerðu grein fyrir því hvernig fé sem rennur til menningarmála á vegum ríkisins er varið og loks, eftir fjögurra ára þögn, litu samsvarandi skýrslur fyrir árin 2006, 2007, 2009 og 2010 einnig dagsins ljós. Í þessum kafla geri ég grein fyrir þessum tölum og til þess að gefa betri yfirsýn yfir breytingar, tek ég dæmi frá skýrslum árána 2002, 2006, 2009 og 2010.¹⁴⁰ Ég mun síðan nota upplýsingarnar sem þar er að finna til að draga upp mynstur sem styður enn frekar við kenningu mína varðandi viðhald íslensku menningarvitundarinnar.

Skýrslurnar *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál* eru yfirlit yfir framlög ríkisins til menningarmála. Þetta eru fyrst og fremst tölfræðilegar staðreyndir þótt hlutverk ýmissa stofnana og sjóða sé einn-

140 Samsvarandi skýrslur fyrir 2003, 2004, 2005 og 2008 hafa ekki birst opinberlega. Starfsfólk menningardeildar menntamálaráðuneytisins var hins vegar boðið og búið til að hjálpa mér að nálgast þessar tölur og sýna mér fram á hvernig hægt er að lesa þetta út úr fjárlögum. Ein af skyldum opinberra stofnana er samt sem áður upplýsingaskyldan og er óhætt að fullyrða að hún hafi brugðist svo um munar þegar kemur að menningarmálum á vegum menntamálaráðuneytisins.

ig útskýrt stuttlega. Menningaryfirvöld virðast ekki sjá ástæðu til að gera grein fyrir hugmyndafræðilegum forsendum slíkra framlaga. Þannig sýna skýrslurnar fram á hvaða málaflokkar fá fjárframlög og hversu há þau eru. Engin ástæða er hins vegar gefin fyrir því hvers vegna einmitt þessir málaflokkar eru studdir og ekki einhverjir aðrir. Slíkar ákvarðanir hljóta að byggja á einhverri hugmyndafræði sem mér finnst íslenskir þegnar eiga rétt á að vita hver er. Skýrslurnar eru góðar til síns brúks og mikilvægar til að sýna fram á flæði fjármagns sem varið er til menningarmála en það væri óskandi að opinber menningarstefna ríkisins gerði betri grein fyrir hugmyndafræðilegum stöðum sínum.

Í skýrslunum er þó stutt inngangsklausa þar sem kveðið er á um hversu erfitt sé að skilgreina menningarhugtakið. Ramminn er þrengdur með því að helga umfjöllunina menningarmálum sem heyra undir skrifstofu menningarmála. Þessi skrifstofa fellur ekki innan starfsemi mennta- og vísindamála og því eru þau undanskilin þessari menningarskilgreiningu. Auk þess er bent á að menningartengdir málaflokkar á borð við trúmál rúmist heldur ekki innan hennar: „Umgjörðin rúmar hins vegar listir í hefðbundnum skilningi, svo sem tónlist, leiklist, bókmenntir, kvikmyndir og fjölmiðla og varðveislu og miðlun menningararfsins. Til menningarmála falla einnig íprótta- og æskulýðsmál.“¹⁴¹

Í inngangi er einnig tekið skýrt fram að meginhluti menningarstarfs sé í höndum einstaklinga eða samtaka án nokkurra afskipta hins opinbera. Að frátöldum rekstri nokkurra veigamikilla stofnana er hlutverk ríkisins fyrst og fremst „að búa í haginn fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að og stuðla að því eftir föngum að slíkt frumkvæði fái notið sín.“¹⁴² Samningar menntamálaráðuneytisins við sveitarfélög eru sérstaklega nefndir sem dæmi um slíka stefnu, þar sem ríkið leggur að hluta til fjármagn, en sveitarfélögin ráðstafa því. Þetta er ágætis dæmi um *afmiðjun*, þar sem ákvarðanir um innihald eru teknar í „héraði“ en ekki af fjarlægum embættismönnum.

Í skýrslunni frá 2002 er starfsemi ríkis á sviði lista og almennra menningarmála sögð bundin *rekstri stofnana, starfrækslu sjóða til stuðnings menningarstarfi og stuðningi við starfsemi og verkefni* sem ýmist eru lögbundin eða styrkir á grundvelli fjárveitinga hverju sinni. Meginflokkarnir eru: *Listir og almenn menningarmál, bókmenntir, leiklist og aðrar sviðslistir, myndlist, tónlist,*

141 *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, ípróttir, æskulýðsmál* 2002: 5.

142 Sama rit.

kvikmyndalist, menningararfur, útvarp, málrækt, ýmis fræðistörf, ýmislegt, ýmis íþróttamál og æskulýðsmál. Slík flokkun orkar alltaf tvímælis, sérstaklega flotkennd heiti á borð við *listir og almenn menningarmál* og *ýmislegt*.

Þessi vandi liggur samt í eðli allrar flokkunar og eins og ljóst má vera af umfjöllun minni um menningarhugtakið er ekkert skrítið að menningaryfirvöld lendi í smá vanda við að afmarka menningarsviðið. Mér virðist samt sem nákvæmlega þessi flokkun eigi að framkalla þá mynd að dreifing opinbers menningarfjár sé bæði jöfn og víðfeðm og sem flest svið menningar njóti góðs af framlögum ríkisins. Sé rýnt nánar í tölurnar kemur hins vegar í ljós að nánast öll fjárframlög renna til greina á borð við bókmenntir, hinn þjóðlega menningararf, útvarp og tungumálastefnu, sem styrkja eiga íslensku menningarvitundina.

Fyrsti meginflokkurinn sem ég tek fyrir úr skýrslunni frá 2002 er *listir og almenn menningarmál*. Þar eru *listamannalaun* efst á blaði en þeim hefði gjarnan mátt skipta upp í *Launasjód rithöfunda*, *Launasjód myndlistarmanna*, *Tónskáldasjód* og *Listasjód* því þannig var uppskiptingunni í raun háttað. Slíkt hefði samt leitt í ljós hversu hátt hlutfall listamannalauna rennur til rithöfunda og því afhjúpað misskiptinguna sem ríkir á milli listgreina þegar kemur að skiptingu höfundarlauna.

Ég mun greina listamannalaun nánar í næsta undirkafla en dreifing á milli greina er síður en svo jöfn. Með því að setja alla undir sama hatt er verið að skapa tálsýn um jafna dreifingu, því þótt skýrslan tilgreini hversu mörg mánaðarlaun hver sjóður fékk er ekkert sagt um hversu margir sóttu um hvern sjód og hvort rökrétt sé t.d. að veita rithöfundum 480 mánaðarlaun en myndlistarmönnum einungis 320.

Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Listasafn ASÍ og *Listaskreytingasjóður ríkisins* eru öll sett undir myndlistarflokkinn þrátt fyrir að þau varðveiti sannarlega þjóðmenningararfinn. Hið sama má segja um ýmsa þætti hins vafasama *Ýmislegt*-flokks sem inniheldur m.a. *Skriðuklaustur*, *Snorrastofu* og *Hestamiðstöð Íslands*. *Íslensk málstöð*, *Sögufélagið*, *Hið íslenska fornritafélag*, *Iðnsaga Íslands*, *Tónlistarsaga Íslands* og *Hið íslenska bókmenntafélag*, sem eru sett undir hatt *Málræktar* og *Ýmissa fræðistarfa*, eiga að mínu mati einnig heima í flokki menningararfsins.

Menningarsjóður félagsheimila, *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*, *Þjóðleikhúsið*, *Listasafn Íslands*, *Sinfóníuhljómsveit Íslands* og *Kvikmyndasafn*

Íslands eru einnig stofnanir sem hægt væri að flokka undir menningararfs-flokkinn. Sama má segja um *Ríkisútvarpið*, því um hlutverk þess og skyldur stendur í lögum: „Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.“¹⁴³

Sé lítið á sambærilegar tölur fyrir árið 2009 hefur lítið breyst. Nokkrir nýir liðir hafa bæst við og aðrir, eins og *Hestamiðstöðin*, eru dottnir út. Þó er ein veigamikil breyting. Þótt flokkunin sé hin sama fylgir stutt klausa yfirflokkunum sem skýrir betur helstu markmið og ástæður að baki fjárveitingum. Þetta gildir líka um skýrslurnar frá 2006, 2007 og 2010 og eru þessar fjórar skýrslur því líklegast þær prentuðu heimildir frá menntamálaráðuneytinu sem komast næst því að sameina hugmyndafræðilegar forsendur og fjárútlát. Veitir skýrslan frá 2010 því ákveðinn lykil að því hvernig málum er háttað núna í menningarumsvifum menntamálaráðuneytisins.

Yfirflokkarnir eru *Stuðningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við listir og ýmis menningarmál*, *Stuðningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við söfn og málefni á sviði menningararfs* og *Stuðningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við íþróttar- og æskulýðsmál*.

Undir flokknum *Stuðningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við listir og ýmis menningarmál* er sagt að þessum stuðningi sé „annars vegar ætlað að jafna aðstöðu og auðvelda landsmönnum að njóta lista og menningar og hins vegar að tryggja eðlilegan starfsgrundvöll listamanna.“¹⁴⁴ Þá er tekið fram að starfsemi ríkisins beinist að atvinnulistamönnum og listastofnunum. Skýrslan tilgreinir einnig fimm undirflokkar: *Rekstur listastofnana, bein framlög af fjárlögum til sjálfstæðra listastofnana o.fl. aðila, starfslaun listamanna, rekstur verkefnasjóða á sviði lista og almennra menningarmála* og *rekstur eða stuðningur við kynningu á íslenskum listum og listamönnum*. Tvö einkenni nýrrar opinberrar stjórnunar vekja athygli en mælt er fyrir um að sjálfstæð listastarfsemi sé styrkt og bent á nauðsyn kynningar á íslenskum listum erlendis.

Í *Stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við söfn og málefni á sviði menningararfs* er lögð áhersla á verndun menningarsögulegra minja. Tryggja skuli að íslenskur menningararfur komist óspilltur til komandi kynslóða og auðvelda eigi aðgang að honum. Stuðningur ríkisins skiptist í fernt:

143 Sjá „Lög um Ríkisútvarpið ohf.“, náglast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0773.html>

144 *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál* 2010: 6.

Rekstur menningarstofnana, fjárstuðningur við aðrar stofnanir á sviði menningararfs, rekstur sjóða er styrkja verkefni o.fl., og veiting rannsóknarleyfa og eftirlit með rannsóknum. Menningarsamningar hafa nú verið gerðir við Akureyri, Austurland, Vesturland, Eyþing (samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra), sveitarfélög á Norðurlandi vestra, sveitarfélög á Vestfjörðum, sveitarfélög á Suðurlandi og sveitarfélög á Suðurnesjum. Tilgangur samningsins við Akureyri er að efla bæinn sem miðstöð menningarstarfs utan höfuðborgarsvæðis og er það samkvæmt stefnu stjórnvalda í byggðamálum. Með slíku samstarfi fer saman frumkvæði og ábyrgð á verkefnum og eiga framlög Akureyrarbæjar ekki að vera lægri en framlag ríkissjóðs á hverjum tíma. Stuðningurinn er fyrst og fremst ætlaður Leikfélagi Akureyrar, Listasafni Akureyrar og Sinfóníuhljóm-sveit Norðurlands. Hér er því haldið fast í „stofnanavædda“ menningarstefnu.

Athygli vekur að samgönguráðuneyti er beinn aðili að samningunum við bæði Austurland og Vesturland, til móts við menntamálaráðuneyti „og þannig er leitast við að efla menningartengda ferðaþjónustu.“¹⁴⁵ Það er því ekki farið í neinar grafgötur með að menning og ferðaþjónusta eigi að vera nátengd á landsbyggðinni. Um samninginn við Vesturland segir m.a.:

Árið 2005 var undirritaður samningur sem gildir til ársloka 2008 um samstarf menntamálaráðuneytis og samgöngumálaráðuneytis við 17 sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Samningurinn var endurnýjaður fyrir árið 2010. Menningarráð Vesturlands er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og hefur meðal annars það hlutverk að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna og verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu á Vesturlandi, jafnframt því að annast framkvæmd samningsins.¹⁴⁶

Allir samningarnir milli ríkis og sveitarfélaga eru orðaðir með svipuðum hætti í skýrslunni. Áhersla er lögð á þróunarstarf, úthlutun fjármangs, að annast framkvæmd samningsins og að úthluta fjármagni til verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Eini munurinn á samningunum er fjárhæðin sem sveitarfélögin fá.

Framlög til menntamálaráðuneytis á fjárlögum 2009 er 58,8 milljarðar króna af 555,6 milljarða heildarútgjöldum ríkissjóðs. Það fara 17,9% af heild-

145 Sama rit: 21.

146 Sama rit: 21.

arfjárveitingu menntamálaráðuneytis til menningarmála. Séu afnotagjöld til Ríkisútvarps dregin frá eru framlög til menningarmála 7,6 milljarðar, sem eru 12,9% af heildarfjárveitingu til menntamálaráðuneytisins. Sömu tölur á fjárlögum 2010 eru 60,4 milljarðar króna af 560,7 milljarða heildarútgjöldum ríkissjóðs. Um 16,8% af heildarfjárveitingu mennta- og menningarmálaráðuneytis fara til menningarmála. Sé RÚV ekki talið með eru framlög til menningarmála 6,9 milljarðar, eða 11,4% af heildarfjárveitingu til ráðuneytisins.

Samsvarandi hlutfallstala á fjárlögum 2006 var 14% og hefur fjármagn til menningarmála því heldur rýrnað á þessum fjórum árum. Það er rétt að skoða skýrsluna frá 2006 aðeins betur því ólíkt skýrslunum frá 2009 og 2010 veitir hún ýtarlegt, sundurliðað yfirlit yfir framlög á fjárlögum til menningarmála árið 2006, þegar 41,1 milljarður króna af 315 milljarða heildarútgjöldum ríkissjóðs runnu til menningarinnar. Til að gera betri grein fyrir umfangi ríkis í menningarmálum endurprenta ég í töflu 1 framlög ríkis til menningarmála 2006. Allar tölur eru í milljónum króna.¹⁴⁷

147 Þessi tafla sýnir yfirlit yfir framlög á fjárlögum til menningarmála 2006 og er að finna í skýrslunni *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál* frá 2006, síður 27-34.

Stofnun Sigurðar Nordals	Greitt úr ríkissjóði	24,4
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	Greitt úr ríkissjóði	116,1
Orðabók Háskólans	Greitt úr ríkissjóði	30,2
Íslensk málstöð	Greitt úr ríkissjóði	20,2
Örnefnastofnun Íslands	Greitt úr ríkissjóði	16,2
Kvikmyndaskoðun	Almennur rekstur	9,1
Fornleifavernd ríkisins	Almennur rekstur	50,4
	Sértekjur	-5,2
	Greitt úr ríkissjóði	45,2
Þjóðminjasafn Íslands	Almennur rekstur	347,5
	Byggða- og minjasöfn	40,9
	Hönnunarsafn Íslands	9,9
	Húsasafn Þjóðminjasafnsins	70,0
	Sértekjur	-43,5
	Greitt úr ríkissjóði	424,8
Þjóðskjalasafn Íslands	Almennur rekstur	146,1
	Héraðsskjalasöfn	12,9
	Sértekjur	-13,1
	Greitt úr ríkissjóði	145,9
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	Almennur rekstur	601,2
	Sértekjur	-96,2
	Greitt úr ríkissjóði	505,0
Listasafn Einars Jónssonar	Almennur rekstur	16,4
	Sértekjur	-1,0
	Greitt úr ríkissjóði	15,4
Listasafn Íslands	Almennur rekstur	147,0
	Listasafn Ásgríms Jónssonar	5,0
	Almennur rekstur samtals	152,0
	Sértekjur	-22,6
Kvikmyndasafn Íslands	Greitt úr ríkissjóði	129,4
Blindrabókasafn Íslands	Greitt úr ríkissjóði	34,4
	Almennur rekstur	74,1
	Sértekjur	-5,5
	Greitt úr ríkissjóði	68,6
Safnasjóður	Greitt úr ríkissjóði	83,7

Söfn, ýmis framlög til rekstrar o.fl.	Samtals	51,3
Listasafn ASÍ		5,3
Nýlistasafn		7,8
Listasafn Sigurjóns Ólafsson		7,4
Galdrasýning á Ströndum		5,0
Söfn, ýmis framlög		14,9
Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis		10,9
Söfn, ýmis framlög til stofnkostnaðar o.fl.	Samtals	125,5
Sildarminjasafnið á Siglufirði		15,0
Vikinganaust í Reykjanesbæ		20,0
Söfn, ýmis stofnkostnaður		90,5
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	Samtals	124,7
Þjóðskjalasafn Íslands		20,0
Endurbætur menningarstofnana		24,7
Þjóðleikhúsið		20,0
Menningarhús		36,0
Byggðasöfn		24,0
Ríkisútlit	Afnotagjöld	2.550,0
	Innheimt af ríkistekjum	2.550,0
Íslenski dansflokkurinn	Almennur rekstur	104,6
	Sértekjur	-11,1
	Greitt úr ríkissjóði	93,5
Þjóðleikhúsið	Almennur rekstur	736,6
	Sértekjur	-193,2
	Greitt úr ríkissjóði	543,4
Sinfóníuhljómsveit Íslands	Greitt úr ríkissjóði	296,4
Menningarsjóður	Greitt úr ríkissjóði	13,0
Höfundarréttargjöld	Samtals	99,3
Til samtaka höfundarréttarlaga		92,5
Vegna flutnings tónverka við guðspjónustur		1,0
Vegna flutnings tónverka við jarðarfarir		3,2
Fylgiréttargjald í Myndstef		2,6
Greitt úr ríkissjóði 1,0 m.kr., innheimt af ríkistekjum 98,3 m.kr.		
Listasjóðir (starfslaun listamanna)	Greitt úr ríkissjóði	293,2
Húsafríðunarnefnd	Almennur rekstur	16,8
	Húsafríðunarsjóður	202,4
	Sértekjur	-45,0
	Greitt úr ríkissjóði	174,2

Listskreytingasjóður	Greitt úr ríkissjóði	7,2
Kvikmyndamiðstöð Íslands	Almennur rekstur	69,6
	Kvikmyndasjóðir	372,4
	Greitt úr ríkissjóði	442,0
Listir	Framlög samtals	662,0
Bókasafnssjóður höfunda		19,3
Þýðingarsjóður		12,5
Bókmenntakynningarsjóður		10,0
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar		18,0
Starfsemi áhugaleikfélaga		18,2
Bandalag íslenskra leikfélaga		5,5
Starfsemi atvinnuleikhópa		47,0
Tónlistarsjóður		50,0
Tónlist fyrir alla		7,0
Barnamenningarsjóður		2,5
Íslenska tónverkamiðstöðin		10,6
Íslenska óperan		175,6
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi		90,0
Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál		37,0
Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál		15,0
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis		43,2
Menningarsjóður félagsheimila		8,7
Listahátíð í Reykjavík		32,0
Listir		39,7
Menningarstofnanir, óskipt		20,2
Ýmis fræðistörf	Samtals	157,3
Fræðistörf		10,7
Styrkir til útgáfumála		13,4
Launasjóður höfunda fræðiritra		11,4
Iðnsaga Íslands		3,8
Tónlistarsaga Íslands		4,1
Hið íslenska bókmenntafélag		15,0
Fræða- og þekkingasetur		66,6
Skriðuklaustur		16,2
Snorrastofa		11,1
Fornleifasjóður		5,0
Norran samvinna	Greitt úr ríkissjóði	13,0

Æskulýðsmál	Samtals	162,6
Æskulýðsráð ríkisins		3,0
Ungmennafélag Íslands		82,0
Bandalag íslenskra skáta		22,5
Útílífsmiðstöð skáta Úlfhjótsvatni		1,5
Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi		1,5
Landssamband KFUM og KFUK		25,0
Æskulýðsrannsóknir		3,0
Æskulýðssjóður		10,0
Æskulýðsmál		14,1
Ýmis íþróttamál	Samtals	254,4
Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands		108,7
Ólympíu nefnd fatlaðra		1,5
Íþróttasamband fatlaðra		21,5
Skólaíþróttir		2,0
Íþróttasjóður		18,3
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri		3,5
Íþróttamiðstöð Íslands		1,0
Glímusamband Íslands		4,5
Skáksamband Íslands		15,0
Launasjóður stórmeistara í skák		11,6
Skákskóli Íslands		6,9
Afreksmannasjóður		30,0
Bridgesamband Íslands		12,0
Lýfjaeftirlit		7,0
Ýmis íþróttamál		10,9
Ýmis íþróttamál	Stofnkostnaður samtals	135,0
Landsmót ungmennafélaga í Kópavogi 2007		20,0
Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð		5,0
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri		30,0
Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði		5,0
Sparkvellir		25,0
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík		50,0
Ýmislegt	Samtals	130,7
Útvarpsréttarnefnd		9,6
Ýmis framlög		65,5
Ýmis framlög menntamálaráðuneytis		55,6
Ýmislegt, stofnkostnaður	Samtals	269,5
Ýmis stofnkostnaðarframlög		152,5

Þessi skýrsla er verðmætur vitnisburður um störf og umsvif hins opinbera í menningarmálum.¹⁴⁸ Sé rýnt nánar í stefnu og tölur er ríkið býsna samkvæmt sjálfu sér því helstu markmið þess eru bundin varðveislu og þróun þjóðmenningar og tungumáls og þessum markmiðum á að ná með starfrækslu sjóða til stuðnings menningararfi, rekstri stofnana og ýmsum öðrum stuðningi. Eins og sjá má af magni og fjölbreytileika stofnana, verkefna og viðburða, er umfang ríkisins í menningarmálum töluvert. Eins og hjá öðrum þjóðum sem vinna eftir arkitektalögmálinu þá skiptir það sköpum fyrir framgang og þróun lista og menningar í samfélaginu.

Alengt er að litið sé á hið opinbera sem hálfgerða risaeðlu og úthlutunarnefndir eru ekki öfundsverðar þegar kemur að því að velja og hafna. Það er sama hvað þær gera, ákvarðanir af þessu tagi eru alltaf umdeildar. Að standa að umdeildri ákvörðun er þó ekki slæmt í eðli sínu, svo framarlega sem það er hægt að rökstyðja ákvarðanatökuna vel og er þá eðlilegt að stefna og fjárútlát haldist í hendur. Þetta sýnist mér vera raunin með fjárútlát á vegum ríkisins því langstærstum hluta fjármagns til menningarstofnana má á einn eða annan hátt tengja við viðhald og miðlun menningararfs og hinnar góðkunnu menningarvitundar.

Dæmi um þetta er fyrirferð stórra stofnana á borð við Þjóðleikhús, Landsbókasafn, RÚV, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Listasafn Íslands og safnasjóð. Þetta er í fullu samræmi við þróunina á Norðurlöndum en eins og greining Peter Duelund ber með sér þá gleypa stofnanir langstærstan hluta opinbers fjár til menningar. Minni stofnanir og setur á borð við Skriðuklaustur og Snorrastofu taka einnig sitt, sem og fjölmargar ennþá minni stofnanir sem margar hverjar vinna að vörslu og miðlun staðbundins menningararfs og uppgangi menningartengdrar ferðaþjónustu. Sturlustofa í Dölum, Grettisból á Laugarbakka, Heklusetrið á Leirubakka og Hús Gísla í Uppsölum eru ágæt dæmi um slíkt.

Skýrslunni *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir og æskulýðsmál* frá 2009 svipar mjög til skýrslanna frá 2006 og 2007, reyndar svo mjög að hún er nánast alveg eins orðuð, þótt fjárhæðir séu vitaskuld aðrar. Það er því ekki hægt að greina neina stefnubreytingu enda réði Sjálfstæðisflokkurinn enn lögum og lofum í menningarmálum þegar skýrslan var gerð.

148 Í skýrslunni má einnig finna sundurliðun á ýmsum óskiptum liðum. Sjá sama rit, síður 30-34.

Nokkrar breytingar má þó tína til, eins og t.d. stofnun Bókmenntasjóðs með lögum frá 2007, en hann tók við hlutverki Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs. Helsta hlutverk Bókmenntasjóðs er að styrkja útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka sem eru til þess fallin að efla íslenska menningu, að styrkja útgáfu erlendra bókmennta á íslenska tungu og að stuðla að kynningu á íslenskum bókmenntum, hérlandis sem og erlendis. Árið 2009 er framlag samkvæmt fjárlögum 50 milljónir króna.¹⁴⁹ Aðrar breytingar sem vert er að nefna er fjölgun menningarsamninga við sveitarfélög og þá er rétt að ítreka að hlutfallslega lækkuðu framlög til menningarmála frá 2006 til 2009, úr 14% af heildarfjárveitingum til menntamálaráðuneytisins í 12,9%.

Þetta var einnig tilfellið í sams konar skýrslu frá 2010 en þar var hlutfallið komið í 11,4%. Að öðru leyti svipar skýrslunni frá 2010 mjög til forvera síns. Þjóðmenningarhúsið færðist frá forsætisráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Skýrslan notast við sama form en fyllir með nýjum tölum og endurspeglar því ekki hugmyndafræðilega kúvendingu menningarmála undir VG enda fátt sem bendir til að slík kúvending hafi átt sér stað.

Af þessum skýrslum má ráða að stefna ríkis í menningarmálum er ágætlega samræmd hvað hugmyndafræði og fjárveitingar varðar. En það er mikilvægt að setja spurningarmerki við forgangsróðun slíkrar stefnu. Menningarpólitík snýst að hluta um þá einföldu staðreynd að einhver, eða einhverjir taka ákvörðun um ákveðna stefnu og í framhaldi af því er ákveðnum leiðum forgangsraðað til að koma stefnunni í verk. Eða í anda Michel Foucault: Ákveðinni orðræðu er hyglt á kostnað annarrar, svo úr verður orðræðubúnt. Það orðræðubúnt sem hefur mest vald á bak við sig verður ráðandi og myndar ákveðið sannleiksveldi, þar sem ráðandi hugmyndafræði er látin líta út fyrir að vera eðlileg. Eins og ekkert annað komi í raun til greina. Það sannleiksveldi sem nú er við lýði í menningarpólitík á vegum hins opinbera byggir á sama grunni og Secta, Fjölnismenn og Jón Sigurðsson reistu kenningar sínar á og ég hef kennt við íslenska menningarvitund. En er það æskileg menningarstefna við upphaf 21. aldar? Hverjar gætu mögulegar afleiðingar slíkrar stefnu orðið fyrir þróun íslenskrar menningar og íslenskra lista?

149 Sjá *Menning: Listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál* 2009: 10.

Nokkur einkenni opinberrar menningarstefnu

Áðurnefndar skýrslur fara ekki í felur með að menningarstefna íslenska ríkisins beinir kröftum sínum sérstaklega að varðveislu menningararfsins og uppbyggingu íslenskra sjálfsmynda. Jafnvel þótt menntamálaráðuneytið sjái ekki ástæðu til að orða slíka stefnu beint þá birtist hún í felulitum þegar fjárframlög ríkisins til menningarmála eru skoðuð.

Í fyrsta kafla notaði ég kenningar Jürgens Habermas og Michel Foucault til að sýna fram á nokkur einkenni síðmóðernismans. Í kjölfarið setti ég saman módel sem sýnir mögulegar hreyfingar milli ráðandi þátta menningarpólítíska sviðsins. Séu slíkar hreyfingar bornar saman við það sem þegar hefur verið sagt um íslenska menningarpólítík er eðlilegt að spyrja hvort stjórnvöld geti leyft sér að hygla gildum og listrænu mati sem virðist eiga meiri samleið með nítjándu öldinni en þeirri tuttugustu og fyrstu. Birtingarmynd slíkrar stefnu verður sérstaklega sterk í landi eins og Íslandi sem tilheyrir arkitektamódelinu og setur því menningarstarfsemi ríkisins í öndvegi. Fámenn og dreifð byggð landsins þýðir að enn meiri ábyrgð er á herðum ríkisvaldsins og því hafa ákvarðanir menningaryfirvalda mikið að segja um almennar birtingarmyndir lista og menningar í landinu. Markaðslögmál rúmlega 300.000 manna samfélags duga engan veginn til að tryggja öflugt lista- og menningarlíf og því er hluti vandamálsins bundinn fjárveitingu almennt. Það þýðir að ein grunnforsenda framtíðarmenningarstefnu sé að hækka framlag ríkisins til menningarmála verulega.

Hugmyndafræðilega hliðin er hins vegar ekki síður mikilvæg og þar eru breytingar nauðsynlegar. Hér er ágætt að rifja aðeins upp hvaða sess Habermas skipaði menningarsviðinu í upphaflegum skrifum sínum um almannasviðið en þar leggur hann þau til grundvallar vel starfandi pólitískum sviðum. Með öðrum orðum; sé ekki hlúð rétt að menningarsviðunum verða innviði pólitísku sviðanna fúin. Því fyrr sem ráðandi valdhafar gera sér grein fyrir því að menning er ekki táknræn góðgerðarstarfsemi og skraut heldur mikilvægt samfélagslegt afl því líklegra er að hún öðlist réttmætan sess. Stjórn málaarmurinn hefur fyrst nú tekið almennilega við sér þegar hagstæð fjárhagsleg áhrif menningar koma æ betur í ljós. Ég tel þá hlið þó skipta minnstu máli og það væru mikil mistök að byggja menningarstefnu að mestu á gróðavon. Það sem skiptir mestu máli eru *innri gildi* lista og menningar fyrir mannlíf í landinu og þessi innri gildi myndast í lífheimi hins borgaralega samfélags, þar sem menning og tungumál skipa stærstan sess.

Menning og listir eru fær um að koma við kviku fólks, hreyfa við því, láta því líða verr eða betur, fá það til að hugsa, bæta sig, bæta aðra, breyta lífssýn, stuða og staðfesta á víxl, brjóta hversdagslegar viðjar og í sumum tilvikum gera hversdaginn þolanlegan. Listir og menning eru ekki einungis lituð jákvæðum þáttum enda er fjarri því að einungis jákvæðir þættir hafi afgerandi áhrif á þróun sjálfsvitundar einstaklinga. Listir og menning geta nefnilega vakið upp neikvæð jafnt sem jákvæð viðbrögð. Það mikilvæga er að *vekja viðbrögðin*. Að fá fólk til að tala, til að mynda sér skoðanir og tjá þær, til að stuðla að öflugum almannasviði þar sem lífleg umræða og skoðanaskipti eiga sér stað.

Gagnrýnin hugsun er einn mikilvægasti þáttur starfhæfra samfélaga. Því eiga menningaryfirvöld að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hreyfa við fólk og þar gegna listir og menninglykilhlutverki. Núverandi menningarstefna virðist hrædd um að slíkt almannasvið tjái skoðanir sem eru gagnstæðar íslensku menningarvitundinni og hrófli þar með við ráðandi sannleiksveldi. Það er hins vegar nauðsynlegt að menningaryfirvöld geri sér grein fyrir að meira er í húfi en bara varðveisla menningarvitundarinnar.

Módelið úr fyrsta kafla sýnir ýmsar mögulegar hreyfingar milli ríkis, markaðar, almannasviða og lífheims sem mótaðar eru af lykilhugtökum á borð við þjónustu, upplýsingar, eftirspurn, pólitískar ákvarðanatökur, fjölmiðla og nýmiðla. Ysta svið móðelsins umlykur hin og stýrist af skilningi Foucault á sambandinu milli valds og þekkingar. Þetta samband getur af sér orðræðubúnt og sannleiksveldi sem oft taka á sig undarleg form í fámennissamfélagi eins og því íslenska.

Seilingarfjarlægðarlögmálið seildist árið 1991 loksins til allra greina sem rétt eiga á listamannalaunum. Fram að því hafði vald pólitíkusa og embættismanna verið mikið. Því miður tókst seilingarfjarlægðarlögmálinu samt ekki að eyða pólitískum þef með öllu úr kerfinu vegna þess að því er beitt á svo takmarkaðan hluta menningarsviðsins. Jafnvel þótt fagleg stjórnun verði algengari, eins og virkni seilingarfjarlægðarlögmálsins er gott dæmi um, þá er hinn pólitíski armur enn of langur. Fjölga þarf nefndum sem lúta starfsreglum seilingarfjarlægðarlögmálsins og koma þarf ákvarðanatökum um ráðningarferli forstöðumanna menningarstofnana ríkisins í faglegri farveg en nú ræður ráðherra of miklu um síkar ráðningar. Þetta vald ráðherra hefur þó minnkað innan ákveðinna sviða, m.a. varðandi útdeilingu listamannalauna. En þegar kemur að útdeilingu fjár til menningarstofnana og ýmissa stofnana sem lúta að

menningararfinnum þá gætir áhrifa seilingarfjarlægðarlögmálsins hvergi, eða þá að dregið er úr virkni þess, m.a. með nefndum sem hafa eingöngu ráðgefandi hlutverk.

Þrátt fyrir að mestur styr standi jafnan um útdeilingu listamannalauna þá eru fjárveitingar til þeirra smáræði samanborið við menningarstofnanir sem raka til sín langstærstum hluta þess fjár sem ríkið lætur til menningarmála. Því er afar mikilvægt að gengið sé frá ráðningu forstöðumanna þeirra með faglegum hætti. Besta leiðin til að tryggja slíkt er að mynda fagnefndir sem vinna eftir seilingarfjarlægðarlögmálinu.

Alvarlegasta dæmið um skort á slíkri fagmennsku er að mínu mati *Útvarpsréttarnefnd*, sem lengi var valin af Alþingi, og *Útvarpsráð*, sem kosið var hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Útvarpsráð tók m.a. ákvarðanir um hvernig útvarpsefni og sjónvarpsefni skyldi hagað í megindráttum innan ramma fjárhagsáætlunar og lagði fram tillögur til útvarpsstjóra um ráðningu starfsfólks. Það segir sig því sjálft hversu mikilvægt það var að rétt væri staðið að skipunum í ráðið. Til að bæta gráu ofan á svart var útvarpsstjóri sjálfur valinn beint af menntamálaráðherra til fimm ára í senn, án seilingarfjarlægðarlögmálsins. Í nýju lögunum um Ríkisútvarpið ohf. hefur þessu ferli verið breytt lítillega þótt áhrif pólitíska armsins séu enn of mikil.

Það er því skiljanlegt að Gestur Guðmundsson segi í úttekt sinni á íslenskrri menningarpólitík að furðu sæti að ráðherra ráði beint í stöður helstu menningarstofnana þjóðarinnar og að slíkar ráðningar séu reglulega gagnrýndar fyrir að vera á tvísýnum forsendum pólitíkur eða fjölskyldu- og vinatengsla. Gestur segir forstöðumenn stofnana einnig hafa verið sakað um að hygla starfsfólki sínu á sömu forsendum¹⁵⁰ og því sé eðlilegt að fólk sé tortryggið í garð stöðu- og fjárveitinga menningarbákns ríkisvaldsins, sérstaklega í ljósi þess að sami stjórnmálaflokkur hafði lykлавöld í menntamálaráðuneytinu frá 1991 til ársbyrjunar 2009.

Ekki ætla ég að fullyrða neitt um þessa staðhæfingu Gests og hann færir sjálfur ekki frekari rök fyrir henni. Hún er líklega byggð á tilfinningu, og í sumum tilvikum augljósum staðreyndum, eins og raunin var um tímabundna stöðuskipan Auðuns Georgs Ólafssonar í stól fréttastjóra útvarps árið 2005 eða þá undarlegu staðreynd að fyrrverandi útvarpsstjóri hafi gert hlé á störfum

150 Gestur Guðmundsson 2003: 132.

sínum til að taka við starfi borgarstjóra í nafni Sjálfstæðisflokks í tæplega þrjú ár – og horfið svo aftur í stól útvarpsstjóra eins og ekkert hafi í skorist. Starfsmenn ráðuneytisins hafa brugðist við slíkum pólitískum áhrifum með því að reyna að beita seilingarfjarlægðarlögmálinu sem mest og tryggja þannig eftir mætti fagleika án pólitískrar íhlutunar. Þannig er ætlunin að fagnefndir muni í auknum mæli taka yfir ýmsar fjárveitingar og útdeila þeim eftir leiðum sem einkennast ekki af pólitískum klíkuskap heldur af sérfræðikunnáttu viðkomandi nefndarmeðlima, eins og hefur t.d. tíðkast með útdeilingu listamanna-launa síðan 1991. Nýstofnaður Bókmenntasjóður er gott dæmi um slíka starfshætti.

Liður í slíku ferli er gerð árangurstjórnunarsamninga en þeir eru umdeildir. Stuðningsmenn þeirra halda því fram að þeir geri ákvörðunarferli, virkni og afköst menningarstofnana skýrari og meiri. Andstæðingar telja hins vegar að slíkir samningar skerði frelsi forstöðumanna og starfsmanna safna, og þrengi aðferðum og markmiðum *kerfisins* upp á starf þeirra. Báðir hópar hafa nokkuð til síns máls og fer þetta vitaskuld aðallega eftir gerð samninganna. Í Danmörku er t.d. algengt að samningarnir kveði ekki einungis á um ákveðin tölfræðileg markmið og staðreyndir heldur einnig innihaldsleg markmið.¹⁵¹ Slíkur samningur gæti skikkað menningarstofnun til að draga til sín ákveðinn fjölda gesta árlega, fjármagna ákveðið hlutfall starfsemi sinnar að utan og standa fyrir ákveðnum fjölda sýninga, viðburða, fyrirlestra og útgáfu rita. Þetta þykir flestum mjög eðlilegt enda er athafnafrelsi safnstjóra mikið undir slíkum vinnuáðstæðum. Málin vandast þó þegar starfssamningurinn skiptir sér af gerð og innihaldi þeirra sýninga sem safnið á að standa fyrir, þegar ekki er látið nægja að nefna fjölda sýninga heldur séu einnig kvaðir um að hafa eina sýningu með verkum Errós, Ólafs Elíassonar, Kjarvals eða Rúríar.

Skipti árangurstjórnunarsamninga sér ekki af innihaldinu þykja þeir yfirleitt ágætis leiðbeiningar sem veita stofnunum aðhald og gera stefnumótun þeirra skýrari. Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár verið duglegt við að gera og endurnýja slíka samninga við menningarstofnanir og sé lítið nánar á nokkra þeirra virðist forsvarsmönnum menningarstofnana ekki stýrt óþarflega mikið. Árangurstjórnunarsamningum á vegum menntamálaráðuneytisins er skipt upp í *tilgang*, *hlutverk*, *fjármál*, *markmið* og *áherslur*, *skyldur*

151 Sjá Duelund 2003b.

og ábyrgð, mat og eftirlit á starfseminni, önnur ákvæði og gildistíma og endurskoðun samnings. Margt er staðlað í þessum samningum og gildir því fyrir allar stofnanir. Liðir eins og tilgangur samnings og fjármál hljóma því keimlíkt en ef tekið er dæmi af samningi menntamálaráðuneytis og Listasafns Íslands er tilgangur hans að „festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytis og stofnunar, auk þess að draga fram áherslur vegna stefnumótunar og áætlanagerðar.“¹⁵² Nokkrar línur eru tileinkaðar hlutverki safnsins en annars er vísað til laga. Fjármálin eru orðuð á svipaðan hátt og er þar skýrt tekið fram að nái safnið sér í aukatekjur leiðir það ekki til lækkunar á framlagi ríkissjóðs. Stefna ráðuneytisins er því enn sú að hvetja söfn til að verða sér úti um fé eftir öðrum leiðum.

Að öðru leyti er samningurinn mjög dæmigerður. Nokkrar setningar eru um varðveislu, miðlun, söfnun, rannsóknir, aðgengi og þjónustu, starfsumhverfi, endurmenntun og jafnréttisstefnu en slíkt er eðlileg krafa hjá ríkisstofnun. Undir liðnum *Mat og eftirlit á starfseminni* eru markmið m.a. að auka gesta-fjölda um 10%, hafa a.m.k. eina stóra alþjóðlega sýningu, halda minnst tvær sýningar á samtímalist, minnst tvær sýningar á safneigninni, standa fyrir a.m.k. einni listsýningu fyrir börn, halda tvær vefsýningar á heimasíðu safnsins og gefa út minnst eitt rit um íslenska myndlist. Auk þess er safninu gert að halda þrjár sýningar á landsbyggðinni.

Ekkert af þessu getur talist óeðlilegt og ekki get ég séð að pólitíski armurinn sé að þrengja sínum hagsmunum upp á starfsemi safnsins, þar sem um mjög almenn markmið er að ræða. Árangursstjórnunarsamningar eru samt sem áður tæki nýrrar opinberrar stjórnunar og því er eitt helsta hlutverk þeirra að koma á skýrari stjórnunarleiðum, aukinni samsöfnun tölfraðilegra upplýsinga og innleiðingu kerfa sem mælt geta slíkar upplýsingar.

Þótt samningarnir leggi ákveðnar tölfraðilegar kvaðir á stofnanir ná þeir ekki til innihaldsins, samanber samninginn við Listasafn Íslands. Samningarnir eru því liður í að gera ákvörðunarferli og fjárstreymi milli ráðuneytis og sjóða og stofnana skýrara og markvissara. Þannig er um svipað afmiðjunarferli að ræða og Peter Duelund greindi sem einkenni á Norðurlandamódelinu

152 „Menntamálaráðuneyti og Listasafn Íslands gera með sér eftirfarandi samning“, samninginn nálgadist ég hjá starfsfólki menningardeildar menntamálaráðuneytis. Hægt er að fá yfirlit yfir samningana á vef menntamálaráðuneytis, sjá „Árangursstjórnunarsamningar við menningarstofnanir“, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Forsidugreinar/nr/3412>

síðasta áratuginn. Ríkið veitir fé og ákvarðar heildarstefnu, sem hverfist að mestu um íslenska tungu og viðhald og miðlun menningararfs, en *stofnanir* eða sérstök *menningarráð* ákvarða nánari stefnu og hvernig fénu er veitt, þó í samstarfi við menntamálaráðuneytið. Með þessum samningum fá menningarráð landshlutanna nokkuð vald og mun ég líta nánar á samsetningu þeirra og seilingarfjarlægð í kaflanum um menningarstefnu sveitarfélaga síðar en þar virðast mál ekki í sama faglega farvegi og ríkið vinnur að. Þessi ráðavæðing nær þó ekki einungis yfir samninga við sveitarfélög því líta má á Tónlistarráð, Leiklistarráð, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Safnaráð sem liði í þessu ferli.

Að síðustu er rétt að skoða þrjú atriði menningarstefnu ríkisins nánar. Í fyrsta lagi leggur menningarstefnan mikið upp úr hinum þjóðlega menningararfi og rennur mest fé til sjóða og stofnana sem tengjast honum. Samt sem áður var einn hornsteina menningararfsins, Þjóðminjasafn Íslands, lokaður vegna breytinga á húsakynnum og safnkosti frá 1998 til 2004. Landsmenn höfðu því ekki aðgang að safninu í sex ár! Þetta er vísbending um ákveðinn eðlismun menningarstefnu í orði og menningarstefnu í reynd. Einnig finnst mér þetta vísbending um vægi menningar í íslensku samfélagi. Hefði vægið verið meira og meiri meðvitund um mikilvægi safnsins, t.d. á þróun sjálfsvitundar ungra Íslendinga, hefði þetta aldrei verið liðið.

Í öðru lagi er híbríðum síðmóðernismans varla gerð nein skil, hvorki hvað varðar liststefnur né samsetningu íslenskrar þjóðar. Menningarstefnan tekur sáralítið tillit til erlendra ríkisborgara, en frá árinu 1991 til 2009 fjölgaði þeim úr 2,1% í 7,6%.¹⁵³ Þessum tæplega átta prósentum finnst eflaust dálítið skrítið að samsama sig menningarstefnu sem gerir hlut íslensku og menningararfs svo mikinn og við þessu þarf að bregðast.

Í þriðja lagi langar mig að skoða nánar samstarfsfyrirlysingu og 100 daga áætlun núverandi ríkisstjórnarflokka, Samfylkingar og VG.¹⁵⁴ Ríkisfjármál og önnur efnahagsmál eru mest áberandi í fyrirlysingunni og er menningin undir-

153 Sjá reiknilíkan á heimasíðu Hagstofu Íslands, nálgast 2. september 2009. URL: <http://hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Hlutfall+erlendra+r%EDkisborgara+af+mannfj%F6lda+1950%2D2006+%26path=../Database/mannfoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>

154 Áætlunina má t.d. finna á heimasíðu Samfylkingarinnar, sjá „Samstarfsfyrirlysingu og 100 daga áætlun“, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.samfylkingin.is/Fr%C3%A9ttir/articleType/ArticleView/articleId/374/categoryId/3/Samstarfsfyrirlysingu-og-100-daga-atlun>

skipuð menntun í kaflanum *Menntun að leiðarljósi*. Þar er einungis tvisvar sinnum fjallað sérstaklega um menningu. Því er haldið fram að hlúa verði að menningarstarfsemi um allt land með áherslu á íslenska frumsköpun og svo er tekið fram að móta verði menningarstefnu til framtíðar í samráði við listamenn og aðra fagaðila. Þótt þessi markmið séu ágæt út af fyrir sig er umfang þeirra ekki mikið og ekki er farið nánar út í einstakar útfærslur. Menningarhugtakinu bregður þó fyrir aftur síðar í yfirlýsingunni og þá undir formerkjum uppbyggingar og markaðssetningar menningarferðaþjónustu, íslenskrar matargerðarlistar og við markaðssókn erlendis. Íslenska útrásin virðist hér hafa skipt um ham; í stað „fjármálavits“ flytjum við nú út íslenska menningu. Þessi hamskipti virðast staðfest í kaflanum um utanríkis- og Evrópumál en þar á að nota menninguna við að byggja upp ímynd lands og þjóðar og endurheimta orðspor Íslands. Nýja stjórnin virðist þó hafa komið auga á misræmi í skiptingu menningarstofnana milli ráðuneyta því talað er um að menningarstofnanir og verkefni á vegum forsætisráðuneytisins verði færð yfir í ráðuneyti mennta- og menningarmála.

Ég tel enn of snemmt að segja til um *reynd* menningarstefnu ríkisstjórnar Samfylkingar og VG. En ef marka má *sýnd* samstarfsyfirlýsingarinnar virðist menningargeiranum ekki gert sérstaklega hátt undir höfði og þau markmið sem þó eru orðuð fylgja þeirri þróun sem hefur verið rakin hér að framan. Formlegra breytinga er þó þegar farið að gæta, líkt og nafnabreyting ráðuneytisins í mennta- og menningarmálaráðuneyti, en slíkur verknaður er bitlaus fylgi hugmyndafræði og fjárstreymi ekki með.

Menningarþing, undir yfirskriftinni *Menningarlandið 2010* – Mótun menningarstefnu, var haldið í lok apríl 2010. Það bendir til þess að athygli muni í auknum mæli beinast að hugmyndafræðinni að baki menningarstefnu. Á þinginu var greining Hauks F. Hannessonar á núverandi menningarstefnu kynnt og var tilgangur þingsins að fá viðbrögð við greiningunni og hugmyndir sem gætu nýst við mótun framtíðarmenningarstefnu. Greining Hauks er í raun ekki greining heldur frekar samantekt á menningarstefnu íslenska ríkisins eins og hún leit út í desember 2009 og sem slík gagnast hún vel sem yfirlit.¹⁵⁵ Enn

155 Yfirlit Hauks um framkvæmd menningarstefnu er vel til fundið en hann skiptir slíkri framkvæmd í stefnuyfirlýsingar, lagasetningu, samninga, almenn ákvæði í lögum, sértæka styrki ráðuneytis, sértæka styrki Alþingis og ákvarðanatökur sveitarfélaga/landshluta-samtaka.

hefur ekki verið formlega unnið úr hugmyndunum sem komu fram á þinginu en vissulega ber að fagna slíku framtaki og er það til merkis um að vitundin um mikilvægi menningarstefnu sé að aukast.

Þótt ríkisvaldið gegni lykilhlutverki í menningarstjórnun landa sem heyra undir arkitektamódelið þá eru aðrir leikendur sem vert er að skoða nánar. Eitt helsta einkenni öflugs almennasviðs er rökstudd og gagnrýnin skoðanaskipti þar sem andstæðir pólar takast á og komast að sameiginlegri millilendingu, með aðstoð skynsamlegra boðskipta að hætti Habermas. Þetta verður seint talið til helstu einkenna íslenska menningarsviðsins, því þrátt fyrir ýmsan lít-
ilsháttar ágreining virðast allir valdamestu aðilar þess í aðalatriðum sáttir við núverandi notkun á menningarvitundinni, menningararfinum, náttúrunni og tungumálinu. Eftirfarandi greining á stefnu Bandalags íslenskra listamanna, sveitarfélaga, markaðar, menningartengdri ferðaþjónustu, fjölmiðlum, menningarstefnu stjórnmalaflokkanna og alþjóðlegri samvinnu styrkir frekar stoðir slíkrar kenningar.

Bandalag íslenskra listamanna og listamannalaun

Bandalag íslenskra listamanna, BÍL, var stofnað 6. september árið 1928. Það er regnhlífasamtök 13 félaga¹⁵⁶ og samstarfs- og samráðsvettvangur listamanna. Starfsemi bandalagsins hefur þó verið slitrótt og hvílt að miklu leyti á herðum forseta bandalagsins. Í tilefni 75 ára afmælis bandalagsins birti það menningarstefnuna *Framtíðarsýn og stefnumótun í íslensku listalífi*¹⁵⁷ sem nær yfir árin 2004-2008. Stefnan er afrakstur starfshóps sem samanstóð af stjórn BÍL og um 40 gesta þess veturinn 2003-2004.

Fjöl margar hugmyndir voru reifaðar og hafa sumar þegar orðið að veruleika. Meðal hugmyndanna eru hirðlistamaðurinn, sem auka á samstarf listamanna og skóla; stofnun sérstaks menntaskóla í listum, dansdeild við Listaháskóla Íslands; kennsla í arkitektúr og skipulagi í grunnskólum, endurmenntum

156 Félögin eru Arkitektafélag Íslands, Félag íslenskra listdansara, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Félag kvikmynda-gerðarmanna, Félag leikmynda- og búningahöfunda, Félag leikstjóra á Íslandi, Félag tónskálda og textahöfunda, Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra og Tónskáldafélag Íslands.

157 Stefnuna má sjá á heimasíðu Bandalags íslenskra listamanna, „Framtíðarsýn og stefnumótun,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://bil.is/index.php?option=content&task=view&id=18&Itemid=38>

listamanna, kvikmyndadeild við Listaháskóla Íslands, nám í leikmynda- og búningahönnun við Listaháskóla Íslands, listaverkalán, kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, aukinn fréttaflutningur á sviði lista, afnám virðisauka-skatts af listum og tónlist, aukin aðkoma listamanna að stjórnsýslu menningarmála; efling innlendrar dagskrár- og kvikmyndagerðar, stofnun sérstaks menningarmálaráðuneytis, skattalöggjöf vegna framlags fyrirtækja; gagnsæi og skilvirkni í stuðningskerfi ríkis og sveitarfélaga við listir, listamannalaun en ekki menningarhús, þ.e. að fjölga mánaðarlaunum í stað þess að reisa fleiri stofnanir, menningarlottó, og loks er bent á mikilvægi hátíða á borð við Jazzhátíð Reykjavíkur, Reykjavík Dance Festival og Kvikmyndahátíð í Reykjavík.¹⁵⁸

Þessar hugmyndir eru úr skýrslu sem unnin var í kjölfar fyrsta fundar hópsins í október 2003. Þessi forskýrsla gefur ákveðin fyrirheit um forgangs-röðun BÍL. Í henni eru meginmarkmið fjögur: *Listin sem hreyfiafl samfélagsins, menning verði metin að verðleikum, listamenn svari kalli þjóðarinnar og útrás listanna*. Stefnan er sett fram sem framtíðarsýn og þegar markmiðum hefur verið hrint í framkvæmd, er raunin m.a. þessi:

Menningarleg verðmæti eru metin til jafns við veraldleg gæði og arðsemi menningar er orðin viðurkennd stærð. Nú er litið til fjárfestinga í menningu og listum, en styrkjahugtakinu hefur verið útrýmt. Aðkoma listamanna að stjórnsýslu menningarmála er víðtæk og nær til allra greina. [...] Umræða um listir og menningu fer fram á öllum stigum samfélagsins. Fjölmiðumræðan [sic] er málefnaleg, uppbyggileg og byggir á faglegum grunni. Framsækinni list er tekið fagnandi í öllum greinum og sérstök rækt er lögð við grasrótina og nýsköpun.¹⁵⁹

Klausan er sett fram sem hugsanlegur afrakstur stefnumótandi vinnu listamanna og er því eins konar draumsýn þeirra. Allt sem þarna stendur ætti samt að vera sjálfsagt mál frekar en útópísk draumsýn og segir það sitthvað um þá stöðu sem menningu og listum er sköpuð í íslensku samfélagi. Hlutir eins og réttur listamanna til að lifa af list sinni, að fjárframlög til liststofnana tryggi hallalausan rekstur, að menningarfréttir séu fastur liður í öllum fréttamiðlum landsins og að listalíf sé viðurkenndur þáttur atvinnulífsins en ekki dragbítur,

158 Þessar hugmyndir eru kynntar í *Framtíðarsýn og stefnumótun í íslensku listalífi: Niðurstöður 1. fundar 5.-6. október 2003*.

159 Sama rit.

eru einnig hluti þessarar draumsýnar. Allt ætti þetta auðvitað að vera sjálfgefið og í raun ótrúlegt að enn skuli barist um jafn sjálfsagða hluti.

Undir liðnum *listamenn svara kalli þjóðarinnar* í draumsýninni er list-sköpun, listiðkun og listneysla orðin svo mikil að hróður íslensks listalífs laðar fjölda ferðamanna að árlega, tónlistarhúsið hefur verið opnað og hýsir bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna, fjölmargar hátíðir eru haldnar árlega og skipulag RÚV hefur verið tekið í gegn, m.a. með því að hafa útvarpsráð ekki lengur pólitískt skipað heldur skipað af fagaðilum á sviði lista. Listamenn eru einnig uppteknir af samruna listalífs og atvinnulífs, samanber liðinn *útrás listanna*: „Fulltrúi listamanna á fast sæti sem fulltrúi í Útflutningsráði Íslands. Ísland er útflutningsland í listum. Gjaldeyrstekjur af list meiri en það sem við eyðum í listir og menningu en umfram allt hefur listin skapað ómælda virðingu heimsins fyrir landinu og ísland [sic] sem vörumerki á ótal aðdáendur í heiminum.“¹⁶⁰ Slíkur samruni helst í hendur við menningar-tengda ferðaþjónustu og listamenn telja hag sínum vel borgið í frekari notkun og miðlun á íslensku menningarvitundinni:

Kvikmynd Friðriks Þórs um Sturlungaöldina hefur leitt til þess að alþjóðlegur áhugi á íslenskri fornöld hefur kviknað. Njála var myndbikuð í kjölfarið svo bókin varð alþjóðlegur bestseller. Þar á eftir fylgdi dramatíseruð orðbikun Völuspár með Ragnarökum og tilheyrandi. Ferðamenn flykkjast að sjá frum-handrit fornsagna, kaupa þýðingar og DVD myndir og tónlist. *Fornsögurnar verða einstaknar listrænn höfuðstóll, gæðastimpill fyrir íslenska list.*¹⁶¹

Þessi forskýrsla bendir einnig á kosti þess að lækka tekjuskatt listamanna úr 38% í 5% og að álögur á listgreinar skili sér aftur til listamanna í formi sjóða. Höfundatekjur verði skattlagðar sem eignatekjur en ekki launatekjur og skattayfirvöld viðurkenni þannig sérstöðu hinna skapandi stétta, þar sem ein-yrkjar og smárekendur eru áberandi. Almennt er hvatt til þess að skattlagning á menningu verði minnkuð, að menningarfyrirtæki fái skattaflátt og framlög til menningarmála verði að stærri hluta frádráttarbær. Þá vilja þeir að starfs-laun listamanna séu aukin til muna og segja það eina skilvirkustu leiðina til að tryggja fjölbreytt og gróskumikið listalíf. Að lokum tilnefnir skýrslan fjóra

160 Sama rit.

161 Sama rit. Skáletrun mín.

spena *Auðhumlu* sem næra á listamenn framtíðarinnar: *Ríki, fyrirtæki, tekjur af sölu listaverka og sveitarfélög*.

Þessi forskýrsla var ekki endanleg, frekar eins konar bráðabirgðagögn. Slík gögn segja samt sitt um forgangsöröðun, áhyggjuefni og óskir þeirra íslensku listamanna sem þátt tóku í gerð stefnunnar. Sjálf framtíðarsýnin var gefin út í litlum bæklingi á ensku og íslensku og er hægt að nálgast hann á vef BÍL. Innangangsorð framtíðarsýnarinnar gefa vísbendingu um hvernig listamenn upplifa stöðu sína í íslensku samfélagi: „Sú tilhneiging virðist rík í íslenskri stjórnsýslu að líta á listamenn fyrst og fremst sem hagsmunaaðila eða þrýstihóp, en ekki fagaðila, enda hefur aðkoma þeirra oftar en ekki verið mörkuð af bónbjörgum eða beiðni um lausn tiltekinna mála.“¹⁶² Vaxandi víðsýni og alþjóðavæðing hefur þó opnað augu stjórnámálamanna fyrir mikilvægi lista og menningar til menningarlegs sjálfstæðis og sjálfsvitundar þjóðarinnar. Því sé í auknum mæli farið að líta á framlög til lista sem fjárfestingu frekar en styrki.

Framtíðarsýnin skiptist nú í sex liði: *Samráð við listamenn, list í fjölmiðlum, starfsumhverfi listamanna, menntun, list og samfélag og listviðburði og útrás*. Hlutir eins og aukin listmenntun, list fyrir alla, betri umfjöllun um listir og menningu í sjónvarpi og prentmiðlum, aukin þátttaka listamanna í ákvarðanaferli stjórnvalda, listamannalaun, breytingar á skattlagningu skapandi afurða og bygging tónlistarhúss hafa lifað af niðurskurð fyrri skýrslu. Auk þess sem sérstaklega er bent á mikilvægi listsköpunar sem atvinnu- og útflutningsgreinar.

Listamenn leggja til að efla verulega listkennslu á öllum stigum grunnskóla og framhaldsskóla og að listkynningar og heimsóknir listamanna í skóla verði reglulegur viðburður. Þeir vilja setja á laggirnar vinnuhóp og upplýsingamiðstöð sem stuðli að aukinni umfjöllun og sýnileika lista og menningar í fjölmiðlum. Þá eiga fulltrúar listamanna að taka virkan þátt í nefndum sem fjalla um og útdeila fjárveitingum til lista- og menningarmála, bæði á vegum ríkisins og sveitarfélaga. Bandalagið leggur til að lög um virðisaukaskatt verði samræmd fyrir allar listgreinar og að fjárfesting í listum verði að fullu frádráttarbær til skatts. Einnig vill Bandalagið stuðla að rannsóknum á framlegð menningarlífsins svo fólki verði ljósar hinar jákvæðu hliðarverkanir lista og menningar á íslenskt samfélag.

¹⁶² „Inngangur“, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.bil.is/index.php?option=content&task=view&id=19&Itemid=38&sP=25>

Það segir ýmislegt um stöðu menningar á Íslandi að ein helsta krafa listamanna er sú að menningarleg verðmæti verði metin til jafns við veraldleg gæði. Sumum kann að koma það spánskt fyrir sjónir en staðreyndin er einfaldlega sú að enn eru ýmsir hagsmunaaðilar menningarvettvangsins að berjast fyrir tilverurétti sínum. Slíkar ytri aðstæður setja BÍL í slæma samningsaðstöðu og því kemur ekki á óvart að það taki upp efnahagslegan þankagang, m.a. með aukinni áherslu á menningartengda ferðaþjónustu.

Það er ýmislegt gott í tillögum Bandalagsins, eins og aukid gegnsæi og samráð við listamenn um stefnumótun í menningarmálum, að fjöldi starfslauna listamanna verði endurskodaður reglulega með hliðsjón af áætlaðri þörf, að setja eigi meiri pening og metnað í íslenska dagskrárgerð og umfjöllun um listir í fjölmiðlum og mikilvægi menningarlegrar menntunar á öllum skólastigum. En það hvetur einnig til samskonar notkunar á lista- og menningarhugtakinu og kerfisþættir samfélagsins. Í framtíðarsýn Bandalagsins bregður fyrir svipuðu orðalagi og stefnumörkun og einkennir opinberar skýrslur menntamálaráðuneytisins; bókmenntaarfurinn og sérstaklega fornsögurnar eru „menningarmarineraðar“ beitur sem erlendir ferðamenn eiga að kokgleypa svo hægt sé að draga þá inn í íslenska lögsögu. Fornsögunum er því enn ætlað að gegna hlutverki listræns höfuðstóls og gæðastimpils íslenskra lista.

Þrátt fyrir að ytri aðstæður lista og menningar fái Bandalag íslenskra listamanna til að orða framtíðarsýn sína með svo fornaldarlegum hætti þá eru ýmsar aðrar niðurstöður þeirra í takt við síðmóðerníska samfélagsgerð, eins og t.d. krafa þeirra um *Listalottó*. Slík krafa hróflar þó við arðbærum valdasamböndum því aðkoma lista og menningar að lottó-pottinum þýddi vitanlega að þeir sem nú eiga greiðastan aðgang að kjötkötlunum myndu fá minna. Þetta liggur samt í eðli allra breytinga og því er virðingarvert að listamenn komi fram sem sameiginlegur hagsmunahópur og setji fram markmið sín. Þannig setja þeir pressu á stjórnvöld, atvinnulíf og almenning, kasta spilum sínum opinskátt á borðið og hvetja til umræðu.

Í lokaútgáfu framtíðarsýnarinnar er lagt til að stofnað verði sérstakt menningarmálaráðuneyti og einnig kemur fram tillaga um að stofnað verði sérstakt menningarráð, eins og algengt er víða í Evrópu. Listamenn vonast til að slíkar skipulagsbreytingar veiti þeim meira vald við gerð áætlana, stefnu og útteilingu fjár, auk þess sem þetta yrði viss viðurkenning á mikilvægi menningarlegra almannasviða. Þótt þetta séu góð og gild rök er ég ekki viss um að

sérstakt menningarmálaráðuneyti myndi leysa neinn vanda, sérstaklega ekki í íslensku fámennissamfélagi. Það er einmitt kostur að málaflokkurinn deili ýmsum praktískum kostnaði með menntun og vísindum auk þess sem þessir málaflokkar skarast oft. Ég held að betra sé að líta á hvernig fjármunum ráðuneytisins sé skipt og að hækka beri prósentuna sem rennur til menningarmála. Menntun hefur alltaf verið forgangsraðað á kostnað menningar en það er bara stefna. Og stefnum má breyta – og ber að breyta – í takti við breytingar í samfélaginu.

Framtíðarsýnin ítrekar nauðsyn þess að fjölga mánuðum til listamanna-launa. Slík forgangsörðun kemur ekki á óvart því hentugt fjárhagslegt umhverfi og öryggi er eitt grunnskilyrði þess að atvinnulistamenn geti einbeitt sér að iðju sinni. Samtök listamanna eyða jafnan töluverðu púðri í að rétta hag félagsmanna sinna en þótt þessi barátta hafi skilað þeim betri kjörum, sérstaklega með lögum um listamannalaun frá 1991, þá hefur þessi umræða fært kastljósið frá þeim vettvangi þar sem peningaflæði er hvað mest. Þannig gefur framtíðarsýn listamanna furðu lítinn gaum að úthlutun í sjóði sem flokkast undir menningararfinn og fjármagni til rekstrar, viðhalds og stofnunar ýmissa menningarstofnana.

Hins vegar stendur jafnan nokkur styr um útdeilingu listamannalauna, enda um mun persónulegra mál að ræða en t.d. *Endurbótasjóð menningarstofnana* – sem er þó um 100 milljónum drýgri sjóður samkvæmt fjárútlátum 2002. Þrátt fyrir að listamenn og hagsmunasamtök þeirra bendi reglulega á að auka þurfi fjárframlög í launasjóð listamanna gerðist ekkert markvert í fjölda ára frá þeim lögum sem sett voru árið 1991. Árið 1996 voru lögín endurskoðuð án nokkurra veigamikilla breytinga og bjuggu listamenn því lengi við sjóði sem stofnsettir voru þá. Flokkarnir höfðu yfir að ráða 1.200 mánaðarlaunum (jafngildi 100 árslauna) og samkvæmt þágildandi lögum um listamannalaun fékk *Launasjóður rithöfunda* 480 mánaðarlaun, *Launasjóður myndlistarmanna* 320 mánaðarlaun, *Tónskáldaskjóður* fékk 100 mánaðarlaun og *Listasjóður* 300 mánaðarlaun.¹⁶³

Það kemur ekki á óvart að rithöfundar fengu flest mánaðarlaun til úthlutunar. Það er í anda þeirrar áherslu sem íslenska menningarvitundin hefur alltaf lagt á ritað mál. Sagnaarfurinn og godsagnirnar sem spunnust um rit-

163 Sjá „Lög um listamannalaun“, nálgast 14. mars 2007. URL: <http://listamannalaun.is/log.php?visi=1>

glöðu smáþjóðina í norðri hafa löngum lifað með Íslendingum – en að hversu miklu leyti er það móðernískur tilbúningur sem var notaður í sjálfstæðisbaráttunni til að réttlæta sjálfstæðiskröfuna og skapa landsmönnum sameiginlega þjóðarvitund? Þessi sama menningarlega vitund er nú í auknum mæli notuð til að auka veg menningartengdrar ferðamennsku og kynna íslenskar lista- og menningarafurðir erlendis. En þetta fjárfleði til bókmennta er ekki í samræmi við breytt neyslumynstur menningarunnenda síðmóðernismans, sem í auknum mæli forgangsraða sjónrænum miðlum, og þá sérstaklega sjónvarpi og interneti.¹⁶⁴

Lengi vel sáu íslensk menningaryfirvöld ekki ástæðu til að bregðast við þessum breytingum, í það minnsta ef marka má meðhöndlun þeirra á skýrslu sem starfshópur¹⁶⁵ um endurskoðun á starfslaunum listamanna vann og skilaði í október 2002. Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, setti saman hópinn að beiðni BÍL til að endurskoða löginn um listamannalaun. Vinnuhópurinn lagði fram tillögur að breytingum á fyrirkomulagi listamannalauna og hvernig standa skuli að úthlutun þeirra. Þá lagði hann fram tillögur að breytingum á skipulagi og meðferð málefna sem tengjast listum og listsköpun í víðu samhengi, m.a. með stofnun sérstaks *Listráðs*.

Helstu tillögur starfshópsins voru að endurskilgreina ætti hlutverk og þörf einstakra sjóða, sérstaklega út frá breyttum aðstæðum í samfélaginu. Mánaðarlaunum í *Rithöfundasjóð*, *Tónskáldasjóð* og *Myndlistarsjóð* fjölgi um 165 mánaðarlaun á næstu þremur árum, *Listasjóður* verði lagður niður og *Tónlistarsjóður*, *Sviðslistarsjóður* og *Hönnunarsjóður* reistir á rústum hans. Þeim 300 mánaðarlaunum sem *Listasjóður* hefur til umráða verði skipt á milli þessara þriggja sjóða, auk þess sem 135 mánaðarlaun bætast við næstu þrjú árin. Þannig myndi mánaðarlaunum fjölga samtals úr 1.200 í 1.500.

Skipan í úthlutunarnefndir á að breyta og leggur hópurinn til að auglýst verði eftir umsóknum um sæti í nefndir og verði nefndarmenn valdir á grundvelli hæfni og fagkunnáttu. Skýrsluhöfundar leggja þar sérstaka áherslu á *jafningjamat* og *seilingarfjarlægðarlögmálið*. Að lokum leggur hópurinn til að sérstakar reglur verði settar sem komi í veg fyrir að listamenn geti orðið

164 Sjá Fridberg 2003.

165 Hópurinn skipuðu Magnús Ragnarsson, formaður, Hjálmar Ragnarsson og Tinna Gunnlaugsdóttir. Karitas Gunnarsdóttir skrifstofustjóri var tengiliður hópsins í menntamálaráðuneytinu.

„áskrifendur“ að launum, þ.e. takmörkun á því hversu lengi listamenn geta samfellt fengið laun, að úthlutun starfslauna fari fram einum mánuði fyrir en nú tíðkast og að fellt verði niður núverandi ákvæði um að 25% heildarstarfs-launa hvers sjóðs verði veitt til listamanna sem fá laun í meira en eitt ár.

Þetta er eðlilegt viðbragð við auknum fjölbreytileika lista og fjölgun lista-sjóða, því sé litið á sjóðina fjóra sniðu þeir listhugtakinu ansi þröngan stakk. Margir þeirra listamanna sem lentu utan sérhæfðu sjóðanna þriggja urðu því að sækja um í Listasjóð þar sem fjármagn var lítið og samkeppni við aðrar list-greinar mikil. Þá var þess getið í lögum um Listasjóð að þriðjungur hans skyldi renna til leikfélaga. Svona íhaldssamt fyrirkomulag, sem hefur meira að gera með módernískar hugmyndir um hámenningu en raunverulega þróun sið-módernísku samfélags, getur hæglega valdið því að íslensk menning verði ein-hæfni og vanþróun að bráð. Þótt deila megi um einstakar breytingar og tillögur starfshópsins, lék enginn vafi á að fjölga þyrfti sjóðum og fjölga starfslaunum til muna í öllum sjóðum. Þess vegna voru ný lög um listamannalaun mikilvægt skref til að endurnýja og aðlaga launin að breyttum samfélagsstrúktúr en þau tóku gildi 1. maí 2009 og verður vikið að þeim síðar. Fyrst er þó rétt að skoða tillögur hópsins sem vann skýrsluna árið 2002.

Hópurinn gerði breytingatillögur um skipan í úthlutunarnefndir sem mér finnst orka tvímælis, því af öllum sjóðsumsvifum á vegum menntamálaráð-neytisins í menningarmálum er farvegur listamannalauna hvað faglegastur, því seilingarfjarlægðarlögmálið er þar kyrfilega tryggt. Þriggja manna stjórn listamannalauna hafði yfirumsjón með sjóðunum auk þess sem hún úthlutaði úr Listasjóði. Menntamálaráðherra skipaði stjórnarmenn til þriggja ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna og Listaháskóla Íslands og einn án tilnefningar. Úthlutanir úr Launasjóði rithöfunda, Launa-sjóði myndlistarmanna og Tónskáldasjóði voru svo ákveðnar af þriggja manna fagnefndum, þ.e. ein fagnefnd var starfrækt fyrir hvern sjóð. Þessar fagnefndir voru skipaðar af menntamálaráðherra samkvæmt tillögum frá Rithöfunda-sambandi Íslands, Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Tónskáldafélagi Íslands. Seilingarfjarlægðarlögmálið var því tryggt og virkt við allar úthlutanir listamannalauna.

Úthlutanirnar eru þó alltaf umdeildar, bæði vegna þess huglæga mats sem þær krefjast og vegna þess að erfitt er að ganga fullkomlega úr skugga um hvort lögmálið sé í raun virkt í fámennissamfélagi eins og því íslenska, þar sem pers-

ónuleg kynni og pólitísk tengsl eru aldrei langt undan. Kröfunni um fjölbreytileika lista og fagleika úthlutunar styrkja og launa væri því ekki endilega fullnægt með fjölgun listasjóða, einfaldlega vegna þess að það gæti verið erfitt að finna nægilega hæft og hlutlaust fólk í úthlutunarnefndirnar. Íslenska menningarsamfélagið getur því ekki tekið upp starfsaðferðir Norðmanna þar sem 25 nefndir úthluta styrkjum og launum úr jafnmörgum sjóðum.¹⁶⁶ Þótt slíkt sé fjölbreytileika lista og menningar holt kemur íslenska fámennissamfélagið í veg fyrir að hægt sé að setja upp sambærilegt kerfi hér. Hættan við það kerfi sem hér var lengi við lýði var samt sem áður sú að íslenska listsamfélagið yrði of einhæft og þær „klassísku“ greinar sem þá voru studdar brygðust af vanefnum við fjölbreytileika síðmóðernismans.

Tillögur starfshópsins voru þó skref í rétta átt og fjölgun sjóða úr fjórum í sex virtist raunhæfur kostur, í það minnsta út frá þeim vanda að finna hæft fólk til að velja milli umsókna. Ég tel þó hugmyndir hópsins ekki ganga nógu langt til að tryggja jákvæða þróun íslenska listhugtaksins. Hvað með gagnrýndur, sjálfstæða menningarblaðamenn, margmiðlunarlistamenn, internetlistamenn, listræna ljósmyndara, plötusnúða, veggmálara o.s.frv.? Auðvitað er hægt að halda því fram að sumar þessara greina fái úthlutað úr núverandi sjóðum, en hvaða sjóður á til að mynda að styrkja margmiðlunarlistamenn sem gera listaverk þar sem texti, ljósmyndir, hreyfimyndir, forritun, hljóð og mikil gagnvirkni eru í einu og sama listaverkinu? Það þarf augljóslega að stokka kerfið upp og færa það nær nútímanum. Spurningin er einungis hvort hægt sé að gera það af einhverju viti í svona litlu samfélagi.

Vinnuhópurinn brást við þessu vandamáli með því að leggja til að nefndar meðlimir sem úthluta launum væru ekki valdir heldur yrði auglýst í nefndarstöðurnar, svo hver sem er gæti sótt um. Ég á samt erfitt með að sjá hvernig þetta myndi höggva á hnútinn þar sem það liggur alveg jafnmikið huglægt mat að baki slíkum ráðningum og úthlutun núverandi kerfis. Þetta myndi vissulega fjölga umsækjendum en ekki endilega gera þá hæfari.

Málefni launasjóða listamanna liggja þó aðeins að hluta hjá menningar-yfirvöldum. Listamenn sjálfir og félög þeirra hafa vitaskuld ýmislegt að segja – og ekki er óeðlilegt að hver oti sínum tota þar. Vinnuhópurinn lagði til að launasjóðskerfið myndi bregðast við sjónrænni hneigð samfélagsins

166 Heikkinen 2003: 290.

og hækka myndlistarsjóð hlutfallslega mest. Rithöfundar fengju eftir sem áður flest mánaðarlaun, eða 495, en hlutur myndlistarmanna myndi hækka úr 320 mánaðarlaunum í 410. Ástæðan fyrir þessu er einfaldlega sú að langflestir listamenn sækja í sjóð myndlistarmanna og eins og staðan var fyrir nýju lögin frá 2009 var því hlutfallslega erfiðast að fá laun úr honum.¹⁶⁷ Árið 2007 gerðu 185 myndlistarmenn tilkall til þeirra 320 mánaðarlauna sem sjóðurinn veitir, á meðan 144 rithöfundar slógust um 480 mánaðarlaun rithöfunda. Um 40% rithöfunda sem sóttu um fengu laun en einungis 16% myndlistarmanna.¹⁶⁸ Hlutföllin eru skást hjá tónskáldum en 11 fengu styrk af þeim 25 sem um sóttu.

Breyttar áherslur starfshópsins voru því mjög í takti við þá þörf sem virðist vera í samfélaginu og þá staðreynd að fleiri myndlistarmenn sækja um laun heldur en rithöfundar. Hér er rétt að taka það fram að skilgreining á myndlistarmanni hefur tekið mun meiri breytingum en skilgreining á rithöfundi. Þótt myndlistarmenn fáið enn við „hefðbundna“ málun og höggmyndagerð spannar svið þeirra einnig videolist, sjónvarpslist, tölvulist, innsetningar og gjörninga, svo dæmi séu nefnd. Engan þarf því að undra að ásókn í myndlistarsjóðinn sé mest og því er rökrétt að bæta flestum launum við hann. Einnig mætti víkka skilgreiningamengi rithöfundarhugtaksins og bæta við listrænum bloggurum, ritgerðasmiðum, leikskáldum og handritshöfundum, en þegar lítið er á útdeilingu launa fer lítið fyrir slíkum höfundum.

Þótt slíkar breytingar virðist rökréttar og jafnvel sanngjarnar er vald sjaldnast látið baráttulaust af hendi, sérstaklega ekki er það hníkar við gamalgrónum orðræðubúntum. Því kemur ekki á óvart hve mörg ár liðu frá gerð skýrslunnar þar til brugðist var við breyttri hneigð og þörf samfélagsins með nýjum lögum um listamannalaun. Augljóst er að skýrsla starfshópsins hafði áhrif á nýju lögin, með kostum og göllum. Einn gallanna er að BÍL virðist meðvitundarlaust um margar áleitnar spurningar sem stafrænum menningar kallar yfir menningarsamfélagið. Hvað með höfundarrétt, dreifingu listrænna afurða, innleiðingu nýrra listgreina og sterkara mótssvar við

167 Heimasíða starfslauna listamanna gefur gott yfirlit yfir úthlutanir frá 1993-2009. Sjá „Tilkynningar“, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.listamannalaun.is/default.asp?page=44&PgSize=10>

168 Árið 2005 var ástandið enn verra en þá sótti 231 um í sjóð myndlistamanna. Hlutfallið það ár var því einungis um 13%.

mergsognum menningararfi? Því miður hefur ekkert marktækt svar komið frá Bandalaginu hingað til.¹⁶⁹

Seinni hluti skýrslu vinnuhópsins er um mikilvægi sérstaks *Listráðs* sem á að vera samráðsvettvangur stjórnvalda og listamanna um málefni listalífsins. Ráðið myndi hafa yfirlit með fjárveitingum, frumkvæði, ráðgjöf og stefnumótun, framkvæmd og upplýsingamiðlun. Hópurinn leitar fyrir myndar slíks ráðs hjá hinum Norðurlöndunum og í ríkjum á borð við Bretland, Írland og Holland. Eitt helsta hlutverk slíkra ráða er að vera eins konar brú milli listamanna og stjórnmalamanna og benda skýrsluhöfundar í þessu sambandi á mikilvægi virks seilingarfjarlægðarlögmáls. Listráð taka á sig mismunandi myndir milli landa en eftirfarandi klausa segir ýmislegt um þá vigt sem hópurinn telur hið opinbera eiga að hafa í menningarmálum: „Yfir heildina litið er það nokkuð ljóst að þar sem markaðsöflin eru ráðandi er menningin einsleitari og viðkvæmari fyrir utanaðkomandi áhrifum, enda á tímafrek og áhættusöm frumsköpun þá nánast alltaf undir högg að sækja.“¹⁷⁰ Listráð, sem fengi til ráðstöfunar allt fjármagn sem eyrnamerkt væri listum og vald til þess að veita því til þeirra sem því þykir réttast, myndi að mati hópsins koma málefnum lista og menningar í faglegri skorður. Hópurinn leggur ennfremur til að í Listráði verði níu manns, 3 samkvæmt tilnefningu ráðherra og/eða ríkisstjórnar, 3 tilnefndir af BÍL, rektor Listaháskóla Íslands, formaður stjórnar listamannalauna og forseti Bandalags íslenskra listamanna. Með þessu yrði seilingarfjarlægðarlögmálið tryggt, því pólitíski armurinn er í minnihluta.

Þótt sjálfsagt megi þrefa um nákvæma útfærslu slíks ráðs er vilji innan menningardeildar menntamálaráðuneytisins til að koma umsvifum menningarmála í fastari skorður. Má því búast við breytingum, sérstaklega í ljósi þeirra „ræðavæðingar“ menntamálaráðuneytisins sem þegar hefur verið minnst á. Í lokaorðum skýrslunnar er hnykkt á mikilvægi opinberrar íhlutunar þegar kemur að málefnum listalífsins og eru ein helstu rök þeirra smæð markaðarins:

169 Þess ber að geta að nú eru á vegum BÍL teknir til starfa hópar listamanna sem eiga að móta nýja list- og menningarstefnu Bandalagsins. Hópunum er skipt í eftirfarandi flokka: Ritlist, myndlist og arkitektúr, tónlist, sviðslistir og kvikmyndir.

170 *Niðurstöður starfshóps um endurskoðun laga um starfslaun listamanna* 2002: 19.

Listsköpun er grunnþáttur gróskumikils menningarlífs, en menningin bindur okkur saman í einni þjóð, um leið og hún skapar verðmæti til framtíðar, bæði á andlega og efnahagslega vísu.

Opinber stuðningur við listalífð er forsenda þess að hér þrífist atvinnu-mennska í listum, sambærileg að gæðum við það sem gerist í þeim menningarsamfélögum sem við helst berum okkur saman við.

Smæð markaðarins vegur þungt, en reynsla annarra þjóða bendir ótvírætt til þess að fjölbreytt og metnaðarfullt listalíf fái ekki þrífist á forsendum framboðs og eftirspurnar eingöngu, umtalsverður stuðningur sé í öllum tilfellum nauðsynlegur og aðkoma opinberra aðila sjálfsögð. Lög um starfslaun listamanna hafa reynst íslensku þjóðinni ómetanleg.¹⁷¹

Þótt starfshópurinn gangist við mikilvægi hins opinbera þá eru listamenn vitaskuld einnig opnir fyrir öðrum fjármögnunarleiðum og hafa, eins og gerð var grein fyrir í framtíðarsýn þeirra, í auknum mæli hallað sér að hinum frjálsa markaði. Hlutfall þess fjár sem markaðurinn lætur til menningarmála er og verður samt sem áður einungis brotabrot af því sem ríki og sveitarfélög eyrna-merkja menningu og listum, auk þess sem forsendurnar að baki hins fyrrnefnda eru af allt öðrum toga. Á afmörkuðum sviðum menningarmála hefur skapast hefð fyrir virkri notkun seilingarfjarlægðarlögmáls og er því fyrst og fremst beitt til að koma í veg fyrir pólitíska misnotkun. Þegar fyrirtæki eða virðulegir patrónar menningarinnar veita fé til menningar og lista er alls óvíst að slíku lögmáli sé beitt, því yfirleitt er féð gefið á forsendum fyrirtækisins. Því er mjög mikilvægt að samtök listamanna komi af stað svipaðri umfjöllun um mikilvægi Listráðs og seilingarfjarlægðar þegar kemur að íhlutun markaðar í menningarmálum. Annars eru töluverðar líkur á að markaðurinn gangi á lagið og haldi fast í núverandi stefnu sína í menningarmálum, *að fá sem mest fyrir sem minnst*.

Annar ljóður á stefnu og framtíðarsýn BÍL er afstaðan til fræðaheimsins og gagnrýnenda. Samkvæmt Habermas varð starf gagnrýnandans til um svipað leyti og menningarlegu almannasviðin.¹⁷² Listamenn hafa alltaf haft tvíbenta afstöðu til gagnrýnenda. Annars vegar eru þeir nauðsynlegir til miðlunar verka, eins og gjarnan sést í auglýsingum, þar sem stutt, jákvætt setningabrot

171 Sama rit: 30.

172 Sjá sérstaklega undirkaflann „Institutions of the Public Sphere“ á síðum 31-43 í *The Structural Transformation of the Public Sphere*.

er jafnan klippt úr samhengi, verkinu til framdráttar. Hins vegar getur þessi miðlunarsía gagnrýnandans haft þveröfug áhrif, þar sem fólk er beinlínis bent á að forðast listaverk, sýningu eða hugverk listamanns. Afstaða listamanna til gagnrýnenda byggist því að miklu leyti á því hvort viðkomandi listamaður fái góðan dóm eða slæman.

Hlutverk fræðaheimsins og gagnrýnenda er samt miklu stærra heldur en einungis að „hnotskurnardæma“ verk í jólavertíð. Gagnrýnendur eiga nefnilega að stuðla að gagnrýninni menningar- og listumræðu, og þeir eiga að gera það frá eins mörgum hliðum, með eins mörgum miðlum og gegnum eins marga fjölmiðla og mögulegt er. Markmiðið er að ná út til fjöldans og benda á mikilvægi menningar og lista við mótun vitundarlífs þjóðarinnar. Til þess að þetta sé hægt verður að skapa gagnrýnendum sómasamleg kjör, t.d. með sjóði sem borið gæti heitið *Menningarrýnar*. Norðmenn hafa gert sér grein fyrir mikilvægi bæði blaðamanna sem fást við menningarskrif og gagnrýnenda, og hafa því sett á laggirnar sjóði fyrir þessa málaflokka sem lúta álíka lögmálum og sjóðir til listamanna.

Afstaða framtíðarsýnar listamanna og skýrslu starfshópsins segir samt ýmislegt um forgangsroðun listamanna þegar kemur að fræðiskrifum. Samkvæmt núverandi reglum mega höfundar fræðirita sækja um í launasjóð rithöfunda en þeir hafa samt aldrei verið í hópi þeirra sem fá flest mánaðarlaun. Í skýrslu starfshópsins segir: „Tillögur starfshópsins eru að vísa fræðiskrifum og þýðingum annað til að skapa aukið rými í sjóðnum fyrir þá sem fást við skáldsagnaskrif, ljóð eða leikritun, enda má ætla að Launasjóður fræðihöfunda sinni höfundum fræðirita, einnig styrkir Menningarsjóður útgáfu þeirra.“¹⁷³ Árið 2006 runnu 13 milljónir í *Menningarsjóð*, en hann er ekki í öllu tileinkaður fræðimönnum,¹⁷⁴ og árið 2006 runnu einungis 11,4 milljónir í *Launasjóð fræðihöfunda*. Þess má geta að *Launasjóður stórmeistara í skák* hlaut sama ár 11,6 milljónir.

Þessi afstaða starfshópsins er því í hrópandi ósamræmi við framtíðarsýnina sem leggur mikla áherslu á aukna menningarlega umræðu í samfélaginu og fjölmiðlum og á vægi menningar og lista í listuppeldi barna. Gagnrýnendur hafa að mínu mati mikilvægu hlutverki að gegna á báðum vígstöðvum. Lítið

173 *Niðurstöður starfshóps um endurskoðun laga um starfslaun listamanna* 2002: 14.

174 Sjá „Lög um Menningarsjóð“, nágast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.althingi.is/lagas/133a/1993079.html>

þjármagn til geirans er vitaskuld einungis ein skýring af mörgum á því litla vægi sem gagnrýnin menningarumræða hefur í íslensku þjóðfélagi. Endurskipulagning á Launasjóði fræðihöfunda eða gagnrýnenda væri samt skref í rétta átt. Ástæðan fyrir hiki listamanna í þessum efnum tengist vitaskuld flæði valdastrauma innan menningarvettvangsins. Breyting myndi raska farvegi þess valdastraums sem einkennir íslenska menningarvettvanginn, nýjar orðræður gætu myndast, sem síðan yrðu hugsanlega að nýjum orðræðubúntum, og það sannleiksveldi sem menningarpólitíski vettvangurinn hefur reist í kringum sig gæti riðað.

Þetta var þó ekki raunin við gerð og samþykkt nýrra laga um listamannalaun því hvorki gagnrýnendur né menningarbladamenn ber þar á góma. Hins vegar rættist margt af því sem skýrsluhöfundarnir frá 2002 lögðu til og ber þar fyrst að nefna fjölgun sjóða úr fjórum í sex. Launasjóðir rithöfunda, myndlistarmanna og tónskálda halda sér, en á grunni Listsjóðs risu Launasjóður hönnuða, Launasjóður sviðslistafólks og Launasjóður tónlistarflytjenda, sem er mjög í takti við tillögurnar frá 2002. Seilingarfjarlægðarlögmálið er enn tryggt og samanlögð starfslaun miðast nú við 1.600 mánaðarlaun í stað þeirra 1.200 sem fyrir voru. Það kemur ekki á óvart að Launasjóður rithöfunda fær til umráða flest mánaðarlaun, eða 555 talsins, meðan Launasjóður myndlistamanna fær 435, Launasjóður hönnuða fær 50, Launasjóður sviðslistafólks 190, Launasjóður tónlistarflytjenda fær 180 og Launasjóður tónskálda fær 190 mánaðarlaun. Engar reglur voru settar gegn „áskrift“ að launum og eru starfslaun veitt til 6, 9, 12, 18 eða 24 mánaða, þótt einnig sé heimilt að veita til þriggja ára.¹⁷⁵

Starfslaunin fara þó ekki strax upp í 1.600 mánaðarlaun því áætlað er að samanlögð starfslaun fyrir árið 2010 verði 1.325 mánaðarlaun og 1.465 fyrir 2011. Þrátt fyrir þetta er enginn vafi á að ný lög um listamannalaun eru skref í rétta átt þótt alltaf megi deila um hversu fjölbreytt svið Launasjóðirnir spanna og hvort 1.600 mánaðarlaun, sem samsvara 133,33 árslaunum, séu yfirleitt nema dropi í haf þeirrar þarfar og eftirspurnar sem eftir slíkum launum er. Undirbúningur nýrra laga hófst þegar í ráðherratið Þorgerðar Katrínar og voru lögin staðfest 1. maí 2009, þrátt fyrir efnahagshremmingar þjóðarinnar. Það bendir til áráðni núverandi menntamálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, og

175 Sjá „Lög um listamannalaun“, nálgast 1. mars 2010. URL: <http://www.althingi.is/lagas/137/2009057.html>

verður því fróðlegt að fylgjast með framtíðarstefnuþróun íslenska ríkisins og hversu djúpt niðurskurðarhnífurinn mun rista í menningargeirann á komandi árum.

Ákvörðunin var þó umdeild, samanber blaðaskrif Hauks Þórs Haukssonar, frambjóðanda Sjálfstæðisflokksins í suðvesturkjördæmi til Alþingiskosninga 2009:

Látum liggja á milli hluta hvort það sé hlutverk hins opinbera að greiða starfandi listamönnum föst laun eða ekki. Hvað sem því líður hljótum við að geta sammælst um að á tímum sem þessum eigi aðeins að ráðstafa opinberum fjármunum til nauðsynlegra verkefna. Ófugt við örorkubætur og aðrar bætur almannatrygginga, sem skerðast hafi bótaþeginn aðrar tekjur, eru starfslaunin beinn styrkur til listamanna sem sumir hverjir eru með ágætar tekjur fyrir og hafa þegar komið sér rækilega á framfæri hérlendis sem og erlendis. Slíka fjármuni á að nýta í þágu þeirra sem eru í sárri neyð, svo einfalt er það.¹⁷⁶

Slík ummæli eru ekki ný af nálinni. Flokksbróðir Hauks Þórs, alþingismaðurinn Ásbjörn Óttarsson, lét þá skoðun í ljós á þinginu að listamenn ættu að koma sér í eðlilega vinnu eins og venjulegt fólk.¹⁷⁷

Menningarstefna Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga¹⁷⁸

Síðasta áratuginn hafa íslensk sveitarfélög gert sér betur grein fyrir mikilvægi samfelldrar menningarstefnu, sérstaklega út frá sjónarmiðum menningartengdrar ferðapjónustu og kostum nýrrar opinberrar stjórnunar. Menning og listir fengu aukna athygli um leið og stjórnámálamönnum og starfsmönnum sveitarfélaga urðu ljósir jákvæðir fjárhagslegir þættir málaflokksins, sem og hlutverk hans við jákvæða ímyndarsköpun. Í þessum undirkafla skoða ég aðallega menningarstefnu Reykjavíkurborgar, einfaldlega vegna þess að hún er mest að vöxtum. Einnig mun ég líta á valda menningarsamninga sem landshlutar og bæir hafa gert við ríkið.

176 „Fjölgun opinberra listamanna um 33%“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.visir.is/article/20090309/SKODANIR03/234110356>

177 Sjá „Hvers vegna er verið að styrkja listamenn?“ nálgast 18. október 2010. URL: <http://www.visir.is/article/20101006/FRETTIR01/366650700>

178 Þessi undirkafla byggir að miklu leyti á fyrirlestri mínum „Margræðni menningar- og pólitíkur“ sem ég flutti að beiðni Signýjar Pálsdóttur, skrifstofustjóra skrifstofu menningarmála, fyrir starfsfólk menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar 3. júní 2006.

Sérstök stjórnun menningarmála í Reykjavík er tiltölulega ný af nálinni og í raun var faglegri menningarstjórnun fyrst beitt þegar Reykjavík var valin ein af tíu menningarborgum Evrópu árið 2000. Stofnun sérstakrar menningarskrifstofu árið 1999 var mikilvægt skref í rétta átt og hafa starfsmenn hennar unnið að mótun framtíðarmenningarstefnu borgarinnar í samvinnu við þáverandi menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar. Þessi stefnumótun fékk áþreifanlegt form 11. desember 2001 þegar hún var samþykkt í borgararáði og 12. febrúar 2003 var hún endurskoðuð lítillega. Stefnumarkmiðin eru mjög almenns eðlis og líta því betur út á blaði en í raunverulegri framkvæmd, sem er raunar sérkenni menningarstefnu almennt. Menningarstefna Reykjavíkurborgar, sem upprunalega var samþykkt árið 2001, var í gildi allt þar til ný stefna fyrir árin 2009-2012 var samþykkt í borgarstjórn 16. júní 2009. Á næstu síðum mun ég greina báðar stefnurnar, fyrst þá eldri.

Menningarstefna Reykjavíkurborgar frá 2001 skiptist í *leiðarljós*, *meginmarkmið* og *leiðir* og hljómar leiðarljósið svona: „Reykjavík eflist sem höfuðborg mennta og menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu, metnaðarfullu listalífi og fjölbreyttu mannlífi. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna.“¹⁷⁹ Í kjölfarið fylgja svo átta meginmarkmið: *Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna; Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði; Menningarstofnanir borgarinnar gegni fjölbreyttu hlutverki sínu á framúrskarandi hátt; Menning og listir séu aðgengilegar öllum borgarbúum; Í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar ávallt sýnd virðing og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi; Menningarlífið í borginni einkennist af víðsýni og gagnkvæmri virðingu í samskiptum fólks af ólíkum uppruna; Skipulag menningarmála sé skýrt og stjórnun þeirra markviss; Menningarlífið í borginni stuðli að alþjóðlegum borgarbrag, að menningarstefna og menningarstofnanir vinni markvisst að því að í borginni verði mót ólíkra stefna og strauma með heimsborgarbrag.*

Menningarstefnan kveður svo nánar á um 47 *leiðir* þar sem nánar er útskýrt hvernig raungera megi markmiðin. Af þessu er ljóst að borgin hefur mun nákvæmari menningarstefnu en ríkið og er ágætlega til fundið að skipta henni upp í leiðarljós, meginmarkmið og leiðir. Hér virðist um blöndu af *mannfræðilega* og *húmaníska* menningarhugtakinu að ræða og er hlutur þess mann-

179 Sjá „Menningarstefna Reykjavíkurborgar,“ nálgast 14. mars 2007. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-452>

fræðilega mun meiri. *Menningarlegt lýðræði*, eða *mannfræðileg fjöldamenning*, liggur stefnunni að baki, því aðaláherslan er á þjónustu við borgarbúa, listrænt uppeldi barna, fjölbreytileika og mannvænt umhverfi. Markmið tengt eflingu á gagnkvæmum skilningi mismunandi þjóðfélagshópa er sérstaklega vel til fundið, því slíkar áherslur skortir hjá ríkinu. Þessar áherslur benda einnig til þess að menningarstefna borgarinnar fylgi meginlögmálum *arkitektamóðelsins*.

Menningarpólitík þarf oft að *framkvæma* ansi loftkenndar stefnur. Í menningarstefnu Reykjavíkurborgar eru lykilsetningar á borð við *listalífíð í borginni einkennist af þrótti og metnaði*, *í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar sýnd virðing*, og að *menningarlífíð í borginni stuðli að alþjóðlegum borgarbrag*. En hvernig í ósköpunum er slíkri stefnu hrint í framkvæmd?

Ef marka má fjármagnsflæði gildir það sama um menningarstofnanir ríkis og borgar. Í mismunandi ársskýrslum og starfsáætlunum frá 2001-2009 fá menningarstofnanirnar Borgarbókasafnið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Minjasafn Reykjavíkur og Borgarskjalasafn Reykjavíkur, ásamt sérverkefnunum Leikfélagi Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð í Reykjavík, um 80-90% af rekstrarfjármagni til menningarmála. Slíkum tölum ber þó að taka með fyrirvara því á þessum átta árum hafa orðið miklar skipulagsbreytingar, m.a. með samruna menningar- og ferðamála, flutningi Borgarskjalasafns Reykjavíkur yfir á stjórnsýslu- og starfsmannasvið, niðurfellingu listamannalauna, sem féllu inn í styrki, o.fl. Þrátt fyrir slíkar hrókeringar er kjarni málsins sá sami, menningarstofnanir fá ennþá langstærstan hluta menningarkökunnar.¹⁸⁰

Leiðarljós menningarstofnana rímar ágætlega við *leiðarljós menningarstefnunnar*. Mannfræðilegar menningaráherslur einkenna leiðarljós allra menningarstofnana borgarinnar og er aðaláherslan sem fyrr á *menningarlegt lýðræði*. Hér má finna jafnólíka viðburði og myndlistarsýningar, ljósmynda-

180 Í starfsáætlun frá 2009 taka stofnanir sviðsins (Borgarbókasafn, Listasafn Reykjavíkur, Minjasafnið, Höfuðborgarstofa, Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Viðey, Landnáms-sýningin og Ljósmyndasafnið) 50% fjármagns. Undir styrkjum og samstarfssamningum, sem taka til sín 41% fjármagns, má þó einnig finna stofnanirnar Leikfélag Reykjavíkur, Sjönlísta- og Sýningamiðstöðina á Korpúlfsstöðum, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð í Reykjavík, og má því ljóst vera að stofnanirnar draga til sín stóran hluta þess fjármagns sem menningar- og ferðamálasvið hefur yfir að ráða.

sýningar, upplestra, sýningar íslenska bútasamsfélagsins, danssýningar, sjónþing, ritþing, leiklist, tónleika, innsetningar, tölvuverk, myndbandaverk, sagnfræðilegar sýningar, bókmenntagöngur, ritsmiðjur, og auðvitað menningarhátíðir, svo tiltölulega fá en afar fjölbreytt dæmi séu nefnd. Miðað við þennan fjölda og fjölbreytileika viðburða er slík menningarstefna fær um að koma ýmsu í verk. Áhersla á samspil menningarlegrar menntunar, menningarlegs uppeðlis og menningarlegrar þátttöku almennings er sérlega mikilvæg og má því segja að Reykjavíkurborg sé býsna trú stefnu sinni varðandi menningarlegt lýðræði.

Í *Ársskýrslu menningarmála 2002* var yfirlitstölum í óbundnum liðum í rekstri menningarmála skipt í menningarmál, menningarstofnanir og ýmsa menningarstarfsemi. Sé litið nánar á þessa *ýmsu menningarstarfsemi* rann fé til erlends samstarfs, kvikmyndahátíðar, starfslauna listamanna, styrkja og starfssamninga, Tónlistarhóps Reykjavíkurborgar, Borgarlistamanns, Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar, Menningarnætur og tengsla skóla og menningarstofnana. Þetta ár fengu 13 listamenn starfslaun, þar af 5 myndlistarmenn, 4 tónlistarmenn og tónskáld, einn leikstjóri, eitt ljóðskáld, einn leikari og eitt leikskáld. Þetta ár voru gerðir 15 starfssamningar, 5 til leikhúss og óperu, 3 til myndlistar og 7 til tónlistar. Þar að auki stóð borgin að 46 styrkveitingum, bæði til einstaklinga og hópa.¹⁸¹

Í starfsáætlun 2006 hefur málefnum Listahátíðar í Reykjavík, Borgarleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar, sem áður var í bundnum liðum, verið skotið inn í flokkinn *ýmis menningarstarfsemi* sem samanstendur þá af þessum þremur aðilum auk flokksins *aðrir styrkir og samstarfssamningar*. Séu þessir styrkir og samstarfssamningar gaumgæfðir er það sama uppi á teningnum; *tónlist, leikhús og myndlist* eru sett í forgrunn.¹⁸²

Svipaðrar áherslu gætir einnig í skýrslunni frá 2009 og bendir ýmislegt til að stefnan sé hugsuð sem mótsvar við menningarstefnu ríkisins sem hefur í gegnum árin lagt mest upp úr menningararfi og tungumáli. Menningararfurinn, sagan og tungumálið hygla ritmáli og því kemur ekki á óvart að vel sé t.d. gert við rithöfunda á vegum ríkisins. Þótt ríkið sé með umtalsverða menningarstarfsemi á öðrum sviðum þá styðst menningarstefna þess við blöndu

181 Sjá *Ársskýrslu menningarmála 2002* 2003.

182 Sjá *Opinn hugur – opin hús: Starfsáætlun 2006*, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopefault.aspx/tabid-458>

af þjóðernislega, húmaníska og mannfræðilega menningarhugtakinu og er hlutur þess þjóðernislega mestur. Slík menningarstefna er í svipuðum anda og menningarstefnur hins opinbera í nágrannalöndunum og er mótsvar Reykjavíkurborgar við menningarstefnu ríkisins að ýmsu leyti áhugavert.

Borgin átti frumkvæði að gerð yfirgripsmikillar menningarstefnu í íslenskri menningarpólitík. Breytingar á stjórnunarformi Listahátíðar í Reykjavík og stjórnunarform Menningarborgarverkefnisins kynntu nýjar menningarstjórnunaraðferðir til leiks og hafa margar þessara aðferða ratað inn í stjórnun menningarmála Reykjavíkurborgar. Í tilfelli Listahátíðarinnar var stjórnunin gerð faglegri, gegnsærri og skilvirkari. Ábyrgð stjórnandans varð meiri en athafnafrelsi jókst að sama skapi. Innreið nýrrar opinberrar stjórnunar í íslenskri menningarstjórnun hófst þarna, með öllum sínum kostum og göllum.

Þessi stjórnunaraðferð helst í hendur við hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar nema að hér er hún löguð að opinbera geiranum. Meginhugmyndin er að opinberar stofnanir eigi að reka meira eins og fyrirtæki, einfalda eigi stjórnsýslu, fækka milliliðum, minnka skriffinnsku og gera ferlið sem heild gagnsærra. Annað einkenni nýrrar opinberrar stjórnunar er aukið eftirlit, gerð skorkorta og samhæfðs árangursmats. Árangursmælikerfi borgarinnar er skýrt dæmi um aðferðir nýrrar opinberrar stjórnunar og því má segja að með innleiðslu þeirra hafi markaðsmenningin gerst fyrirferðarmeiri á kostnað menningarlegs lýðræðis, a.m.k. hvað ytri stjórnun varðar. Þetta endurspeglast í fjórum lykilordum stefnukorts menningar- og ferðamálasviðs, þar sem *þjónusta, fjármál, verklag og mannauður* skipta mestu.¹⁸³ Hvergi er til að mynda minnst á gæði.

En áhrif nýrrar opinberrar stjórnunar eiga til að snúast upp í andhverfu sína. Þrátt fyrir að hún eigi að gera kerfið gagnsærra og minnka skriffinnsku þá hefur eftirlitið í för með sér að skriffinnska verður meiri og tekur æ meiri tíma frá öðrum þáttum. Hér skal ekkert fullyrt um hvort innreið *skorkorta* og *samhæfðs árangursmats* hafi dregið úr framkvæmdakrafti menningargeira Reykjavíkurborgar en hættan er vitaskuld sú að skráningarkvöð skorkorta auki á starfsskyldur einstakra starfsmanna sem getur hæglega leitt til vinnuálags og vinnuþreytu. Þannig geta fyrirheit nýrrar opinberrar stjórnunar snúist upp í andhverfu sína. Miðað við niðurstöður skorkorts menningar- og

183 Sama. Þessi þáttur hefur einnig haldið sér óbreyttur í 2009 skýrslunni.

ferðamálasviðs er þetta ekki gengið eins langt hjá starfsmönnum sviðsins. Það helsta sem þeir kvarta undan eru léleg laun. Hlutfall ánægðra starfsmanna er hins vegar hátt.¹⁸⁴

Ný opinber stjórnun kynnti þó og kom á ákveðnum fagleika í íslenskri menningarstjórnun sem hefur haft áhrif á menningarstarf Reykjavíkurborgar. Halli maður sér aftur á móti upp að hugtakaramma Habermas er forvitnilegt að kanna nánar kúgun markaðsaflanna og pólitískra hagsmuna í menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

Samhliða faglegri stjórnun hefur Reykjavíkurmódelið tekið upp meira af starfsháttum atvinnulífsins og er það í fullu samræmi við áður nefnda flokkun Peter Duelund. Það er margt sem hraði og óvægni atvinnulífsins getur kennt menningargeiranum en það er líka margt sem menningargeirinn getur kennt atvinnulífinu, sérstaklega út frá skapandi hugsun, nýsköpun, og stöðugri leit nýrra og oft framúrstefnulegra leiða. Kjörordið er enn og aftur rétt *jafnvægi*. Ýmislegt bendir þó til þess að þessu jafnvægi hafi ekki verið náð í íslenskri menningarstjórnun.

Því er ekki að undra að skipuleggjendur Listahátíðar í Reykjavík og Menningarborgarársins hafi lent á fjölmörgum veggjum. Einn þeirra er gamalkunnur og lýtur að röksemdafærslum málaflöksins fyrir tilveru sinni. Málaflókkurinn var færður nær atvinnulífinu til að sýna fram á fjárhagslega jákvæð áhrif hans, tengsl við menningartengda ferðamennsku o.s.frv. Liður í þessu var að taka upp faglegri stjórnun, þar sem hlutverkaskipan er skýr svo ekki sé endalaust hægt að hringla með menningarfé. Þótt þetta hafi verið nauðsynlegt faglegri menningarstjórnun þá er sambræðingur *lista* og *atvinnulífs* stundum dálítið frumstæður á Íslandi og stafar þetta að einhverju leyti af reynsluleysi, því það er tiltölulega stutt síðan fyrirtæki áttuðu sig á vægi menningar fyrir gott umtal.

En þetta stafar einnig af ólíkum hugsunarhætti og markmiðum menningar og markaðar. Markaðurinn vill skjótan, sýnilegan og mælanlegan árangur. Styðji maður menningu og listir er maður hins vegar að sá til lengri tíma, sýnilegur árangur er illmælanlegur og listræn gæði afstæð. Viðbrögð markaðar hafa oft verið þau að hann yfirtekur listviðburðinn eða stofnunina sem hann

184 *Litrík menning – lifandi borg: Starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs 2009*: 11, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-458> Launaþátturinn hefur reyndar verið fjarlægður í skýrslunum frá 2007-2009, en samkvæmt skýrslunni frá 2006 ríkir ekki almenn gleði um þennan þátt.

styður, yfirleitt með ósmekklefum auglýsingaborðum, og það sem verra er, með því að skyggja á þá litlu fjölmiðlaumræðu sem þó er í gangi um menningarmál. Nálægð, fjölmiðlaumfjöllun og umfang Björgólfs Guðmundssonar og Landsbankans¹⁸⁵ á Menningarnótt finnast mér í þessu sambandi umhugsunarverð. Stjórnendur menningarviðburða og menningarstofnana eru ekki öfundsverðir þegar kemur að slíkum samskiptum. Ein afleiðing frekari nýrrar opinberrar stjórnunar er sú krafa á viðburði og stofnanir að afla meira utanaðkomandi fjár en þar sem baráttan um fé er hörð verður menningargeirinn stundum að sætta sig við mikil áhrif markaðar – fyrir tiltölulega litlar sporslur. Atvinnulífið gengur á lagið því það fær tiltölulega mikla og jákvæða athygli fyrir lítinn pening. Menning og listir eru því oft hlunnfarin í slíku samstarfi.

Menningargeirinn hefur ekki gott af því að vera á 100% fjárframlögum frá ríki eða sveitarfélögum, því margt gott getur komið út úr samstarfi menningargeirans og atvinnulífsins en svo lengi sem fjárhagslegt bakland menningarstofnana og menningarviðburða er jafn ótryggt og raun ber vitni gengur atvinnulífið vitaskuld á lagið.

Breytingar á skipuriti¹⁸⁶ menningarmála borgarinnar virðast vera ákveðið viðbragð við kröfu markaðsaflanna og nýrrar opinberrar stjórnunar. Áður fyrr voru menningarmál undir þróunar- og fjölskyldusviði og pólitískri valdabráut menningarmálanefndar. Þar undir var svo menningarmálastjóri sem hafði heildarumsjón með menningarmálum, var ábyrgur fyrir framkvæmd menningarstefnunnar og næsti yfirmaður forstöðumanna menningarstofnana, auk þess sem hann hafði heildarumsjón með gerð og framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlana í menningarmálum og erlendu samstarfi. Á nýja skipuritinu hefur ferðamálunum verið skotið inn í menningarmálin. *Menningar- og ferðamálaráð*, sem tók til starfa árið 2005, tók við starfi menningarmálanefndar og sérstakur sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu sviðsins, á tengslum málaflokka sviðsins, auk sérverkefnanna Listahátíðar í Reykjavík, Borgarleikhúss, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, alþjóðlegra samskipta og nýsköpunarverkefna.¹⁸⁷

185 Hér á ég vitanlega við umsvif fyrir efnahagshrunið í október 2008.

186 Sjá „Skipurit menningar- og ferðamálasviðs,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-531/>

187 Sjá *Opinn hugur – opin hús: Starfsáætlun 2006*: 4, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-458>

Það sem vekur mesta athygli við þetta nýja skipurit er að fleiri viðburðir og stofnanir hafa verið tekin frá skrifstofu menningarmála og annað hvort færð yfir á sviðsstjóra eða á *Höfuðborgarstofu*, sem er ekki skrifstofa menningarmála heldur skrifstofa ferða-, viðburða- og markaðsmála. Reykjavíkurmódelið hefur því greinilega færst nær markaðnum og stefna borgarinnar beitir mannfræðilega menningarhugtakinu mjög markvisst svo pláss sé fyrir bæði atvinnulífið og ferðaþjónustu. Þetta þarf alls ekki að vera slæmt. Það fer í raun allt eftir því jafnvægi sem pólitískur armur *menningar-* og *ferðamálaráðs* og faglegir starfsmenn sviðsins koma á. Menningartengda ferðamennsku skal sérstaklega taka með ákveðnum fyrirvara því reynslan sýnir að menningin verður oft undir í þeim samskiptum.¹⁸⁸

Gildi vörumerkja í síðkapítálískum samfélögum nútímans er óumdeilanlegt og það væri barnaskapur að ætla að menningarvettvangurinn ætti að vera undanskilinn slíkri markaðssetningu. Gallinn er hins vegar að slík markaðssetning snýst mikið um að skapa sér sérstöðu og elur því oft á klisjum. Enskt slagorð *Menningarborgarinnar 2000* var *Next Door to Nature* og í ferðamálastefnu borgarinnar frá 2004-2010 er mikið lagt upp úr kynningu á vörumerkinu *Pure Energy*. Um vörumerkið hafði þáverandi borgarstjóri, Þórólfur Árnason, þetta að segja í inngangi *Ferðamannaborgarinnar Reykjavíkur*, sem er formleg ferðamálastefna borgarinnar: „Reykjavík hefur valið sér kjörorðið *Pure Energy* eða „hrein orka“ til markaðssetningar í útlöndum. Það endurspeglar í senn þróttmikið mannlíf og fjörugan sköpunarkraftinn í borginni og íbúum hennar en um leið hið tæra og ferska sem felst í nánd Reykjavíkur við ósnortna náttúru.“¹⁸⁹ Menning og listir eru undirskotin í báðum tilfellum.

Eftir að sviðin voru sameinuð lítur leiðarljós sameiginlegs menningar- og ferðamálasviðs svona út: „Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu listalífi, fjölbreyttu mannlífi og *öflugri ferðaþjónustu*. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd

188 Ágætt dæmi, sem þegar hefur verið minnst á, er greining breska menningarfræðingsins Jim McGuigan á Millenium Dome verkefni Breta árið 2000 sem hann birti í bók sinni *Rethinking Cultural Policy* frá árinu 2004. Það sem átti að vera stærsta og glæsilegasta menningarverkefni Breta varð að gróðrarstíu fyrir atvinnulífið og menningartengda ferðaþjónustu þar sem allt snerist um vörumerkjakynningar.

189 Sjá *Ferðamannaborgin Reykjavík: Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2004-2010*: 1, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-453/>

allra landsmanna og laði til sín gesti allt árið um kring. Sérstaða Reykjavíkur sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábyli við einstæða náttúru sé þekkt og virt.”¹⁹⁰

Eins og sést á skáletruninni hafa lykilorðin *ferðaðþjónusta*, *gestir allt árið um kring* og *nábyli við einstæða náttúru* bæst við leidarljós menningarsviðs. Þetta er gert á mjög einfaldan og átakalausán hátt, eins og þetta sé í raun eðlilegt. Sé litið nánar á ferðamálastefnuna er menning í aukahlutverki og það með réttu. Ferðamál og ferðaðþjónusta er einhver þverfaglegasti málaflokkur samfélagsins, eins og sést á þeim níu hópum sem settir voru saman við stefnumótun borgarinnar í ferðamálum: *Ferðamannaborgin – innviðir og uppbygging*, *ferðamannaborgin – úmynd og markaðsmál*, *menningar- og mannlífsborgin*, *heilsu- og íþróttaborgin*, *ráðstefnuborgin*, *hafnarborgin og samgöngur*, *miðborgin*, *verslunarborgin* og *gestrisin borg*.¹⁹¹

Málaflokkarnir eru margir og það er fullkomlega eðlilegt að menning skipi einungis einn þeirra. Ferðaðþjónusta kemur inn á svo mörg ólík svið samfélagsstrúktúrsins og sé líka litið nánar á sjö meginmarkmið ferðamálastefnunnar þá fjallar einungis eitt þeirra um menningu, en þar stendur: „Auka vægi viðburða og menningar í ferðamennsku í Reykjavík til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti höfuðborgarinnar.”¹⁹²

Í kjölfarið fylgja sjö *mælanleg markmið*, þar sem hvergi er minnst á menningu enda erfitt að staðsetja mælanlega þætti menningar. Það er auðvitað hægt að gera viðhorfskannanir og telja seldu miða, afkomu safnbúða o.s.frv., en þessir þættir segja sáralítið um gæði viðburða og stofnana og áhrif þeirra til lengri tíma. Og hér stendur hnífurinn í kúnni. Ferðamálastefna Reykjavíkur er að mörgu leyti faglega unnin og hún kemur inn á marga mikilvæga þætti sem lúta að ferðamálum. Ferðamál og menningarmál skarast á mörgum sviðum en á öðrum geta áherslur ferðamennsku unnið gegn þróun og fjölbreytileika menningar og lista. Menningarmál skarast einnig við aðra málaflokka og miðað við áherslur í menningarstefnunni væri óvitlaust að skeyta t.d. menningar- og menntunarsviðunum saman.

190 *Opinn hugur – opin hús: Starfsáætlun 2006*: 3, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-458>. Skáletrun mín.

191 Sjá *Ferðamannaborgin Reykjavík: Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2004-2010*: 2, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-453/>

192 Sama rit.

Hér er vert að minnast aðeins á menningarstefnu Kaupmannahafnarkommúnu en hún leggur mesta áherslu á *menningu, menningarinnar vegna*, eins og fjórar helstu forsendur hennar gefa til kynna. Þar er kveðið á um að menning og listir hafi sín eigin gildi og þurfi því einungis að réttlæta tilvist sína á eigin forsendum. Samkvæmt stefnunni skapar Kaupmannahafnarkommúna heild úr mörgum mismunandi menningarheimum og sérstaklega er tekið fram að menning Kaupmannahafnar eigi bæði að örva og skora á íbúa sína. Einnig er bent á að menning og listir geta ekki og eiga ekki að standa undir væntingum allra og að lokum er því haldið fram að ekki sé hægt að mæla árangur menningar með góðu móti, og því beri að meta málaflokkinn á eigin forsendum.¹⁹³ Þetta er ágætis dæmi um að aðrar menningarstefnur eru mögulegar.

Hingað til hefur kastljósinu verið beint að innihaldslegum markmiðum menningarstefnu Reykjavíkurborgar en sé lítið á ytri stjórnumarferli og útdeilingu styrkja og launa virðist víða pottur brotinn, sérstaklega hvað varðar beitingu seilingarfjarlægðarlögmálsins. Reglur um bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar tryggja seilingarfjarlægðarlögmálið að vísu nokkuð vel¹⁹⁴ en það sama er ekki hægt að segja um verkefnastyrki, styrki til almennrar liststarfsemi og Tónlistarhóp Reykjavíkur,¹⁹⁵ því þar felur menningar- og ferðamálaráð fimm manna fagnefnd að fjalla um umsóknir og gera tillögur til nefndarinnar um hverjir skulu hljóta hnossið. Menningar- og ferðamálaráð kynnir sér tillögur fagnefndar, sem er ráðgefandi, og ákveður síðan úthlutun. Svipað kerfi er haft um starfssamninga til þriggja ára. Þar að auki er menningar- og ferðamálaráð einrátt um útnefningu borgarlistamanns.

Þessar reglur virðast dálítið undarlegar, sérstaklega hvað varðar ráðgefandi hlutverk 5 manna fagnefndarinnar. Þar tilnefnir stjórn BÍL 15 manns sem menningar- og ferðamálaráð velur síðan fimm manns úr. Fari ráðið alltaf eftir ráðgjöf fagnefndarinnar má segja að seilingarfjarlægðarlögmálið sé við lýði en samkvæmt reglum er lokaákvörðun samt í höndum menningar- og ferðamálaráðs og það stýttir seilingarfjarlægðina til muna.

193 Sjá *Kulturpolitisk redegørelse 2006*, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.netpublikationer.dk/kk/6455/>

194 Sjá „Reglur um bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/DesktopDefault.aspx?tabid-830>

195 Sjá „Verklagsreglur fyrir fagråd og faghóp um úthlutun styrkja og samninga menningar- og ferðamálaráðs,“ nálgast 9. mars 2010. URL: http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3899/6588_read-18594/6139_view-2571/

Þótt einhverjir vankantar séu á styrkúthlutunum þá er þetta alvarlegra hvað ráðningar í lykilstöður varðar, því megnið af fjármagni í menningargeiranum rennur til menningarstofnana og því er mikilvægt að fá þar hæfasta fólkið í stjórnunarstöður. Það er mikilvægt að fagnefndir með virku seilingarfjarlægðarlögmáli komi að ráðningu starfsmanna í lykilstöður sviðsins. Eins og staðan er í dag ræður borgarráð sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, og menningar- og ferðamálaráð ræður borgarbóka-vörð, borgarminjavörð, borgarskjalavörð, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, framkvæmdastjóra Gerðubergs og safnstjóra Ljósmyndasafns Reykjavíkur, að fenginni tillögu sviðsstjóra. Sviðsstjóri sjálfur ræður svo í aðrar stjórnunarstöður á menningar- og ferðamálasviði.¹⁹⁶ Þetta lykilatriði virðist því í ólestri, bæði hjá borg og ríki.

Pólitísk áhrif geta því orðið mikil sem bendir til þess að hrakspá Habermas sé á einhverjum stöðum byggð. En það sama gildir um pólitíska arminn og áhrif ferðamennsku á menningu og listir; ef hæft fólk er í brúnni vinnur það að *ljörjafnvægi* þessara ólíku hagsmuna. Sé óhæft fólk við völd er hætta á að áhrifa þess gæti víða, og er það svo vegna máttlíls seilingarfjarlægðarlögmáls og lítils valds fagnefnda.

Þótt menningarpólitík ríkisins stýrist mest af blöndu þjóðernislega og húaníska menningarhugtaksins, og menningarpólitík Reykjavíkurborgar af mannfræðilegum sjónarmiðum, þá eiga báðar stefnurnar það sameiginlegt að langstærstur hluti ráðstöfunarfjár þeirra rennur til menningarstofnana. Árið 2003 rann t.d. 54% fjármagns borgarinnar til Borgarbókasafns, Borgarskjallasafns, Listasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergi og Minjasafns Reykjavíkur, og 25% til bundnu liðanna Leikfélags Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Listahátíðar í Reykjavík, Safns Péturs Arasonar, Fornleifarannsókná í Aðalstræti og Fornleifaskráningar á Kjalarnesi. Þegar stjórnunarkostnaður er tekinn með eru einungis 19% eftir fyrir flokkinn Ýmis menningarstarfsemi.¹⁹⁷ Þótt breytingar hafi orðið á skipuritinu samfara formlegum samruna menningar- og ferðamála er hneigðin hin sama: *Stofnanir fá mest*.

Slík hlutföll brjóta þó klárlega í bága við hugmyndafræðilegar stöðir stefnunnar sem m.a. leggja áherslu á öflugan stuðning við listamenn og að styrk-

196 Sjá „Samþykkt fyrir menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-520/>

197 *Ársskýrsla menningarmála 2003* 2004: 13.

veitingar til listalífsins verði markvissar.¹⁹⁸ Ákveðins tvískinnungs gætir því í menningarstefnu Reykjavíkurborgar, því það segir sig sjálft að erfitt verður að uppfylla stefnumarkmiðin með þeim fáu prósentum sem eftir standa. Til að koma í veg fyrir slíkt ójafnvægi sé ég þrjár leiðir færar. Sú fyrsta er að minnka umsvif stefnunnar, því gamla stefnan ætlaði sér ansi mikið, sérstaklega ef hinar 47 leiðir eru skoðaðar. Annar kosturinn er að draga úr umsvifum stofnana. Að mínu mati yrði þessi leið sérstaklega óheppileg því hagur menningarstofnana er nógu rýr fyrir, auk þess sem starfsemi þeirra er afar mikilvæg gróskumiklu listalífi. Þriðja leiðin, og sú eina sem er ásættanleg, er því að stórauka fé til menningarmála á vegum borgarinnar. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess mannfræðilega menningarhugtaks sem borgin beitir. Stefnan leggur mikla áherslu á menningarlegt uppeldi og fræðslu barna, að taka tillit til óska neytenda, að stuðla að frekari samvinnu milli menningarstofnana landsins, gera menningu aðgengilegri og auka kynningu á menningarlegum verðmætum svo almenningur eigi auðveldara með að komast í kynni við menningu og listir.

Menningarhátíðirnar *Menningarnótt*, *Vetrarhátíðin* og *Hátíð hafsins* eru gott dæmi um birtingarmyndir slíkrar stefnu en þar er gert mikið úr samvinnu atvinnulistamanna og áhugalistamanna, atvinnulífsins og mismunandi deilda innan borgarbatterísins. Samvinnan bæri samt sem áður lítinn ávöxt ef ekki væri fyrir þátttöku almennings og því eru hátíðirnar skipulagðar með það í huga að finna eitthvað við allra hæfi. Þetta eru því *menningarhátíðir fólksins*, þar sem meira er lagt upp úr menningarlegri breidd heldur en listrænum gæðum. Slík stefna ber klárlega einkenni mannfræðilega menningarhugtaksins, sem og áhersla hennar á mikilvægi menningarheima minnihlutahópa og mikilvægi menningar í frekari samvinnu milli ólíkra þjóðfélagshópa, bæði innan Íslands og við kynningu á Reykjavíkurborg erlendis.

Eins og minnst var á í upphafskafnanum hefur mannfræðilega menningarhugtakið bæði kosti og galla. Kostirnir eru þeir að aukin þátttaka almennings í menningu og listum leiðir ekki einungis til jákvæðrar hagþróunar, heldur gerir hún mannlífið fjölskrúðugra, kemur fólki í kynni við nýja og ferska strauma og gildi, sem gerir fólki kleift að þróast og þroskast á annan hátt heldur en grár hversdagurinn og daglegt amstur bjóða upp á. Aukin þátttaka og menntun inn-

198 Sjá „Menningarstefna Reykjavíkurborgar,“ nálgast 14. mars 2007. URL: <http://www.rvk.is/desktoptodefault.aspx/tabid-452/>

an menningar og lista eru því með mikilvægari menningarpólitískum markmiðum og ber að fagna slíku.

Helsti galli mannfræðilega menningarhugtaksins er hins vegar sá að það býður upp á ákveðna misnotkun á menningar- og listahugtökunum, sérstaklega af hálfu stjórnmalamanna og markaðarins. Menning og listir eru því oft notuð sem tiltölulega „ódyr“ áhöld til að auka vinsældir og fjárhagslegan ágóða einstakra stjórnmalamanna, stjórnmalaflokka og menningarsinnaðra patróna úr atvinnulífinu. Þessi hneigð hefur aukist síðastliðinn áratug og hefur nú ratað inn í opinbera menningarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem fyrirtæki, einstaklingar og samtök eru hvött til að taka þátt í og stuðla að fjárhagslegum sporslum til menningar.

Loks er rétt að greina nýja menningarstefnu borgarinnar sem heitir *Menning er mannrækt* og á að gilda til 2012. Eins og heiti stefnunnar ber með sér hefur ekki orðið kúvending í stefnumarkmiðum og stefnan ber enn merki mannfræðilega menningarhugtaksins. Stefnunni er skipt upp í heildarleiðarljós og átta kafla sem hafa allir sértæk markmið, leiðir og verklag. Leiðarljós stefnunnar hljómar svo: „Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði. Menningarlífið einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta.“¹⁹⁹ Áhersla er sem fyrr lögð á þátttöku íbúa og gesta en áhuga vekur innreið menningararfs, frjórrar hugsunar og frumkvæðis. Kaflarnir átta eru *auðlind sem byggt er á til framtíðar, börn og menningaruppeldi, menningarstofnanir Reykjavíkurborgar, listir, samkennd og jafnræði, umhverfi og saga, alþjóðleg menningarborg og þáttur menningar í stjórnerfi Reykjavíkurborgar*.

Allir þessir þættir voru til staðar í gömlu stefnunni að þeim fyrsta undanskildum. Markmið hans er svohljóðandi: „Reykjavík gegni menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands og rækti menningarlega sjálfsmynd sína. Menning verði viðurkennd sem mikilvægur hluti efnahags- og atvinnulífs borgarinnar.“²⁰⁰ Þrjár leiðir eru nefndar til að ná settu markmiði og er áhersla lögð á samvinnu í menningarmálum við félög listamanna, stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki, að borgin greiði götu skapandi atvinnugreina með

199 *Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2009-2012*: 3, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-452/>

200 Sama rit: 4.

því að leiða saman listsköpun, atvinnulíf og framleiðslu, og að lokum er bent á nauðsyn rannsókna á hagrænum áhrifum listastarfsemi.

Ekki kemur á óvart að í nýju stefnunni sé lögð rík áhersla á hlut menningar í efnahags- og atvinnulífi borgarinnar. Það lá í loftinu við breytingar í skipiriti borgarinnar auk þess sem slík hneigð hefur undanfarið einkennt flestar menningarstefnur með rætur í arkitektamódelinu. Aðrir þættir nýju stefnunnar eru til bóta og er hún mun hnitmiðaðri í markmiðum, leiðum hefur verið fækkað svo framkvæmd er raunhæfari, auk þess sem áherslu á menningarlausni, listnautn og aðkomu listamanna í listuppeldi barna ber að fagna. Kaflinn um listir hefur einnig tekið stakkaskiptum því áhersla nýju stefnunnar er meira í ætt við áður nefnda menningarstefnu Kaupmannahafnar. Þetta sést glögglega á þessum orðum:

Til þess að listin geti þjónað samfélagshlutverki sínu sem uppspretta nýrra og frumlegra hugmynda, þarf hún frelsi til að þróast á eigin forsendum. Listin á ekki bara að veita ánægju, það er einnig hlutverk hennar að trufla, koma á óvart, benda á það sem við hefðum annars ekki komið auga á, eða viljum jafnvel ekki koma auga á. [...] Mikilvægt er að styrkveitingar borgarinnar til listalífsins taki mið af því að mörkin milli listforma og ólíkra menningarheima eru í sífelldri endurskoðun. Auk þess að styðja verkefni sem hafa sannað gildi sitt og fundið sinn farveg, þarf borgin að hlúa að grasrót- og tilraunastarfsemi, sem oft er vísirinn að því sem koma skal.²⁰¹

Þessi klausa er til fyrirmyndar sem stefnumarkmið en það er auðvitað of snemmt að segja til um framkvæmd hennar og hvernig tekst að samræma þennan pól við tengsl menningar við atvinnulífið.

Í heildina er stefnan metnaðarfull og ber þess merki að haft var samráð við marga ólíka aðila úr menningar- og listageiranum.²⁰² Stefnumarkmiðin eru einnig skýr og viðurðanleg, í það minnsta samanborið við gömlu stefnuna. Efnahagshrunið mun þó gera framkvæmd stefnunnar erfiðari, en eins og segir í *Starfsáætlun 2009* mun verða mikill samdráttur í framlagi borgarsjóðs auk fyrirsjáanlegs hruns í sértekjum stofnananna, bæði með útleigu á húsnæði til viðburða sem og bakhjarla atvinnulífsins. Spáir skýrslan um 24% samdrætti í sértekjum sviðsins.

201 Sama rit: 7.

202 Sjá *Litrík menning – lifandi borg: Starfsáætlun 2009*: 4.

Þótt ég hafi eytt mestu púðri í menningarstefnu Reykjavíkurborgar er mikilvægt að taka fram að önnur sveitarfélög hafa einnig gert sér grein fyrir mikilvægi menningar og lista og komið sér upp menningarstefnu. Kópavogsbær hefur verið framarlega í umræðunni, sérstaklega sem „verndari“ óperunnar, og á heimasíðu Kópavogsbæjar stendur:

Á síðustu árum hefur bæjarstjórn Kópavogs lagt vaxandi áherslu á menningarmál.

Menningarmiðstöð Kópavogs var tekin í notkun sumarið 2002 og efldist starfsemi Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu mikið við þá breyttu aðstöðu jafnframt því að hún hefur haft jákvæð áhrif á aðra menningarstarfsemi í bæjarfélaginu.

Listasafn Kópavogs, þ.e. Gerðarsafn, Tónlistarskólinn, Salurinn, Náttúrufræðistofan og Bókasafnið mynda eina heild um helstu menningarstofnanir í bæjarfélaginu.²⁰³

Sjálfmenningarstefna Kópavogs hljómar svo: „Það er stefna Kópavogsbæjar að varðveita og miðla menningu og sögu til íbúanna með það að markmiði að efla tengsl þeirra við bæjarfélagið, stuðla að gróskumiklu menningarlífi og efla Kópavog enn frekar sem miðstöð menningar og lista.“²⁰⁴ Helstu markmið virðast vera tvö, annars vegar að halda *Kópavogsdaga* árlega og hins vegar að halda áfram að efla menningarlíf í Kópavogi. Í kjölfarið fylgja átta leiðir til að framkvæma stefnuna þar sem ábyrgð er að mestu leyti hjá lista- og menningarráði, forstöðumönnum stofnana og tómstunda- og menningarsviði. Menningarstefnan er í raun ekki sérlega viðfeðm og er ferli hennar afar pólitískt.

Önnur bæjarfélög hafa svipaðar áherslur eins og sjá má af stefnu Ísafjarðarbæjar í menningarmálum:

Rík menning og iðandi mannlíf eru mikilvægur hluti af samfélaginu. Í Ísafjarðarbæ er enginn skortur á þessum þáttum. Tónlist, myndlist, sögu, íþróttir og aðra afþreyingu má finna um allt sveitarfélagið.

Segja má að menningarhúsin þrjú séu orðin einskonar miðpunktir menningar á svæðinu. Í Safnahúsinu á Eyrartúni má finna allt frá bókasafni til

203 Sjá „Menningarmál,“ nálgast 23. september 2009. URL: http://www.kopavogur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=345&Itemid=109

204 Sama.

listasafns. Listin er svo ríkjandi í hinum tveimur, þ.e. tónleikasalum Hömr-um við Austurveg og Menningarmiðstöðinni Edinborg.²⁰⁵

Báðar þessar menningarskilgreiningar halla sér upp að mannfræðilega menningarhugtakinu þar sem menning og mannlíf eru samofin. Áhersla er lögð á að allt sveitarfélagið mori í menningu og fer slík áhersla vel með menningartengdri ferðaþjónustu, auk þess sem bæði bæjarfélögin hafa yfir að ráða menningarhúsum þar sem fjölbreytt starfsemi er sögð stunduð. Báðir bæir notfæra sér gott menningarumtal til ímyndarsköpunar og eru hátíðir sérstaklega vel til þess fallnar, enda mjög algengt að sveitarfélög standi að slíkum a.m.k. einu sinni á ári. Í tilfelli Kópavogs heitir hátíðin *Kópavogsdagar*, á Ísafirði er tónlistarhátíðin *Aldrei fór ég suður*²⁰⁶ þekktust. En ákvarðanatökur í báðum sveitarfélögum eru mjög pólitískar, því lista- og menningarráð Kópavogsbæjar og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar vinna án virks seilingarfjarlægðarlögmáls.

Samningar um samstarf ríkis og sveitarfélaga, bæði á Austurlandi og Vestfjörðum,²⁰⁷ svipa hverjum til annars. Í 1. grein þess síðarnefnda er tilgangur samningsins útskýrður með eftirfarandi orðum:

Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Vestfjörðum og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í Fjórðungssambandi Vestfirðinga við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt er með samningi þessum stefnt að því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsöðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landshlutanum.²⁰⁸

Þessi tilvitnun sýnir vel afmiðjunarstarf og stefnu ríkisins í menningarmálum, þar sem málum er komið í faglegan farveg og meiri ábyrgð lögð á herðar

205 Sjá „Menningarlíf í Ísafjarðarbæ,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://isafjordur.is/menning%5Fog%5Fmannlif/>

206 Þótt hátíðin sé einkaframtak hefur bærinn sýnt henni velvild í gegnum árin og veitt henni aðstöðu að hluta.

207 Búið er að gera samsvarandi samninga við önnur sveitarfélög og eru þeir allir mjög líkir.

208 Sjá „Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál,“ nálgast 23. september 2009. URL: <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/FF6C260B2319251D002567BA004D88CB/3305-B7DF4EDDD709002572D1003F5D56?OpenDocument>

sveitarfélaga. Í 5. grein sama samnings er sagt að við styrkveitingar sé tekið sérstakt mið af eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu á Vestfjörðum og mælt er sérstaklega með því að styðja við verkefni sem laða að ferðamenn. Áhersla er einnig lögð á að efla samstarf á sviði menningarmála, styrkja menningarlega stöðu svæðisins, samnýta krafta sveitarfélaga á svæðinu, nýta fjármuni betur, styðja við menningararfinn, styðja við menningarhátíðir og viðburði og efla nýsköpun í verkefnum tengdum menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.²⁰⁹

Sérstakt menningarráð Vestfjarða fer með framkvæmd stefnunnar. Hlutverk þess er m.a. að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til verkefna og hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Menningarráðið er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara af hverju samstarfssvæði,²¹⁰ auk þess sem Fjórðungssamband Vestfirðinga tilnefnir tvo fulltrúa. Hvergi er minnst á seilingarfjarlægðarlögmál og starf fagnefnda. Og þótt samningurinn sé um menningarmál þá eru það menntamálaráðherra og samgönguráðherra sem gera samninginn fyrir hönd ríkisins. Það er sterk vísending um vægi hans fyrir menningartengda ferðaþjónustu.

Í skýrslunni *Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum*²¹¹ er þessi hneigð ennþá skýrari. Skýrslan er eins konar forveri menningarsamningsins sjálfs og veitir fyrir sér ýmsum leiðum sem höfundar telja ákjósanlega í stefnumótun menningarmála. Undir liðnum *Saga, minjar, söfn* er eftirfarandi klausa:

Markvisst verði unnið að því að gera söguna aðgengilegri fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn. Skilgreina þarf menningarsögulegt gildi og sérkenni svæða sem auðveldar fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum að marka sér stefnu og skilgreina verkefni, t.d. á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Menningarráðið í samvinnu við sveitarfélög og aðila í menningartengdri ferðaþjónustu, svo sem söfn og sýningar, getur komið að slíkum verkefnum.

209 Þessi áhersla á menningartengda ferðaþjónustu er dálítið á skjön við frambærilega skýrslu sem kom út í október 2000 og kallast *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni*. Þar kom margt gott fram og áhersla á ferðabransann var alls ekki í fyrir-rúmi, þótt hann hafi vitaskuld komið við sögu. Þetta er því í raun ágætis dæmi um hvað getur gerst frá gerð „óformlegra“ og oft yfirgripsmikilla skýrslna til formlegra samninga.

210 Einn fulltrúi frá Strandasýslu og Reykhólahreppi, einn frá Vestur-Barðastrandasýslu, einn frá Bolungarvík og Súðavík og tveir frá Ísafjarðarbæ.

211 Skýrslan kom út í nóvember 2004 og var unnin fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga af Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og vinnuhópi skipuðum fulltrúum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Nú þegar hafa verið skilgreind nokkur verkefni á sviði menningartengdrar ferðabjónustu og uppbygging komin af stað. Gert er ráð fyrir því að Menningarsjóður geti komið að verkefnum á sviði menningartengdrar ferðabjónustu, bæði nýjum verkefnum og þeim sem þegar eru komin af stað.²¹²

Mannfræðilega menningarhugtakið virðist notað mjög markvisst af skýrsluhöfundum til þess að gera sambylí menningar, ferðamennsku, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga sem best. Svipaðrar hneigðar gætir í samningnum við Austurland og skýrslum um stefnu í menningarmálum á Suðurlandi og Norðurlandi vestra.²¹³

Peter Duelund og Tor Larsson skrifuðu grein um menningarstefnu sveitarfélaga á Norðurlöndum og sögðu öll Norðurlöndin hafa fylgt svipuðu ferli hvað *afmiðjunarhneigð* varðar, þ.e. aukin ábyrgð í menningarmálum hefur verið lögð á sveitarfélög. Í öllum löndunum gætir jafnframt þeirrar hneigðar að byggðaþróun, iðnþróun, ferðamennsku og markaðsþróun er forgangsraðað á kostnað lista og er þetta fyrst og fremst vegna of mikilla ítaka pólitíkusa og afskaplega sparlegar notkunar á seilingarfjarlægðarlögmálinu.²¹⁴

Með því að færa aukið vald til sveitarfélaga er því á ýmsan hátt verið að draga úr faglegri meðferð menningarmála. Ekki má þó gleyma því að það eru einnig ýmsir kostir við að færa valdið frá miðstýrðu bákni sem hefur ekki sömu þekkingu á sérkennum sveitarfélaga og starfsmenn þeirra óneitanlega hafa. Þeir þekkja svæðið og það menningarstarf sem þar er unnið mun betur og eru því að sumu leyti líklegri til að verja fjármunum betur heldur en fjarstýrt vald menntamálaráðuneytisins. Í tilfelli sveitarfélaga getur armur seilingarfjarlægðarlögmálsins einnig verið of langur, erfitt getur reynst að finna fagfólk til að fylla nefndirnar, ferlið verður flóknara og kostnaðarsamara og því verður í raun minna fé afgangsr fyrir menninguna sjálfa.

Þetta er enn og aftur spurning um *jafnvægi*. Ég sé ýmis hættumerki á því fyrirkomulagi sem hin ýmsu menningarráð landshluta, í samvinnu við menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, hafa sett á fót, einfaldlega vegna þess að það er ekki gengið úr skugga um að pólitísk ítök séu í lágmarki. Ferlið lyktar

212 *Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum* 2004: 6.

213 Sjá *Stefna í menningarmálum á Suðurlandi* 2004, *Stefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum* 2005, og *Menningarsamstarf á Austurlandi 2002-2004* 2004.

214 Sjá Peter Duelund og Tor Larsson 2003.

raunar af hinni gamalgrónu fyrirgreiðslupólitík og tel ég óhætt að fullyrða að slík pólitík setur ekki hagsmuni menningar og lista í öndvegi.

Markaður

Í rétt rúmlega 300.000 manna fámennissamfélagi er hinn frjálsi markaður óhjákvæmilega litaður af samþjöppun máttugra fjárfestingahópa og ákveðins ófagleika varðandi vinatengsl, fjölskyldubönd og persónulega óvild. Í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins, frá 1991 til 2009, skolaði öldu einkavæðingar með töluverðum þunga á land. Þessar breytingar á samfélagsgerðinni innleiddu ákveðið nýfrjálshyggjuæði sem var m.a. borið uppi af útrásarfíkn og tilkomu fjársterkra „súperstjarna“ sem leystu af hólmi leikara, stjórnámálemenn og íþróttafólk á gulu síðunum. Fyrir hrun var íslensk umræða gegnsýrð af þessu útrásartali, Baugsréttarhöldum, einkapotunotkun, eignarhaldi og fjárstýringu bankanna, áhættufjárfestingum, þenslu og gjálfi þotufólksins. Eftir efnahagshrunið er þessi sama umræða síðan gegnsýrð afleiðingum hrunsins. Persónuleg óvild og átök um völd og peninga eru löngu hætt að krauma undir niðri og fara nú að mestu fram fyrir sæmilega opnum tjöldum í misstýrðum fjölmiðlum. Hugsunarháttur nýfrjálshyggju, hagræðingar, auðs- og eignasöfnunar náði heljartaki á þjóðfélaginu og litaði alla málaflokka samfélagsins, þ.m.t. menningu og listir.

Þótt hægt sé að gagnrýna slíka stefnu með margvíslegum rökum, eins og með því að benda á frekari ójöfnuð í samfélaginu og auðvitað þær hroðalegu afleiðingar sem stefnan hafði hérlendis á endanum, þá þarf slík þróun ekki endilega að vera neikvæð fyrir menningu og listir. Þegar gríðarlegur auður færist yfir á tiltölulega fáa einstaklinga og fyrirtæki, verður til töluvert afgangsfé sem mörgum finnst kjörið að eyða í menningartengda atburði og listir. Mitt í nýfrjálshyggjuæðinu var því nýju lífi blásið í menningarlega patróna og stuðning einstaklinga og fyrirtækja til handa menningu og listum.

Fram hefur komið að flestir helstu leikendur íslenska menningarsviðsins eru jákvæðir í garð aukinna afskipta hins frjálsa markaðar. Bæði ríki og sveitarfélög gera sífellt meiri kröfur á forsvarsmenn stofnana og menningarhátíða að sækja í auknum mæli fé til atvinnulífsins og svo lengi sem launasjóður listamanna býður einungis upp á 1.600 mánaðarlaun árlega eru listamenn einnig háðir því að selja afurðir sínar til almennings og ímynd til fyrirtækja. Í tilögum BÍL um framtíðarsýn íslensks listalífs frá 2004-8 var mikið talað um

mikilvægi þess að stjórnendur fyrirtækja séu meðvitaðir um mikilvægi menningarlegrar ímyndar fyrirtækja þeirra. Bandalagið hvetur því til betri samvinnu milli listamanna og fyrirtækja þar sem sköpunarkraftur er metinn að verðleikum: „Menningarleg verðmæti eru metin til jafns við veraldleg gæði og arðsemi menningarinnar er viðurkennd hagstærð.“²¹⁵ Bandalagið hefur einnig unnið að því að opna augu ríkisvaldsins, sveitarfélaga og markaðar á mikilvægi lista í alþjóðlegum vöruskiptum og lagði því til í áðurnefndri forskýrslu að fulltrúi á vegum þess ætti fast sæti í Útflutningsráði Íslands.

Ástæðan fyrir því að BÍL sér ástæðu til að benda á jafnaugljósa hluti og jákvæð bein og óbein áhrif menningar og lista á hagkerfið, er sú að á Íslandi hefur lengi verið hefð fyrir því að líta á þennan málaflokk sem vettvang góðgerðastarfsemi í stað þess að sjá gildi hans fyrir skapandi samvinnu. Viss hefð er því fyrir að tengja fjármagn til menningar og lista við samfélagslega ábyrgð, hvað svo sem í henni felst. Jafnvel þótt þetta hafi aðeins breyst, sérstaklega með tilkomu fjársterkra einstaklinga og fyrirtækja, þá virðist þessi „samvinna“ vera afar óþroskuð og oftast ekki stela fyrirtæki athyglinni frá listviðburðinum með óhóflegu magni af slagorðum, lógóum og litskrúðugum blöðrum, auk þess sem fjölmiðlar beina sjónum sínum of mikið að kostunarmönnum í stað listamanna. Ein af ástæðum þess að fyrirtæki ganga svo langt í að beina athyglinni að sér gæti verið sú að þau fá í raun alltof lítinn skattaafslátt fyrir að styrkja menningu. Ef skattaafslátturinn væri hærri en 0,5% myndu markaðsdeildir fyrirtækjanna hugsanlega slaka aðeins á og sætta sig við minni sýnileik. Breytingar á skattaumhverfinu yrðu í það minnsta skref í rétta átt.

Einn helsti galli fámennissamfélags eins og þess íslenska er samt sem áður sá að menningarstofnanir og önnur menningartengd verkefni hafa ekki úr svo miklu að móða, því þótt ýmis fyrirtækjanna séu eða hafi verið fjársterk, eru þau ekki sérstaklega mörg. Samkeppni um sporslur er því óvenju hörð, auk þess sem goggunarröðin ræðst ekki endilega af gæðum heldur réttum flokksskiptinum og fjölskylduböndum og má ætla að samkeppnin hafi aukist til muna í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Á Íslandi er heldur ekki ríkt hefð fyrir samvinnu atvinnulífs og menningarstofnana og því mun skiljanlega taka einhvern tíma að móta almennar siðareglur í samskiptum þeirra. Hingað til hafa fyrirtæki og aðrir aðilar úr einkageiranum fengið ótrúlega mikla athygli fyrir

215 Sjá „Framtíðarsýn – Starfsumhverfi listamanna,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://bil.is/index.php?option=content&task=view&id=30&Itemid=50&sP=38>

ótrúlega lítinn pening. Sem dæmi má nefna fjárhæð sem Björgólfur Thor lét til sýningar Ólafs Elíassonar, *Frost Activity*, í Listasafni Reykjavíkur snemma árs 2004. Miðað við fjölmiðlaathyglina mætti halda að hann hafi haldið sýningunni einsamall uppi en í raun var fjárframlag hans einungis um þriðjungur af heildarkostnaði sýningarinnar. Í frétt Morgunblaðsins var höfuðáhersla lögð á þátt Björgólfs Thors, eins og fyrirsögnin *Styrkir Listasafn Reykjavíkur um milljónir vegna sýningar Ólafs* gefur til kynna. Engin efnisleg umfjöllun er um sýninguna en Eiríkur Þorláksson, þáverandi forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, segir það „sérstaklega ánægjulegt að sjá nýja kynslóð kaupsýslumanna í vaxandi mæli taka forystuna í stuðningi við lista- og menningarlíf á Íslandi í upphafi nýrrar aldar“²¹⁶, auk þess sem Björgólfur Thor fær einnig að tjá sig um ágæti þessarar fjárfestingar sinnar.

Faðir Björgólfs Thors, Björgólfur Guðmundsson, markaði sér einnig sess sem „verndari listanna“ og uppskar gott umtal og mikla fjölmiðlaathygli fyrir vikið. Menn víluðu meira að segja ekki fyrir sér að kippa honum upp á leiksvið svo hann gæti bókstaflega baðað sig í sviðsljósinu. Í stjórnartíð Björgólfs varð Landsbankinn sífellt meira áberandi í allri umfjöllun um Menningarnótt og brá lógói bankans, auk stórum borðum annarra fyrirtækja, oft fyrir utan á söfnum og leikhúsum, sem og í kynningarbæklingum og öðru kynningarefni. Umfang slíkrar kynningar og umtals, bæði hvað sýnileika varðar og athygli í fjölmiðlum, er samt í hrópandi ósamræmi við þær upphæðir og prósentuhlutföll sem fyrirtæki og einkaaðilar leggja til menningar- og listviðburða, þar sem ríki, borg og önnur bæjarfélög borga yfirleitt 80-90% fjármagnsins og fá litlar þakkir fyrir.²¹⁷

Frjó samvinna ríkis, bæjarfélaga og hins frjálsa markaðar í menningarmálum getur þó heppnast vel og má nefna *Listahátíð Reykjavíkur* og verkefnið *Menningarborg 2000* sem dæmi um slíkt. Listahátíð Reykjavíkur var fyrst sett á laggirnar árið 1970 og hefur því fest sig í sessi sem menningarlegur viðburður og vörumerki. Mikilvæg breyting var gerð á stjórnunarfyrrirkomulagi hátíðar-

216 „Styrkir Listasafn Reykjavíkur um milljónir vegna sýningar Ólafs,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2004/01/15/styrkir_listasafn_reykjavikur_um_milljोनir_vegna_sy/

217 Sjá t.d. mastersritgerð Lofta Atla Eiríkssonar, *Viðskiptavæðing menningarlífsins og menningarvæðing viðskiptalífsins: Áhrif stefnu íslenskra stórfyrirtækja í styrkveitingum til menningarmála á menningarstofnanir á árunum 2002-2008*, nálgast 18. febrúar 2010. URL: <https://skemman.is/dspace/handle/1946/3629>

innar árið 2000 og ber tiltölulega sjálfstæður listrænn stjórnandi nú mesta ábyrgð, en áður voru meðlimir stjórnar hátíðarinnar við völd. Þessi breyting á fyrirkomulagi Listahátíðar Reykjavíkur er mjög í anda sambærilegra hátíða erlendis, eins og t.d. Edinborgarhátíðarinnar, með bæði kostum og göllum. Stjórn og ákvörðunartaka verður vitanlega einfaldari og skilvirkari auk þess sem nefndarmeðlimir eiga erfðara með að ota tota sinnar listgreinar. Gallinn er hins vegar sá að sé viðkomandi stjórnandi hæfur er líklegt að útkoman verði góð en sé viðkomandi stjórnandi valinn til starfans á vafasömum forsendum er líklegt að útkoman verði sýnu verri. Markaðurinn gegnir þó stóru hlutverki í Listahátíð Reykjavíkur, því 50% fjármagnsins kemur þaðan, á meðan borg og ríki skipta hinum 50% bróðurlega á milli sín. Miðað við gæði og fjölbreytileika hátíðarinnar undanfarin ár tel ég samt óhætt að fullyrða að með góðan stjórnanda í brúnni, umkringdan fagaðilum á sviði lista og markaðsmála, geti þetta fyrirkomulag unnið að hag menningar og lista, sem og markaðar.

Í umfangsmikilli skýrslu Svanhildar Konráðsdóttur um menningarborgar-árið er svipuð saga sögð. Ég fjalla nánar um skýrsluna í kafla helguðum alþjóðlegu menningarsamstarfi en nefni verkefnið hér sem jákvætt dæmi þess að hagsmunir menningar og markaðar geti farið saman.

Klink og Bank verkefnið er annað dæmi um jákvæð áhrif markaðar á menningu og listir sem hefði þó mátt þróast og dafna lengur. Forsaga verkefnisins er sú að títtnefndur Björgólfur Guðmundsson ákvað að veita hópi listamanna tímabundinn aðgang að um 5.000 m² húsi sem Landsbankinn átti. Bankinn hafði samband við tíu manna hóp sem stendur að galleríinu *Kling og Bang* og fékk þessum hópi umsjón með verkefninu. Þessi samvinna milli markaðsmanna og listamanna bar fljótlega frjóan vöxt og höfðu um 150 listamenn aðstöðu í húsinu þar sem ólíkar listgreinar á borð við málalist, leiklist, tónlist, handritaskrif, tölvulist og kvikmyndalist blönduðust saman. *Klink og Bank* réð auk þess yfir sýningarsal og tónlistarsal sem opnir voru almenningi, þar sem grasrótarlístaönnum, sem og reyndari refum í faginu, gafst tækifæri til að kynna list sína.

Klink og Bank verkefnið var snjallt, bæði út frá hagsmunum markaðar og listamanna. Landsbankinn, og sérstaklega „patrón“ listalífsins, Björgólfur Guðmundsson, fékk gríðarlega fjölmiðlaathygli og jákvætt þjóðfélagslegt um-

tal, fyrir tiltölulega litla fjárhæð.²¹⁸ Styrkur verkefnisins lá því ekki í fjáraustri, heldur frekar í snjallri samsuðu almannatengsla og markaðsfræða. Ungu listafólki var gefinn kostur á góðri aðstöðu en slíkur lúxus er oft verðmætari en tímabundnar fjárhæðir, sérstaklega fyrir grasrótastarfssemi og sköpun ögrandi og nýstárlegrar listar. Klink og Bank varð á undrastuttum tíma þekkt vörumerki í listaheiminum og því kom dálítið á óvart að Landsbankinn skyldi ákveða að selja húsið. Bankinn gerði að vísu samning við nýja eigendur um að framlengja dvöl listafólks um eitt ár í húsinu. Þegar árið var liðið lauk einnig tveggja ára sögu Klink og Bank. Samkvæmt grein Sigrúnar Eddu Eðvarðsdóttur í *Mannlífi*, en hún vann B.A.-ritgerð um málið, var kveðið á um í samningi Landsbankans og Klink og Bank að bankinn fengi listaverk frá hópnum sem laun fyrir aðstöðuna. Bankinn gerði því ekki samninginn einvörðungu með myndarsköpun í huga heldur sáu forsvarsmenn hans sér greinilega færi á að eignast verk eftir hóp ungra íslenska listamanna á einu bretti.²¹⁹

Jafnvel þótt hér hafi verið minnst á þrjú tiltölulega vel heppnuð verkefni, þar sem markaðurinn tekur þátt í að kosta hámenningu og grasrótalist, þá hefur þessi samvinna ekki náð fullum þroska á Íslandi. Enn er of algengt að umræðan einkennist af persónugervingu, eða fyrirtækjagervingu, þess sem lætur eyri af hendi rakna og því miður hlaupa fjölmiðlar of oft til og baða markaðsöflin og pólitíska arminn í birtu flassins og skilja listviðburðina og listamennina eftir í skugganum. Umræðan einkennist því enn af „styrktartali“ og „samfélagslegri ábyrgð“ í stað þess að menning og listir séu metin til jafns við hlutabréfakaup, sjávarútveg og virkjanaframkvæmdir.

Fyrir efnahagshrun fengu fréttatilkynningar af styrkjum fyrirtækja á borð við Baug Group, Glitni, Actavis og Landsbankann töluvert rúm í fjölmiðlum enda oft um snjallar fjárfestingar að ræða. Sem dæmi má nefna 19 milljónir sem Baugur gaf til Hins íslenska bókmenntafélags í tilefni 190 ára afmælis félagsins. Í fréttatilkynningu sagði m.a. að upphæðin væri táknað þar sem félagið fengi milljón fyrir hvern áratug sem það hefði starfað.²²⁰ Styrktarsjóður Baugs, sem var stofnaður 10. júní 2005 með stofnfé upp á 300 milljónir, gaf einnig til ýmissa menningartengdra mála. 5. febrúar 2007 var úthlutað í þriðja

218 Auk viðhalds borgaði Landsbankinn fasteignagjöld og hita- og rafmagnsreikninga.

219 Sjá Sigrún Edda Eðvarðsdóttir 2006.

220 Sjá „Baugur styrkir Hið íslenska bókmenntafélag um 19 milljónir,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1239231>

sinn úr sjóðnum og var 43 aðilum úthlutað alls 56,5 milljónum króna.²²¹ Auk styrkja til menningarmála voru einnig ýmsir styrkir til líknarmála og er fyllsta ástæða til að gleðjast yfir því. Styrktarsjóðurinn sem slíkur vann gott starf og lét fé til margs konar starfsemi sem var fjársvelt fyrir.

Sé hins vegar litið á fréttina sem birtist í kjölfarið í *Fréttablaðinu* og á Vísí.ís verður manni hins vegar ljóst að markaðurinn vill alltaf fá eitthvað fyrir sinn snúð. Tilkynningin hefst á kynningu á sjóðnum og stjórnarmönnunum Jóhannesi Jónssyni, Ingibjörgu Pálmadóttur og Hreini Loftssyni. Síðan er því haldið fram að Gunnar Þórðarson tónskáld hafi fengið hæsta styrkinn til að koma verki sínu *Brynjólfsmessunni* á disk. Gaf sjóðurinn 2,6 milljónir til útgáfunnar. Því næst er sagt frá því að Baugur styrki íslensku leiklistarverðlaunin *Grímuna*, listahátíð í Manitoba, verkefni á vegum Rithöfundasambandsins sem heitir *Skáld í skólum*, Kórstefnu á Mývatni, Kára Árnason til útgáfu disks til stuðnings Árna Ibsen og loks fékk Sigur Rós tveggja milljóna króna styrk til eftirvinnslu á heimildamynd sinni og Voces Thules til að vinna verkið *Sturlunga – ég sé eld yfir þér*. Önnur verkefni og listhópar sem eru nefnd síðar í fréttatilkynningunni eru Ópera Skagafjarðar, Möguleikhúsið, Fjalakötturinn, myndirnar *Rodlaust og beinlaust* og *Góðir gestir*, tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður, Elísabet Jökulsdóttir, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og lestrarhvetjandi verkefni á vegum Minjasafnsins á Akureyri.²²²

Slíkir styrkir eru vitaskuld af hinu góða því þeir koma styrkhöfum vel. Gallinn er sá að þegar markaðurinn ákveður að gefa til menningar og lista ræður hann ferlinu sjálfur. Engin kvöð um seilingarfjarlægðarlögmál liggur að baki ákvörðun stjórnarinnar sem að mér vitandi er ekki skipuð fólki sem gæti kallast „fagfólk“ í menningu og listum. Þótt styrkveitingin sé í raun fjölbreytt og nái til ýmissar starfsemi, bæði til einstaklinga, félaga og stofnana, er athyglisvert hvernig úthlutunin er kynnt í miðli Baugsmanna. Í fyrsta lagi fékk Gunnar Þórðarson ekki hæsta styrkinn, því líti maður nánar á styrkúthlutun fékk Gunnar eins og fyrr sagði 2,6 milljónir en *Action on Addiction*, sem er styrkur til rannsókna, meðferða og forvarna vegna áfengis og vímuefna í Bretlandi, fékk langhæsta styrkinn, heilar 7 milljónir. Þetta framlag er auðvitað ekki

221 Sjá „Úthlutað úr Styrktarsjóði Baugs,“ nálgast 10. maí 2007. URL: <http://www.baugurgroup.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2303>

222 Sjá „Baugur styrkir listafólk,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.visir.is/article/20070207/LIFID08/102070114>

neitt til að skammast sín fyrir þar sem málefnið er sannarlega þarft, en fyrir ímynd Baugs á Íslandi skiptir framlagið minna máli og því er í raun farið með rangt mál í fréttatilkynningunni.

Mér þykir einnig furðu sæta að Sigur Rós, stjórnur á alþjóðlegan mælikvarða, fái tveggja milljóna úthlutun fyrir eftirvinnslu sem ég geri ráð fyrir að þeir geti sjálfir pungað út fyrir. Ástæðan er einföld. Baugur gerir sér grein fyrir vægi Sigur Rósar til ímyndarsköpunar og styrkir því vel þekkt vörumerki. Það sama má í raun segja um vörumerki á borð við Aldrei fór ég suður og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Hvort tveggja fær mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Þetta er samt sem áður afar algengt ferli þegar kemur að styrkjum á vegum aðila markaðarins. Hugsunin hverfist oft fyrst um hvernig styrkurinn nýtist þeim og síðan hvernig hann nýtist styrkhafanum. Þetta er eðlilegt; aðilar markaðarins vilja auka gróða fyrirtækja sinna og í því sambandi er ímyndarsköpun mikilvæg.

Hins vegar væri æskilegt að aðilar markaðarins gerðu sér ekki einungis grein fyrir mikilvægi lista og menningar fyrir hagkerfið og gróða fyrirtækis síns heldur einnig fyrir sérstöðu málaflokksins og þeirri staðreynd að listærnar afurðir skila ekki alltaf hagnaði samstundis og því verði ímyndarsköpun þeirra í sumum tilfellum lítil eða engin. Baugur er auðvitað ekki eina fyrirtækið sem baðaði sig í ljóma listalífsins. Ég hef þegar minnst á þátt Björgólfsfeðga en sé lítið nánar á þátt þessara tveggja fylkinga fyrir efnahagshrunið, bæði í menningarmálum og í fjölmiðlaheiminum, tel ég fyllstu ástæðu til að gæta varúðar, sérstaklega í ljósi veikrar samningsstöðu listamanna, forsvarsmanna menningarstofnana og skipuleggjenda menningarviðburða.

Ágúst Einarsson hagfræðiprófessor hefur skrifað um jákvæð áhrif menningar og lista á samfélagið og hefur sýnt fram á að margföldunaráhrif menningar eru mikil í hagkerfinu. Ágúst tilgreinir tölur og nefnir t.d. að umfang menningarmála skili álíka miklu til landsframleiðslunnar og landbúnaður og allir veitingastaðir og hótélrekstur, og mun meira en samanlögð ál- og kísiljárnframleiðsla. Eins og góðum hagfræðingi sæmir styðst Ágúst talsvert við tölfræði en hann kemur líka inn á sérstöðu menningarmála: „Menning hefur einnig margvísleg jákvæð áhrif á einstaklinga sem eru ekki mæld í hefðbundnum þjóðhagsreikningum, eins og aukin vellíðan vegna liststarfsemi eða

hamingjusamara líf vegna þátttöku í ýmiss konar menningarviðburðum.²²³ En jafnvel þótt menning hafi þessi „innri“ illmælanlegu gildi hefur hún einnig ytri áhrif sem hægt er að mæla í prósentum og bera saman við aðra málaflokka samfélagsins: „Hægt er að flokka áhrif menningar til jákvæðra ytri áhrifa í hagfræðilegum skilningi vegna þess að með aukinni menningu og aukinni þekkingu almennings á því sviði telst þjóðfélagið vera fjölbreytilegra og bjóða upp á fleiri möguleika til hamingjusams lífs en ella.“²²⁴

Grein Ágústs í *Tímariti Máls og menningar* leitast við að sýna fram á að umfang menningarmála sé mun meira en flestir halda og er greining hans því mikilvæg til að koma fyrir kattarnef þeim grundvallarmisskilningi að menning og listir séu samfélagsleg byrði. Ágúst gerir líka nokkuð sem er alls ekki algengt í umfjöllun um menningu, en það er að útskýra notkun sína á menningarhugtakinu:

Með menningu er átt við hverja þá hegðun eða starfsemi sem byggir á viðleitni mannsins til að lýsa, skapa, varðveita eða miðla tilfinningum eða umhverfi mannlegs samfélags hvort sem það er gert í máli, myndum, tónum, hreyfingu, trú, hugmyndum, venjum, eða á annan hátt. Til menningar telst því hvert það starf innan samfélagsins sem miðar að því að koma menningu á framfæri sama í hvaða formi það er.²²⁵

Þessi menningarskilgreining Ágústs er klassískt dæmi um mannfræðilega menningarhugtakið með kosti sína og galla. Það er gott til að sýna fram á mikilvægi menningar vegna þess að það spannar svo mörg svið samfélagsins. En einmitt þess vegna getur það átt á hættu að verða merkingarlaust. Þetta vandamál dúkkar oft upp í samanburði menningarumsvifa milli landa, eins og greining Trine Bille, Christian Hjorth-Andersen og Mikkel Gregersen ber með sér.²²⁶ Þau benda á að forsenda þess að gera samanburð milli ólíkra menningarstefna sé að lönd komi sér saman um hvað felst í hugtakinu menningarpólitik. Til þess að geta komið sér saman um slíka skilgreiningu verður fyrst að ákveða hvað átt sé við með menningu og hefur það reynst þrautin þyngri. Praktískt dæmi sem þau nefna er hugtakið *listmenntun*. Mikill munur er á milli landa hvort þessi

223 Ágúst Einarsson 2001: 45.

224 Sama rit: 43.

225 Sama rit: 43.

226 Sjá Trine Bille, Chr. Hjorth-Andersen og Mikkel Gregersen 2003.

flokkur tilheyrir menntamálaráðuneyti eða menningarmálaráðuneyti. Tölfræðilegur samanburður í menningarmálum er því varhugaverður og eins og sást í greiningu minni á menningarstefnu Reykjavíkurborgar er þessi þáttur talsvert fyrirferðarmikill.

Sökum þess hve erfitt er að niðurnjörva menningarhugtakið verður alþjóða-samanburður yfirleitt skakkur, því eins og höfundar áður nefndrar greinar benda á geta ekki einu sinni Norðurlöndin komið sér saman um sameiginlega skilgreiningu á menningu. Sumar rannsóknir benda því til þess að menningar-neysla Íslendinga aukist á ákveðnum sviðum, eins og t.d. bókalestri, á meðan aðrar rannsóknir gefa til kynna að *bókalestur* Íslendinga sé stórlega orðum aukinn og byggir helst á gamalli og vel viðhaldinni goðsögn.

Enginn vafi leikur á að samkvæmt hinni frægu höfðatölu eru hlutfallslega margar bækur gefnar út á Íslandi og landinn kaupir þær einnig samvisku-samlega fyrir hver jól. Fjöldi útlána á bókasöfnum segir samt oft meira um lestur fólks og ef marka má könnun Torben Fridberg, sem byggir á *Fjölmíðlun og menningu*, skýrslu Hagstofunnar frá 1999, eru Íslendingar töluvert á eftir hinum Norðurlöndunum, ekki einungis með notkun bókasafna, heldur einnig með leikhúsferðir, heimsóknir á söfn og klassíska tónleika. Þegar kemur að bíóferðum, sjónvarpsglápi og tölvueign erum við hins vegar vel með á nótunum.²²⁷

Slíkar mælikúnstir ber þó að taka með töluverðum fyrirvara því mælingar á virkni og þátttöku mismunandi listgreina eru sömu vandamálum bundnar og þeim er lúta að skilgreiningum á menningu og listgreinum. Menning og listir eru í stöðugri þróun og mynda ný form, blandast saman og skapa híbríð, sem erfitt getur verið að nálgast með aðferðum hagfræði og tölfræði. Torben Fridberg tekur t.d. sérstaklega fram að tölur frá Íslandi séu í raun ekki samanburðarhæfar vegna þess að aðferðafræðin sem liggur að baki þeim sé önnur.²²⁸

Þessi tölfræðilega nálgun er samt sem áður mjög í anda þróunar menningarpólitíkur síðustu tuttugu ára. Árangurskrafa nýfrjálshyggjunnar er

227 Fridberg 2003.

228 Í íslensku gögnunum var spurt um hlutfall fólks sem fer nokkrum sinnum á menningarviðburði á ári. Hjá hinum Norðurlöndunum er hins vegar spurt um að minnsta kosti einu sinni. Samanburðurinn verður því sjálfkrafa Íslendingum í óhag. Tölur frá 1999 segja heldur ekki mikið til um núverandi menningarnotkun en ég bendi á þetta hér til að sýna fram á hversu skakka mynd tölfræðilegur samanburður á menningarframleiðslu og menningarnotkun getur verið og hversu varhugavert er að byggja menningarstefnu á tölfræði.

m.a. bundin því að hægt sé að mæla hlutina á tiltölulega svart-hvítan hátt, svo auðveldara sé að sýna fram á annað hvort framgang eða hnignun.²²⁹ Slíkar talnakúnstir eiga hins vegar ekki sérstaklega vel við í menningargeiranum og því getur aukin íhlutun markaðar í menningarmálum skapað mótsagnakennda flækju. Meiri áhersla á jákvæð hagfræðileg áhrif menningar og lista leiðir til þess að málaflokkurinn verður í auknum mæli tekinn alvarlega, sérstaklega hjá efnahagslegum og pólitískum ráðamönnum. Þótt þetta sé í eðli sínu jákvætt þá getur þetta leitt til þess að aðilar markaðarins einblína eingöngu á hagfræðilega þáttinn og láta þann menningarlega sitja á hakanum. Þessi flækja getur því orðið til þess að meira fjármagn og umfjöllun fjölmiðla geri menningu og listum hálfgerðan bjarnargreiða. Slík mótsögn er best útskýrð út frá „vanþroska“ í samskiptum aðila atvinnulífsins og menningar- og listageirans, þar sem þeir fyrrnefndu virðast of oft vilja fá mikið fyrir lítið sem ekki neitt.

Eigi atvinnulífsunglingurinn að vaxa úr grasi verður hann að líta á menningu og listir út frá formerkjum þeirra í stað þess að horfa til skjóts gróða og jákvæðrar ímyndarsköpunar. Menningarstofnanir verða einnig að fá betri samningsstöðu, því ef þær verða sífellt háðari fjármagni að utan verða þær að sætta sig við kröfur þeirra sem fjármagnið veita. Tvennt þarf til að koma á kjörjafnvægi milli þessara aðila: annars vegar hugarfarsbreytingu hjá aðilum atvinnulífsins og hins vegar betri fjárhagslegar stöðir menningarstofnana, svo þær verði ekki að koggleypa alla beitu, hversu rýr sem hún kann að vera. Þótt teikn séu á lofti um að þetta jafnvægi smokrist í rétta átt, eins og Listahátíð í Reykjavík ber með sér, þá virðist viðhorf til menningar og lista stundum afar afturhaldssamt eins og fréttatilkynningin „Leikhópur SUS sækir um listamannalaun“ ber með sér:

Nýstofnaður leikhópur SUS hefur sótt um listamannalaun fyrir árið 2005 í tengslum við uppsetningu á gjörningi sem felst í því að skila listamannalaunum aftur til skattgreiðenda. Með þessu vilja ungir sjálfstæðismenn minna á að menning verður ekki til hjá hinu opinbera heldur hjá einstaklingunum.

229 Ég vil benda á nýlega könnun á menningarneyslu Íslendinga sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og birt í janúar 2010. Þótt fagna beri áhuga á menningarneyslu Íslendinga notast könnunin við mjög hefðbundna notkun á hugtökunum *menningarneysla* og *listgreinar* og kemur t.d. ekkert inn á þær áskoranir sem stafræn menning og stafrænun menningar bera með sér. Ég fjalla nánar um slíkar áskoranir í 5. kafla.

Það er því mikilvægt að ríkisvaldið sleppi klónum af menningarstarfsemi og leyfi henni að blómstra í friði. Á vettvangi menningarmála er því hægt að spara umtalsverða fjármuni og skila þeim til skattgreiðenda sem geta þá valið sjálfir hvort og hvaða menningarstarfsemi þeir styðja, meðal annars með því að afnema listamannalaun.²³⁰

Í þessari litlu klausu endurspeglast því miður hugmyndir margra Íslendinga um mikilvægi menningar og lista. Þetta virðist ekki vera „alvöru“ málaflakkur, því samkvæmt fréttatilkynningunni þarf ekki neina sérstaka hæfileika til að verða hluti af honum. Allir virðast geta slett í söngleik og ekki er verra ef hægt er að græða dálítið á honum. Sumir myndu segja að slíkur málflutningur sé ekki svaraverður og að hann endurspegli fyrst og fremst fordóma og fávösku þeirra sem að honum standa. En ég tel hins vegar stórhættulegt að svara hinum unga frjálshyggjuarmi með þögninni einni saman og finnst í raun furðu sæta að ekki hafi orðið meiri umræða í kringum þetta mál en raun bar vitni. Sérstaklega í samfélagi sem er fært um að halda uppi fjörugum umræðum um Bobby Fischer, Keikó og hundinn Lúkas svo vikum skiptir.

Það sama var uppi á teningnum þegar SUS lagði fram tillögur um niðurskurð á fjárlögum síðla árs 2009. Í skýrslunni, sem ber nafnið *Raunhæf fjárlög án skattahækkana*, leggur SUS einfaldlega fram þá tillögu að þorri menningarstofnana á vegum ríkisins verði lagður af, sem og ýmis framlög til rannsóknastarfa. Rökstuðningurinn felst í því mati SUS að einstaklingurinn eigi að velja sér menningarafþreyingu sjálfur og hið opinbera eigi ekki að koma nærri framboði á slíku vali, og gildir þetta jafnt um söfn, RÚV og menningarstofnanir á borð við Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveitina:

Hvað listasöfn varðar, t.d. listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands og Gljúfrastein, þá telur SUS að það sé ekki hlutverk hins opinbera að starfrækja söfn, hvað þá að skattgreiðendur séu látnir greiða fyrir þau. Nær væri að söfn væru í höndum einkaaðila sem myndu fjármagna þau með styrkjum (öðrum en opinberum) og aðgangsgjaldi. Þá telur SUS jafnframt að með tíð og tíma beri að efna til uppboðs á málverkum og öðrum listmunum í eigu ríkisins. [...]

Þá telur SUS jafnframt að hið opinbera láti af öllum styrkjum til Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitarinnar, Íslenska dansflokksins og annarra

230 „Leikhópur SUS sækir um listamannalaun,“ nálgast 15. mars 2007. URL: <http://www.sus.is/frettir/nr/439>

skyldra málaflókka. Rétt er að leggja fyrrnefndar menningarstofnanir niður, í það minnsta breyta þeim í sjálfseignarstofnanir þar sem tekjur þurfa að duga fyrir rekstri.²³¹

Þótt róttækar tillögur SUS eigi vitaskuld ekki hljómgrunn meðal allrar þjóðarinnar finnst mér rétt að benda á innihald skýrslunnar, sérstaklega í ljósi þess hversu litla umræðu hún vakti í íslenskum miðlum.

Hagsmunasamtök listamanna og listamenn sjálfir eru oft duglegir við að benda á margt sem miður fer, en þeir eru vitanlega hagsmunaaðilar og sökum þess hafa rök þeirra að sumu leyti minna vægi. Almennigur er einnig duglegur að koma skoðun sinni á framfæri, og notar til þess miðla á borð við dagblöð, útvarp og blogg. Listtengdir atburðir virðast þó ekki tendra eins ofsafengin bál í brjóstum þeirra og t.d. umhverfisvernd, heilbrigðismál eða kvótaflækjur, og liggur grunnur þessa afskiptaleysis að mínu mati í verndun og viðhaldi íslensku menningarvitundarinnar, sem ráðandi orðræðubúnt og sannleiksveldi hafa gert svo sjálfsöð og samdauna mótun íslenskra sjálfsvitunda, að umræðan virðist óþörf.

Sé litið á íslenska menningarmódelið út frá markaðnum sést að það stendur á tímamótum. Þau orðræðubúnt sem urðu ráðandi á góðæristímabilinu sköpuðu sannleiksveldi sem fáir settu spurningarmerki við og er slíkur dæði mjög í anda þess valds sem Michel Foucault skilgreinir. Undir slíkum kringumstæðum, þar sem ráðandi orðræða er alltumlykjandi, er afar erfitt að hugsa og starfa utan hennar. Þau orðræðubúnt sem höfðu mikil áhrif á hugsun og gjörðir þorra Íslendinga, og stjórnðu þeim í sumum tilvikum, fyrir efnahagshrun voru undir miklum áhrifum frá hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar og urðu áhrif markaðar skiljanlega mikil undir slíkum kringumstæðum. Þess sjást merki í menningarpólitík á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga og að hluta einnig í menningarstefnu BÍL. Íslenska menningarmódelið færði sig einfaldlega frá arkitektahugsjónum í átt að hæfnismódelinu en slík þróun getur unnið að framgangi menningar og lista, en einnig að hömlun þeirra.

Í góðærinu var nægt fé á lausu sem „patrónar“ menningarinnar veittu til menningarstarfs og listviðburða og það samræmdest stefnu stjórnvalda vel. Hættan er þó sú að menningargeirinn verði háður þessu fé og því myndist tómarúm þegar markaðurinn er ekki lengur aflögufær. Íslenskt menningar-

231 *Raunhæf fjárlög án skattahækkana* 2009: 13.

starf sýpur nú seyðið af þessu, því það er ekki nóg með að sporslur frá aðilum markaðarins hafi skroppið saman heldur hefur einnig átt sér stað gríðarlegur samdráttur hjá hinu opinbera, sem þó á að vera hinn dyggi bakhjarl samkvæmt arkitektamódelinu. Sá samdráttur sem nú einkennir íslenskan efnahag snertir alla málaflokka, heilbrigðisgeirann jafnt sem menningargeirann. Sé hins vegar litið til þeirrar stöðu sem sá síðarnefndi hefur í goggunarröð ríkis og sveitarfélaga tel ég útlitið svart, því á Íslandi er þrautseig mýtan um að þar sem listir séu ekki „lífsnauðsynlegar“ í þröngum skilning orðsins þá beri ekki að veita fé til málaflokksins þegar herðir að. Þess vegna er málaflokkurinn kallaður lúxusmálaflokkur og góðærimálaflokkur.

Þessi mýta er sprottin úr flóknu ferli sem ég gerði líttillega grein fyrir í þriðja kafla og varðar þær orðræður sem löngum hafa hyglt íslensku menningarvitundinni. Þessi menningarvitund nýttist þjóðinni vel í sjálfstæðisbröltinu, þá lituð „herderískum“ dráttum. Hún nýttist handhöfum pólitíks og efnahagslegs valds einnig vel í uppgangi síðustu áratuga, þar sem menningarvitundin var beygð í átt til ímyndarsköpunar lands og þjóðar og til menningartengdrar ferðabjónustu. Í báðum tilfellum er um afar úthugsaða notkun kerfisaflanna á menningarhugtakinu að ræða, þar sem því var fyrst og fremst beitt í þágu pólitískra valdahagsmuna og til fjárhagslegs framdráttar.

Ég hef þegar bent á mikilvægi menningartengdrar ferðabjónustu út frá hagsmunum ríkis, sveitarfélaga, listamanna og markaðar, og hvernig þessir aðilar hafa notað menningarvitundina á meðvitaðan hátt til að veita fjármagnsflæði inn í fagið. Menningartengd ferðabjónusta virðist því vera samnefnari fyrir hagsmuni þeirra aðila sem nefndir hafa verið til sögunnar hingað til. Af þessum sökum er rétt að tileinka henni sérstakan undirkafla og sæki ég útgangspunkt kaflans í magnaða skýrslu sem gerð var fyrir samgönguráðuneytið af þáverandi þingmanni og formanni Ferðamálaráðs Íslands, Tómasi Inga Olrich, síðar menntamálaráðherra.

Menningartengd ferðabjónusta

Menningartengd ferðabjónusta fellur vel að þeirri menningarstefnu sem ríki og sveitarfélög hafa rekið undanfarin ár og slíkar áherslur hugnast markaðsöflunum. Ríkið notar menningartengda ferðabjónustu undir formerkjum þjóðernislega menningarhugtaksins, blandaðri kröfunni um fjárhagslegan arð, og sveitarfélög styðjast einnig við fjárhagslegu kröfuna, en skipta gjarn-

an þjóðernislega hugtakinu út fyrir það mannfræðilega. Það er þó erfitt að njörva niður þverfaglegt svið eins og menningartengda ferðaþjónustu, líkt og menningarhugtakið sjálft. Þetta endurspeglast ágætlega hjá ríkinu, því ferðamál tilheyra jafnan samgönguráðuneytinu en menningarmál menntamálaráðuneytinu. Hjá Reykjavíkurborg hafa þessi svið verið sameinuð en slík ytri tilhögun er ekki endilega menningu í hag. Það veltur í raun algjörlega á því jafnvægi sem starfsfólk menningar- og ferðamálasviðs kemur á milli hagsmuna ferðamennsku og hagsmuna menningar – og það sama má í raun segja um samstarf menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis á ríkisvísu.

Ástæðan fyrir því að ég tek skýrsluna *Menningartengd ferðaþjónusta* (sem samgönguráðuneytið gaf út í ágúst 2001) sérstaklega fyrir er að hún er skólabókardæmi um afar meðvitaða notkun á íslensku menningarvitundinni, tungumálinu, handritaauðnum og náttúru Íslands. Greining mín er því varnaróður gegn slíkri gerð menningartengdrar ferðaþjónustu, einkum vegna þess að hún leggur miklu meiri áherslu á fjárhagslegan hagnað en langtíma hagsmuni menningar og lista, sem skapa ójafnvægi milli kerfisþátta og lífheimsþátta almennasviðanna. Skýrslan er einnig afar gott dæmi um hvernig mórernísk menningarfélagsfræði að hætti Ernest Gellner og etnó-sýmbólismi Anthony D. Smith tvinnast saman og skapa klisjukennda draumsýn um ágæti þjóðar. Það sama má raunar segja um aðra skýrslu sem kom út undir lok góðærisins og ber nafnið *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna*, gefin út af forsætisráðuneytinu árið 2008.

Skýrslan *Menningartengd ferðaþjónusta* byggir á starfi nefndar sem Sturla Böðvarsson, þáverandi samgönguráðherra, skipaði þann 5. nóvember 1999 og Tómas Ingi Olrich leiddi sem formaður, auk þess sem hann skrifaði skýrsluna að mestu. Miðað við þann fjölda áhrifamikilla aðila íslenska menningarvettvangsins sem nefndin og skýrsluhöfundur vitna til í viðmælendaskrá má ætla að hér megi greina ákveðna *orðræðu* sem auðveldlega getur orðið að *orðræðubúnti*, og þar með haft mikil áhrif á framtíðarmenningarpólítík hins opinbera. Á hinn bóginn finnst mér einnig rétt að benda á að hefð er fyrir ákveðnum athafnabægslagangi í menningarmálum sem og öðrum samfélagslegum málaflokkum, þar sem menn sækja fremur af kappi en forsjá. Fjöldi viðmælenda endurspeglar því ekki endilega dýpt rannsóknarinnar að baki skýrslunni.

Það fyrsta sem stingur í augu er skilgreining nefndarinnar á menningu:

Er rétt að hafa það í huga við lestur skýrslunnar, að með menningu er hér ekki einungis átt við listir og það sem menn hafa hneigst til að nefna hámenningu. Fremur takmarkast verkefnið af þeim skilningi að með menningu sé átt við það sérstaka svipmót, sem þjóðin hefur komið sér upp á rúmlega þúsund árum, og er enn að móta. Þannig verður til staðblær, sem litast af hnattrænni stöðu landsins, náttúrulegum aðstæðum, sögu, atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar og erlendum tengslum en þó umfram allt af þeirri sérstöðu sem tungumálið skapar þjóðinni í senn sem uppspretta og farvegur fyrir menningarleg verðmæti.²³²

Tómas Ingi tekur þó skýrt fram að skýrslunni sé ekki ætlað að skilgreina íslenska menningu heldur þvert á móti að hygla viðskiptalegum og hagfræðilegum sjónarmiðum, sbr. eftirfarandi tilvitnun: „Leitast er við að líta verkefnið raunsæjum augum og styðjast eftir föngum við hlutstæð, hagnýt og viðskiptalegs sjónarmið.“²³³ Í skýrslunni er menningararfinnum rætt upp á hentugan hátt með það fyrir augum að lokka ferðamenn til landsins. Þannig notar skýrslan menningu til að ota viðskiptalegum sjónarmiðum að málaflokknum. Einnig er athyglisvert að hann spyrði *raunsæ augu* saman við *hagnýt* og *viðskiptaleg sjónarmið* en með slíku orðalagi heldur hann því í raun fram að menning menningar vegna, listir listanna vegna, og þau gildi sem þessir málaflokkar standa fyrir, séu *óraunsæ*.

Rauði þráðurinn í skýrslunni er að lykilinn að sjálfsmynd nútíma Íslendinga sé að finna í skrifum framsækinna rithöfundar sem lifðu á Íslandi á tólfth og þrettándu öld. Þessir höfundar skrifuðu á eigin tungu og lögðu þung lód á vogarskálars heimsbókmenntanna, lód sem nú eiga að lyfta vörumerkinu *menningartengd ferðaþjónusta Íslands* á hæsta plan. Í skýrslunni er lagt til að *Konungsbók Eddukvæða* verði gerð að menningarsögulegum minnisvarða, eins konar svari Íslendinga við Mónu Lísu, auk þess sem notfæra eigi sér landfræðilega stöðu Íslands til að sýna fram á sérkenni menningarinnar. Þá virðist skýrsluhöfundur sjá feiknasölu í að landið liggi mitt á milli Ameríku og Evrópu:

232 *Menningartengd ferðaþjónusta* 2001: 5.

233 Sama rit.

Við rannsóknir, þróun og markaðssetningu verði lögð áhersla á menningarvirkni, listsköpun og vísindastarfsemi Íslendinga og áhuga þjóðarinnar á skráningu og miðlun upplýsinga, sem sameiginlegan þátt í fari þjóðarinnar í nútíð og fortíð. Leitast verði við að kynna þau áhrif sem lega landsins, á mótum tveggja menningarheima, hefur haft á menningu þjóðarinnar. Þá verði lögð áhersla á að kynna sérstaklega glímu þjóðarinnar við máttug náttúruöfl og nýtingu á auðlindum landsins.²³⁴

Skýrsluhöfundur tengir því saman sköpunargleði þjóðveldistímans og upplýsingasamfélags nútímans, auk þess sem hann sér ástæðu til að einfalda langa sögu íslenskrar þjóðar með því að fullyrða að hún sæki mannréttindi, réttarfar og félagslegar hugsjónir til Evrópu, en viðskiptalífið beri keim af Vesturheimi. Hin íslenska þjóðarsál er skýrsluhöfundi einnig hugleikin:

Við erum að mörgu leyti á mótum hins gamla og nýja heims, fornari í tali og á sumum sviðum íhaldssamari en Evrópubúar, en jafnframt opnir fyrir nýjungum og tækisinnnaðir að hætti Bandaríkjamanna. Þessi deigla er hluti af íslenskri þjóðarsál og mikilvægur þáttur í fari hennar. Menningartengd ferðapjónusta á að varpa ljósi á þá frjóu menningarlegu deiglu, sem hér hefur þróast á mótum tveggja sterkra menningarstrauma. Íslenskri nútímamenningu má að þessu leyti jafna við brú milli tveggja ólíkra heima.²³⁵

Nálægð Íslendinga við náttúruna er skýrsluhöfundi einnig hugleikin en samkvæmt skýrslunni er glíman við hana bæði erfið og gjöful. Það er leitt líkum að því að hún skýri andstæðurnar í fari þjóðarinnar sem „er talin vera hvort tveggja hryssingsleg og hlý, hranaleg við fyrstu kynni en skárri eftir því sem innar kemur.“²³⁶ Skýrsluhöfundi tekst einnig að tengja saman ættfræðiahuga Íslendinga og nútíma erfðavísindi auk þess sem hann fullyrðir að nútíma Íslendingurinn eigi það sameiginlegt með forfedrunum að vera bergnuminn af skráningartækni og upplýsingamiðlun:

Sá ákafi, sem einkennt hefur þátttöku Íslendinga í upplýsingabyltingunni svokölluðu og nýjungum á sviði hátækni, hugbúnaðar og samskiptatækni, er ljóslega hluti af menningarlegri ímynd nútíma Íslendinga. Þessi nýjungagirni

234 Sama rit: 10.

235 Sama rit: 33.

236 Sama rit.

og tækniáhugi hefur gengið í eina sæng með ættfræðiáráttu Íslendinga, sem haft hefur yfir sér einna mestan forneskjublæ af íslenskri fræðastarfsemi, en er nú er [sic] orðin hátæknivædd, auk þess sem hún er orðin grundvöllur erfðafræðivísinda.²³⁷

Í skýrslunni er bent á mikilvægi bygginga, safna, íslenska þjóðbúningsins, heitu pottanna, þjóðlegrar árátta, sérstöðu íslenskrar hestamennsku, matargerðar og matreiðslu, og loks menningar og lista. Að lokum er landinu skipt í sjö þróunar- og markaðssvæði, eða eins konar menningarsögulegt minjasafn, þar sem íslenski hesturinn, jöklar, sögusvið Njálu, gosminjasafn, gróðurvernd, vetraríþróttir, umhverfi og landnýting, þjóðlagasetur og vesturferðir standa hlið við hlið. Móðurmálið fær stóran sess, enda er að mati skýrsluhöfundar „ekki hægt að kynna íslenska menningu án þess að kynna málmennningarhefð þjóðarinnar og sérkennilega náð tilfinningasamband hennar við listamenn málsins.“²³⁸

Megináherslur nefndarinnar eru skýrar: „Íslensk ferðaþjónusta verði í framtíðinni byggð upp á tveimur meginstöðum, *íslenskri náttúru* og *íslenskri menningu* og samverkan þessara þátta. *Megináhersla verði lögð á að kynna náttúru landsins, menningu þjóðarinnar og gagnkvæm áhrif menningar og náttúru.*“²³⁹ Þessi tenging menningar og náttúru er afar sterkt einkenni á íslenskri útgáfu menningartengdrar ferðamennsku. Skýrsluhöfundur er jákvæður í garð þess starfs sem unnið var í kringum menningarborgarárið, enda má halda því fram að menningarstjórnun hafi að sumu leyti verið sparkað inn í nútímann vegna árangursríkra ytri stjórnunarbreytinga. Kynningarstarfið var unnið á faglegan hátt, viðburðir voru í heildina vel sóttir og vel kynntir, bæði í innlendum og erlendum fjölmiðlum. Starfsmenn verkefnisins komu á mikilvægu neti milli atvinnulífs, borgar, ríkis, sveitarfélaga, listafólks og áhugamanna, auk þess sem yfirstjórnin var nútímavædd, gagnsæ og árangursrík. Ytri þættir nýrrar opinberrar stjórnunar í hnotskurn!

Þessir ytri þættir eiga samt ekki alltaf samleið með innri þáttunum og innri gæði og gildi menningar og lista fylgja oft öðrum lögmálum. Í skýrslunni er bent á að M2000 verkefnið hafi staðið frammi fyrir því vandamáli

237 Sama rit: 39.

238 Sama rit: 8.

239 Sama rit: 9. Skáletrun mín.

að vera ein af nýu menningarborgum og því í samkeppni sem og samvinnu við þær. Flestar þessara borga hafa langa menningarsögu og eru staðsettar í hjarta Evrópu. Aðgengi er því auðveldara, auk þess sem af ríkari arfi er að taka. Miðað við útspil M2000 er eins og starfsmenn þess hafi metið það svo að borgin sjálf hafi ekki haft upp á næga menningu að bjóða og því var yfirskriftin *menning og náttúra* notuð markvisst til að skapa „menningu“ hennar sérstöðu. Þótt færa megi haldbær rök fyrir því að náttúra Reykjavíkur hafi upp á ýmislegt að bjóða, þá er samt ekki verið að tala um náttúru Reykjavíkur, eins og klárlega má sjá á enska slagorðinu *Next Door to Nature*. Menningarborgin Reykjavík er því notuð sem stökkpallur út í hina stórkostlegu íslensku náttúru. Hugmyndafræðilega verður menningin því undirorpin náttúrunni.

Þótt hér hafi verið dregin upp fremur neikvæð mynd af menningartengdri ferðaþjónustu er mikilvægt að undirstrika mikilvægi hennar og umfang. Þessir þættir gera hana að veigamiklu menningarpólitísku viðfangsefni sem aðilar menningarvettvangsins verða að taka alvarlega. Hættan er sú að menning og listir verði undir vegna of mikillar áherslu á viðskiptaleg sjónarmið, að hallað verði á gildi lífheimsins vegna sjónarmiða kerfisins. Sveitarfélögin vilja fá eins mikinn pening í kassann og mögulegt er og því er hætta á að þau dragi fram klisjukenndar afbaknir, sögulegar sem menningarlegar, eyrnamerki þær sínu héraði og selji í innihaldslítilli útgáfu til ferðamanna. Persónulega á ég erfitt með að sjá hvernig slíkt gagnast langtíma hagsmunum og gæðum menningar og lista. Menningartengd ferðaþjónusta á vitanlega fullan rétt á sér en hún verður að stuðla að *kjörjafnvægi* milli hagsmuna menningar og lista og hagsmuna atvinnulífsins og hins opinbera. Skýrslan *Menningartengd ferðaþjónusta* er gott dæmi um menningarstefnu þar sem hagsmunum kerfisafhlanna er hyglt á kostnað menningar og lista.

Að lokum er rétt að benda á þær fjárhagslegu úrlausnir sem viðraðar eru í skýrslunni. Lagt er til að stofnaður verði *Menningarsjóður ferðamála* sem árlega úthluti 200 milljónum króna til styrkveitinga. Þriggja manna stjórn á að sjá um úthlutun og verður stjórnin skipuð af samgönguráðherra. Menntamálaráðherra fær þó að vera með, því hann má tilnefna einn þeirra. Tillagan er hreint pólitískt spil, hagsmunaverðir menningar eru í minnihluta stjórnar og hvergi er minnst á seilingarfjarlægðarlögmálið. 200 milljónir eru auk þess

mikið fé, til samanburðar má benda á að sama ár og skýrslan kom út runnu 241,6 milljónir til listamannalauna.²⁴⁰

Slík forgangsroðun, þar sem hagsmunum kerfisafla er hampað á kostnað lífheimsins, er ansi algeng í íslenskri menningarpólitík og er skýrslan um menningartengda ferðaðþjónustu engan veginn ein á báti heldur fremur afurð þeirrar menningarpólitísku orðræðu sem lengi hefur verið ráðandi. Skýrslan *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna* frá 2008 er einnig afurð þess ráðandi sannleiksveldis sem mótað hefur menningarvettvanginn svo um munar síðustu ár.

Þessi skýrsla á það sameiginlegt með skýrslunni um menningartengda ferðaðþjónustu að hvorug þeirra á rætur í menntamálaráðuneytinu. Forsaga skýrslunnar er sú að forsætisráðherra skipaði nefnd²⁴¹ í nóvember árið 2007 sem átti að gera tillögur um hvernig styrkja mætti ímynd Íslands. Hún beitir sams konar röktilbúningi og stuðst var við í skýrslunni um menningartengda ferðaðþjónustu en núna er túlkun á íslensku menningarvitundinni greinilega lituð af viðskiptalegum hagsmunum og áherslu á náttúru fremur en menningu:

Ísland er land í mótun. Í þjóðinni býr náttúrulegur kraftur sem mótast hefur í sambúð við harðbýla en gjöfula náttúru. Íslendingar búa yfir eiginleikum sem gegnt hafa veigamiklu hlutverki í lífsbaráttu þjóðarinnar og eru nú grunnurinn að kröftugu viðskiptalífi, blómlegu menningarstarfi og framsæknu samfélagi. Kraftur og aðlögunarhæfni þjóðarinnar hefur skilað Íslandi í hóp samkeppnishæfustu landa heims.²⁴²

Í skýrslunni er áhersla lögð á mikilvægi ímyndar fyrir efnahag, afkomu og samkeppnishæfi þjóðarinnar og litið er á menningu sem afl til að lúta hagsmunum viðskipta. Hinn sértæki lestur á íslensku menningarvitundinni, sem gerð var grein fyrir í þriðja kafla, stýrir þeim orðræðum sem skýrslunni er ætlað að viðhalda og spilar hinn óbeislaði náttúrukraftur sem fyrr stórt hlutverk:

240 Sjá skýrsluna *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál* 2001.

241 Í nefndinni sátu Svafa Grönfeldt, þáverandi rektor við Háskólann í Reykjavík og var hún jafnframt formaður, Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, Jón Karl Ólafsson, forstjóri JetX/Primera Air, Martin Eyjólfsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs í utanríkisráðuneytinu, Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, og Sverrir Björnsson, framkvæmdastjóri hönnunarsviðs Hvíta hússins.

242 *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna* 2008: 4.

Kraftur og fjölbreytt feegurð íslenskrar náttúru er [sic] sögð endurspeglast í menningarlífi þjóðarinnar og skapa henni sérstöðu. Kraftmikil atvinnusköpun, tjáningarfrelsi, öryggi og frelsi til athafna einkennir stjórnerfi, samfélag og atvinnuhætti. Óbeisluð náttúruöflin eiga sér líka hliðstæðu í agaleysi og oft og tíðum djarfri og óútreiknanlegri hegðun Íslendinga. En þessa eiginleika ber ekki að hræðast því þeir hafa gegnt veigamiklu hlutverki í lífsbaráttu þjóðarinnar. Þeim ber að fagna og þá ber að nýta.²⁴³

Rík áhersla er lögð á að árangursrík ímyndaruppygging verði að byggja á sönnum, eða ekta, einkennum lands og þjóðar og því beri að kafa djúpt til að finna rætur þeirra. Þetta er afar skýrt dæmi um hvernig þær kenningar í þjóðernisfræðum sem þegar hefur verið gerð grein fyrir geta unnið að myndun og viðhaldi godsagna sem síðar eru nýttar sem valdataeki ráðandi sannleiksveldis. Í þessu tilviki á *náttúrulegur kraftur* að vera eins konar sérkenni Íslands sem sameina á allar stöðir ímyndar þess. Þetta á einnig við um menninguna, þar sem bókmenntaarfurinn er enn og aftur spyrstur saman við nútíma menningarsköpun: „Náttúrulegur kraftur einkennir það ferskasta í menningunni og einstakur hljómur nýsköpunar í tónlist og sjónlistum kallast á við hrynjandi rímna og Íslendingasagna.“²⁴⁴

Menningartengd ferðapjónusta þarf ekki að vera slæm fyrir menningu og listir. Þetta er, sem fyrr segir, spurning um jafnvægi milli kerfisafla og lífheims. Þau teikn sem ég hef hér kastað upp benda til þess að ráðandi valdastraumum sé ekki sérstaklega annað um langtíma menningarsköpun og áhrif hennar á sjálfsmýndir einstaklinga heldur leggi meira upp úr pólitísku valdapotí og samstöðu orðræðubúnta sem hygla sjónarmiðum viðskiptaheimsins. Slík stefna er áhyggjuefni og erfitt er að greina breytingar til batnaðar hjá núverandi menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, ef marka má ávarp hennar á ráðstefnunni *Menningarlandið* þann 11. maí 2009, en þar talar hún m.a. um ágæti menningar-samninganna:

Í stefnumótun menningarmála þarf nú sérstaklega að huga að því hvernig menning, ferðamál og atvinnumál geti frekar en orðið er tengst og orðið þannig öflugur þáttur í íslenskri nýsköpun. Samstarfið hefur farið fram undir jákvæðum formerkjum alla tíð og það er mikilvægt að þessum

243 Sama rit: 5.

244 Sama rit: 29.

samningum hafi verið tekið fagnandi og að árangur þeirra er sýnilegur og mælanlegur.²⁴⁵

Þetta er skýrt dæmi um að áhrif kerfisaflanna hjá núverandi ríkisstjórn eru áfram sterk og kemur það sem fyrr niður á valdajafnvægi almannasviðsins, þar sem enn og aftur er hallað á lífheim hins borgaralega samfélags.

Fjölmiðlar

Margt af því sem áður var sagt um markaðinn á einnig við um íslenska fjölmiðla. Ísland er fámennissamfélag með tiltölulega gagnsæjum valdablokkum sem teygja sig í ýmsa anga samfélagsins. Kunningja-, valda- og flokkatengsl gera það að verkum að ýmsum stofnunum samfélagsins er ekki stýrt af sama fagleika og tíðkast í mörgum nágrannalanda okkar. Þetta á við um stjórn Ríkisútvarpsins, sem og annarra íslenskra fjölmiðlasamsteypa. Staða íslenskra fjölmiðla er sérstaklega varasöm af þeirri augljósu ástæðu að í nútímasamfélagi eru fjölmiðlar, og sérstaklega sjónrænir fjölmiðlar, eitt árangursríkasta tækið til að ná til fjöldans og móta skoðanir hans og eru þeir því mikilvægt afl í jafnvægi kerfis, lífheims og almannasviða.

Eitt helsta hlutverk fjölmiðla er þó að veita pólitíkusum og öðrum valdamiklum aðilum samfélagsins aðhald og sjá til þess að þeir misnoti ekki aðstöðu sína. Hefur þetta verið kallað varðhundahlutverk þeirra,²⁴⁶ þar sem fjölmiðlar taka stöðu varðhunda og urra og gelta þegar þeir sjá merki valdamisnotkunar. Í sinni jákvæðustu mynd stuðla fjölmiðlar að gagnrýninni umræðu og gagnsæi valdablokka auk þess sem þeir eru vettvangur fyrir upplýsingaflæði, skoðana-skipti, frétttaflutning, menningu og skemmtun. Stundum er því haldið fram að fjölmiðlar séu samfélagsspegill sem endurvarpi fjölbreytileika mannlífsins. En þetta er ekki hlutlaus spegill sem endurvarpar öllu sem fyrir flöt hans ber, því fjölmiðlar hafa vald til að velja sjálfir hvaða fréttir og greinar þeir kjósa að birta, og þ.a.l. einnig hvaða atburðum þeir kjósa að halda frá almenningi. Í fyrsta kafla gerði ég grein fyrir fjölmiðlamódeli James Curran. Hann setti almannamiðla á borð við Ríkisútvarpið í miðju módelisins og mun ég því hefja umfjöllun mína á almannamiðlinum RÚV.

245 „Ávarp ráðherra á ráðstefnunni Menningarlandið, 11. maí 2009,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/2009/07/16/nr/5001>

246 Sjá t.d. áður nefnda bók James Curran *Media and Power*.

Deilt hefur verið um bæði innihald og stjórnunarfyrirkomulag RÚV. Þessi umræða er mikilvæg því máttur eina almannamiðilsins í dreifbýlu fámennissamfélagi er mikill og mikilvægt að ákvarðanir um framtíð hans séu vel ígrundaðar. Því þarf að vera samfella í umræðum um hvort RÚV vanræki eða uppfylli lögfest menningarlegt, menntunarlegt og upplýsandi hlutverk sitt, jafnvel þótt slíkar hugleiðingar séu oft mjög huglægar. Eins er mikilvægt að ræða rekstrarform RÚV, því lengi vel var útvarpsráð pólitískt skipað og viss hefð fyrir því að ríkjandi stjórn mála flokkar notfærðu sér þessa glufu og otuðu sínum tota þegar færi gafst. Slíkt grefur undan trausti miðilsins og því er afar mikilvægt að koma ráðningarferli og ákvarðanatökum um innihald í hendur fagnefnda sem vinna eftir seilingarfjarlægðarlögmálinu.

Þá hefur RÚV verið gagnrýnt fyrir að krefjast bæði afnotagjalds/nefskatts og að keppa við aðra fjölmiðla um auglýsingafé. Miðað við að Ríkisútvarpið fékk 2.780 milljónir gegnum afnotagjöld samkvæmt fjárlögum 2007 er samkeppnisstaða á auglýsingamarkaði vitaskuld skökk. Í janúar 2007 körpuðu þingmenn töluvert um nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið, meðal annars um þetta. Voru skiptar skoðanir um málið, bæði innan þingheims og í samfélaginu. Sumir vilja að RÚV hverfi með öllu af auglýsingamarkaði og eru *Samtök atvinnulífsins* þar á meðal – og vildu þau að frumvarpið gengi miklu lengra í þá átt: „Samtök atvinnulífsins telja því nú sem fyrr að frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES samningsins um ríkisstyrki, sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggi ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. Samtökin geta því í umsögn sinni ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.“²⁴⁷

Svo eru þeir sem sáu breytingar á RÚV í opinbert hlutafélag sem eitt skref að því markmiði að stofnunin yrði seld frá almenningi til einkaaðila og sköpuðust af þessu áhugaverð skoðanaskipti. Eftir töluverðar umræður var frumvarpið samþykkt 23. janúar 2007 en stjórnarandstaðan skilaði séráliti í formi sáttarboðs sem meirihlutinn felldi. Endurskipulagning á rekstri RÚV er ekki ný af nálinni eins og *Skýrsla starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum* frá 1996 og *Skýrsla vinnuhóps menntamálaráðuneytisins um fjárhag og rekstur Ríkisútvarpsins* frá 2001 eru dæmi um. Í niðurstöðum hinnar síðarnefndu segir m.a.:

247 „Frumvarp um RÚV samræmist ekki EES reglum,“ nálgast 7. febrúar 2010. URL: <http://www.sa.is/frettir/samkeppnismal/nr/3497/>

Innra stjórnkerfi Ríkisútvarpsins og verkaskipting æðstu stjórnenda eru bundin í lög og virka lagaákvæði augljóslega hamlandi fyrir rekstur stofnunarinnar. Sama er að segja um vangaveltur um framtíðarrekstrarform hennar sem hljóta að skapa óvissu á meðan niðurstaða um þau mál liggur ekki fyrir. Vinnuhópurinn telur að stofnun sem á í virkum samkeppnisrekstri þurfi að geta lagt innra skipulag og verkaskiptingu að aðstæðum á hverjum tíma án lagabreytingar. Verkaskipting á milli útvarpsstjóra og útvarpsráðs er alls ekki nægjanlega skýr og til þess fallin að þungja ákvarðanatöku innan stofnunarinnar. Loks hefur óskýr stefnumörkun um mikilvæga þætti í rekstrinum að mati vinnuhópsins haft neikvæð áhrif á hagræðingaraðgerðir, tekjuöflunarmöguleika, dagskrárgerð o.fl. Vinnuhópurinn tekur undir með þeim sem telja að móta þurfi skýrari stefnu varðandi það í hverju sérstaða Ríkisútvarpsins eigi að felast og hver séu markmiðin með sjónvarps- og útvarpsrekstri ríkisins.²⁴⁸

Í lokamati vinnuhópsins er einnig bent á nauðsyn þess að RÚV geti brugðist hratt við aukinni samkeppni og því sé mikilvægt að gera breytingar á þunglamalegu og óskýru ákvörðunarferli stofnunarinnar: „Núverandi stjórnkerfi Ríkisútvarpsins hefur lítið breyst að stofni til í marga áratugi, þrátt fyrir að umhverfi þess og starfsemi hafi tekið miklum breytingum. Sama gildir um hlutverk og lagalegar skyldur Ríkisútvarpsins sem hafa mikið til staðið óbreyttar síðustu þrjátíu árin. Hvort tveggja eru að áliti vinnuhópsins börn síns tíma sem þarfnast gagn Gerrar endurskoðunar.“²⁴⁹

Enginn vafi leikur á að endurskoðun laga og skipulags RÚV var nauðsynleg. Ágreiningurinn snerist því fyrst og fremst um þær leiðir sem valdar voru. Í skýrslunni *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál* frá 2007 er áhrifa hinna nýsamþykktu laga þegar farið að gæta:

Ríkisútvarpið er samkvæmt nýsamþykktum lögum á Alþingi sjálfstætt hlutfélag í eigu íslenska ríkisins. Megintekjustofnar þess eru afnotagjöld og gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi. Hætt verður að innheimta afnotagjöld og frá 1. janúar 2009 verður innheimt sérstakt útvarpsgjald sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda. Í lögunum er kveðið á um að Ríkisútvarpið skuli senda út til alls landsins og næstu miða minnst eina

248 *Skýrsla vinnuhóps menntamálaráðuneytisins um fjárhag og rekstur Ríkisútvarpsins* 2001: 8-9. Vinnuhópurinn skipaðu Auður Björg Árnadóttir menntamálaráðuneyti, Jón Loftur Björnsson Ríkisendurskoðun og Leifur Eysteinnsson fjármálaráðuneyti.

249 Sama rit: 33.

hljóðvarpsdagskrá og eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Ríkisútvarpinu eru m.a. lagðar þær skyldur á herðar um dagskrárgerð að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafn margir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn og jafn margir til vara kjörnir í hlutbundinni kosningu á Alþingi í stjórn félagsins.²⁵⁰

Þótt innheimtuferlið sé breytt virðist lítið hafa gerst hvað innihald varðar. Áherslan er enn á íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð og pólitíski armurinn er enn umfangsmikill í stjórninni. Þetta er sérstaklega alvarlegt þegar vald stjórnar og umsvif eru skoðuð en henni er m.a. ætlað að taka meiriháttar ákvarðanir um rekstur félagsins. Samfara vinnslu nýs frumvarps um RÚV gerðu menntamálaráðuneytið og Ríkisútvarpið drög að samningi um útvarpsþjónustu í almannabágu. 28. september 2006 birtist fréttatilkynning á vef ráðuneytisins þar sem hlutverk samningsins er sagt vera að skilgreina og lýsa nánar tilgangi og hlutverki RÚV.²⁵¹

Þann 23. mars 2007 skrifuðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, og Páll Magnússon útvarpsstjóri undir samninginn sem gildir frá 1. apríl 2007 til 31. mars 2012. Þar er m.a. þetta sagt um menningu:

RÚV skal með vönduðum hætti miðla fréttum, upplýsingum, menningarefni, fræðsluefni, íþróttum og afþreyingu.

RÚV skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu og menningu. Það skal reyna til hins ýtrasta að miðla íslensku máli þannig að hlustendur, lesendur og áhorfendur geti treyst því að tal og texti sé ávallt á lýtalausri íslensku.

RÚV skal hafa frumkvæði að því að miðla íslenskri menningu, listum og menningararfi. Félagið skal leitast við að virkja aðra til samstarfs með það að markmiði að efla slíka miðlun.²⁵²

Einnig er komið inn á mikilvægi sanngirni og hlutlægni fréttatilkynnings, aðgengi fatlaðra að útvarpsþjónustu í almannabágu, nauðsyn þess að RÚV nái

250 *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál* 2007: 21.

251 Sjá „Samningur við Ríkisútvarpið um almannabjónustu,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/3702>

252 „Samningur um útvarpsþjónustu í almannabágu,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://brunnur.stjir.is/mrn/logogregl.nsf/F6C260B2319251D002567BA004D88CB/034288-DD68D2E243002572A7004D5B91>

til ólíkra þjóðfélagshópa og endurspegli margbreytileika íslenskrar menningar, auk þess sem RÚV á að fjalla um fjölbjóðlegt samfélag á Íslandi og sinna þörfum íbúa frá öðrum löndum. RÚV á einnig að nýta sér nýjustu tækni og þjónustu hverju sinni til að auðvelda notendum aðgang, að kanna viðhorf almennings reglubundið, að setja sér dagskrárstefnu á öllum sviðum miðlunar og setja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu. Um netið er m.a. sagt að á „vefsvæði RÚV skal leitast við að notendur hafi ávallt svo greiðan aðgang að efni eins og kostur er.“²⁵³

Hvað íslenskt sjónvarpsefni varðar á hlutfall þess á kjörtímanum, milli kl. 19.00 og 23.00, að vera 65% í stað þeirra 44% sem það var árið 2005, senda á út fræðsluefni og heimildabætti og gera á betur við börn og ungmenni. Klausan um nýsköpun í dagskrárgerð er sérlega athyglisverð:

RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. RÚV skal styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndargerð [sic] með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. [...] RÚV skal gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum [sic] eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj. kr.²⁵⁴

Samningurinn, sem ráðgert er að verði til fimm ára, leggur áherslu á að sjónvarpsefni á Norðurlandamálum sé að jafnaði um 5% af útsendu efni og RÚV á einnig að hafa frumkvæði að því að sýna þætti og kvikmyndir frá öðrum ríkjum Evrópu og heimshlutum sem notið hafa lítillar kynningar á landinu. Loks er minnst á mikilvægi RÚV til varðveislu menningararfs, mikilvægi þess að gæta kynjajafnræðis og þess að dagskrárefni megi ekki hvetja til fordóma eða haturs vegna kynþátta, kynferðis, þjóðernis, trúar eða kynhneigðar.

Í stuttu máli er hér um dæmigert menningarpólitískt plagg að ræða sem er sneisafullt af fallegum, góðum og þörfum hugmyndum, en minna er sagt um nákvæmlega hvernig þessum markmiðum skal náð. Allar fínú setningarnar um framleiðslu og útsendingu á menningartengdu efni eru t.d. í hrópanði ósamræmi við eftirfarandi klausu sem einnig er að finna í samningnum: „RÚV skal fjalla um, útvarpa og sýna frá menningarviðburðum bæði innan lands og

253 Sama rit.

254 Sama rit.

erlendis. Skál menningarumfjöllun vera að lágmarki hin sama í mínútum talið og við upphaf samningstímabilsins í hljóðvarpi og sjónvarpi.²⁵⁵

Þetta er merkileg tilvitnun sem ber að staldra við. Samningurinn hefst á að tilgreina kynstrin öll af þörfum umbótum. Samt þykir sérstök ástæða til að nefna að stefnt sé að því að menningarumfjöllun *minnki ekki* á þeim fimm árum sem samningurinn spannar. Í þessu felst sá grundvallarmisskilningur að vel sé staðið að menningarmálum hjá RÚV og því sé töluvert afrek að halda í horfinu. Sé litið nánar á þessa gríðarlegu menningu sem RÚV færir landsmönnum daglega, má segja að útvarpsstöðvarnar tvær standi sig ágætlega. Hefð er fyrir því að *Rás 1* beini sjónum sínum að „alvarlegri“ viðfangsefnum, eins og þjóðmálaþátturinn *Spegillinn* og menningarþátturinn *Víðsjá* eru ágæt dæmi um, auk þess sem sértækari þættir á borð við *Seið og hélog* og *Krossgötur* gera menningunni ágæt skil. *Rás 2* sinnir aftur á móti frekar svokallaðri afþreyingarmenningu og vitna fjölmargir dægurmálaþættir og sæmilega vandadir tónlistarþættir á borð við *Poppland* og *Rokkland* um það.

Hugmyndir um lokun Rásar 2 hafa skotið upp kollinum af og til, gjarnan með þeim rökum að dagskrárefni stöðvarinnar falli utan almannaþjónustuhugtaksins. Þetta er furðuleg umræða því almennt þykir ekki mikið að halda úti tveimur almannahljóðvarpsstöðvum. Í nágrannalöndum okkar tíðkast til að mynda að ríkisútvörp standi að mörgum mismunandi stöðvum sem allar hafa mismunandi áherslur í dagskrárgerð sinni. Í Danmörku stendur Danmarks Radio fyrir P1, P2, P3 og P4, það sama má segja um Sveriges Radio, svo ekki sé minnst á BBC með sínar tíu bresku stöðvar, auk allra alþjóðlegu BBC-stöðvanna. Þessu til viðbótar standa þessir almannamiðlar einnig fyrir fjölmörgum stafrænum netútvarpsstöðvum. Ástæðan fyrir þessu magni er einföld: Þar sem einungis 24 tímar eru í sólarhringnum segir það sig sjálft að það er einungis hægt að koma fyrir svo og svo miklu efni. Með því að fjölga stöðvunum eykst svigrúmið og dagskráin verður fjölbreyttari, menningu og mannlífi til bóta.

Ef *Rás 2* yrði lögð niður myndi ekki allt dagskrárefni stöðvarinnar hverfa heldur yrði hluta þess ýtt yfir á *Rás 1*. Niðurstaðan yrði sú að í stað tveggja sæmilegra stöðva myndum við fá eina sambræðingsrás, þar sem erfitt yrði að skilgreina verksvið, áherslur og framtíðarsýn, einfaldlega vegna þess að svið

255 Sama rit.

hennar yrði of vítt fyrir þann útsendingartíma sem hún hefur til umráða. Það var því með nokkurri gleði að ég rak augun í þá klausu samningsins sem kveður á um að útsending RÚV skuli vera a.m.k. tvær hljóðvarpsdagskrár og ein sjónvarpsdagskrá, og geri ég þá ráð fyrir að Rás 2 sé önnur þessara hljóðvarpsrása. Þessar upplýsingar ganga þvert á það sem stóð um skyldur ríkisins í skýrslunni *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál* frá 2007, þar sem einungis var talað um eina hljóðvarpsrás.

Sé kafað örlítið dýpra í gerð og gæði menningartengdra útvarpsþátta á vegum útvarpsstöðvanna er rétt að nefna *Víðsjá* fyrst, þar sem hún er ágætlega framleiddur yfirlitsþáttur sem gefur góða mynd af því sem efst er á baugi í listaheimum hverju sinni. Að mínu mati er algjörlega nauðsynlegt að hafa slíkan þátt á dagskrá en möguleikarnir sem slík yfirlitsumfjöllun veitir eru einungis nýttir til hálsf því á móti vantar faglega þætti sem fara dýpra í saumana, bæði hvað rækilegri umfjöllun og greiningar varðar. *Seiður og hélog* uppfyllir þetta tóm á bókmenntasviðinu og *Kvika* að sumu leyti á kvikmyndasviðinu en eigi almannaútvarp þjóðarinnar að svara fjölbreyttu kalli lista og menningar, verður einnig að hlúa að öðrum sértækum þáttum um myndlist, framfarir í stafrænum boðskiptum og áhrif þeirra á menningu og mannlíf, sviðslistir og aðrar performatívar listir, svo fáein dæmi séu nefnd. Slíkir þættir stinga vissulega reglulega upp kollinum en það vantar alla samfellu í gerð þeirra og sú tilfinning vofir yfir þeim að hér sé um „eldhugaframleiðslu“ að ræða sem unnin er við kröpp kjör, jafnvel þótt útkoman geti verið prýðileg.

Þótt ástæðulaust sé að falla í stafi yfir gæðum útvarpsstöðva RÚV þá stendur sjónvarpið sig sínu verr. Frá stofnun sjónvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins árið 1966 hefur magn innlendrar framleiðslu til að mynda verið mun lægra en í nágrannalöndum. Forkólfar RÚV kenna kostnaði um en gagnrýnendur þess benda á að sárlega vanti skýrari stefnu, bæði frá stjórnendum stofnunarinnar og frá ríkisvaldinu. Ríkið tók til að mynda virkan þátt í hnignun innlendrar dagskrárgerðar þegar það lagði niður *Menningarsjóð útvarpsstöðva*.

Eitt af því sem mesta athygli fékk í fréttatilkynningu um samninginn frá menntamálaráðaneytinu var aukið framlag til leikins sjónvarpsefnis sem átti árið 2009 að vera komið upp í heilar 200 milljónir króna. Í skýrslu sem Sigurður G. Valgeirsson vann árið 2002, og ber nafnið *Leikið íslenskt sjónvarpsefni: Staða, horfur og möguleikar*, talar hann um að einungis um 40 milljónum hafi verið varið árlega til leikins innlands sjónvarpsefnis í kringum aldamótin.

Sigurður sýnir ennfremur fram á að í samanburði við hin Norðurlöndin verð danská ríkisútvarpið 51,9% meira á hvern einstakling þjóðarinnar. Í Noregi er hlutfallið 80% og í Svíþjóð 82,7%. Enginn vafi er á að hærri fjárfamlaga er þörf og ætli ríkið að forgangsraða innlendra dagskrárgerð þarf að lyfta krónutölunni töluvert. Stjórnendur RÚV skella við skollaeyrum og virðast sjá æðri menningarlegan tilgang með kaupum á erlendum afþreyingarþáttum sem það kaupir í harðri og afar ósanngjarnri samkeppni við einkareknar stöðvar.

Erfitt er að skilja slíka forgangsröðun, því hún brýtur svo sannarlega í bága við menningarstefnu ríkisvaldsins sem hingað til hefur eytt mestu púðri í að hlúa að menningararfinum og tungumálinu. Í skýrslu Sigurðar eru týnd til nokkur haldbær rök sem mæla með aukinni framleiðslu innlends dagskráræfnis. Rökin eru bæði menningarlegs og fjárhagslegs eðlis, því slík framleiðsla endurnýjar þjóðararfinn og tungumálið, upplýsir almenning og gerir fólki kleift að njóta menningarinnar hvar á landinu sem er. Aukin innlend dagskrárgerð skapar atvinnu og ef vel tekst til þá getur vel heppnuð dagskrárgerð verið góð auglýsing erlendis fyrir land og þjóð.²⁵⁶ Danská ríkisútvarpið er til að mynda þekkt fyrir gerð vandaðra þátta sem hafa fengið erlendar viðurkenningar og stuðlað að auknum áhuga á Danmörku og danskri list og menningu. *Matador*, *Kroniken*, *Nikolaj og Julia*, *Ørnen*, *Forbrydelsen*, *Livvagterne* og *Borgen* eru vörumerki sem bera hróður og sköpunarkraft Dana víða. Með þetta í huga leggur Sigurður til að minnst 300 milljónum verði varið til gerðar leikins innlends dagskrárefnis. Markmið samnings menntamálaráðuneytisins og RÚV er skref í rétta átt en virðist, eins og svo oft áður, aðeins stigið til hálfis.

Björgólfur Guðmundsson nýtti sér þetta hálfkák og stefnuleysi vel með framlagi sínu til framleiðslu sjónvarpsmynda. Samkvæmt samningi sem hann og RÚV gerðu með sér 2007 til þriggja ára munu um 200-300 milljónir renna til íslenskrar sjónvarpsmyndagerðar og verða framlög beggja aðila jöfn. Hollvinir RÚV sáu samningnum ýmislegt til foráttu og töldu töluverða hættu á því að Björgólfur skipti sér af innihaldi þess sem framleitt er fyrir peninginn, auk þess sem þeir töldu möguleika starfsfólks RÚV skerta til að fjalla um málæfni fyrirtækja sem tengjast honum.²⁵⁷ Jón Kaldal skrifaði í Fréttablaðið að nauðsynlegt væri að skoða fjárútlát Björgólfs út frá stöðu hans á íslenskum fjöl-

²⁵⁶ Sjá Sigurður G. Valgeirsson 2002.

²⁵⁷ Sjá „Hollvinir RÚV mótmæla samningi við Björgólf Guðmundsson,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1302353>

miðlamarkaði. Björgólfur var nefnilega á þessum tíma aðaleigandi Árvakurs, sem var útgáfufélag *Morgunblaðsins* og 24 stunda, helstu keppinauta dagblaða 365 miðla, og því taldi Jón að með framlagi sínu hafi Björgólfur í raun verið að leggja hönd á plóginn í samkeppni við fyrirtæki sem hann keppir við.²⁵⁸ Jón Kaldal er þó ekki alveg hlutlaus í þessum skrifum sínum en hann var á þessum tíma aðalritstjóri Fréttablaðsins.

Þessi tengsl segja samt sitt um eignarhald og tengsl á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Mitt í einkavæðingarferli síðustu áratuga og dauða flokksblaðanna sköpuðust kjöraðstæður til myndunar fjölmiðlasamsteypa og voru um tíma á Íslandi þrjár áhrifamiklar valdablokkir innan fjölmiðlageirans; 365 miðlar, Árvakursmiðlar og almannamiðillinn RÚV. Uppgangur slíkra valdablokka er dæmigerður fyrir fámennissamfélag og er hugsanlega skýrasta dæmið um hvernig fjárhagslega sterkir og valdamiklir aðilar reyna að móta skoðanir heillar þjóðar eftir þeirra eigin orðræðubúntum. Það hefur því kannski ekki svo mikið breyst frá „upplýstri“ tíð Magnúsar Stephensen eða sambærilegum tilraunum Fjölnismanna og fylgismanna Jóns Sigurðssonar.

Fjölmiðlafrumvarpið fræga er eins konar táknmynd slíkrar orðræðu. Þar var íslensku þjóðinni skipt upp í tvo dilka; annar til vinstri, hinn til hægri. Í tilfelli uppgangs 365 miðla (sem áður kölluðust Íslenska útvarpsfélagið, Norðurljós og Dagsbrún), skutu stjórnvöld sig á vissan hátt í fótinn. Með því að aflétta ýmsum höftum ríkisvaldsins sköpuðu þau aðstæður sem viðbragðsfljótir, klókir – og ugglaut í sumum tilfellum ósvífnir – athafnamenn stukkðu á og högnuðust gríðarlega. Til varð ný ríkrámannaklíka sem stjórnvöld áttu erfitt með að koma böndum yfir. Ef klíkan hlaut náð fyrir augum stjórnvalda fékk hún að starfa svo til óáreitt, en félli hún í ónáð var ýmislegt gert til að leggja stein í götu hennar. Snara þáverandi Norðurljósa var fjölmiðlafrumvarpið. Ég tel fáa hafa sett sig upp á móti hugmyndinni um takmörkun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði, því eins og greining James Curran ber með sér er samfélaginu til góða að hér ríki fjölbreytt fjölmiðlaumhverfi. Því er heldur ekki að neita að starfsemi þáverandi Norðurljósa var gríðarlega umfangsmikil hvað framleiðslu og dreifingu á dagblöðum, sjónvarpsefni, útvarpsefni, kvikmyndum, tónlist og tölvuleikjum varðar. Samkvæmt skýrslu menntamálaráðuneytisins frá árinu 2004 átti samsteypan fimm af níu einkareknum sjónvarpsstöðvum

258 Sjá „Aðstoð Björgólfs,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.visir.is/article/200771112106>

íslenska fjölmiðlamarkaðarins og velta þess árið 2002 var tvöfalt meiri en Ríkisútvarpsins.²⁵⁹ Margt hefur gerst á íslenskum fjölmiðlavettvangi síðan 2004 og mun ég ekki rekja breytingar á eignarhaldi fyrir og eftir efnahagshrunið, þar sem slík eftirgrennslan yrði þessu verki hreinlega ofviða. Mér þykir hins vegar rétt að benda á þá augljósu staðreynd að fjölmiðlar voru lykilstjórnþæki til að móta valdamestu orðræðubúntin fyrir efnahagshrunið og sömuleiðis eftir það.²⁶⁰ Samþjöppun var og er einfaldlega alltof mikil á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Lausn og viðbragð stjórnvalda í kringum fjölmiðlafrumvarpið fræga var ótrúverðugt en segir samt sitt um það faglega hráefni sem orðræðubúnt menningarvettvangsins eru oft búin til úr.

Þótt flestum hafi verið ljóst að eignamyndunin væri óæskileg þá fóru frumstaðar vinnuaðferðir þeirra sem stóðu að frumvarpinu mjög fyrir brjóstið á hluta landsmanna. Frumvarpið var pressað í gegnum þingið á methraða og eftirmálin eru kunn: forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, neitaði að skrifa undir og setti málið aftur á byrjunarreit. Það þarf varla að taka fram forsögu pólitískra slagsmála forseta og þáverandi forsætisráðherra. Fagleikinn var lítill sem enginn.

Ástæðan fyrir því að ég rifja upp sögu fjölmiðlafrumvarpsins er sú að hún sýnir í hnotskurn hversu lítið hugmyndafræðileg menningarstefna vegur í landi þar sem flokksbönd og kunningsskapur þvælist fyrir. Þetta er ein af ástæðum þess að íslenskir fjölmiðlar eru harla ótrúverðugir, hvort sem litid er til útvarps, sjónvarps eða dagblaða. Eins og málin standa nú ná einungis þrjú dagblöð tiltölulega reglubundið til landsmanna, *Fréttablaðið*, *DV* og *Morgunblaðið*.²⁶¹ Fréttablaðið er enn í eigu þeirra sem stóðu að 365 miðlum, DV er komið í dreifða eignaraðild, þar sem Lilja Skaftadóttir og ritstjórinn Reynir Traustason eiga stærstan hlut, og Morgunblaðið er enn í eigu Árvakurs, sem nú lýtur forystu Óskars Magnússonar. Síðastnefnda blaðinu hefur í gegnum

259 Sjá *Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi* 2004. Einnig vil ég benda á *Skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla* sem kom út árið eftir og fjallaði m.a. um samþjöppun eignarhalds, þróun í evrópski fjölmiðlalöggjöf og markaðsstöðu og hlutverk RÚV.

260 Þetta kemur skýrt fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, viðauka 1, þar sem fjallað er um siðferði og starfshætti í tengslum við fall bankanna 2008. Viðaukinn er skrifadur af Vilhjálmí Árnasyni, Salvöru Nordal og Kristínu Ástgeirsdóttur og hefur að geyma kafla um þátt fjölmiðla.

261 Helgarblaðið *Fréttatíminn* hóf göngu sína 1. október 2010. Blaðið býður ekki upp á rismikla menningarumfjöllun. Von er á helgarblaðinu *Krítik* sem ætlar sér að gera hlut menningarumfjöllunar stóran. Vitaskuld er ofsnemmt að segja nokkuð um hvort sú verði raunin.

tíðina þótt vænt um Sjálfstæðisflokkinn og því hefði kannski ekki átt að koma á óvart að Davíð Oddsson skyldi ráðinn þangað sem ritstjóri. Ráðningin vakti samt sem áður furðu, þar sem ýmsum finnst Davíð heldur tengdur atburðum fyrir og eftir efnahagshrunið og sé því óhæfur til að stýra einu stærsta dagblaði Íslands. Þótt Íslendingar séu að verða hálfónæmir fyrir slíkum ráðstöfunum vekja þær undrun erlendis og sáu blaðamannafélög í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku ástæðu til að tjá áhyggjur sínar af stöðu málfrelsis á Íslandi.²⁶²

Hver skyldi svo birtingarmynd menningar og lista vera í jafn hrörlegu fjölmiðlalandslagi? Því er því miður fljótsvarað, hún er nánast engin. Lítil hefð er fyrir ýtarlegri menningarumfjöllun í íslenskum fjölmiðlum. Bókaútgáfa, bókaumfjöllun og bóka gagnrýni tekur kipp um jól, annars er umfjöllun strjál og grunn. RÚV hefur til að mynda skorið niður menningarefni, sérstaklega í sjónvarpi. Sem dæmi má nefna *Kastljósið*, sem sýnt er á kjörtíma og nær því til töluverðs fjölda landsmanna. Á heimasíðu þáttarins er eftirfarandi lýsing að finna: „Kastljós er dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem hæst ber á líðandi stundu: Menningu, listir, íþróttir, stjórnmál og allt sem nöfnum tjáir að nefna í dagsins önn.“²⁶³

Mörkin milli menningar og dægurmála geta verið afar óljós en að mínu mati er óhætt að fullyrða að menningarumfjöllun sé ekki sérstaklega mikil, og sú menningarumræða sem þó ber fyrir augu landsmanna er ekki sérstaklega vel unnin. Alltof oft litast þessi umræða af kynningu á viðburðum eða einskonar „plöggi“ þar sem starfsfólk þáttarins er að bregðast við fréttatilkynningum. Slíkar kynningar geta átt rétt á sér en til viðbótar slíkri umfjöllun þyrfti að bjóða upp á greiningar, setja listaverk og viðburði í víðara samhengi, kanna forsendur verka, úr hvers konar gróðri þau spruttu og hvert erindi þeirra er til samtímans, svo fáein dæmi séu nefnd. Slík fréttamennska krefst undirbúnings og kunnáttu á menningu og listum, auk þess sem það er viss galdur að miðla slíkum greiningum á skemmtilegan hátt. Starfsfólk Kastljóssins virðist valið á öðrum forsendum en menningarlegri þekkingu og því einkennist umfjöllunin af lífsstíls- og dægurmálaþáttum menningar, „plöggi“ í stað greininga. Í raun gætu þessar nálganir staðið hlið við hlið en til þess þyrfti starfsfólk sem hefur

262 Sjá „Ytringsfriheten på Island under press“, nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.nrk.no/nyheter/utenriks/1.6891249>

263 Sjá „Kastljós“, nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://dagskra.ruv.is/kastljos/umokkur/>

sérfræðikunnáttu á menningu og listum. Svipaðrar hneigðar verður vart þegar borin eru saman efnistöð hjá útvarps- og sjónvarpsgeira RÚV, því af einhverjum ástæðum hafa báðir aðilar sérstakan þátt fyrir bókmenntaumræðu, *Seið og héglog* í útvarpi og *Kiljuna* í sjónvarpi. Líklega er ástæðu þess að finna í áður-nefndri menningarvitund og má segja að gerð þessara þátta sé liður í að viðhalda og endurskapa orðræðu sem hyglir hugmyndinni um bókmenntaþjóðina Ísland. Ég vil taka fram að gerð slíkra þátta er af hinu góða en hún á vitaskuld ekki að standa í vegi fyrir fjölbreyttari lista- og menningarumfjöllun.

Menningarumfjöllun í dagblöðum er einnig af skornum skammti. Fáeinum síðum er á degi hverjum varið til menningarumfjöllunar þar sem öllum menningargreinunum er troðið saman, oft í hálfgerðu skötulíki. *Lesbók Morgunblaðsins* bar af en sú ákvörðun að leggja hana niður haustið 2009 segir margt um forgangsroðun íslenskra fjölmiðla. Hlutur menningar er lítill sem enginn og helst að stuttir afþreyingarmolar fái að fljóta með. Dönsku dagblöðin *Politiken* og *Berlingske Tidende* og sænsku blöðin *Dagens Nyheter* og *Svenska Dagbladet* eru góð dæmi um blöð sem gera menningu mikil og fjölbreytt skil og finnast því mjög nálæg og aðgengileg dæmi sem íslensk menningarblaðamennska mætti gjarnan spegla sig í. Af tveimur stærstu flokkum blaðanna er annar tileinkaður fréttum og hinn menningu. Menning skipar því jafn stóran sess og fréttatengt efni. Renni maður yfir íslensku dagblöðin er raunin því miður allt önnur.

Eignarhald tímaritamarkaðarins er sömuleiðis töluvert samþjappað og það sem í grunninn var eitt sinn *Fróði* heitir nú *Birtíngur* og gefur út þekkt tímarit á borð við *Mannlíf*, *Gestgjafann*, *Séð og heyrt*, *Nýtt líf* og *Víkuna*. Innihaldslega eru flest blöðin afþreyingar- og lífsstílsblöð, sem koma þó mörg hver inn á ýmsar útfærslur á mannfræðilega menningarhugtakinu þótt menning sé þar engan veginn í fyrirrúmi. Tengsl *Birtíngs* við *365 miðla* vöktu lengi vel athygli en í samþjöppun fámennissamfélags vekja þau því miður ekki undrun.

Ein af ástæðum þess að menningarumfjöllun er ekki meira áberandi í íslenskum fjölmiðlum er sú að ytri aðstæður til slíkra skrifa eru í miklu ólagi. Eins og áður sagði býr norsk menningarstefna t.d. yfir sérstökum launasjóði gagnrýnenda sem starfar eftir svipuðum reglum og launasjóðir listamanna. Að mínu mati eru rökkin fyrir slíkum sjóði augljós, því sé gagnrýnandi starfi sínu vaxinn tekur hann virkan þátt í framhaldslífi þess verks sem hann fjallar um og hvetur þar af leiðandi til þátttöku og umræðu um menningu og listir. Sú menningarstefna er varla til sem ekki leggur áherslu á þátttöku almennings og aukna

umræðu, og starf gagnrýnenda er gríðarlega mikilvægt slíkri stefnu. Íslensk menningarpólitik virðist hins vegar ekki gera sér grein fyrir vægi gagnrýnenda því hún kemur ekki á nokkurn hátt til móts við þarfir þeirra. Þess í stað sinna gagnrýnendur starfi sínu oftast samhliða annarri vinnu. Af þessum sökum eru íslensk menningarumræða og gagnrýni langt frá því að vera fullnægjandi.

Menningargagnrýni þarf heldur ekki endilega að vera gagnrýni í þröngum skilningi orðsins enda er stuttur vegur úr gagnrýni í umræðu. Hnotskurnardómar, stjórnugjafir og stuttar umfjallanir um bækur, sýningar, tónleika og aðra viðburði, er eitt starfssviða gagnrýnenda. Mun mikilvægari tel ég hins vegar þau skrif þeirra sem setja t.d. lífheimshugtak Habermas og menningarleg almannasvið í samhengi við aðra þjóðfélagslega þróun, svo fólki verði mikilvægi þeirra ljóst. Í tengslum við nýtt fjölmiðlafrumvarp ræddi þáverandi formaður Blaðamannafélags Íslands, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, þann möguleika að ríkisvaldið styddi við fjölmiðla, eins og raunin er á hinum Norðurlöndunum og tryggði þannig innviði þeirra og lýðræðislega umræðu.²⁶⁴ Leiða má líkum að því að slíkur stuðningur myndi auka menningarumfjöllun íslenskra dagblaða en ekkert stendur um slík áform í drögum frumvarpsins.²⁶⁵

Nýmiðlar hafa breytt fjölmiðlalandslaginu svo um munar og á það einnig við um menningartengt efni. Að mínu mati felst eitt helsta sóknarferi nýskapandi menningarstefnu í nýmiðlum, og þá sérstaklega internetinu, og tileinka ég stóran hluta 5. kafla umfjöllun um þá. Áður en ég segi skilið við íslenska fjölmiðla langar mig að hnykkja á breytingunum sem RÚV gekk í gegnum samfara frumvarpinu um ohf.-væðinguna. Ástæðan er að ég er sammála James Curran um að almannamiðilinn eigi að vera í miðju fjölmiðlamóðelsins, þar sem hann er best til þess fallinn að tryggja vandaða menningarumfjöllun og stuðla að fjölbreytni. Markaðsmiðlarnir lúta eðli málsins samkvæmt öðrum lögmálum og því er mótsvar almannamiðilsins afar mikilvægt, eigi jafnvægi milli kerfis og lífheims að vera ákjósanlegt innan almannasviða.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, var sannfærð um að hag RÚV væri best borgið með breyttu rekstrarformi, sbr. ávarp hennar á stofnfundi RÚV ohf. 5. mars 2007:

264 Sjá „Vill að fjölmiðlar fái stuðning frá ríkinu,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.visir.is/article/20091125/FRETTIR01/417433067>

265 „Drög að frumvarpi til laga um fjölmiðla,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/frumvorp/>

Ríkisútvarpið hefur allt frá stofnun þess verið ein merkasta menningarstofnun þjóðarinnar. Því er ljóst að dagurinn í dag markar tímamót bæði í íslenskri menningarsögu svo og í sögu íslenskra fjölmiðla. Ríkisútvarpið, sem hefur allt frá stofnun þess verið ríkisstofnun, verður nú gert að opinberu hlutafélagi. Með þessu er rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og reksturinn færður í félagsform með takmarkaðri ábyrgð ríkisins. Jafnframt fær Ríkisútvarpið þann sveigjanleika í rekstri sem fylgir því að breytast úr ríkisstofnun í opinbert hlutafélag.²⁶⁶

Í þessari ræðu kemur ráðherra ekki inn á í hverju nákvæmlega þessi sveigjanleiki felst, né hvaða afleiðingar félagsform með takmarkaðri ábyrgð ríkisins mun hafa. Þorgerður Katrín orðar hins vegar vel mikilvægi RÚV sem almannabjónustufjölmiðils síðar í ræðunni:

Ríkissjónvarpið gegnir veigamiklu hlutverki í íslensku samfélagi. Það er vettvangur opinna skoðanaskipta þar sem þjóðin getur fundið samnefnara ólíkra viðhorfa. Ríkisútvarpið er miðpunktur menningar og upplýsinga sem allir landsmenn óháð búsetu og efnahag geta sameinast um. Í ljósi þessa er afar mikilvægt að standa vörð um og styrkja Ríkisútvarpið sem almannabjónustufjölmiðil. Það er sannfæring mín að Ríkisútvarpið muni áfram og jafnvel enn betur gegna þessu mikilvæga hlutverki sem opinbert hlutafélag. Ríkisútvarpið mun áfram vera öflugur fjölmiðill í almannabágu sem skapar samkennd meðal þjóðarinnar og treystir sameiginleg gildi meðal ólíkra hópa í þjóðfélaginu.²⁶⁷

Slík lofræða, ásamt samningnum um útvarpsþjónustu í almannabágu, gefur góð fyrirheit um það sem koma skal. Sérstaklega mikilvæg finnast mér orð ráðherra um hlutverk RÚV sem vettvangur opinna skoðanaskipta, þar sem ólík og oft og tíðum „andmarkaðsleg“ viðhorf fá notið sín. Hinn gamlagróni fjölmiðla- og menningarfræðingur Nicholas Garnham heldur því fram að umræða um stefnu og störf almannamiðla hafi aldrei verið mikilvægari en einmitt núna á tímum margmiðlunarvelda. Garnham er væntanlega ekki hugsað til 365 miðla, heldur fremur risa á borð við News Corporation, ABC-Disney og Time Warner. Sú þróun sem átt hefur sér stað á íslenskum

266 „Ávarp menntamálaráðherra á stofnfundi Ríkisútvarpsins ohf. í Þjóðmenningarhúsinu 5. mars 2007,“ nálgast 13. mars 2007. URL: <http://menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/nr/3957>

267 Sama rit.

fjölmiðlamarkaði er því ekki einsdæmi og brýnir hún þörfina á öflugum almannamiðli.

Ef öll hin háleitu markmið þjónustusamningsins nást er óhætt að halda því fram að gullöld RÚV sé í vændum. En eigi slík gullöld að ganga í garð verður að auka fjármagn til RÚV umtalsvert en óvissupættir varðandi fjármögnun RÚV ohf. virðast margir. Minnihluti menntamálanefndar²⁶⁸ komst að svipaðri niðurstöðu, í það minnsta ef marka má nefndarálit hans um frumvarp RÚV ohf.

Minnihlutinn segir frumvarpið ekki skapa þann starfsramma sem sé RÚV nauðsynlegur og því séu miklar líkur á að það stuðli að auknum deilum og jafnvel málaferlum. Vinnubrögðin eru gagnrýnd og minnihlutinn telur að með breytingu RÚV í hlutafélag sé verið að stíga skref sem í sambærilegum tilvikum hafi oftast leitt til sölu viðkomandi stofnunar. Stjórnarhættir eru einnig gagnrýndir, sérstaklega vegna áframhaldandi pólitískra ítaka, auk þess sem minnihlutinn er efins um að nefskatturinn efli samstöðu meðal almennings um málefni RÚV. Þetta á sérstaklega við láti RÚV í framtíðinni undan kröfum auglýsenda og annarra kostenda, eins og gerist oft hjá markaðsstöðvum, og hlutdeild Björgólfs Guðmundssonar í framleiðslu leikins sjónvarps-efnis er gott dæmi um. Með þessi rök að leiðarljósi lagði minnihlutinn fram eftirfarandi frávísunartillögu:

Í ljósi þess sem að framan greinir eiga fulltrúar minni hlutans [sic] ekki annars úrkosti en að flytja eftirfarandi tillögu:

Þar sem

- a fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að sams konar frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,
- b vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins stenst reglur Evrópuréttar,
- c ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,
- d með ákvæðum um tekjur af auglýsingum og kostun er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsinga- og kostunarmarkaði án þess að ljóst sé um sérstakt hlutverk þess umfram aðrar stöðvar,
- e tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru

268 Undir álitid skrifa Mörður Árnason, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðsson og Kolbrún Halldórsdóttir. Magnús Þór Hafsteinsson sat einnig fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykku nefndarálitinu.

- ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,
- f ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,
- g alls óljóst er hvernig háttað verður um innlent efni í dagskrá Ríkisútvarpsins til frambúðar,
- i ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,
- h ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,
- j nefskattur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,
- k við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði héraðs og á EES-vettvangi,
- l og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti [sic] menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi
- m leggur minni hlutinn [sic] til að frumvarpinu verði vísað frá²⁶⁹.

Þessi formlega orðaða langloka er höfð eftir í heild sinni hér til að sýna fram á þá galla sem stjórnarandstaðan sá á frumvarpinu, en þeir eru greinilega margir. Ég nefni sérstaklega pólitísku ítökin og óljóst fjármögnunarferli, auk þess sem nefndarálitid bendir á að í frumvarpinu, og einnig í lögnum sjálfum²⁷⁰ sem samþykkt voru 23. janúar 2007, er einungis talað um eina hljóðvarpsstöð meðan tvær eru nefndar í títtnefndum samningi. Þar sem lögin hljóta að vera samningnum æðri sé ég ekki betur en framtíð Rásar 2 sé þrátt fyrir allt í töluverðri hættu.²⁷¹

269 „Nefndarálit um frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf. frá minni hluta menntamálanefndar,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.althingi.is/alttext/133/s/0558.html>

270 Sjá „Lög um Ríkisútvarpið ohf.,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.althingi.is/alttext/133/s/0773.html>

271 22. janúar 2007 sendu Samfylkingin, VG og Frjálslyndi flokkurinn frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem hnykkst var á nokkrum atriðum er fóru fyrir brjóstid á þeim við afgreiðslu RÚV frumvarpsins. Meðal þeirra er óánægja með RÚV sem hlutafélag, vilji til að gera stjórn RÚV að rekstrarstjórn, auk þess sem áhersla er lögð á að RÚV verði sjálfstætt, óháð stjórn mála- og viðskipahagsmunum. Sjá „Samstaða um Ríkisútvarpið – traust og sjálfstætt almannauitvarp,“ nálgast 15. mars 2010. URL: www.mbl.is/media/14/614.pdf

Ljóst er að ákveðin fylgni er á milli þróunar markaðar og þróunar fjölmiðla-landslagsins í menningarmálum. Ítök markaðar virðast sækja að úr öllum áttum og er það mjög í takti við greiningu Jürgens Habermas og sömuleiðis greiningu starfshóps Peters Duelund á Norðurlandamódelinu. Enn er ofsneymt að segja til um hvort björt framtíðarsýn fyrrverandi menntamálaráðherra eða bölsýni þáverandi stjórnarandstöðu verði ofan á. Tíminn einn leiðir það í ljós. Í þessu samhengi eru stjórnarskiptin sérlega áhugaverð því Samfylkingin og VG skrifuðu undir yfirlýsingu og sérálit um RÚV. Enn hefur þó ekki orðið mikil breyting í málum RÚV en rætur þess stefnuleysis má hugsanlega finna í menningarstefnum stjórn-málaflokkanna, sem eru ekki rismiklar í garð menningartengdra almennasviða.

Áður en ég lýk umfjöllun minni um íslenska fjölmiðla langar mig að hafa fácin orð um tillögur starfshóps²⁷² mennta- og menningarmálaráðherra um almanna-útlarp á Íslandi sem birtust í janúar 2010. Tillögunum er m.a. ætlað að meta reynsluna sem komin er á opinbera hlutafélagaformið og er skemmst frá því að segja að hópurinn telur ekki að breyting á rekstrarformi hafi gert RÚV að öflugra almannaútlarpi. Að mati hópsins eru markaðsöflin of fyrirferðarmikil og RÚV stjórnast of mikið af keppni um auglýsingar við aðra miðla. Ákveðinnar mót-sagnar verður þó vart, því þrátt fyrir að hlutafélagaformið leggi mikla áherslu á rekstur hefur ekki náðst að tryggja fjárhagslega afkomu RÚV. Enn virðast völd útlarpsstjóra og stjórnar RÚV í ólestri en nefndin ályktar eftirfarandi:

Völd útlarpsstjóra eru mjög mikil. Hann hefur nánast alræðisvald varðandi dagskrá, mannaráðningar og stefnumótun. Nefndarmenn telja þetta fyrir-komulag ólýðræðislegt og ógagnsætt og ekki viðeigandi í félagi sem hefur mikilvægt menningar- og lýðræðishlutverk og starfar í almennabágu.

Hópurinn leggur til að lögum verði breytt þannig að ráðningartími útlarpsstjóra verði tímabundinn eins og tíðkast með embættismenn, til dæmis forstöðumenn lista- og menningarstofnana. Einnig telur starfshópurinn nauðsynlegt að lög kveði á um að starf útlarpsstjóra skuli auglýst. Það sama á við um lykilstarfsmenn á sviði dagskrár, dagskrárstjóra hvers sviðs og fréttastjóra.²⁷³

272 Starfshópurinn skipuðu Sigtryggur Magnason formaður, Ágúst Þór Árnason, Arna Kristín Einarisdóttir, Elfa Yr Gylfadóttir, Hallmar Sigurðsson, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Laufey Guðjónsdóttir, Samúel Örn Erlingsson, Sigríður Árnadóttir og Þorbjörn Broddason.

273 *Tillögur starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra um almannaútlarp* 2010: 5, nálgast 20. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatil-kynningar/nr/5316>

Starfshópurinn finnur ýmislegt að rekstarfyrirkomulagi RÚV ohf. og þeir gallar smita dagskrárgerð og stefnumótun. Eins og sjá má á tilvitnuninni hér að ofan vekur ófaglegt ráðningarferli og pólitískur fnykur furðu, sérstaklega í ljósi nýrra laga sem höfðu m.a. gegnsæi að leiðarljósi. Seilingarfjarlægðarlögmálið virðist enn á ný viðsjarri íslenska menningarvettvanginum og er þetta sérstaklega alvarlegt þegar um eina mikilvægustu menningarstofnun íslensku þjóðarinnar ræðir. Hópurinn leggur til að fagråd með virku seilingarfjarlægðarlögmáli verði útvarpsstjóra og stjórn til ráðgjafar og gerir hann þá kröfu að RÚV leggi árlega fram útlistun á því hvernig félagið ætli sér að uppfylla þær kröfur sem m.a. koma fram í áður nefndum þjónustusamningi. Einnig þykir sérstök ástæða til að benda á nauðsyn fagleika þegar kemur að dagskrá útvarpsrása og sjónvarps og er sérstaklega bent á hagsmunaárekstra þegar sami aðili er yfirmaður dagskrár og þátttakandi í dagskrárlið, eins og raunin var með Þórhall Gunnarsson, sem var bæði dagskrárstjóri og ritstjóri Kastljóss þar til snemma árs 2010.

Í raun sætir furðu hversu marga annmarka starfshópurinn finnur á starfsemi og lögum RÚV ohf. og er þessi málaflutningur í miklu ósamræmi við orðræðuna sem fylgjendur rekstrarformsins héldu á lofti. Í þessu riti hef ég beitt hugtakaramma sem gerir hlut almannamiðla mikinn á menningarlegum almannasviðum. Því spilar RÚV lykilhlutverk og á máttur þess að vera sem mestur, menningarlegri og lýðræðislegri umfjöllun til handa. Starfshópurinn kemur auga á þetta mikilvægi og orðar það svo:

Ljóst er að almannautvarpsstöðvar í Evrópu eru afar mikilvægir menningarstofnanir. Ríkisútvarp Íslendinga á að vera í fararbroddi í íslenskri menningu. Það á að vera beinn þátttakandi í gerð leikins efnis og heimildarþátta fyrir útvarp og sjónvarp auk þess að sinna fræðslu, kynningu og skrásetningu á íslenskri menningu og listum.

Starfshópurinn telur að rétt sé að skýra betur stöðu Ríkisútvarpsins á menningarsviðinu og styrkja tengsl þess og samstarf við aðrar stofnanir á sviði menningar og lista. Í þjónustusamningi skal kveða sterkar á um menningarhlutverkið og að Ríkisútvarpið skuli í stefnumótunarvinnu sérstaklega gera grein fyrir framtíðarsýn sinni hvað varðar hlutverk og stefnu RÚV í menningarmálum.²⁷⁴

274 Sama rit: 8.

Menningarstefna í orði er önnur en á borði og þótt hér séu afar góðar tillögur á ferð, m.a. þær er lúta að gerð leikins efnis og heimildabátta, þá er reyndin önnur, eins og stórfelldur niðurskurður í gerð leikins efnis og heimildabátta ber með sér. Þó má segja að skýrslan sé verðmæt því hún viðurkennir vandamál sem takast þarf á við. Það verður áhugavert að fylgjast með viðbragði menntamálaráðherra, en öflugt almenningsútlit er lífsnaðsynlegt menningartengdum almannasviðum, sérstaklega í erfiðu efnahagslegu árferði, og því þarf að gera mikinn skurk í fagleika, ákvarðanatökum, dagskrárstefnu og starfsmannastefnu RÚV ohf.

Íslensk stjórnmálaöfl

Menningarstarf og menningarsýn stjórnmálaflokka er vitaskuld mikilvægt brot í mósaíkmynd íslenskrar menningarpólitíkur. Til að varpa ljósi á slíka sýn mun ég nú kíkja á menningarstefnu flokkanna á landsvísi fyrir kosningarnar 2007 og 2009.

Frjálslyndir: Menningu og trú er skipað á sömu síðu í *Málefnahandbók* Frjálslynda flokksins fyrir Alþingiskosningarnar 2007. Um skapandi menningarlíf og fjölmeningu er sagt:

Öflug menning auðgar hið hversdagslega líf. Fjölbreytt og skapandi menningarlíf er ómissandi þáttur í frjálslyndu þjóðfélagi.

Frjálslyndi flokkurinn telur það verðugt markmið að menningarmálum sé háttað þannig að menningarlíf megi blómstra sem víðast um landið þannig að sem flestir þegnar megi njóta menningarviðburða.

Eðlilegt er að ríkið komi að menningarmálum til að mynda með því að leggja til húsnæði undir menningarstarfsemi og með styrkjum. Frjálslyndi flokkurinn styður eflingu menningarhúsa á landsbyggðinni.

Leggja ber aukna áherslu á að nemendur skóla geti notið menningarviðburða á viðráðanlegu verði.

Íslenskt samfélag er að breytast í fjölmenningsþjóðfélag enda fjölgar ört Íslendingum af erlendum uppruna. Um leið og unnið er vel að því að aðfluttur finni sér hlutverk, aðlagist og kynnist menningu þjóðarinnar og hefðum, ber að fagna öllu því sem auðgað getur samfélagið.²⁷⁵

275 *Málefnahandbók – Frjálslyndi flokkurinn*: 13, nálgast 11. janúar 2010. URL: http://www.xf.is/files/Skra_0017259.pdf

Menningarstefna flokksins fyllir einungis eina síðu, ásamt trúmálum, en menntun fær heilar fjórar síður. Hér er þó ekki við Frjálslynda flokkinn einan að sakast, hann fylgir einfaldlega formúlu sem lengi hefur verið viðhöfð í íslenskum stjórnámálum og endurspeglast í fjárútlátum menntamálaráðuneytisins til menningarmála annars vegar og menntamála hins vegar.

Framsóknarflokkurinn: Undir flípanum *stefna* á vef Framsóknarflokksins finnst *Grundvallarstefnuskrá Framsóknarflokksins 2001*. Stefnunni er skipt í tíu flokka og fjallar enginn þeirra um menningu. Orðið kemur samt tvisvar fyrir; annars vegar í klausu um að flokkurinn standi vörð um stjórnarfarslegt, efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði Íslendinga, og hins vegar undir þættinum búsetuskilyrði. Þar stendur: „Við teljum það til grundvallarréttinda að fólki verði gert kleift að velja sér búsetu þar sem það kýs. Greiðar samgöngur, alhliða fjarskipti, fjölbreytt atvinnutækifæri, fjölþætt framboð menntunar, menningar og heilbrigðisþjónustu eru þættir sem jafna búsetuskilyrði.“²⁷⁶ Í ályktun flokksþings Framsóknarmanna 2007 er ein síða tileinkuð menningu og undir markmiðum má finna eftirfarandi línur:

Fjölbreytt og skapandi menningarstarfsemi er dýrgripur hvernar þjóðar og á að standa öllum til boða. Framsóknarflokkurinn vill auka rannsóknir á íslenskri menningu og íslenskum menningararfi. Keppa ber að aukinni útrás íslenskrar menningar- og menntastarfsemi. Forsenda fjölbreyttrar og öflugrar menningarstarfsemi er opið og gegnsætt styrkjakerfi. Áfram verði rekið öflugt ríkisútvarp í eðlilegri samkeppni við aðra fjölmiðla.²⁷⁷

Áherslan er enn á menningararfinn og hina vel mjólkuðu útrás. Undir *leiðum* er ennfremur lögð áhersla á þátt menningartengdrar ferðaþjónustu. Sérstök ályktun er um safnamál, þar sem lagt er til að fé verði aukið í safnasjóði. Einnig er vert að minnast á ályktun um málefni innflytjenda og flóttafólks en þar er lögð áhersla á íslenskukennslu fyrir innflytjendur, auk þess tekið er fram að bæta þurfi fræðslufni um réttindi og skyldur innflytjenda um íslenskt samfélag og

276 Sjá *Grundvallarstefnuskrá Framsóknarflokksins 2001*, nálgast 11. janúar 2010. URL: <http://www.framsokn.is/stefnan/>

277 Sjá *Framsókn Íslendinga í 90 ár: Ályktanir 29. flokksþings framsóknarmanna 2.-3. mars 2007*: 16, nálgast 23. apríl 2007. URL: http://www.framsokn.is/framsokn/upload/files/framsokn/alyktanir_2007-loka.pdf

menningu. Loks sér Framsóknarflokkurinn ástæðu til að minnast á hlut menningar í ályktun sinni um landbúnaðarmál. Þar stendur að landbúnaðarstefnunni sé ætlað að viðhalda mikilvægum hluta af menningararfleifð þjóðarinnar.

Slík notkun á menningarhugtakinu er ekki nýmæli og færa má haldbær rök fyrir því að menning sé mikilvægur þáttur fjárhagslegrar útrásar, ferðaþjónustu og landbúnaðarstefnu. Sé hugtakinu hins vegar of mikið beitt á þennan hátt er hættan sú að menning menningarinnar vegna verði undir og hún verði frekar notuð til stuðnings öðrum málaflokkum. Því miður er þetta ekki bara bundið menningarstefnu Framsóknarflokksins því allir flokkarnir beita svipuðum menningarskilningi.

Þótt skipt hafi verið um forystufólk hjá Framsóknarflokknum fyrir kosningarnar árið 2009 virðist grunnviðhorf flokksins ekki hafa breyst hvað menningu varðar. Í kosningastefnuskránni, sem ber nafnið *Fyrir okkur öll*, er einungis minnst einu sinni á menningu; í kaflanum um uppbyggingu atvinnulífsins. Hér leggur Framsóknarflokkurinn áherslu á að „kynna landið allt til eflingar ferðaþjónustu, með áherslu á það sem íslenskt er: Náttúru, matarhefðir, menningu og mannlíf.“²⁷⁸

Samfylkingin: Svipuð mannfræðileg notkun á menningarhugtakinu er í menningarstefnu Samfylkingarinnar. Undir liðnum *kosningastefna 2007*, á vef flokksins, má finna eftirfarandi menningarstefnu:

Menningin er allt í senn vaxandi atvinnugrein, aflvaki nýsköpunar, undirstaða lífsgæða og uppspretta fyrir samkennd þeirra sem landið byggja. Samfylkingin vill jafnframt treysta undirstöður skapandi atvinnugreina, enda skila þær sívaxandi efnahagsverðmætum til þjóðarbúsins. Samfylkingin vill virkja kraftinn í menningu og listum í þágu samfélagsins, og:

* Að menningarstofnanir séu lifandi afl í samfélaginu, að þær séu ávallt í forystu hver á sínu sviði og skili fjölbreyttri, margbreytilegri alþjóðlegri og íslenskrí menningu til þjóðarinnar og umheimsins.

* Vinna langtímaáætlun um sókn í alþjóða samstarfi í menningu með það að markmiði að gera listir að framverði í aðdráttarafl landsins og auka útflutningstekjur af listastarfsemi.

* Stofna sjóð tónlistarmanna, Gróskusjóð, sem stuðli að grósku og nýsköpun í grasrótinni.

* Auka framlög til sjálfstæðra leikhópa. Miðað verði við að þau jafngildi fjórðungi af framlaginu til Þjóðleikhússins.

278 *Fyrir okkur öll*: 4, nálgast 11. janúar 2010. URL: <http://www.framsokn.is/>

* Að skapandi starf á öllum skólastigum verði stórum eft og leggur flokkurinn í því sambandi sérstaka áherslu á menntun listkennara og kjör þeirra.²⁷⁹

Hér er menning enn á ný spyrt saman við atvinnulífið og framlag hennar til efnahagsins skiptir mestu. Þarna eru kunnugleg stef, sérstaklega hvað varðar stóran þátt menningarstofnana og þátt skapandi starfs á öllum skólastigum. Sértekari markmið eru sjóður tónlistarmanna og aukin framlög til sjálfstæðra leikhópa. Engin skýring er gefin á hvers vegna Samfylkingin velur að draga nákvæmlega þessa tvo flokka út.

Menningarhugtakinu bregður fyrir á fleiri stöðum í stefnu Samfylkingarinnar. Undir mannréttindastefnunni er lögð áhersla á að taka vel á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi – og það sem meira er, að rækta og miðla sinni *eigin menningu*. Það síðastnefnda finnst mér sérstaklega til fyrirmyndar enda mætti gera meira af því að leggja upp úr miðlun erlendra menningarheima í stað þess að leggja alla áherslu á að fólk af erlendu bergi brotnu verði að aðlagast þeim íslenska. Í rammaáætlun Samfylkingarinnar um náttúruvernd er einnig komið inn á tengsl náttúru, menningar, ímynd landsins og sjálfsmynda þjóðarinnar.

Á vef Samfylkingarinnar er boðið upp á að nálgast nákvæmari útlistun á menningarstefnunni og þar er heildarmarkmiðið orðað svo:

Menningin er allt í senn vaxandi atvinnugrein, aflvaki nýsköpunar, undirstaða lífsgæða og uppspretta fyrir samkennd þeirra sem landið byggja. Kröftugt menningarlíf er spegill fyrir samfélagið og lífandi vettvangur þar sem tekist er á við samtímann. Í lýðræðisþjóðfélagi gegnir menningin því lykilhlutverki að hlúa að frjálsri hugsun, víðsýni og umburðarlyndi. Þess vegna er brýnt að öllum sé tryggður réttur til virkrar menningarþátttöku í samræmi við sínar óskir og á sínum forsendum. Þá er menningararfurinn dýrmætur, en hann á að vera í stöðugri endurnýjun og ber að hagnýta í þágu samtíðar og framtíðar. Samfylkingin vill jafnframt treysta undirstöður skapandi atvinnugreina, enda skila þær sívaxandi efnahagsverðmætum til þjóðarbúsins. Samhliða því sem menningarstofnanir þjóðarinnar þroskast og dafna verður að stórbæta starfsskilyrði sjálfstætt starfandi listamanna og tryggja góða umgjörð fyrir menningarstarf

279 Sjá *Menning og listir – virkt afl – mikilvæg auðlind*, nálgast 11. janúar 2010. URL: <http://www.2.samfylking.is/Forsida/Umflokkinn/Kosningastefna2007/Menningarstefna/>

í grasrótinni. Samfylkingin vill virkja kraftinn í menningu og listum í þágu samfélagsins.²⁸⁰

Ennfremur er sjónum sérstaklega beint að endurskoðun stjórnsýslu menningar, t.d. með aukinni samvinnu sjóða sem starfa á skýran og gegnsæjan hátt, auk þess sem lagt er til að einstakar úthlutanir fjárlaganefndar Alþingis og ráðherra verði færðar til sjóðanna. Stefnan leggur einnig til að fjölga listamanna-launum, auka framlög til Bókmenntasjóðs og Safnasjóðs auk þess sem stefnan mælir fyrir sérstökum sjóði til rannsókna og vörubróunar í tungutækni. Að öðru leyti er stefnan frekar hefðbundin: hún leggur mikið upp úr tengslum við atvinnulífið, eflingu rannsókna og listmenntun, virkjun menningararfs og menningarstofnana. Athygli vekja þó tillögur um breytingu á skattkerfi í þágu lista en þar er lagt til að skattleggja hluta tekna af hugverkum með álíka hætti og fjármagnstekjur og rýmka skattaívilnanir til fyrirtækja og einstaklinga vegna framlags til menningar og lista – reyndar einnig til rannsókna, líknarfélaga og íþróttastarfs.

Samfylkingin á hrós skilið fyrir að gera hlut menningar jafn mikinn og raun ber vitni. Áherslurnar eru aftur á móti mjög í anda þess sem sést hefur undir forystu Sjálfstæðisflokks í menningarmálum; megináherslan virðist enn á þátt atvinnulífsins. Þá benda tillögur varðandi Bókmenntasjóð og Safnasjóð ótvírætt til gamalkunnu menningarvitundarinnar. Þótt umfang menningarmála hafi hugsanlega aukist virðast hagsmunir menningar og lista ekki hafðir í öndvegi og er því fátt nýtt í þessu.

Þetta er einnig tilfellið í stjórn málaályktun Samfylkingarinnar 2009 en þar er mestu þúðri eytt í umræðu og stefnumótun atvinnu og fjármála. Hvað menningu varðar er sumt tekið úr fyrri stefnum og virðist efnahagsástandið yfirskyggja aðra umræðu. Menning og listir eru enn og aftur sett í samhengi afleiddra starfa og þjóðhagslegrar hagkvæmni: „Efnahagsaðstæður okkar nú kalla á ný og fjölbreytt störf. Fáar ef nokkrar atvinnugreinar á Íslandi gefa af sér jafnmörg afleidd störf og menning og listir. Það er því beinlínis þjóðhagslega hagkvæmt að blása til sóknar á þessu sviði.“²⁸¹ Síðasti undirkafl

280 Sjá sama rit.

281 „Vinna og velferð: Stjórn málaályktun Samfylkingarinnar 2009,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: http://www.samfylkingin.is/Stefnum%C3%A1l/%C3%81herslur_2009#MenntunOgMenning

ályktunarinna er að fullu helgaður menningu og listum og er línan um afleiddu störfin endurtekin þar. Þá vill Samfylkingin vinna fyrstu heildstæðu menningarstefnuna fyrir Ísland en markmið hennar eru þessi: „Leiðarljós við gerð hennar skulu vera áhersla á fagmennsku í listum og margbreytileika menningarinnar, aðgengi fyrir alla, alþjóðahyggja, samfélagslegt hlutverk og mikilvægi menningar fyrir atvinnu og efnahag.“²⁸² Í ályktuninni er einnig lagt til að endurskoða stjórnsýslu menningar og ákvarðanatökur ráðuneyta, auk þess að skoða sérstaklega hlutverk menningarstofnana í samfélaginu. Að lokum vill Samfylkingin „láta rannsaka hlutdeild skapandi atvinnugreina í íslenska hagkerfinu, kortleggja vöxt þeirra, veltu, arðsemi og helstu vaxtarmöguleika.“²⁸³

Menningarstefnan er, eins og svo oft, meira í orði en á borði og er ekki útfært frekar hvernig koma eigi þessum markmiðum í framkvæmd. Þó má segja menningarstefnumarkmiðum Samfylkingar til hróss að þau hafa mun meira vægi og það ríkir meiri meðvitund um málaflokkinn heldur en hjá hinum stjórn-málaöflunum. Þessi meðvitund skilar sér samt ekki inn í meginplögg flokksins, eins og t.d. í skýrsluna *Skal gert: Leiðir jafnaðarmanna í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum*, sem er eins konar tilraun til að leysa úr örðugleikum í kjölfar efnahagshrunsins.²⁸⁴ Í skýrslunni er hvergi minnst á menningu en málaflokkar eins og menntun, rannsóknir, nýsköpun, fjölskyldu- og atvinnumál fá stóran sess. Þetta er dæmigert fyrir það skeytingarleysi sem menning mætir í flestum lögum íslensks samfélags. Þykir mér sérstaklega einkennilegt að skýrslur sem samdar eru sem viðbragð við efnahagskreppunni fari ekki nánar í sauma menningarhugtaksins, því að mínu mati er einmitt þetta skeytingarleysi í garð þess ein helsta ástæða þess hugarfars sem olli efnahagshruninu – og því brýnt að menningin skipi stóran sess í endurreisninni.

VG: Núverandi menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, kemur úr VG og er því sérlega áhugavert að líta nánar á menningarstefnu þeirra. Í stuttu máli hefur vægi menningar ekki verið mikið í stefnu flokksins en stóðir hans eru, samkvæmt stefnuýfirlýsingu 2005, *hin hefðbundna vinstri stefna, kvenfrelsi, umhverfismál og alþjóðahyggja*. Í stefnunni er menningar- og

282 Sama.

283 Sama.

284 Sjá *Skal gert: Leiðir jafnaðarmanna í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum*, nálgast 15. mars. 2010. URL: <http://www.samfylkingin.is/Stefnum%C3%A11>

menntamálum skeytt saman og af þeim rúmlega 60 stefnumarkmiðum sem þar eru sett fram falla sárafá undir menningu – og þau eru í öllum tilfellum undirorpin menntunarmarkmiðum: „Fjölbreyttur skóli í fjölmennings-samfélagi – Virðing fyrir menningu og sérstöðu annarra byggist á þekkingu og virðingu fyrir eigin gildum. Því ber að kynna íslenska menningu sem og menningu annarra þjóða á öllum skólastigum.“²⁸⁵ Annað svipað dæmi er eftirfarandi:

Fjölmenningslegur framhaldsskóli – Leggja þarf sérstaka áherslu á að bæta aðstöðu innflytjenda til þess að stunda nám á framhaldsskólastigi. Í því skyni þarf að auka íslenskukennslu sem sniðin er að þörfum þeirra, sem læra íslensku sem annað eða þriðja tungumál, auka kennslu um íslenska menningu, gildi og viðmið, bjóða eftir því sem hægt er kennslu í móðurmáli innflytjenda og tryggja greiðan aðgang að náms- og starfsráðgjöf.²⁸⁶

Jafnvel þótt minnst sé á menningu í þessum dæmum er óhætt að segja að hlutur menntunar sé meiri og því sé hér frekar um menntunarstefnu en menningarstefnu að ræða. Því er eins farið í öðrum tilfellum þar sem menningarhugtakinu skýtur upp kollinum. Þar er talað um menningarlega sjálfsmynd út frá félagslegri aðlögun barna innflytjenda og „leikskólamenningu.“ Hlutur menningar er þó aðeins meiri í kosningaáherslum 2007. Undir liðnum *Lýðræði, þátttaka og menning* stendur þetta:

„Stöndum vörð um kraftmiklar menningarstofnanir þjóðarinnar og örvum samskipti þeirra og samstarf við almenning. Færum þjóðinni aftur Ríkisútvarpið og hlúum að gróskumiklu og litríku menningarlífi.“²⁸⁷

Menningarstefna Vinstri grænna virðist því að mestu leyti snúast um rekstur menningarstofnana en slík stefna getur seint talist sérlega framsækin. Enginn liður er sérstaklega merktur menningu í ályktunum landsfundar 2007 en minnst er á mikilvægi RÚV undir liðnum *efling lýðræðis* og undir *utanríkis- og alþjóðamálum* er talað um mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu á grundvelli jafnréttis og virðingar fyrir ólíkum viðhorfum og menningu. Það sem kemst í raun næst því að vera menningarstefna í ályktunum landfundar 2007 fellur undir

285 Sjá „Menningar- og menntamál,“ nálgast 5. febrúar 2010. URL: <http://vg.is/stefna/menningmenntun/>

286 Sama.

287 „Allt annað líf,“ nálgast 5. febrúar 2010. URL: <http://vg.is/kosningar/Undirflokkur/>

liðinn um kynjafræði, fjölmenningu og menntun til sjálfbærrar þróunar, en um fjölmenningu stendur:

Fjölmenningarfræðsla feli í sér jafnt þau viðfangsefni sem eru viðkvæm og pólitísk og önnur sem eru ópólitískari. Þannig verði fjölmenningarfræðslan tengd við fræðslu um hnattvæðingu, alþjóðastjórnmal og fólksflutninga en einnig við menningarlega þætti á borð við klæðaburð, hátíðahöld og matarvenjur. Trúarbragðafræðsla og almenn fræðsla um menningu, þar með talda íslenska menningu, verði tengd fjölmenningarfræðslu. Taka þarf sérstaklega fyrir stöðu karla og kvenna í ólíkum menningarsamfélögum.²⁸⁸

Undir liðnum *stórsókn í ferðaþjónustu* er minnst á hlut menningartengdrar ferðaþjónustu og undir *innflytjendamálum* er lagt til að gera átak í þátttöku innflytjenda í lista- og menningarlífi, verkalyðshreyfingum og stjórnámálum. Að ofansögðu er ljóst að menningu er ekki gert sérlega hátt undir höfði í kosningamarkmiðum árið 2007 né í stefnu Vinstri grænna. Þetta virðist ekki hafa breyst fyrir kosningarnar árið 2009.

Í kosningaáherslum VG er tvisvar minnst á menningu undir liðnum *trygg atvinna – vegur til framtíðar*. Þar er lagt til að efla menningartengda og græna ferðamennsku og að styrkja „margvíslega menningu sem sjálfbæra auðlind og atvinnuskapandi útflutningsgrein.“²⁸⁹ Undir liðnum aukið lýðræði má einnig finna athugasemd um fjölmiðlun í þágu lýðræðis og þar er lögð áhersla á að RÚV geti sinnt fjölþættu menningarhlutverki sínu. Í ályktunum samþykktum á Landsfundi árið 2009 er enginn flokkur tileinkaður menningu, en sem fyrr er lögð áhersla á listmenntun barna: „Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs ályktar að lista- og menningarstofnanir á borð við söfn, leikhús, tónlistarstofnanir, ríkisútvarp og aðrar stofnanir sem reknar eru fyrir almennafé, nýti hið minnsta fjórðung hins opinbera framlags til starfsemi fyrir börn og unglinga.“²⁹⁰ Mikilvægi listmenntunar er mikið og þessi ályktun því mikilvæg. En hún er einnig takmörkuð við lítinn hluta menningarvettvangs-

288 „Hugsum á heimsvísu – tókum til heima: Samþykkt á Landsfundi 2007,“ nálgast 16. mars 2010. URL: <http://www.vg.is/landsfundir/alyktanir/nr/1605>. Skáletrun í upprunalegri heimild.

289 „Trygg atvinna – vegur til framtíðar,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.vg.is/kjordaemi/kosningaaherslur---vegur-til-framtidar/trygg-atvinna/>

290 „Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs – ályktanir 2009“, 7. nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.vg.is/landsfundir/>

ins og þykir mér furðulegt að flokkur menningarmálaráðherra skuli ekki gera hlutinn stærri og ígrundaðri. Ályktanir um landbúnaðinn fá t.d. mun meira pláss. Einnig kemur mér spáskt fyrir sjónir áhersla Vinstri grænna á mikilvægi RÚV sem hefur þurft að skera afar mikið niður í ráðherratið Katrínar Jakobsdóttur.

Sjálfstæðisflokkurinn: Í sjálfstæðisstefnu Sjálfstæðisflokksins er hvergi minnst á menningu en í ályktun um menningarmál frá Landsfundi 2007 stendur m.a. þetta:

Sjálfstæðisflokkurinn lítur svo á að íslensk menning sé samnefnari þess sem landsmenn eru að fást við á hverjum tíma með orðum sínum og athöfnum. Mikilvægt er að menning þjóðarinnar fái að þroskast og dafna á forsendum þjóðfélagsþegnanna en sé ekki stýrt í einhvern tiltekinn farveg af hinu opinbera. Hlutverk hins opinbera á fyrst og fremst að vera að skapa gróskumikinn jarðveg svo frumkvæði og frelsi fólksins í landinu dafni vel. Standi hið opinbera sig vel í því hlutverki sínu mun menningin blómstra.

Landsfundur lýsir ánægju sinni með þá áherslu sem lögð hefur verið á íslenska menningu undir forystu Sjálfstæðisflokksins og þann gróskumikla jarðveg sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur skapað með sterku efnahagslífi.²⁹¹

Hér er menningu skapaður svo víður rammi að nánast allt fellur innan hans. Því er leikur einn að setja menningarmál og sterkt atvinnulíf í sama bás. Að öðru leyti rær Sjálfstæðisflokkurinn á kunnugleg mið enda hafði hann afgerandi áhrif á menningarstefnu ríkisins frá 1991 til 2008. Það kemur því ekki á óvart að Landsfundur flokksins fagni *Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun* og minni á mikilvægi þess að treysta stöðu íslenskrar tungu. Einnig leggur Landsfundur áherslu á að nýbúum verði boðin góð íslenskukennsla og er minnst sérstaklega á samstarf íslenskukennslu og fyrirtækja. Hvað lista- og menningarstarf varðar leggur Landsfundur áherslu á að opinber stuðningur eigi alltaf að vera gagnsær og byggður á traustum áætlunum. Sérstök ástæða þykir til að nefna að aukin ríkisútgjöld ein og sér tryggji ekki endilega árangur. Landsfundur hvetur einnig til frekara samstarfs milli listamanna og atvinnulífs, auk þess sem þeir menningarsamningar sem gerðir voru við hluta landsbyggðarinnar og áætlun um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni fá blessun fundarins.

291 Sjá „Landsfundur 2007: Ályktun um menningarmál“, nálgast 16. mars 2010. URL: http://www.xd.is/?action=landsfundur_nanar&id=600

Sérstaka athygli vekur tillaga um breytingar á listamannalaunum en Landsfundur leggur til að tekið verði mið af breyttum aðstæðum og umhverfi frá núverandi lögum frá 1991.

Landsfundurinn leggur mikið upp úr kynningu á íslenskri menningu og listum erlendis, því vel kynnt íslensk menning ýtir undir jákvæða mynd af landi og þjóð. Landsfundurinn er skiljanlega jákvæður í garð nýrra laga um RÚV og nefnir svo nokkur atriði sem honum finnst hafa farið vel í starfi menntamálaráðuneytisins, þ.m.t. aukin fjárútlát til sjónvarps- og kvikmyndagerðar. Ennfremur leggur fundurinn til að fé sem veitt er til menningarmála fari í auknum mæli í samkeppnissjóði eins og nú tíðkast með Sjónvarpssjóð. Loks fagnar Landsfundur því að rekstur Sinfóníuhljómsveitar hafi nú verið aðskilinn rekstri RÚV, sem og samþykktum lögum um Náttúruminjasafn Íslands, að geymslumálum safna verði komið í gott horf og að íslensk hönnun verði eflð.

Í raun segja þessi síðustu atriði töluvert um áherslur Sjálfstæðisflokksins í menningarmálum. Hann leggur mikið upp úr sem minnstum ríkisafskiptum, og þar sem ríkisafskipti eru eigi þau að vera skýr og gegnsæ. Hugmyndin um samkeppnissjóð fellur einnig eins og flís við rass að hugmyndafræði flokksins, auk þess sem bygging náttúruminjasafns fellur vel að menningarvitundinni. Áherslan á íslenska hönnun tónar líka ágætlega við gróðahugsjónirnar eins og sést á eftirfarandi orðum: „Íslensk hönnun er grunnur að því að hægt sé að auka verðmæti íslenskrar framleiðslu.“²⁹² Slík stefna féll vel að áherslum menntamálaráðuneytisins í menningarmálum í valdatíð Sjálfstæðisflokksins og er það vitaskuld afar eðlilegt þar sem sjálfstæðismenn stýrðu ráðuneytinu í 16 ár. Það eina sem stingur í augu er ályktunin um listamannalaun.

Fátt nýtt er í ályktunum um menningarmál frá Landsfundi Sjálfstæðisflokksins árið 2009. Þar er því m.a. haldið fram að lista- og menningarlíf þjóðarinnar hafi blómstrað undanfarin ár og að Sjálfstæðisflokkurinn leggi áherslu á mikilvægi menningararfs þjóðarinnar og gilda hans. Áhersla er einnig lögð á íslenska tungu sem sameiningartákn þjóðarinnar og telur fundurinn mikilvægt að íslenska verði lögfest í stjórnarskránni sem þjóðtunga, svo hún verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Að öðru leyti hafa ekki orðið miklar breytingar á menningarstefnu Sjálfstæðisflokksins frá 2007 til 2009. Enn er lagt upp með gegnsæi hvað eignarhald á fjölmiðlum varðar, að hið opinbera megi ekki hamla

292 Sama.

samkeppni á fjölmiðlamarkaði, jafnframt því sem flokkurinn minnir aftur á að opinbert fjármagn tryggi ekki eitt og sér árangur á menningarsviði. Þrátt fyrir að listamannalaun hafi verið endurskoðuð leggur Sjálfstæðisflokkur enn til að þeim verði frekar breytt „með það að markmiði að taka upp verkefnatengda listsköp-unarsjóði.“²⁹³ Ekki er útskýrt nánar hvernig útfæra eigi slíka sjóði.

Íslandshreyfingin: Að lokum má skoða stefnuskrá Íslandshreyfingarinnar, sem bauð fram til Alþingiskosninga árið 2007. Þar má finna eftirfarandi færslu undir hinum táknræna lið *menning og náttúra*: „Efla ber rannsóknir á íslenski menningu og náttúru. Einnig skal að því stefnt að nýta sérstöðu landsins við þekkingarsköpun og miðla henni til verr settra þjóða, eins og t.d. í sjávarútvegsmálum, orkumálum og jafnréttismálum.“²⁹⁴ Af öllum þeim dæmum sem hafa verið tekin hingað til af menningarstefnum stjórnmálaflokkanna er þetta líklega skýrasta dæmið um menningarstefnu sem hefur afar lítið með menningu að gera. Hreyfingin réttir þó aðeins úr kútnum með fjölmenningarstefnu sinni:

Menning innflytjenda er kærkomin viðbót við þjóðmenninguna en ekki ógn. Hingað flytur hugrakkt fólk í leit að nýjum tækifærum, oft með góða menntun frá sínu upprunalandi. Fólk sem hingað flytur þarf að fá möguleika á að njóta sín til jafns við aðra íbúa landsins því að annars fer þjóðfélagið á mis við hæfileika þess og sköpunarmátt. Það verður að gera því kleift að læra íslensku og aðlagast umhverfinu til að hafa möguleika á þátttöku [sic] og áhrifum í samfélaginu. Koma verður í veg fyrir að fyrirtæki og einstaklingar misnoti sérerlent vinnuafll og notfæri sér þekkingarleysi erlendra starfsmanna á réttarstöðu sinni á vinnumarkaði.²⁹⁵

Undir liðnum *Þetta viljum við*, á heimasíðu hreyfingarinnar, er líka minnst á meiri stuðning við listsköpun og listamenn, og er enn og aftur minnst á útrásina góðu. Menningartengd ferðaþjónusta fær sinn skerf, auk þess sem minnst er sérstaklega á starf menningarstofnana, einkum RÚV.²⁹⁶

293 „Landsfundur 2009: Ályktun um menningarmál,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: http://xd.is/?action=landsfundur_2009_nanar&id=921

294 „Stefnuyfirlýsing Íslandshreyfingin – lifandi land,“ nálgast 23. apríl 2007. URL: <http://www.islandshreyfingin.is/index.php-tree=2&page=2.htm>

295 Sama.

296 Sjá „Aðgerðaáætlun,“ nálgast 23. apríl 2007. URL: <http://www.islandshreyfingin.is/index.php-tree=3&page=3.htm>

Borgarahreyfingin: Borgarahreyfingin bauð fram til kosninga árið 2009 en í stefnu hennar er ekki minnst einu orði á menningu.²⁹⁷

Séu menningarstefnur stjórn mála flokka Íslands teknar saman mætast þær allar undir formerkjum *markaðar, faglegar stjórnunar, menningarstofnana og menningartengdrar ferðapjónustu*, auk þess sem áhersla er lögð á *menningararf* og *tungumál*. Menningarvitundin er því ríkjandi þar sem annars staðar. Aukin áhersla á fjölmennigarmál er vissulega jákvæð þróun en öllu alvarlegri finnst mér vanræksla allra stjórn mála afla á stafrænni menningu og stafrænun menningar en þessir mála flokkar eru með áleitnari hugðarefnum framsækinnar menningarpólitíkur 21. aldarinnar. Menningargeirinn virðist ekki spila veigamikil hlutverk í endurreisn íslensks samfélags í kjölfar efnahagshrunsins og þótt slíkar áherslur komi ekki á óvart, þá virðist mér þessi yfirsjón alvarlegur galli á menningarstefnum stjórn mála flokka á Íslandi og gefa napurlega mynd af stöðu greinarinnar og skilningi stjórn mála afla á mikilvægi hennar. Af framansögðu er ljóst að menningarsýn og stefna stjórn mála flokkanna er afskaplega takmörkuð.

Alþjóðleg menningarsamvinna

Alþjóðleg menningarsamvinna er afar mikilvæg og býður upp á mikla möguleika fyrir alla aðila menningarvettvangsins. Norrænt menningarsamstarf er veigamest fyrir Íslendinga og hafa fjölmörg samfjármögnuð verkefni gert listamönnum, útgefendum, framleiðendum, kvikmyndatökuliðum og fleirum fært að heimsækja, sýna, flytja og leika verk sín og fá dreifingu á þeim erlendis. Vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu geta Íslendingar tekið þátt í ýmsum menningaráætlunum á vegum Evrópusambandsins og ber þar hæst menningaráætlunina Culture 2000, nú Culture 2007 og Media áætlunina. Íslendingar hafa einnig tekið þátt í menningaratburðum í samráði við *UNESCO, Evrópuráðið*, o.fl.

Þátttaka Reykjavíkurborgar í menningarborgarverkefninu, M2000, er líklega umfangsmesta alþjóðlega menningarsamvinna sem Íslendingar hafa tekið þátt í. Umfangið sést vel í greinargóðri skýrslu sem Svanhildur Konráðsdóttir tók saman en heildarfjöldi verkefna var 284 og var 31 unnið með sveitarfélögum og 41 með öðrum menningarborgum. Verkefnið er einnig gott dæmi

297 Sjá „Stefna Borgarahreyfingarinnar“, nálgast 8. febrúar 2010. URL: http://www.xo.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=14&Itemid=23

um samstarf borgar og ríkis en borgin setti 275 milljónir í verkefnið og ríkið 325 milljónir. Til viðbótar aflaði menningarborgin 100 milljóna og því er um umtalsverða fjárhæð að ræða í heildina. Ólíkt menningarstefnu ríkisins og Reykjavíkurborgar skilgreindi stjórn menningarborgar notkun sína á menningarhugtakinu:

Við ákváðum að skilja það sem kröfu til okkar allra, sem þetta land byggja, um að vanda verk okkar í hvívetna, á vinnustöðum, á heimilum, í umferðinni, stjórnsýslu, viðskiptum, framleiðslu og í vísindum og listum. *Að reyna sífellt að gera betur – það er menning.* Menning er allt það sem eykur gæði lífsins og dregur úr böli. Þess vegna þarf menning að setja mark sitt á alla okkar viðleitni.²⁹⁸

Viðari skilgreiningu er vart hægt að hugsa sér og það er einföldun að segja menningu aðeins bætandi, því menning hefur líka sínar skuggahliðar. Þegar lagt er upp með svona víða menningarskilgreiningu er von um að dagskráin sé fjölbreytt og spanni mörg svið samfélagsins. Þann 8. september 1997 setti stjórn Menningarborgar fram sex megin viðfangsefni: *listir, menningararf, börn og unglinga, umhverfi, vísindi og menntun og atvinnulífið*. Enn og aftur er um dæmigerða notkun á mannfræðilega menningarhugtakinu að ræða og er það í fullu samræmi við „hátíðarviðburð“ af þessu tagi. Verkefnið tókst líka vel, ekki einungis út frá fjölda viðburða, heldur einnig út frá aðsókn. Samkvæmt inngangi Páls Skúlasonar, sem var formaður stjórnar Reykjavíkur menningarborgar 2000, er áætlað að alls hafi ein og hálf milljón manns sótt viðburðina. Yfir tuttugu þúsund manns tóku beinan þátt í framkvæmd verkefna og samkvæmt könnun Gallups voru 80% landsmanna jákvæðir í garð verkefnisins, 84% töldu dagskrána fjölbreytta og heil 88% töldu framboð viðburða hæfilegt.

Það sem einkenndi vinnuna í kringum menningarborgarárið var þetta gríðarlega umfang, sú samvinna ólíkra aðila menningarvettvangsins sem þessi vinna krafðist og það tengslanet sem í kjölfarið myndaðist. Til að halda utan um og framkvæma allt þetta voru gerðar breytingar á skipulagi M2000 með tilkomu Þórunnar Sigurðardóttur sem stjórnanda síðla árs 1997. Ábyrgð og valdsvið milli stjórnar og stjórnanda voru skýrð betur og var fyrirmýnda leitað erlendis frá. Olnbogaráými stjórnanda jókst til muna og bar hann höfuðábyrgð

298 Páll Skúlason 2001: 8. Skáletrun í frumriti.

á dagskránni sem hann vann í samráði við sérstaka dagskrárnefnd, skipaða fagfólki. Skrifstofa M2000 varð sjálfstæð eining með eigin kennitölu, en áður hafði hún verið hluti af borgarkerfinu og öll fjármál þurftu því að fara í gegnum borgina. Fjáröflunarnefnd var breytt í fjármálaráð, framkvæmdastjóra í stjórnanda og skipurit kom verksviðum og ábyrgð annarra starfsmanna í fastar skordur. Stjórnarfundir voru áfram haldnir reglulega en innihaldslega hafði mikil forvinna átt sér stað hvað val á umsóknum og hugmyndum varðaði, áður en það var lagt fyrir stjórnarmeðlimi. Ferlið var því gert einfaldara, faglegra og árangursríkara.

Sérstakt heiðursráð var sett á laggirnar til þess að veita verkefninu aukna vigt og var þess getið í helstu gögnum sem send voru frá M2000, auk þess sem sumir ráðsmanna komu að viðburðum. Í ráðinu voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi borgarstjóri, Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, Vigdís Finnbogadóttir, Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, Helgi Tómasson, Erró, Björk Guðmundsdóttir og Kristján Jóhannsson. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var jafnframt verndari verkefnisins. Slíkt ráð er í raun gott almannatengslaplott, þar sem nöfn þekktra stjórnmalamanna og listamanna eru notuð til að gefa verkefninu meira vægi svo auðveldara sé að selja ímynd þess. Í nútímarekstri menningarverkefna af þessu tagi er þetta algengt fyrirkomulag og starf nefndarinnar er að mestu táknrænt. Það sem mestu skiptir er að faglegt framkvæmdavald tók við af pólitísku framkvæmdavaldi. Pólitíski armurinn kom að stefnumótun en fékk ekki að ota sínum tota að öðru leyti. Í samantekt um undirbúning og aðdraganda orðar Þórunn Sigurðardóttir mikilvægi þessa fyrirkomulags:

Með *faglegu framkvæmdavaldi* er átt við að verkefnið er hugsað sem ein heild, fjármagni skipt samkvæmt skýrt mótaðri áætlun og því næst er leitað árangursríkustu leiða til nýtingar á því með það fyrir augum að ná sem bestum faglegum árangri. Til þess að þetta sé unnt þarf vald stjórnanda að vera skýrt. Sé stjórnandi seldur undir þjónustu við marga ólíka hagsmunaaðila, hvort heldur sem er innan listageirans eða stjórnmalaafla, reynist útilokað fyrir hann að halda skýrri heildarsýn, hvort sem er í listrænu, skipulagslegu eða fjárhagslegu tilliti. Ábyrgð þarf ætíð að standa framar völdum og hið úrelta verklag að gera stutta stjórnarfundir að verkstjórnartæki á bak við svo umfangsmikið verkefni hefði án efa geta riðið því að fullu.²⁹⁹

299 Þórunn Sigurðardóttir 2001: 20. Skáletrun í frumriti.

Slíkt stjórnunarfyrirkomulag er sérstaklega mikilvægt í verkefni á borð við M2000 þar sem hægri öfl á vegum ríkisins og vinstri öfl á vegum borgarinnar þurftu að vinna saman. Þetta virðist hafa tekist merkilega vel og má þakka það breyttu stjórnunarfyrirkomulagi og auknum völdum *faglegs* stjórnanda.

Sé litid á útlit og ímynd menningarborgarársins sem heild þá hannaði spænski hönnuðurinn Daniel Nebot opinbert lógó í formi gylltrar stjörnu. Einnig voru hönnuð sértækari tákn fyrir Reykjavík og hannaði myndlistarmaðurinn Sigurður Árni Sigurðsson merki sem sameinaði *menningu* og *náttúru*, bæði í formum og litum, sem voru grænn og blár. Táknmynd Sigurðar Árna var af tré með níu grænum skálum, hálffullum af vatni, og í skýrslunni er það kallað *menningarborgartréð*. Um frekari kynningu og ímyndarsköpun er m.a. sagt:

Ákveðið var að nota yfirskrift ársins „menning og náttúra“ mjög markvisst í allri kynningu; jafnt sem undirliggjandi og sýnilegan þátt. Þannig var hafnað hinn hefðbundnu leið, sem gjarnan er farin við að flokka viðburði eftir listgreinum, en dagskránni þess í stað skipt upp eftir frumkröftunum fjórum, eldi, jörð, vatni og lofti.³⁰⁰

Auðvelt er að sjá mikilvægi slíkrar markaðssetningar fyrir ímyndarsköpun hátíðarinnar og Reykjavíkurborgar. Erfiðara er hins vegar að sjá hvernig hún gagnast gæðum lista og menningar. Svarið er e.t.v. að finna í eftirfarandi málsgrein sama kafla skýrslunnar:

Yfirskrift ársins nýttist einnig við að stuðla að trúverðugleika verkefnisins jafnt innanlands sem utan. Slagorð eins og *Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000...náttúrlega!* sem voru notuð í upphafi kynningar, töluðu til þeirra sem ekki sáu Reykjavík sem líklega *menningarborg*. Þessi orðaleikur og áhersla á náttúruna, undirstrikað [sic] jafnframt sérstöðu Reykjavíkur og var í fullum samhljómi við þær áherslur, sem lagðar hafa verið um árábil í kynningu á sérstöðu Íslands erlendis³⁰¹

Þegar menningarhugtakið er skilgreint jafn vítt og í tilfelli M2000 geta ansi margir gert tilkall til þess, eins og t.d. atvinnulífið og menningartengd ferða-

300 Svanhildur Konráðsdóttir 2001: 144.

301 Sama rit: 145. Skáletrun í frumriti.

þjónusta. Þessar áralöngu kynningar á sérstöðu Íslands erlendis hafa því miður oft lítið með gæði menningar- og listafurða að gera og beina frekar sjónum að þeim klisjum sem menningartengd ferðaþjónusta notar grimmt. Þessi vantrú á mátt menningar og lista er dæmigerð fyrir stöðu málaflokksins á Íslandi og því miður eru viðbrögð forsvarsmanna hátíðarinnar, með afturhvarfi sínu til náttúrunnar, álíka dæmigerð.

Þótt íslenskir fjölmiðlar hafi verið jákvæðir í garð verkefnisins er tekið sérstaklega fram í skýrslunni að umfjöllun um menningarmál í sjónvarpsmiðlum hafi verið af skornum skammti. Sérstaklega er kvartað yfir mjög lítilli gagnrýnni eða greinandi umfjöllun. Í lokaorðum skýrslunnar veltir skýrsluhöfundur vöngum yfir mikilvægi verkefnisins og spyr hann sig m.a. eftirfarandi spurninga:

Hver verða svo framtíðaráhrif menningarborgarársins? Verður menningarlíf á Íslandi kraftmeira og fjölskrúðugra en fyrr? Verður aðstaðan betri og skilningurinn úti í samfélaginu á mikilvægi menningar meiri? Verða pólitísk, ófagleg vinnubrögð við úthlutun fjármagns til lista fáséðari? Er kunnátta fagmanna og listamanna orðin meiri og þekking og skipulögð vinnubrögð almennari? Verður aðstaða listamanna betri og skilningur á mikilvægi starfa þeirra meiri?³⁰²

Mér þykir umhugsunarvert að þessum spurningum sé yfir höfuð kastað fram og segir það ýmislegt um þann slag sem alltaf virðist þurfa að taka þegar tryggja á tilverurétt menningarvettvangsins.

Þrátt fyrir að mörg góð verkefni hafi lítið dagsins ljós vegna alþjóðlegs samstarfs gætit samt sem áður ákveðinnar tortryggni ýmissa aðila menningarvettvangsins gagnvart því; gruns um að í alþjóðlegri menningarsamvinnu sé verið að nota mikinn pening fyrir rýra uppskeru. Það vill nefnilega loða við slíka samvinnu að stærstur hluti fjármagnsins fer í ferðir og fundahöld og lítið sé eftir fyrir menningarsköpunina sjálfa. Hvort sem sannleikskorn leynist í þessu eður ei, þá telur áðurnefndur Peter Duelund, ásamt Gitte Pedersen, að vald stjórnmálamanna hafi aukist innan norræns menningarsamstarfs og áhrif seilingarfjarlægðarlögmálsins dvíni ört.³⁰³

Varðandi samstarf Norðurlandanna í menningarmálum langar mig að nefna tvær skýrslur sem gerðar voru í tilefni formennsku Íslands í norrænu ráðherra-

302 Sama rit: 207-208.

303 Duelund og Pedersen 2003.

nefndinni 2004 og nefnast *Auðlegð Norðurlanda: Menning og Auðlegð Norðurlanda: Menntamál og vísindi*. Í fyrrnefndu skýrslunni dúkkar kunnuglegt stef upp, að meginþema formennskuáætlunar Íslands í norrænu ráðherranefndinni sé *Auðlegð Norðurlanda: Lýðræði-menning-náttúra*. Í skýrslunni er imprað á mikilvægum málum á borð við samstarf listafólks á Norðurlöndum, alþjóðavæðingu, fjölmenningu, menningarstarf barna og unglunga, margmiðlun, stafræna tækni og norræna menningararfinn. Um þann arf segir:

Á formennskuárinu munu Íslendingar beita sér fyrir því að nýtt verði betur sú auðsuppspretta sem fylgin er í fornþókmenntum Norðurlanda. Íslendingar munu vinna út frá þeirri hugmynd að þessi mikilvægi hluti af menningararfi Norðurlanda geti orðið aþvaki nútímamenningar. Sérstaklega ber að nefna fornmenningu Norðurlanda, goðsagnir og kvæði, sem er óumdeilanleg sameign þjóðanna. Lesa má um hugmyndir, löggjöf og siðvenjur norræns miðaldasamfélags í fornþókmenntunum og skoða þær í ljósi samtímans. Í þeim má finna uppsprettu þeirra hugmynda sem enn gilda og endurspeglast í norrænum stjórnnunarhefðum.³⁰⁴

Þannig virðist fátt hafa breyst í notkun fornþókmennta í samtímanum síðan 1889, þegar Gestur Pálsson gagnrýndi sams konar notkun. Í bæklingnum um menntamál og vísindi er kostuleg klausa um hina „sameiginlegu“ náttúru Norðurlandanna:

Náttúran er öllum norrænum þjóðum uppspretta efnislegra og andlegra verðmæta sem setur sterk einkenni á atvinnu- og menningarlíf þeirra þó með mismunandi hætti sé. Sérstæð náttúra norðursins er einkennandi fyrir öll löndin. Hafið, skógurinn, orkulindirnar, gróður máttur jarðvegsins svo og hreint vatn og andrúmsloft er undirstaða efnahagslífs og auðlegðar þeirra. Þau hafa öll sjálfbæra nýtingu auðlindanna og verndun umhverfis í fyrirrúmi og standa framarlega í þróun tækniþekkingar til að laga atvinnuvegi landanna að þeirri stefnu. Rannsóknir og þróunarstarf svo og menntun og fræðsla gegna þar lykilhlutverki. *En náttúran er einnig innblástur til listsköpunar sem birtist hvarvetna í menningarverðmætum landanna í öllum listgreinum með mismunandi áherslum. Þannig ríkir öflugt samspil milli náttúru, mannlífs og menningar á Norðurlöndum.*³⁰⁵

304 *Auðlegð Norðurlanda: Menning*: 5–6.

305 *Auðlegð Norðurlanda: Menntamál og vísindi*: 4. Skáletrun mín.

Ekki er farið nánar út í hvað t.d. náttúra Íslands og Danmerkur eiga sammerkt, né hversu mikið vægi hugvit og virkjun náttúruafla hefur í landi eins og Danmörku, þar sem náttúruauðlindir eru ekki eins ríkulegar og á Íslandi. Danir hafa neyðst til að beita kollinum og má sjá menningarlegan afrakstur þess í hönnun, húsgagnasmíði, arkitektúr, sjónvarpsframleiðslu og kvikmyndaframleiðslu.

Fimm árum síðar fóru Íslendingar á ný með formennsku og þá birtist áætlunin *Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga*. Áætlunin hverfist um viðfangsefni sem Norðurlandabúar standa frammi fyrir í hnattvæddum heimi og er áherslan á ungt fólk á Norðurlöndum, fjölbreyttara menningarsamstarf og að gera sem flestum kleift að njóta menningar og lista. Áætlunin gerir einnig töluvert úr tengslum menningar við nýsköpun, frumkvæði og markaðsvæðingu:

Sköpunarmáttur, frumkvæði og nýsköpun eru lykilhugtök og frumgildi í menningu. Mikilvægi lista og menningarstarfsemi fyrir sjálfsmynd þjóða er ótvírætt svo og þáttur hennar í framleiðslu menningarafurða fyrir alþjóðlegan markað. Menningariðnaður sem samþættir tækni og skapandi listir, iðnað og markaðsvæðingu er orðinn að mikilvægri atvinnugrein og framleiðslan er alþjóðleg söluvara. Íslendingar munu leggja áherslu á þverfagleg verkefni sem snúast um skapandi tengsl menningar, vísindarannsóknna og nýsköpunar sem mikilvægs þáttar í viðbrögðum við hnattvæðingu, aukinni samkeppni og þörf fyrir aðlögun.³⁰⁶

Hefur áætlunin því snúið baki við náttúrunotkuninni og tekið upp orðræðu um aðgengi annars vegar og markaðsvæðingu hins vegar. Náttúran hefur þó alls ekki horfið úr markaðssetningu og umtali á íslenskri menningu erlendis, sbr. menningarviðburðinn *Islande, de glace & de feu* í París árið 2004. Þar hlaut 22 tonna ísjaki mikla athygli í öllu umtali um viðburðinn en jakinn var fluttur frá Jökulsárlóni til Parísar og var notaður sem tákn Íslands. Þetta er ágætis dæmi um markaðssetningu sem fer örlítið fram úr sjálfri sér og beinir athyglinni að einhverju allt öðru en þeim tvöfundruð íslensku listamönnum sem þó komu fram og kynntu verk sín með margvíslegum hætti á sýningunni.

Mun fleiri dæmi eru um slíka notkun íslensku menningarvitundarinnar í alþjóðasamvinnu. Flestar opinberar tækifærisræður, opnanir og sendiherra-

306 *Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga* 2008: 8.

kokteilboð, þar sem kynna þarf Ísland í knöppu máli, falla í þennan pytt og nefni ég sem dæmi ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við foropnun áðurnefndar sýningar Ólafs Elíassonar, *Frost Activity*:

Íslensk náttúra hefur reynst honum [Ólafi Elíassyni] notadrjúg uppspretta nýrra leiða til að skapa ferska sýn á heiminn og klæða hana í fjölþættan bún-ing. Landið, náttúran, veðrið og ðræfin hafa markað listrænan þroska hans og orðið efniviður í einstæða sköpun. Ýmsir sem um Ólaf hafa fjallað telja að nor-ræn eða íslensk vitund gegnsýri mynd-sýn hans á frumlegan og afgerandi hátt.

Að sjálfsögðu erum við fús að deila honum með veröldinni, jafnvel Dönum, en metum mikils hve ríkulega hann sækir föng og innblástur til Íslands, end-urskapar skilning okkar á landinu, fegurð þess og eiginleikum.³⁰⁷

Ég lýk þessum kafla á tveimur dæmum til viðbótar og kemur það fyrri einnig frá Ólafi Ragnari Grímssyni en hann var mjög virkur boðberi menningarvitundarinnar á „góðæristímanum“ og fræg er útskýring hans á sérkennum útrásarinnar og hvernig hann spyrta saman náttúruna, menningarvitundina og útrásina. Þessi tilvitnun er þó ekki fengin þaðan heldur úr ávarpi sem hann flutti við opnun sýningarinnar *Living and Reliving the Icelandic Saga – Stefnu-mót við íslenska sagnahefð*:

Ferðir Íslendinga til Ameríku fyrir þúsund árum voru mótaðar af frumkvæðisanda hins lýðræðislega íslenska þjóðveldis sem stofnað var árið 930 þegar landnámsmenn Íslands mynduðu Alþingi, elsta löggjafarþing veraldar, og völdu því stað á klettavöllum þar sem meginlönd Ameríku og Evrópu mætast.

Sæfarar sem sigldu til Ameríku fyrir þúsund árum voru boðberar lýðræðis og kristni, hugmynda og trúar sem svo ríkulega hafa mótað okkar eigin tíð.

Samfélag þeirra og menning eru efniviður Íslendingasagnanna sem óþekktir snillingar skráðu á skinn, bókmennta sem eru ásamt ritum Grikkja og Rómverja dýrustu perlur orðsins listar frá fornri tíð. Þessar gömlu bækur, slitnar og velktar af langri samför með kynslóðum Íslendinga, dökkar af reykt og máðar fingrum ótal lesenda, eru hof okkar og hallir, framlag fátækrar þjóðar til menningar heimsins. Þær hafa mótað reynslu og vitund þjóðarinnar í aldanna rás og eru jafn lifandi í nútímanum og þær voru í fornri tíð.³⁰⁸

307 „Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við foropnun sýningar Ólafs Elías-sonar „Frost Activity,“ Listasafni Reykjavíkur 16. janúar 2004,“ nálgast 18. mars 2010. URL: <http://www.forseti.is/media/files/04.01.17.Olaf.Elias.opnun.pdf>

308 Ólafur Ragnar Grímsson 2000.

Hin tilvitnunin er úr viðtali við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrrverandi menntamálaráðherra, en viðtalið var tekið af tilefni menningarhátíðarinnar *Pourquoi Pas? – Franskt vor*. Þar útskýrir hún skilningsinn á íslenskri menningu:

Menning er allt það sem gerir okkur að samfélagi. Saga okkar, lífsstíll og hefðir. Hornsteinn menningar okkar og það sem gerir okkur að Íslendingum er tungan. Frásagnarhefðin sem á rætur sínar að rekja allt aftur til sögualdar og fram til dagsins í dag er samofin tungunni. Okkar stórkostlega náttúra hefur einnig haft afgerandi áhrif á menningu okkar og sjálfsmýnd jafnt vegna fegurðar sinnar og miskunnarleysis. Sambylið við náttúruna hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Landfræðileg lega landsins er annar þáttur og sú einangrun sem henni fylgdi hefur gert að verkum að hér hefur fengið að þróast menning sem um margt er ólík þeirri sem við finnum í nágrannalöndunum. Við höfum alltaf sótt innblástur og áhrif til annarra ríkja en okkur hefur tekist að varðveita hið einstaka er gerir okkur að Íslendingum. Menning okkar er evrópsk, hún er norræn en þó fyrst og fremst íslensk.³⁰⁹

309 „Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,“ 17. febrúar 2007: 12.

Framtíðarsýn íslenskrar menningarstefnu

Í síðasta kafla voru ákveðnir þættir íslenskrar menningarstefnu greindir. Ein helsta niðurstaða slíkrar greiningar er að allir helstu leikmenn íslenska menningarvettvangsins halla sér í auknum mæli upp að fjárhagslegri nytjahyggju í garð menningar og lista, sérstaklega út frá samspili menningar, menningararfs, náttúru og ferðaþjónustu. Þannig virðist spá Jürgen Habermas hafa ræst með þeim afleiðingum að viðskiptaleg og pólitísk sjónarmið kúga innri gildi menningar og lista. Seilingarfjarlægðarlögmálið hefur styst í skugga nýrrar opinberrar stjórnunar og spurningin er því ekki lengur hvort listaverk sé mikilvægt eða áhugavert út frá listrænum sjónarmiðum, heldur frekar hvort hægt sé að selja það, fyrir hversu mikið og hvort það hafi jákvæð áhrif á hagkerfið. Notkun seilingarfjarlægðarlögmálsins hefur vitaskuld ekki horfið úr núverandi menningarpólitik, en því er beitt á afskaplega takmarkaðan hluta menningarkönnunar. Fjárhagsleg og pólitísk ágengni *kerfisins* lamar því virkni lögmálsins.

Einn helsti galli greiningar Habermas er sá að hann býr til tvíþólað kerfi þar sem *kerfi kúgar* og *lífheimur frelsar*. Þótt slík greining sýni ágætlega vissa hneigð milli ráðandi afla samfélagsstrúktúrsins er hún samt mikil einföldun á flóknum innviðum síðmóðernismans. Tvíþólin innri gæða og gilda hins heilnæma lífheims annars vegar, og viðskipta-, valda- og gróðahugsjón kerfisins hins vegar, takmarkar fjölbreytileika hins menningarpólitíska vettvangs um of. Í stað þess að stilla þessum nálgunum upp sem andstæðum á menningarstefna að taka það frjóasta frá báðum og koma á *kjörjafnvægi* milli þeirra. Það segir sig sjálft að viðskiptaleg viðhorf eru ekki öll neikvæð í garð menningar og lista. Samhliða aukinni nýrri opinberri stjórnun hefur aðsókn í söfn á Norðurlöndunum aukist og safnbúðir skila meiri hagnaði.³¹⁰ Þótt slíkar tölur fríkki ásýnd menningar og listar, og afsaki og færi rök fyrir fjármagninu sem rennur til þeirra, þá eru þetta samt sem áður ytri mælanlegir þættir þar sem aðferðir nýrrar opinberrar stjórnunar njóta sín vel. Það sama er ekki hægt að segja um þróun og gæði góðrar listar, þar sem tölfræðileg rökhyggja á lítið erindi.

310 Sjá Duelund 2003d.

Ábyrg menningarstefna er fjárfesting til framtíðar og það er erfitt að mæla áhrif hennar af nokkurri nákvæmni. Því er ógerlegt að framkvæma hana af einhverju viti á forsendum fjögurra ára kjörtímabíla eða skjótrar gróðavonar markaðarins. Lykilorðið er enn og aftur *kjörjafnvægi*. Sé rétt með farið getur ný opinber stjórnun leitt til aukins viðskiptalegs fagleika, fækkað flóknum milli-stigum og gert kerfið gagnsærra. Fari viðskiptalegu og pólitísku sjónarmiðin hins vegar líka að skipta sér af innihaldinu er hætt við að menning og listir verði misnotuð sem verkfæri í höndum ferðapjónustu, fyrirtækja og kosningaáróðurs; og gegn slíku á framsækin menningarpólitík að sporna.

Í þessum lokakafla set ég greiningu mína í nánara sambengi við samtímann og sýni fram á hversu þrautseig menningarvitundin virðist vera þegar íslenskir listamenn leggjast í landvinning. Í lokaorðum tek ég svo helstu atriði ritsins saman og kynni lítinn „óskalista“ að umbótum. Mestu púðri eyði ég þó í útlistun á þeim áhrifum sem *stafræn menning* og *stafrænun menningar* hefur á menningarpólitík. Sumum kemur þessi áhersla hugsanlega spánskt fyrir sjónir, finnst hún frekar eiga heima í greiningu á jaðarstefnum, en að mínu mati hefur stafræn menning umturnað þeim hugtakaramma sem einkennir menningarpólitík. Rifur hafa myndast í yfirborð hugtaka sem við höfum lengi talið í föstum skorðum – hugtök á borð við menningarneyslu, framleiðslu, dreifingu, höfund, listamann, listgrein, safn, verk, fagurfræði, menningarstjórnun og höfundarrétt. Þetta eru ekki jaðarhugtök heldur hugtök sem gegna lykilhlutverki í umræðu um menningarpólitík og þess vegna tek ég þau til gaumgæfilegrar athugunar í þessum lokakafla.

Áhrif Bjarkar

Íslensk menningarstefna hefur ekki brugðist á fullnægjandi hátt við mörgum aðkallandi viðfangsefnum síðmóðernismans. Ríkjandi öfl virðast frekar sátta við íslensku menningarvitundina því á yfirborðinu virðist hún þjóna hagsmunum þeirra vel. Íslenskar listafurðir verða sérstakari í augum erlendra aðila sé hinni einstöku náttúru landsins ofið við menningar- og listhugtakið og verða þannig útflutningsvænni og arðbærari. Ríki, sveitarfélög, markaður og listamenn notfæra sér kynngimagnað aðdráttarafl náttúrunnar og menningarvitundarinnar, því með því að umvefja menningu og listir þessum dularfulla krafti öðlast þær sérstöðu sem auðveldar sölu. Í það minnsta nú um sinn.

Áhrif Bjarkar eru mikil á slíka náttúruskotna notkun á menningarhugtakinu og hefur hún haft mikil áhrif á íslenskan menningarmarkað. Allar götur síðan hún var í Sykurmolunum hefur hún notað náttúruna og hina íslensku álfa-, vætta- og tröllatrú til þess að koma á framfæri ákveðinni markaðsmynd. Þessi tákn birtust í sumum myndbanda Sykurmolanna³¹¹ og þessi notkun á íslensku menningarvitundinni jókst heldur þegar Björk gerðist sólólistamaður og hin undarlega, exótíska, náttúruskotna markaðsfigúra Bjarkar var sköpuð. Ég ætla svo sannarlega ekki að gera lítið úr Björk sem listamanni, því tónlist hennar og listsköpun tel ég vera á allt öðru plani heldur en sú markaðslega sölvara sem hún (eða iðnaðurinn í kringum hana) hefur kosið að selja í viðtölum, ljósmyndabáttum og tónlistarmyndböndum.

Úlfhildur Dagsdóttir gerði sjónrænum þætti Bjarkar góð skil í grein sinni „Myndanir og myndbreytingar: Um myndbönd Bjarkar“ en þar lýsir hún náttúruskotinni, söluvænni og meðvitaðri einlægni hennar svo:

Þessi hugmynd um ‘einlægni’ er í raun ómöguleg í meðvitundum heimi dægurmenningar sem markast alltaf af því að vera iðnaður og framleiðsla, og því væri kannski réttara að tala hér um eins konar meðvitaða einlægni, sem Björk skapar með barnslegri ímynd sinni. Þessi barnslega ímynd tengist svo náið þeirri ímynd náttúrubarns sem Björk heldur á lofti, og nýtir sér þar (söluvænar/ferðamannavænar) hugmyndir um Ísland sem villt náttúruland, land ‘hreinna’ náttúru, ‘frumkrafta’ og ‘upprunaleika’. Þessi ímynd er að hluta til mótuð í tónlistarmyndböndum sem fylgja lögum sem gefin eru út á smáskífum, og eru með því sérstaklega mörkuð – og markaðssett – til vinsælda.³¹²

Úlfhildur tekur m.a. dæmi af myndböndum Michel Gondry; *Bachelorette*, *Hyperballad* og *Jóga*, þar sem náttúran birtist sem staður frelsis og sköpunar, með ólíkum hætti þó. Að mati Úlfhildar notfærir Björk sér hina rómantísku náttúruímynd óhaminna frumkrafta þótt hún nútímavæði hana í vissum skilningi, ekki bara hvað efnistöð varðar heldur einnig með aukinni áherslu á hina manngerðu náttúru. Ímynd Bjarkar á þó töluverða samleið með íslensku menningarvitundinni eins og hún hefur verið skilgreind hér, eins og má sjá af eftirfarandi tilvitnun úr grein Úlfhildar: „Björk hefur fyrst og fremst orðið ímynd ákveðinnar óstöðugrar

311 Sbr. fyrirlestur Úlfhildar Dagsdóttur, „Is This Iceland? Nationality Glimpsed Through Music Videos“ sem haldinn var á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn 24. apríl 2004.

312 Úlfhildur Dagsdóttir 2001: 396-397.

og villtrar náttúru, náttúru sem er bæði dularfull og óhamin. Þetta sambland dulúðar og náttúruafla kemur fram í því að vísað er til Bjarkar sem álfs eða eskimóa, jafnframt því sem henni er líkt við náttúruna sjálfa³¹³

Mér finnst rétt að taka fram að við hlustun á tónlist Bjarkar leitar hugurinn ekki endilega til náttúrunnar og menningarvitundarinnar. En þegar titið er á birtingarmynd markaðsverunnar Bjarkar leynir sér ekki í hvaða átt áhorfendum er stýrt. Líkt og Úlfhildur bendir á eru töluverðar líkur á að þeir tengi kraft tónlistarinnar við duttlungafulla náttúru og dulúðleg öfl hennar. Aðrir listamenn hafa auðvitað fylgst með árangursríkri notkun Bjarkar á nútímalegri og tiltölulega steriótýpískri útgáfu íslensku menningarvitundarinnar og fylgja því í fótspor hennar. Björk var ekki fyrsti íslenski listamaðurinn sem notfærði sér menningarvitundina sem markaðsbragð en þar sem hún er fyrsti íslenski listamaðurinn sem verður alþjóðleg súperstjarna verða áhrif hennar meiri. Í viðtali í breska dagblaðinu *The Guardian*³¹⁴ tjáir Björk þó ákveðna þreytu í garð þessarar markaðsmyndar. En það er erfitt að stoppa boltann þegar hann hefur rúllað af stað og þótt pirringur Bjarkar sé kannski skiljanlegur, sérstaklega í ljósi þess hversu lífsseig þessi markaðsmynd er, þá er ekki hægt að horfa framhjá því að hún á sjálf stóran þátt í sköpun og viðhaldi þessarar ímyndar.

Erfðaprinsar áhrifa Bjarkar, Sigur Rós, eru gott dæmi um hljómsveit sem markaðssetur sig afar meðvitað með skírskotunum í náttúruna og hin duldu öfl hennar. Internetið gegnir veigamiklu hlutverki við slíka markaðssetningu og því er við hæfi að greina örlítið nánar opinbera heimasíðu Sigur Rósa³¹⁵ og skoða hvers konar mynd er brugðið upp af hljómsveitinni þar. Undir fjölmiðlaþætti síðunnar má t.d. finna myndir, tónlist, tónleikaupptökur, greinar, viðtöl og dóma um verk hljómsveitarinnar. Undir myndapættinum eru nokkrar myndir með skýrar vísanir til náttúru, álfa og huldufólks og svo er einnig um myndbandið við lagið *Glósóla*, sem var fyrsta smáskífa plötunnar *Takk*. Í myndbandinu æðir hópur ungmenna í skrítnum fötum yfir hálendi Íslands með lítinn trymbil í broddi fylkingar. Þetta eru mikil náttúrubörn sem sofa undir berum himni með kitlandi birkihríslur undir iljunum. Maður fær strax á

313 Sama rit: 413.

314 Sjá „I had a little bit of cabin fever,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://music.guardian.co.uk/pop/story/0,,2066041,00.html>

315 Sjá „Eigtheen Seconds before Sunrise,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.sigur-ros.co.uk/>

tilfinninguna að hér séu ekki mennskar verur á ferðinni heldur einhvers konar álfar og huldufólk, fyrir utan einn dreng sem eltir þau afforvitni án þess að vera af þeirra heimi. Þessi undarlegi hópur æðir yfir stórbrotna náttúru Íslands og nær á ótrúlega skömmum tíma að komast í kynni við úfið hraun, ýmsar bergtegundir, auðnir, sanda, uppblástursbólstra, vötn, ár, stórbrotin gljúfur og að lokum hrikalegt bjarg. Álfarnir ákveða í augnablikssturlun að kasta sér fram af bjarginu og fljúga á vit ókannaðra álfaævintýra undir kynngimögnuðum tónum Sigur Rósar. Mennski drengurinn lætur ginnast en fellur, því einungis álfar með trommur geta flogið.

Heimildamyndin *Heima* er af svipuðum toga. Þar leita hljómsveitar meðlimir til „rótanna“ og þótt tónlist Sigur Rósar njóti sín vel í myndinni er henni samt sem áður haldið saman af afar fallegum, en um leið kunnuglegum, náttúruskotum sem binda saman frásögnina. Svolítið eins og langt og hægvirkt tónlistarmyndband þar sem náttúran og kynngimagnað afl hennar skyggja á bæði tónlistina sjálfa og leit sveitarinnar að „rótunum.“

Viðbrögð gagnrýnenda og blaðamanna leyna sér ekki hvað slíka markaðssetningu varðar. Í umfjöllun sinni um sveitina og verk hennar er gjarnan vísað til hinnar vel þekktu menningarvitundar og spilar þar nálægð við náttúruna stórt hlutverk. Richard Bainbridge hjá *Dazed & Confused* talar t.d. um að Sigur Rós endurspegli hrjóstrugt tungllandslag þessa skrítna lands³¹⁶ og í grein Dorian Lynskey í *The Guardian* er gert mikið úr fámenni Íslands, stærð þess, fjarlægu og sérkennilegu landslagi þess og þeirri staðreynd að Neil Armstrong og Buzz Aldrin hafi undirbúið tunglför sína á landinu. Þessu til viðbótar til-einkar Lynskey efnisgrein starfi íslenskrar málnefndar og þeirri sérstöðu Íslendinga að finna nýyrði yfir erlend orð.³¹⁷ Ian Watson, blaðamaður *Melody Maker*, gengur einna lengst, eins og sjá má á inngangsorðum hans í grein um Sigur Rós: „Þeir hljóma eins og þegar guð grætur gulltárur á himnum, eins og jökull sem þokast gegnum hrjóstrugt íslenskt landslag, eins og hvalasöngur sem sendur hefur verið til jarðar frá fjarlægri plánetu.“³¹⁸

316 Sjá „Breaking the ice: Sigur Rós wrestle with the pop aesthetic in a language few speak but everyone can understand,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/articles/dazed0.php>

317 Sjá „Strange? Us?“, nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/articles/guard0.php>

318 Sjá „Melody Maker,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/articles/mm0.php>

Hvort hvalir syngi á fjarlægum plánetum skal ósagt látið en á heimasíðu sveitarinnar má finna fullt af álíka dæmum, þar sem ímynd og hljómur Sigur Rósar er samsamaður íslensku menningarvitundinni. Slíkar samsamanir má t.d. finna í umfjöllun erlendra miðla um myndina *Heima* þar sem Paul Rees gerir eldfjallalandslagið, tilkomumikil fjöll og jökulsorfnu dali að umtalsefni.³¹⁹ Sharon O'Connell gengur lengra í rýni sinni í *Time Out*: „Ótrúleg náttúra Íslands er jafnmikil stjarna myndarinnar og töfrakennd tónlist Sigur Rósar og aðstandendur myndarinnar hefðu ekki getað staðið að betra kynningarstarfi, jafnvel þótt myndin hefði verið pöntuð af Íslensku ferðamálaráði.“³²⁰ Brian Boyd er á svipuðum slóðum í rýni sinni fyrir *The Irish Times*:

Lítið nýtt er látið uppi um hljómsveitar meðlimi en maður fær ýmsar upplýsingar um Ísland. Heima er gjöf til Íslensks ferðamálaráðs. Landið er sýnt í allri sinni undarlegu dýrð. Það er erfitt að ímynda sér að Sigur Rós gæti átt uppruna sinn annars staðar.³²¹

Hljómsveitar meðlimir spila inn á þetta, ekki einungis með meðvitaðri markaðssetningu mynda, varnings og myndbanda, heldur einnig í viðtölum. Hér gæti þó ekki samræmis. Georg Hólm segir í áður nefndri grein Ian Watson að tónlist þeirra sé undir áhrifum frá landslaginu og hvetur hann m.a. blaðamann til að líta betur á grjótið, því það sé lifandi. Í *Vanity Fair* segir Georg aftur á móti að slíkar samlíkingar séu leiðinlegar klisjur, að hljómsveitar meðlimir búi í Reykjavík og hugsi ekki um jökla og eldfjöll.³²² Seinni fullyrðingin kemst líklega nær sannleikanum, því náttúran gegnir afgerandi hlutverki í lífi fæstra Íslendinga. Sú fyrri selur hins vegar betur og er því títt notuð á efnahagslegum sviðum, pólitískum sviðum og menningarsviðum samfélagsins. Sigur Rós hefur augljóslega valið fyrri pólinn þrátt fyrir að hljómsveitar meðlimir, líkt og aðrir, geti auðveldlega orðið leiðir á slíkum samlíkingum.

319 Sjá „Q review of Heima,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/heima/q.php>

320 „Time out review of Heima,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/heima/time-out.php>

321 „Irish Times review of Heima,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/heima/irish-times.php>

322 Sjá „Ice capades – Björk and beyond with Reykjavík's Sigur Rós,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/articles/vanity0.php>

Eins og sýnt var fram á í þriðja kafla hafa margir íslenskir listamenn notfært sér menningarvitundina til að skapa sér markaðslega sérstöðu – og vafalaust einnig til listræns innblásturs. Margvísleg notkun á þessari vitund hefur verið endurtekið stef í íslenskri menningarsögu og gekk í endurnýjun lífdaga með uppgangi kvikmyndalistarinnar. Sjónræna kvikmyndamiðilsins er sérstaklega vel til þess fallin að notfæra sér náttúruna og hefur íslensk kvikmyndagerð að mínu mati því miður alltof oft verið takmörkuð af skrátnu og dularfullu fólki í skrátnu og dularfullu landslagi. Það er í raun merkilegt hversu áleitin náttúran er í íslenskum menningar- og listafurðum því hlutverk hennar er takmarkað í daglegu lífi nútíma Íslendinga. Ein af afleiðingum þessa er sú að oft er náttúran notuð sem ódýr og ægífögur leikmynd, stundum á kostnað góðrar sögu. *Heima* fetar til að mynda klárlega þennan stíg.

Það er þó mikilvægt að taka fram að margir listamenn sneiða hjá ódýrum náttúrulausnum eða gera meðvitað grín að ofnotkun menningarvitundarinnar. Gott dæmi er Megas sem skrifar iðulega paródíur þar sem efnistökin eru sótt í menningarsöguna. Má þar nefna sönginn um Ragnheiði biskupsdóttur, sjálfstæðisbarning Jóns Sigurðssonar, óþarfa fundvísi Ingólfs Arnarsonar og sjálft listaskáldið góða, Jónas Hallgrímsson, svo fáein dæmi séu tínd til. Eins gerði Þórbergur Þórðarson sér á stundum far um að svamla gegn samtímastraumunum, eins og tilvitnunin í þriðja kafla um afhelgun náttúrunnar er til marks um.

Slíkir listamenn eiga hins vegar erfiðara með að *slá í gegn* erlendis og því virðist meðvituð notkun á íslensku menningarvitundinni vel til þess fallin að skapa sérstöðu í hinum alþjóðlega listheimi. Þessi taktík hefur gefið góða raun fyrir marga íslenska listamenn sem vakið hafa athygli úti í hinum stóra heimi og má þar t.d. nefna nóbelskálðið Halldór Laxness, Gunnar Gunnarsson, Björk, Einar Má Guðmundsson, Friðrik Þór Friðriksson, Baltasar Kormák og að sjálfsögðu hálf-Íslendinginn Ólaf Elíasson.

Því kemur ekki á óvart að margir ungir listamenn með frægðardrauma noti svipaðar aðferðir til að koma sér á framfæri erlendis. Kvikmyndin *Nói albinói* er ágætt dæmi um þetta. Leikstjóri myndarinnar, Dagur Kári, hafði þegar gert snjallar tilraunir við Danska kvikmyndaskólann og ber þar útskriftarverkefni hans, *Lost Weekend*, hæst. Þegar kemur að hans fyrstu kvikmynd í fullri lengd ákveður hann hins vegar að taka upp í litlum bæ á Vestfjörðum. Stórkostlegt vetrarlandslag Íslands var látið túlka ástand og tilveru aðþrengdra sála sem

voru læstar í klóm náttúruaflanna, bæði í landfræðilegum og andlegum skilningi. Jafnvel þótt íbúar þessa krummaskuðs virðist kaldir og dofnir berst von innra með þeim sem felst fyrst og fremst í tilhugsuninni um flótta til betri tilveru. Þetta er klassískt stef í kvikmyndum en íslensk birtingarmynd þessa flótta er yfirleitt samofin náttúruöflunum. Fókussinn er því gjarnan fluttur af persónum og á náttúruna. Íslenskar vonir, væntingar og raunir eru ekkert ólíkar vonum, væntingum og raunum annarra íbúa Vesturheims. Íslensk náttúra er hins vegar allsérstök og því býður hún upp á leikmynd sem á ekki sinn líka. Notkun á þessari leikmynd getur auðveldlega snúist upp í ofnotkun og þótt þetta þjóni hagsmunum menningartengdrar ferðaþjónustu og markaðssetningu myndarinnar erlendis vel, þá er ekki þar með sagt að slík ofnotkun þjóni hagsmunum íslenskrar menningar og lista sérlega vel. Sérstaklega ekki til lengri tíma litið.

Dagur Kári gerir þetta betur en flestir aðrir íslenskir leikstjórar og mætti þar nefna verk á borð við *Kaldaþjós* Hilmars Oddssonar, *Haf* Baltasars Kormáks, *Myrkrahöfðingja* Hrafns Gunnlaugssonar og *Börn náttúrunnar* og *Á köldum klaka* Friðriks Þórs Friðrikssonar. Það sem skiptir þó mestu máli í þessu samhengi er ekki hvernig hann gerði þetta, heldur fremur að hann skyldi kjósa að fara þessa leið.

Næsta kvikmynd Dags, *Voksne mennesker*, segir að mörgu leyti svipaða sögu. Í báðum tilfellum tekur Dagur Kári fyrir leiða, rötleysi, stefnuleysi og vonleysi ungs nútímafélks. Í tilfelli *Nóa albinóa* er náttúran látin tjá firringu og einmanaleika meðan manneskjan sjálf er látin tjá firringu og einmanaleika í *Voksne mennesker*. Útkoman er gjörólík. Í síðara tilvikinu er snjöll kvikmyndataka, góður leikur og vandað og innihaldsríkt handrit látið tjá vandasamt umfjöllunarefni á meðan náttúran leysir vandann í *Nóa albinóa*.

Dómur Michael Graversen um *Fálka* Friðriks Þórs, sem birtist á *Filmland*-vef Danmarks Radio,³²³ segir ýmislegt um áhrif náttúrunnar á íslenska list. Í stuttu máli var myndinni fundið flest til foráttu. Hún þótti illa skrifuð, illa leikin og kvikmyndatakan misheppnuð – en undir lok dómsins voru henni samt gefnar þrjár pílur fyrir stórfengleg náttúruskot. Annað nýlegt dæmi um kvikmynd sem hlaut talsverða athygli erlendis er stuttmynd Rúnars Rúnarssonar, *Síðasti bærinn*. Myndin var m.a. tilnefnd til Óskarsverðlauna og þótt

³²³ Sökum breytinga á vefsíðu *Filmland* er því miður ekki hægt að sjá dóminn. Michael Graversen sendi mér því handrit að dómnum og er vísað til þess hér.

hún sé að mínu mati afar vel unnin fellur hún innan mengis íslensku menningarvitundarinnar þar sem náttúran er fyrirferðarmikil sem fyrr.

Slíkar viðtökur á erlendra grund kallast ágætlega á við viðtökur Gunnars Gunnarssonar, Jóhanns Sigurjónssonar og Guðmundar Kamban, eins og Jón Yngvi Jóhannsson hefur skrifað um. Annað nýlegt dæmi er sýningin *Lava-land* sem var hýst í danska safninu *Kunstforeningen Gammel Strand* frá 10. febrúar til 29. apríl 2007. Á sýningunni eru nokkur verka Jóhannesar Kjarval og Ólafs Elíassonar spyrst saman, og var því hægt að njóta t.d. *Mosa við Vífilsfell* (1940), *Frá Snæfellsnesi* (1946) og *Fjallamjólkur* (1941) Kjarvals í samblandi við *The Island Series* (1997), *The Glacier Series* (1999) og *The Sunset Series* (2006) Ólafs Elíassonar. Titlar verkanna gefa ákveðin fyrirheit og viðbrögð danskra gagnrýnenda voru heldur fyrirsjáanleg. Lars Ole Knippel segir t.d. í *Jyllands Posten* að að baki steina, grjóts, gjáa og mosa búi sterkir kraftar sem hafa ekki einungis tendrað Heklu og heita hverri heldur einnig lunderni sem búi yfir styrk eldfjallsins.³²⁴ Það þarf ekki að koma á óvart að hið íslenska lundarfar sé oft náttúrugert í meðförum útlanda sem komast í kynni við íslenska list, því hún er oft markaðssett þannig erlendis. Ég leyfi mér hins vegar að efast um að „hið íslenska geðslag“ sé svo einsleitt og náttúruvænt, sérstaklega í ljósi þess að flestir Íslendingar eru merkilega ósnortnir af þessu ægivaldi náttúrunnar.

En er þessi náttúrunotkun íslensku menningarvitundarinnar svo slæm? Er ekki allt í lagi að íslenskir listamenn notfæri sér þá miðla sem eru þeim nærtækastir og gæti ekki hugsast að margir listamenn séu hreinlega undir miklum áhrifum frá íslenskri náttúru, þjóðtrúarvættum, tröllum, álfum og öðrum forynjum? Svarið við báðum þessum spurningum er jákvætt. Þetta er slæmt, en þetta er líka í lagi, svo framarlega sem íslenskir listamenn halla sér ekki um of að ódýrum náttúrulausnum og verði þar með einhæfni að bráð. En þetta eru ekki endilega réttu spurningarnar. Mikilvægari spurning er hvort íslensk menning og íslenskir listamenn geti yfir höfuð komið sér undan áhrifum náttúrunnar og hvort slíkur flótti sé æskilegur? Það er ekkert einfalt svar við slíkri spurningu en ég tel að áhrifamiklir aðilar íslenska menningarvettvangsins verði að hafa langtímaáhrif þessarar notkunar á menningarvitundinni í huga við gerð og framkvæmd framtíðarmenningarstefnu.

324 Knippel 2007.

Ég hef þegar sýnt fram á ákveðna hneigð sem einkennir stefnu allra mikilvægustu aðila íslenskrar menningarpólítíkur. Þessi hneigð leitar skjóls í meðvitaðri notkun á íslensku menningarvitundinni. Haldi menn áfram að framleiða og kynna afurðir sínar með þessum hætti er hætta á að ögrandi, nýskapandi og framúrstefnulegir þættir listrænnar sköpunar rýrni á kostnað yfirborðslegra tilvísana til náttúrunnar, menningararfsins og þjóðtrúarinnar. Þessi hneigð er sérstaklega ríkjandi í erlendri kynningu á íslenskri menningu og listum. Afleiðingin er sú að það verður sífellt erfiðara að greina á milli listrænna afurða og afurða sem framleiddar eru fyrir ferðamála- og auglýsingaiðnaðinn.³²⁵ Slíkir markaðsklækir virðast skapa íslenskri menningu sérstöðu á alþjóðlegum mörkuðum nútímans en hversu lengi mun slík sérstaða endast? Og hvar stendur íslensk menning þegar sérstaðan er þurr-
ausin?

Þessi áhersla er ennfremur í litlu samræmi við raunverulega birtingarmynd íslensks samfélags á upphafsárum 21. aldarinnar. Það er töluvert ósamræmi milli síðmóðerníssks samfélagsstrúktúrs Íslands og þeirrar menningarlegu myndar af þessu sama samfélagi sem reynt er að selja. Rúm 60% þjóðarinnar búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu og náttúran hefur afskaplega lítil áhrif á daglegt líf þorra þess fólks. Sífellt daður helstu aðila íslenska menningarvettvangsins við menningarvitundina er því í miklu ósamræmi við þá mynd sem íslensk þjóð hefur af sér sem nútímaleg og tæknivædd þjóð.

Í þessu samhengi verður mér oft hugsað til klisjukennds ferðalags Japanans Hirata í mynd Friðriks Þórs, *Á köldum klaka*. Skrýtið fólk, skrýtin íslenskuskotin enska, ófyrirsjáanleg náttúruöfl og yfirsilvilitleg þjóðtrú leysa nútímavædda veröld Japanans upp í súrrealíska klisju sem fáir Íslendingar geta sam-samað sig við. Þessi furðulegheit skapa verkinu samt sérstöðu á erlendum mörkuðum og því er ekki skrýtið að Friðrik Þór velji þessa leið. Það sama má segja um náttúruskotna sýningu Ólafs Elíassonar á Aros listasafninu í Árósum, birtingarmynd huldufólks og dulræn áhrif náttúrunnar í *Mávahlátri* og *Karitas án titils* eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur, fyrirferð og áhrif náttúruaflanna í höfundarverki nóbelskáldsins og Gunnars Gunnarssonar, *Skugga-Baldri* Sjóns og sjónrænni notkun Bjarkar, Sigur Rósar og múm á íslensku menningarvitundinni.

325 *Inspired By Iceland* átakið er nýlegt dæmi um þar um.

Allt eru þetta að mínu mati góðir listamenn sem framleiða framúrskarandi listaverk. En þetta eru líka listamenn sem hafa mjög meðvitað notað íslensku menningarvitundina til að skapa sér markaðslega sérstöðu erlendis. Spurningin er hvort og hvenær slíkar áherslur leiða íslenska menningu í öngstræti. Íslensk list mun ekki endalaust fá þrjár stjórnur fyrir fallega náttúru. Þegar því sleppir fer fólk að horfa á raunverulegt innihald og þá er stóra spurningin sú hvort innistæða sé til staðar. Dæmi um það er dómur Thomas Thurah um bók Jóns Kalmans Stefánssonar, *Sumarljós og svo kemur nóttin*, sem birtist 2. maí 2009 í danska blaðinu *Politiken*.³²⁶ Í dómnum tjáir Thurah leiða í garð íslenskra bókmennta sem honum finnast fastar í viðjum tilfinningaþrungins og útjaskaðs töfraraunsæis og fá orð eins og „kitsch“ og „ferðamannaglingur“ að fljóta með. Bókin var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir hönd Íslands árið 2007 og er því enn eitt dæmið um íslenskt listaverk sem fékk athygli, umtal og dreifingu erlendis. Það er rétt að taka fram að bókin fékk einnig góða dóma í öðrum dönskum miðlum,³²⁷ en ég nefni dóm Thurah til að sýna fram á að stutt geti verið í leiða og ákveðið gjaldþrot þeirrar beit-ingar á menningarvitundinni sem notuð er þegar markaðssetja á íslenska list erlendis.

Varðandi menningarstefnu í víðari skilningi tel ég að svo lengi sem áhrif Bjarkar (og Sectumanna og Fjölnismanna og Jónasar frá Hriflu og gömlu meistara íslenskrar myndlistar og Laxness og Gunnars Gunnarssonar og Jóhanns Sigurjónssonar og Ólafs Elíassonar og Sigur Rósar og Friðriks Þórs o.fl.) sameina alla helstu aðila íslenska menningarvettvangsins sé lítil von til þess að ný stefna verði tekin upp. Þessi stefna er undir töluverðum áhrifum frá efnahagslegum þankagangi og menningartengdri ferðaþjónustu og helst hún því vel í hendur við fjórskiptingu Peter Duelund á menningarpólitískri stjórn-un. Íslensk menningarpólitík hefur fært sig frá húnánískri og mannfræðilegri notkun á menningu yfir í aukna notkun á aðferðum nýrrar opinberrar stjór-nunar og öðrum aðferðum sem tryggja eiga árangursríkari stjórnun og fjárhags-legan gróða. Þessi stefna er samt líklegri til að breikka gjá hugmyndafræðilegs óskadraums íslensku menningarvitundarinnar heldur en að byggja brú sem

³²⁶ Sjá Thurah 2009.

³²⁷ Sjá t.d. dóm Helle Juhl Lassen „Islandske hverdagsskæbner på en bund af mystik og svedigt begær“ í dagblaðinu *Information*, nálgast 18. mars 2010. URL: <http://www.information.dk/189671>

væri betur til þess fallin að tengja saman menningarlega fortíð, menningarlega nútíð og ekki síst menningarlega framtíð.

Ég hef víða gefið í skyn hugsanlegt mót svar nýmiðla við núverandi stefnu íslenskrar menningarpólitíkur. Á næstu síðum mun ég fara nánar í saumana á möguleikum stafrænnar tækni í menningarlegu tilliti, auk þess sem ég reyni að sjá fyrir mér framtíðarþróun íslenska menningarsviðsins.

Stafræna sprengjan

Rússneski fræðimaðurinn, forritarinn og listamaðurinn Lev Manovich segir fimm helstu einkenni nýmiðla vera *tölulega samsetningu* (e. numerical representation), *hreyfanleika* (e. modularity), *sjálfvirkni* (e. automation), *umbreytni* (e. transformation) og *metakóða* (e. transcoding).³²⁸ Afurðir nýmiðla eru gerðar úr samsetningi smárra einda, á borð við pixla, sem auðvelt er að einangra og umbreyta. Þessir eiginleikar gefa notendum færi á einstaklingsbundnu notendaviðmóti í stað fjöldastöðlunar og er veraldarvefurinn ágætt dæmi um safn þar sem einkenni nýmiðla njóta sín vel. Internetnotendur hafa því mun meira einstaklingsbundið val og vald en t.d. notendur einstefnumiðla á borð við sjónvarp eða útvarp – og þessi staðreynd hefur mikil áhrif á menningarafurðir og neyslu þeirra.

Séu fimm einkenni nýmiðla skoðuð nánar þá undirstrikar *töluleg samsetning* þeirra að allir nýmiðlar eru settir saman úr stafrænum kóðum og því er hægt að hafa áhrif á þá með algóryþmum. *Hreyfanleiki* nýmiðla felst í byggingu þeirra úr smáum, sjálfstæðum eindum. Því er tiltölulega auðvelt að klippa, líma, breyta og leika sér með stafrænar myndir, hreyfimyndir, hljóð og texta. *Sjálfvirknilögmál* Manovich notfærir sér tvö fyrstu einkennin, því vegna hreyfanleika og forritunarhæfni nýmiðla er hægt leikur að búa til kóða sem stjórnast af sjálfvirkni. *Umbreytnilögmálið* notfærir sér alla áður nefnda eiginleika nýmiðla, því eins og ljóst er af framansögðu er bygging nýmiðla ekki endanleg

328 Sjá rit hans *The Language of New Media* frá 2001. Grein Niels Ole Finnemann, „The Cultural Grammar of the Internet,” er einnig vel til þess fallin að sýna fram á ýmis sérkenni nýmiðla og sérstaklega internetsins. Þar gerir hann að umtalsefni möguleika internetsins sem gangvirkis, margstefnu og margsemiótíks boðskiptaforms. Hann gerir einnig mikið úr eiginleikum internetsins til að miðla bæði opinberum boðskiptum og einkamálum, staðbundnum og hnattvæddum boðskiptum og sérstaklega eiginleikum þess til að koma á boðskiptum milli einstaklinga og stærri gagnagrunna. Einnig get ég mælt með bók Finnemann, *Internettet i mediehistorisk perspektiv*.

heldur opin. Því er fræðilega séð hægt að krukka endalaust í nýmiðlum og búa til úr þeim endalaust margar mismunandi útgáfur.

Það er ekki hægt að breyta texta í bók, nema auðvitað með því að krotta yfir gamla textann, klippa hann til með skærum o.s.frv. Hins vegar er leikur einn að klippa til stafrænan texta úr Microsoft Word, líma hann inn í Adobe Illustrator, hala niður mynd af Ólafi Ragnari Grímssyni af netinu, fjarlægja gleraugun og breyta hárgreiðslunni í Photoshop, láta Ólaf hinn nýja dansa við nýjasta lag trassmetalhljómsveitarinnar Sepultura með hjálp Adobe Premiere og láta hann syngja undir með rödd Árna Johnsen. Síðan væri hægt að notfæra sér dreifingarmöguleika netsins, setja upp heimasíðu eða hlaða efninu inn á stafræn almannasvið á borð við YouTube og leyfa notendum um heim allan að njóta gjörningsins. Slík vídeoblogg eru góðkunn áróðurstæki þar sem George W. Bush er til að mynda tíður gestur.³²⁹

Síðasta lögmál Manovich er tengt praktískum atriðum metakóða tölvunnar, eins konar tungumáli tölvuheimsins. Í menningarpólitísku tilliti er þetta lögmál einnig mikilvægt því við gerð framtíðargagnagrunna, með menningar-tengdum textum, ljósmyndum, hreyfimyndum og hljóði, er afar mikilvægt að gögnin séu geymd og gerð aðgengileg á formi sem hæfir fjöldanum. Sum þessara forma eru verndaðri en önnur og leyfa því einungis hlustun eða áhorf, á meðan önnur form hvetja beinlínis til að notendur skapi og endurblandi úr stafrænum afurðum annarra. Að mínu mati er því eitt helsta menningarpólitíska keppikefli 21. aldarinnar að búa til opið og skapandi netsamfélag í stað þeirrar „leyfismenningar“ sem markaðsvæn höfundalög renna stóðum undir.

Þessi fimm nýmiðlalögmál Lev Manovich hafa mikil áhrif á birtingarmynd lista og menningar í tæknivæddum síðmóðernískum samfélögum. Menningin verður sífellt tölvuvæddari og því einkennast menningarleg boðskipti okkar í auknum mæli af því notendaviðmóti sem tölvuskjárninn býður neytendum upp á í formi stafrænna texta, ljósmynda, útvarps, sjónvarps, tónlistar, tölvupósta, spjallrása og annarra sýndarheima. Að mati Manovich einkennist notendaviðmót okkar því ekki lengur af boðskiptum við tölvu, heldur fremur af menningu sem hefur verið kóðuð í stafrænt form.³³⁰

329 Gott dæmi um slíkar skapanir og endurskapanir er gátt Johan Söderberg þar sem m.a. má finna vídeóið fræga af George W. Bush og Tony Blair syngja ástaród hvor til annars. Sjá: „Söderberg TV,“ nálgast 13. janúar 2010. URL: <http://soderberg.tv/>

330 Sjá Manovich 2001: 69-70.

Þessi stafrænt kóðaða menning öðlast sína skýrustu birtingarmynd á veraldarvefnum sem er risastór gagnagrunnur texta, grafiur, ljósmynda, hreyfi-mynda, hljóða og forritunarkóða. Allir þessir nýmiðlar, eða nýmiðlaagnir, eru opnir og því er hægt að taka heild og brjóta hana niður í smærri eindir eftir eigin geðþótta og sköpunargáfu.

Slík tölvuvæðing menningar skapar ekki einungis ný listform heldur breytir líka virkni eldri miðlunarforma á borð við ljósmyndir, kvikmyndir, ritlist, útlarp og sjónvarp. *Gagnvirk* einkenni nýmiðla hvetja til *þátttöku* og því hafa margir spáð breyttu sambandi framleiðenda og neytenda, listamanna og áhorfenda. Sumir hafa gengið svo langt að boða komu nýs samskiptamóðels, kenndu við svokallaða „prósúmera“ eða „*framneytendur*“ (framleiðendur-neytendur), þar sem hlutur neytenda verður sífellt meiri.³³¹ Nýmiðlar blanda einnig saman ólíkum listgreinum, eins og má sjá á dæmigerðu netlistaverki þar sem hljóð, grafiur, texti, hreyfi myndir, ljósmyndir, forritun og mikil gagnvirkni eru oft til staðar í einu og sama listaverkinu.³³²

Nýmiðlar gera *endurbliðun* og *aðgengi* menningarafurða mun auðveldari og talar Manovich um nýtt stafrænt menningarhugtak sem leiða mun til *endurblandaðrar menningar* (e. remix culture).³³³ Tvö helstu einkenni hennar eru aukin *gagnvirkni* og *dreifingarmöguleikar*. Ég hef þegar komið inn á möguleika gagnvirkrar endurbliðunar en slíkir möguleikar væru í raun takmarkaðir ef dreifingarþáttinn vantaði. Ein öflugasta dreifingarleiðin á netinu er svokölluð *Peer-to-Peer* aðferð. Þar er ýmsum afurðum nýmiðla dreift beint milli framleiðenda og notenda. Tölvur eiga í boðskiptum við aðrar tölvur, í stað miðstýrðra þjóna, og má því tala um *Peer-to-Peer* sem afmiðjaða dreifingartækni sem kemur sér undan miðstýrðum hýslum. Þekktasta dæmið er líklegast gamli Napster, SoulSeek og Kazaa en maður þarf ekki að vafra lengi til að finna fleiri slíka á netinu. *BitTorrent* er afkastameiri útgáfa *Peer-to-Peer* deilitækinnar,

331 Sjá ritgerð Felix Stalder, „The End of an Era: The Internet Hits Ground,“ nálgast 14. janúar 2010. URL: <http://felix.openflows.org/html/endofera.html>. Enskt heiti þessa fyrirbæris er *prosumer*, þ.e. blanda af orðunum producer og consumer. Axel Bruns kallar slíka menningargerð *produsage* í bók sinni *Blogs, Wikipedia, Second Life, and Beyond: From Production to Produsage*. Ég geri einnig nánari grein fyrir þessari stafrænu menningarneyslu og sköpun í grein minni, „Playing with Power: The Cultural Impact of Prosumers,“ sjá Bjarki Valtýsson 2010b.

332 Bók Rachel Greene, *Internet Art*, og ritgerð Andreas Brøgger, „www.kunst.net/essay.doc,“ draga saman helstu einkenni internetlistar á aðgengilegan hátt.

333 Sjá ritgerðina „Remixability,“ nálgast 14. janúar 2010. URL: <http://manovich.net/>

Því þar á tölva ekki einungis í boðskiptum við eina tölvu í einu, heldur margar. Í stað þess að fá allt efnið frá einni rót fær maður efnið frá mörgum rótum og það gerir ferlið mun hraðvirkara og áhrifaríkara.

Lykillugtökin *stafræn gagnvirkni* og *stafræn dreifing* leiða til aukinnar þátttöku og sköpunar – og það sem meira er, *öðruvísi* þátttöku og sköpunar. Hefðbundin menningarpólitik á í töluverðum erfiðleikum með að laga sig að þessu breytta menningarmynstri. Því þarf hún að stokka spil sín, bæta í stokkinn og gefa ýmsum aðilum menningarsviðsins fleiri spil í hendur. Nýmiðlar skapa híbríð þar sem ýmsum listgreinum er blandað saman. Hvað ætla listalaunasjóðir ríkisins t.d. að gera við netlistamann sem blandar saman bókmenntum, myndlist, tónlist, hönnun, grafík, forritun, gagnvirkni og dreifingu, sem auk þess að vera áhrifarík er nánast kostnaðarlaus? Hvort er slíkur listamaður rithöfundur, myndlistarmaður, tónlistarmaður, forritari eða hönnuður?

Síðmóðernískur samfélagsstrúktúr hefur breytt menningarlandslaginu svo um munar og því er mikilvægt fyrir gerendur íslenskrar menningarstefnu að vera á tánum og fylgja ekki bara straumnum heldur reyna einnig að hafa áhrif á hann og notfæra sér virkni hans. Íslensk menningarstefna virðist hins vegar snúast meira um að notfæra sér stafræna menningu til að kynna menningarvitundina með nýjum hætti og reyna þannig að lokka ferðamenn til landsins og nútímavæða menningarhugtakið svo það verði girnilegra í augum atvinnulífsins.

Hér má þó finna ákveðnar þversagnir í opinberri menningarpólitík. Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra, var áhugasamur um stafræna menningu og lagði m.a. áherslu á að fartölvuvæða framhaldsskólana og tengja þá nánar við ýmsar upplýsingagáttir netsins. Það er samt eins og íslensk menningarfirvöld einblíni á tæknilega þáttinn og gleymi að hugsa um mögulegar afleiðingar. Íslendingar, og sérstaklega íslensk æska, „framneytir“ (framleiðir-neytir) stafrænt kóðaða menningu í miklum mæli, eins og mikil notkun ýmissa blogg síðna og netsamfélaga á borð við Facebook, MySpace og YouTube gefur til kynna. Þessir „framneytendur“ niðurrhala gríðarlegu magni af menningarafurðum, blanda það, endurblanda, framleiða, neyta þess, birta það og dreifa því, og þetta efni virðist að miklu leyti fara framhjá íslenskum menningarfirvöldum. Að minnsta kosti gera þau afar lítið til að hafa áhrif á þessa þróun, t.d. með því að setja upp sjóði, hýsa verkefni, setja umgengnisreglur og draga athygli að stafrænni menningarsköpun og stafrænni menningarnotkun.

Allt frá uppgangi netsins, og sérstaklega veraldarvefsins, snemma á 9. áratug síðustu aldar,³³⁴ hafa spunnist miklar umræður um fyrirheit stafrænu sprengjunnar og nýmiðla. Umræðurnar hafa oft einkennst af öfgum, því annað hvort lítur fólk á stafræna tækni sem lausn undan viðjum valdamikilla einstefnumiðla eða telja hana enn eitt kúgunartæki vesturveldanna í garð ríkja sem ekki búa við sömu almennu tæknieign. Þótt ég sé áhugasamur um þróun stafrænnar menningar langar mig samt sem áður að slá varnagla. Enginn vafi er á að nýmiðlar búa yfir miklum möguleikum og þeir gætu hæglega reynst öflugt vopn í höndum þeirra sem vilja snúa við kúgun markaðar og pólitískra afla í garð lífheims.³³⁵ Það er samt mikilvægt að hafa í huga að neytendur á netinu fylgja *forforrituðum* leiðum. Jafnvel þótt netið búi yfir fjölbreyttara og gagnvirkara boðskiptamynstri en t.d. sjónvarp og útvarp, þá fylgja neytendur samt sem áður slóð sem einhver annar hefur skapað. Slóðirnar eru vissulega mun fleiri en frelsið er ekki fullkomið.

Önnur slík gagnrýni á internetið lýtur bæði að valdatengslum og tæknilegu aðgengi. Þótt tölvubúnaður sé tiltölulega ódýr þá er aðgengi fólks að háhraðanettengingum mjög misjafnt og hefur hinn vestræni heimur töluvert forskot þegar litið er til gæða, hraða og útbreiðslu nettenginga. Fræðimenn á borð við Ziauddin Sardar líta gjarnan til þessara þátta og eru því skeptískir á áhrifamátt internetsins. Helsti ótti Sardar er að internetið verði kúgað af hagsmunum markaðar og muni framtíðar birtingarmynd þess því hverfast enn frekar um kaup og sölu.³³⁶

Ótti Sardar er sannarlega á rökum reistur. Kerfisöflin nota internetið mjög markvisst til að safna saman upplýsingum um neytendur, annað hvort til að fylgjast með afbrigðilegri netnotkun eða til að greina neyslunystur mögulegra viðskiptavina. Þegar vafrað er á internetinu er t.d. mjög algengt að komið hafi verið fyrir fótsporum (e. cookies) á þjónum sem hýsa síður. Þessi fótspor skrá ýmsar hreyfingar notenda internetsins og flokka þá í ákveðinn hóp neytenda. Fari maður t.d. mikið inn á íþróttasíður er líklegt að maður verði fyrir

334 Bók Manuel Castells, *The Internet Galaxy: Reflections on the Internet, Business, and Society*, og James Gillies og Robert Cailliau, *How the Web was Born*, eru ágætis yfirlitsrit um uppgang og virkni internetsins.

335 Hér get ég bent á verkið *Digital Media and Democracy* í ritstjórn Megan Boler og rit Peter Dahlgren, *Media and Political Engagement: Citizens, Communication and Democracy*.

336 Sardar 2000.

töluverðri ágengni framleiðenda íþróttavara, hvort sem tilboðin berast sem ruslpóstur, sprettiauglýsingar á skjánum eða í notendaviðmóti leitarvéla. Stórt hlutfall heimasíðna beitir þessum brögðum og flokkar vafrara eftir áhugamálum svo hægt sé að senda þeim glæðning.³³⁷ Þannig hefur internetið þróast í að vera afskaplega hentugt töl til að skrá neytenda- og hegðunarmynstur fólks og ekki að undra að kerfiseindirnar notfæri sér það.

Internetið varð þó til á mótum viðamikils starfs háþróaðra vísindastofnana, hernaðarrannsókna og frelsismenningar bandarískra háskóla á 7. og 8. áratug síðustu aldar, en Manuel Castells greinir fjórar ólíkar menningartegundir sem urðu því til grundvallar. Sú fyrsta samanstandur af tækni- og vísindahefðum hinna akademísku fræða, þar sem viðtæk og opin samvinna, gagnrýni og metorð eru í hávegum höfð. Í akademíska samfélaginu er einnig viss hefð fyrir því að veita aðgengi að rannsóknarniðurstöðum og getur því hver sem er notað og betrubætt þessar niðurstöður, svo framarlega sem upphafsólks rannsóknanna er getið. Að mati Castells eimir enn eftir af þessum tækni- og vísindahefðum í netsamfélaginu, ekki einungis varðandi tæknilegar endurnýjanir heldur einnig þessa opnu og viðtæku samvinnu.

Önnur menningartegund netsamfélagsins, sem Castells kennir við *hakkara*, þrífst einmitt á slíkri nettengdri samvinnu. Hakkararnir eru fyrst og fremst forritarar sem notuðu, og nota enn í dag, internetið afar meðvitað til að deila upplýsingum, skiptast á kóðum og betrubæta t.d. forrit út frá hugmyndafræði Open Source hreyfingarinnar. Ég mun skoða Open Source hugmyndafræðina nánar síðar en hlutverk hakkaranna er afar mikilvægur milliliður því þeir hafa í raun fært margar tæknilegar lausnir í hendur fólksins.

Þriðja menningartegundin tilheyrir „fólkinu“ og heldur Castells því m.a. fram að tvær fyrstu menningartegundirnar hafi skapað nauðsynlegar tæknilegar undirstöður internetmenningarinnar en það hafi síðan verið hinn almenni notandi sem hafi þróað þá gagnvirku notkun sem við þekkjum í dag og oft er kennd við *Vef 2.0*.³³⁸ Fjórar menningartegundir netsins haldast því í hendur og byggja hver á annarri. Grunnurinn er opin tæknimenning sem

337 Castells 2001b: 174.

338 Grein Tim O'Reilly, „What is Web 2.0,“ er vel þekkt tilraun til að útskýra Vef 2.0 hugtakið en einnig mæli ég með myndbandi Michael Wesch sem finna má á YouTube. Slóðirnar eru eftirfarandi: <http://oreilly.com/web2/archive/what-is-web-20.html> og <http://www.youtube.com/watch?v=6gmP4nk0EOE>, nálgast 14. janúar 2010.

hakkararnir byggja ofan á. Hakkararnir gera forritin „almanafær,“ svo hægt sé að blogga, vlogga, hlaða upp myndum á miðla á borð við Flickr, videoum og spjalli á YouTube, tónlist og spjalli á MySpace og auðvitað Facebook sem er „margsemiótískt“ samskiptaform. Þessi notkun almenninga er samt orðin svo víðtæk að hún mótast að miklu leyti þau samfélög sem þrífast á netinu. MySpace, YouTube, Facebook og Wikipedia eru áhrifaríkir miðlar vegna þess að fólk notar þá. Ef enginn notaði þá væru þeir innantóm hultur.

Castells kennir fjórðu menningartegundina við *athafnamenn internetsins*. Þar á hann við þá gríðarlegu „peningamenningu“ sem kom í kjölfar hinna menningartegundanna þriggja. Þessi menning er oft kennd við Silicon Valley og eru þekkt fyrirtæki og vörumerki á borð við Microsoft, Apple, Google, Nokia, Amazon, Skype, Facebook o.fl. afrakstur hennar. Það er mikilvægt að hafa í huga að án hinna menningartegundanna hefði þessi peningamenning ekki tekið sama form. Þannig haldast þessi menningarform í hendur og mynda nettengda, stafræna menningu, fulla af mótsögnum og þverfaglegri óreiðu.

Þótt þessi undarlega blanda endurspegli ágætlega innri mótsagnir internetsins er vert að hafa í huga að upphaflega var það hannað sem opið, afmíðjað, margstefnt og gagnvirkt net. Prótókólar boðskipta voru opnir og því gat hver sem er nálgast þá og betrubætt. Stjórnun netsins átti einnig að einkennast af gegnsæri samvinnu með það að markmiði að upplýsingar um gerð þess hefðu frjálst flæði. Slík hugmyndafræði fylgir í raun því einfalda lögmáli að betur sjá augu en auga.

Richard Stallman, stofnandi hreyfingarinnar *Free Software Foundation*, er oft nefndur sem einn helsti hugmyndafræðingur þessarar stefnu.³³⁹ Stallman tilheyrir hakkaramenningunni og þróar kenningu sína út frá sjónarmiðum hugbúnaðar. Hann fylgir þeirri gullnu reglu að líki honum einhverjir þættir forrita vel þá deilir hann þeim með öðrum. Ólíkt markaðsöflum, sem högnuðust lengi vel á lítilli samstöðu notenda, leggur Stallman áherslu á frelsið, réttinn til að nota forrit, réttinn til að breyta forritinu eftir eigin hentugleik og réttinn til að dreifa breyttri útgáfu forritsins, annaðhvort ókeypis eða gegnum sölu. Aðgengi að kóðanum er því mikilvægasti þátturinn í hugmyndafræði Stallman, því án aðgengis er ekki hægt að breyta forritinu og bæta það. Frelsi og samvinna eru lykilorð Stallman og er það einlægur vilji hans að gera sam-

339 Sjá t.d. rit hans *Free Software, Free Society*, nálgast 14. janúar 2010. http://en.wikipedia.org/wiki/Free_Software,_Free_Society:_Selected_Essays_of_Richard_M._Stallman

félaginu gagn með því að stuðla að útbreiðslu forrita sem vinna með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Open Source hreyfingin, sem stofnuð var árið 1998, er í raun ákveðið afbrigði *Free Software Foundation*, því hún leggur höfuðáherslu á frjálst aðgengi kóðans. Munurinn er hins vegar áhersla *Open Source* hreyfingarinnar á að framleiða hugbúnað fyrir markaðsöflin, en að mati Stallman er slíkt siðferðislega rangt. Mikil skörun er þó á milli fylkinganna og má t.d. nefna að ekki hefði verið hægt að þróa *Open Source* stýrikerfið *Linux* án hjálpar frá Stallman og fylgismönnum hans.³⁴⁰

Ástæðan fyrir þessari snöggsöðnu yfirferð um mótsagnakennt eðli internetsins er sú að það er mikilvægt að festa ekki umræðu um notkun þess í svarthvítu heldur benda frekar á margfeldnina sem einkennir netið sem boðskiptamiðil. Augljóst er að internetið þjónar í mörgum tilfellum hagsmunum kerfiseindanna en það býður einnig upp á lausnir sem reynast ágæt vopn við eflingu almennasviða sem rætur eiga í viðjum lífheims hins borgaralega samfélags. *Makró-öfl* kerfisins notfæra sér virkni þeirra til að festa *orðræðubúnt* sín í sessi en að sama skapi getur lífheimurinn notfært sér þessa virkni. Með því öðlast hann öflugt *mikró-afl* sem getur hæglega boðið upp á aðrar lausnir og verið mótstaða gegn ríkjandi þankagangi ráðandi *sannleiksvelda*.

Öflugri almennasvið?

Virkara þátttökulýðræði og öflugri umræða innan almennasviða eru endurtekin þemu hjá fylgjendum stafrænna boðskipta. Þótt þeir hafi ýmislegt til síns máls er því ekki að neita að gríðarlegt magn menningartengdra afurða er framleitt af afþreyingariðnaði kerfisafllanna. Stóra spurningin er hvort afmiðjaðir eiginleikar þeirrar notkunar á nýmiðlum sem rætur eiga í lífheimi geti nokkru sinni myndað raunhæft andsvar við pólitískum og efnahagslegum þankagangi kerfisins.

Svarið við slíkri spurningu veltur fyrst og fremst á því hvað átt er við með *raunhæfu andsvari*. Stafræn, netmiðluð almennasvið, drifin áfram af „framneytendum“ lífheimsins og hins borgaralega samfélags, eru í eðli sínu mikró-tól sem oftast nær ná ekki efri mesó- og makró-samfélagssviðum. Blogg³⁴¹ eru

340 Sjá rit David M. Berry, *Copy, Rip, Burn: The Politics of Copyleft and Open Source*.

341 Ágætt yfirlit yfir ólíkar gerðir og notkun á bloggum má finna í bók Jill Walker Rettberg, *Blogging*.

ágæt dæmi um slíkt en fæst þeirra ná hundrað lesendum á dag, sérstaklega ekki á fámennistungumáli eins og íslensku. Einn helsti kostur nýmiðla er samt sá að þeir geta fræðilega séð verið til í óteljandi mörgum útgáfum og birst á mörgum stöðum samtímis. Persónuleg blogg færsla getur því tilheyrt mikró-, mesó- og makró-sviðunum samtímis.

Sökum fárra notenda íslenska tungumálsins eru litlar líkur á að íslensk blogg færsla nái makró-sviðum samfélagsins, því líkurnar eru hverfandi á að CNN eða BBC World muni vitna í og tengja inn á eina slíka. Innan íslensks samfélags getur rödd einstaklingsins þó hæglega náð mesó-sviðum, eins og blogg Morgunblaðsins er til vitnis um. Með því að tengja af forsiðu mbl.is inn á færslur einstakra bloggara færast færslurnar frá mikró sviði 50 lesenda til mesó-sviðs þúsunda lesenda. Það sama á við um netsamfélög eins og Facebook og Twitter sem geta dreift tenglum, myndum, videoum og texta á methraða. Þessi þróun stafrænna boðskipta helst í hendur við þá tækni sem gerir henni kleift að breiðast út og hafa framfarir í *farboðskiptum*³⁴² (e. mobile communication) orðið gríðarmiklar á undanförunum árum, sérstaklega með uppgangi „snjallsíma“ á borð við iPhone. Tæki sem ætluð eru til farboðskipta gera notendur sína sítengda og geta áður nefndar gáttir því nýst á fartinu, en þessi hneigð er mjög áberandi alls staðar sem t.d. lýðræðislegt umrót eða náttúruhamfarir eiga sér stað. Möguleikarnir eru í raun enn meiri með sjónræna miðla á borð við vlogg (vídeóblogg), því myndmál er flestum léttara til afkóðunar en íslenska tungumálið, þótt endurtekið virðist lítið framhjá þeirri staðreynd við mótun íslenskrar menningarpólítíkur.

Jafnvel þótt rödd einstaklingsins geti færst frá mikró- til mesó- og alla leið til makró-þátta samfélagsins, eins og mörg blogg og Twitterfærslur á átaka-svæðum eru til vitnis um, stjórnast makró-þættirnir, ásamt flestum mesó-þáttunum, enn af kerfisöflunum, einfaldlega vegna þess að þau eru miklu sterkari í krafti auðs og valda. Því finnst mér fullbratt að tala um stafrænu byltinguna eða endurreisn almennasviða í krafti stafrænna boðskipta, enda finnst mér slík endurreisn ekki vera aðalatriðið. Það markverðasta við uppgang stafrænna boðskipta er að almenningi gefst nú kostur á að tjá sig, að skapa á tiltölulega aðgengilegan hátt og dreifa tjáningu sinni og sköpun, eða endursköpun eftir at-

342 Rit Rich Ling og Jonathan Donner, *Mobile Communication*, veitir gott yfirlit yfir greinina en einnig get ég mælt með bókum þess fyrrnefnda, *The Mobile Connection: The Cell's Phone's Impact on Society*, og *New Tech, New Ties*.

vikum, á afar áhrifaríkan hátt gegnum internetið. Það skiptir því ekki öllu máli hvort 50, 500, 5.000, eða 50.000 manns líta sköpunarverkið augum, heldur fremur að viðkomandi *skapaði* og gerðist þar með virkur þátttakandi í menningarlegri, og oft listrænni, framleiðslu – hvort sem það er með frumsköpun, blöndun, endurblöndun á fyrra verki, með blogg færslu um þjóðfélagsmál eða blogg færslu um bull. Almennasviðin eru ekki einungis gerð úr skynsamlegum, rökvísam farvegi, heldur líka farvegi hins óskynsamlega og órökvísa. Þess vegna finnst mér t.d. skipta minna máli hvort óharðnaðir unglingar skrifi rétta stafsetningu í blogg færslum sínum, aðalmálið er að þeir skrifi.

Það vinnur einnig með stafrænum almennasviðum að sú afmiðjaða hugmyndafræði sem einkennir nýmiðla, og sérstaklega internetið, á afskaplega vel við afmiðjaðan síðmódernisma. Samfélagsstrúktúr framtíðarinnar, og sú menningarpólitik sem verður mótuð innan hans, verður að taka tillit til virkni slíkrar afmiðjunar og einkum sjálfsvitundanna sem mótast við slíkar kringumstæður. Hugmyndafræði mun að sjálfsögðu alltaf myndast í flóknu samspili mismunandi samfélagsstofnana á borð við fjölskyldu, menntun, lög, stjórnvöld, hinn frjálsa markað og gríðarstóran afþreyingariðnað. Áhrif nýmiðla og stafrænna boðskipta munu hins vegar fara vaxandi.

Uppspretta allra netsamfélaganna er ágætis dæmi um slíkan vöxt, því þar eiga sér stað stafræn samskipti milli gríðarlegs fjölda þjóðlegra og alþjóðlegra menningarkima. Að því leyti eru stafræn boðskipti og nýmiðlar mjög öflug tól til að stuðla að frjálsu og skjótu flæði upplýsinga þar sem ólíkir notendur í ólíkum heimshlutum geta skipst á upplýsingum. Slík boðskipti geta hæglega leitt til virkari almennasviða og þar með til öflugra lýðræðis, eins og netvædd starfsemi ýmissa samtaka hins borgaralega samfélags og grasrótarhreyfinga ber vitni um.³⁴³ Nú þegar eru hundruð milljóna stafrænna almennasviða virk í netheiminum þar sem skipst er á upplýsingum milli ólíkra menningarheima og ólíkra orðræðubúnta. Almennungur getur því komist í kynni við stefnur og strauma sem afþreyingariðnaðurinn býður ekki upp á og þessar stefnur og straumar brjóta upp landfræðileg, þjóðernisleg og menningarleg höft.

343 Í þessu sambandi get ég bent á rannsókn sænska fræðimannsins Peter Dahlgren á internetnotkun unglíðahreyfinga stjórnmálaflokka annars vegar og ýmissa grasrótarhreyfinga hins vegar. Hugtak hans, borgaralegir menningarkimar (e. civic cultures), sem hann þróar m.a. í ritgerðinni „The Internet, Public Spheres, and Political Communication: Dispersion and Deliberation,“ er einnig ágætis greiningartæki til að gera sér betri grein fyrir áhrifum nýmiðla á stafræn almennasvið.

Þetta hljómar hugsanlega dálítið naívt, sérstaklega með möguleika internetsins til kúgunar í huga. Þess vegna er eitt helsta viðfangsefni framtíðarmenningarstefnu að koma á raunhæfum vinnureglum sem bæði þjóðríki og alþjóðlegir aðilar geta sætt sig við. Tvípólun hins löglega og hins ólöglega hefur til dæmis löngum lodað við stafræn boðskipti og þ.a.l. einnig við stafræn almannasvið. Bandaríski lagaprófessorinn Lawrence Lessig hefur brugðist við þessu vandamáli, m.a. í bókum sínum *The Future of Ideas*, *Free Culture*, *Code v. 2.0* og *Remix*. Í þessum ritum gerir hann grein fyrir þróun þar sem lagabókstafir hygla í auknum mæli hagsmunum iðnaðarriða á kostnað sköpunar. Internetið er því undirorpið álíka kúgunarferli og Habermas greindi með ítökum menningariðnaðarins, því í stað þess að notfæra sér eiginleika internetsins til sköpunar og dreifingar hafa verið sett á afskaplega flókin lög sem hamla sköpun og hóta þeim sem brjóta löginn hörðum refsingum.

Lessig tekur mörg dæmi máli sínu til stuðnings og stinga þar sérstaklega umsvif og aðgerðir Disney-samsteypunnar í augu. Þetta fyrirtæki óx í krafti endurblöndunar á eldri menningararfi og má þar nefna notkun fyrirtækisins á sögunum um Mjallhvíti, Gosa, Lísu í Undralandi, Hróa hött og Pétur Pan. Höfundarlögin voru ekki eins víðfeðm þegar Disney „endurblandaði“ þessar sögur og því var slík sköpun fullkomlega lögleg. Disney var í raun einungis að *rippa*, *endurblanda* og *brenna* á skapandi hátt. Þessi staðreynd er sérstaklega áhugaverð í ljósi þess hvað samsteypan gerir í hvert sinn sem vörumerkið Mikki mús nálgast almannaeign. Síðasta breyting á höfundarréttarlögum í Bandaríkjunum var gerð árið 1998 en þá setti Disney gríðarlega pressu á þingheim Bandaríkjanna með þeim afleiðingum að löginn voru teygð um 20 ár. Þess vegna er lagabreytingin oft kölluð *Verndum-Mikka-mús-lögin* en lögunum var breytt þannig að í stað þess að þau falli í almannaeign 50 árum eftir dauða höfundar eru verk varin í 70 ár frá dauða höfundar. Þetta þýðir að gefi tvítugur listamaður út hugverk árið 2007, og verði svo 80 ára gamall, fellur verkið fyrst í almannahendur árið 2137. Þótt Lessig taki aðallega dæmi frá Bandaríkjunum er rétt að nefna að árið 1993 hafði Evrópusambandið þegar samþykkt álíka breytingu frá Bernarsáttmálanum sem kvað á um 50 ára vernd á bókmennta- og listaverkum. Bandaríkin og Evrópusambandið eru því samstíga í þessari þróun og á Íslandi gildir höfundarréttur líka í 70 ár eftir andlát.

Þessar breytingar eru sumpart viðbragð við dreifingarmöguleikum internetsins. Vegna hinna fimm lögmála nýmiðla er leikur einn að hala niður staf-

rænum menningarafurðum, endurblanda og endurútgefa þær og því hefur kerfið brugðist við með því að herða lagarammann. Lessig kallar slíkt viðbragð *leyfismenningu* (e. permission culture) en hann telur farsælli lausn felast í því sem hann kallar *aðgangsmenningu*³⁴⁴ (e. access culture). Hann tekur fjögur dæmi niðurbals máli sínu til stuðnings.

Í fyrsta lagi nefnir hann notendur sem hala niður menningarefni án þess að borga fyrir það. Í öðru lagi hala sumir notendur niður efni til þess að ákveða hvort þeim líki það eða ekki. Spurningin er auðvitað sú hvort viðkomandi ákveði að kaupa efnið líki honum það eða hvort hann færi sig í fyrra dæmið og hali því niður í heild sinni. Í þriðja lagi geta notendur halað niður efni sem ekki er lengur mögulegt að kaupa. Jafnvel þótt efnið hafi horfið úr hillum búða fyrir löngu og eina leiðin til að nálgast það sé bundin því að einhver sem átt hefur efnið hafi sett stafræna útgáfu þess á internetið, þá er slíkt niðurhal ólöglegt. Í fjórða lagi geta notendur halað niður efni sem ekki er bundið höfundarrétti eða bundið viðari höfundarrétti sem gerir notendum kleift að nálgast það á löglegan hátt.

Samkvæmt túlkun Lessig er einungis síðasta dæmið löglegt og einungis fyrsta dæmið til vansa, í það minnsta út frá efnahagslegum rökum. Annað dæmið er ólöglegt en gagnast samt listamönnum, og þriðja dæmið er einnig ólöglegt, jafnvel þótt það gagnist þjóðfélaginu og skaði ekki listamenn. Samkvæmt Lessig eru aukin kynni af fjölbreyttri list góð fyrir samfélagið og meiri menningarneysla, ekki síst aukinn aðgangur að fleiri menningarafurðum, listamönnum til hagsbóta.³⁴⁵

Af þessum sökum finnst honum svarthvítar áherslur og þróun höfundarréttarlaga vera á villigötum. Ólöglegt niðurhal sem skemmir fyrir hagsmunum listamanna ber vitaskuld að banna en lögin mega ekki vera svo „kerfisstýrð“ að þau kæfi sköpun í leiðinni. Til að bregðast við þessari þróun hannaði Lessig, í samráði við aðra aðila, nýtt höfundarréttarkerfi sem kallast *Creative Commons*.³⁴⁶ Þessu kerfi er ætlað að sneiða milli öfganna sem kveða á um að allur réttur sé áskilinn og enginn réttur sé áskilinn. Creative Commons leyfið

344 Í doktorsverkefni mínu, *Access Culture: The Remixable Culture of Prosumers and the Cultural Policy of the European Union*, geri ég m.a. muninn á þessari menningarsýn að umfjöllunarefni.

345 Sjá sérstaklega rit hans *Free Culture* frá 2004 og *Remix* frá 2008.

346 Sjá „Creative Commons: Share, Remix, Reuse – Legally“, nálgast 10. febrúar 2010. URL <http://creativecommons.org>

er teygjanlegt og getur skaparinn sjálfur ákveðið hvaða útgáfu af leyfinu hann velur. Þetta leyfi mætti því orða sem „einhver réttur áskilinn,“ þ.e. að leyfið sneiðir milli öfganna um fulla vernd og enga vernd. Ég kaus t.d., í samráði við útgefanda minn, að gefa þetta rit út undir leyfinu *höfundar getið – ekki í viðskiptalegum tilgangi – sömu dreifingarskilmálar 3.0* (e. Attribution-NonCommercial-ShareAlike 3.0). Notendum er því frjálst að dreifa verkinu og „endurblanda“ eða umsemja það, svo framarlega sem þeir geta mín sem upphaflegs höfundar, noti ekki endurblöndunina til eigin gróða, auk þess sem það skilyrði er sett að endurblöndunin verði gefin út undir sama leyfi. Með þessu eyk ég möguleikana á skapandi endurblöndun og tryggi að mögulegar endurblandanir verði ekki harðari höfundarréttarlöggjöf að bráð. Til að gera slíka endurblöndun auðveldari er verkið einnig gefið út á pdf-formi og er hægt að nálgast skjalið á vefsíðunni www.valtysson.net. Aðgangur að pdf-skjalinu er með öllu kostnaðarlaus. Á sömu síðu geta notendur tekið beinan þátt í gerð 2. útgáfu verksins með hjálp einfaldra wiki-færslna.

Ástæðan fyrir því að ég geri þetta er sú að stafræn boðskipti og nýmiðlar gera mér kleift að tryggja framhaldslíf verksins, auk þess sem líkurnar á að það verði lesið aukast til muna. Seljist upplagið upp, og sjái útgefandi ekki ástæðu til að endurprenta verkið, er það samt til á stafrænu formi, undir leyfi sem gerir neytendur ekki að glæpamönnum. Þetta er því bæði gott fyrir mig, forleggjaraðann og neytendur.

Netsamfélagið

En internetið á sér ekki bara jákvæðar hliðar. Talsýn samfélagslegrar yfirsýnar, heildar og gagnsæi á til að mynda ekki lengur við í síðmóðernískum samfélagsstrúktúr og því hefur samfélagsform netsamfélagsins tekið breytingum sem mörgum kann að mislíka. Mósaíkmynd óendanlega margra almannasviða byggir fremur á lögmálum margbreytileika, mismunar og nettengdra hlekkja. Slík híbríð blanda saman ólíkum menningarheimum og listgreinum, auk þess sem þau einkennast bæði af staðbundnum menningarstraumum og hnattvæddu menningarflæði. Internetið er eitt skýrasta dæmið um birtingarmynd slíkrar afmíðunar, þar sem sjálfsmynd notenda er í auknum mæli margræð, margbrotin og flókin.

Þótt aðgreining Habermas milli kerfis, lífheims og almannasviðs sé vel til þess fallin að draga fram mikilvæga þætti samfélagsstrúktúrsins, og færslur

kúgunar og viðnáms innan þeirra, þá hefur boðskiptaþróun nýmiðla flækt módelið til muna. Því eru kenningar Manuel Castells um netsamfélagið nota-drjúgar til að sýna fram á ákveðnar breytingar sem nýmiðlar og stafrænar boðskiptaleiðir hafa komið á og menningarpólitik verður að bregðast við.

Samkvæmt kenningum Castells er netsamfélagið búið til úr fjölda neta sem byggja á míkroelektrónískum upplýsingum og stafrænni boðskiptatækni. Netið er sett saman úr tengdum hnútum sem gera ákveðið flæði upplýsinga mögulegt. Þetta ákveðna flæði upplýsinga einkennir hvert net og aðgreinir það frá öðrum. Net geta tengst öðrum netum og myndað stærri heild en þau geta líka skilgreint sig í andstöðu við önnur ólík net og verða boðskiptin milli þeirra þá lítil sem engin. Það sem öll net eiga hins vegar sameiginlegt er tæknileg afmiðjunarbygging þeirra, en hún gerir þau teygjanleg, gerir þeim kleift að taka breytingum og veitir þeim mikla aðlögunarhæfni. Castells kallar slík straumhvörf *upplýsingaisma* og tilnefnir hann tölvur og stafræn boðskipti sem helstu tæki slíks isma.³⁴⁷

Internetið trónir sem fyrr á toppnum, því fólk er sífelld meira að upplifa og uppfylla reynsluheim sinn gegnum gagnvirkir notendaumhverfi skjásins. Ein helsta afleiðing slíks upplýsingaisma er að reynsluheimur notandans verður mun viðameiri en í leiðinni hverfa ýmsar takmarkanir og mörk sem við höfum hingað til vanist. Castells orðar þetta svo: „Öll menningarleg tjáning, hvort heldur sem hún er góð eða slæm, hámenning eða fjöldamenning, er sameinuð í stafrænum heimi sem tengir saman boðskipti fortíðar, nútíðar og framtíðar í risastóran, andsögulegan hypertexta. Við þetta skapast nýtt táknrænt umhverfi.“³⁴⁸

Eitt helsta menningarpólitíska viðfangsefni nútímans er að bregðast við slíku táknrænu umhverfi. Ef gerendur slíkrar stefnu myndu fylgja ráðum Manuel Castells yrði aukin áhersla lögð á *hnattvætt net nýmiðla*. Castells telur

347 Ég byggj á seinni útgáfum þríleiks Castells um netsamfélagið, einkum *The Rise of the Network Society* frá 2000 og ritum hans *The Internet Galaxy: Reflections on the Internet, Business, and Society* og *Communication Power*. Stytttri ritgerðir hans, á borð við „Informationalism, networks, and the network society: A theoretical blueprint“, sem birtist í safnitinu *The Network Society: A Cross-Cultural Perspective*, og „Informationalism and the Network Society“ í bók Pikka Himanen *The Hacker Ethic and the Spirit of the Information Age*, setja fram helstu hugmyndir Castells um netsamfélagið á skýran og skorinórðan hátt. Auk þessara rita má nefna bók Felix Stalder, *Manuel Castells: The Theory of the Network Society*, frá 2006 en hún fer vel í sauma aðalatriða í kenningum Castells.

348 Castells 2000: 403.

Þetta hnattvædda net nýmiðla mikilvægasta net menningarlegrar tjáningar og tjáningar almennings í upplýsingasamfélaginu. Slíkar tjáningar verða í auknum mæli settar fram og túlkaðar gegnum net stafrænna boðskipta og mun það því umturna því hvernig fólk fær aðgengi að og tekur þátt í menningu og listum. Aðgreining Habermas er enn mikilvæg, sérstaklega vegna þess að hún tilgreinir áhrifamikla aðila menningarpólitíska vettvangsins og greinir valdatengsl og hagsmunaárekstra á milli þeirra. Sökum flókinda síðmóðerníssks samfélagsstrúktúrs tel ég samt notadrjúgt að bæta netskilgreiningu Castells við módel Habermas, því þá skýrast til muna möguleikar nýmiðla, ásamt þeim áskorunum sem nýmiðlar og stafræn boðskipti setja vettvangi menningarpólitíkur.

Í menningarlegu tilliti er eitt helsta einkenni netsamfélagsins *boðskipti boðskiptanna vegna*. Þessi boðskipti geta einkennst af skynsemishugsun Habermas en þau geta einnig verið laus við slíka skynsemi og einkennst fremur af boðskiptum húmors, hins semíótíska, hins órökræna og þeirra þátta lista og menningar sem falla undir slíkt. Það sem skiptir mestu máli er að í dag stundum við meiri og fjölbreyttari boðskiptaform heldur en áður og þetta er fyrst og fremst stafrænum boðskiptum og nýmiðlum að þakka. Tími og rými, sjálfsmynd og þjóðerni hefur aðra merkingu á tímum netsins en áður. Sökum teygjanleika miðilsins nær reynsluheimur notenda yfir víðari svið og gerir hann það á tveimur víddum; vídd hins *raunverulega* og vídd hins *sýndarlega*. Þetta tvennt verður ekki aðskilið í netsamfélaginu því við lifum og hrærumst í báðum víddum samtímis. Castells kallar menningu netsamfélagsins því *raun-sýndarlega menningu* (e. culture of real-virtuality). Hann telur hnattvætt net nýmiðla vera hornstein menningarlegrar tjáningar og afgerandi afl við mótun almenningsálits upplýsingasamfélagsins. Ástæðan er sú að við lifum í hnattvæddum hypertexta hljóðs, mynda, orða, ímynda og tákna sem móta í sífellt meira mæli reynsluheim okkar.

Menning slíkrar raunsýndar þrífst einkar vel í lífheimi því sé lagaramminn tiltölulega frjálss, eins og í tilfalli Creative Commons, geta „framneytendur“ orðið virkir þátttakendur í menningunni í stað þess að þeim sé fjarstýrt sem skoðanalausum neytendum. Þar sem hugmynd Castells um netsamfélagið og hnattvætt netverk nýmiðla er á köflum dálítið abstrakt ætla ég að skoða fimm dæmi um virkni þeirra og hvernig þeir geta skapað lögleg stafræn almannasvið sem hvetja almenning til aukinnar menningarneyslu sem og menningarsköpunar. Þessi dæmi eru *internet-listaverk*, open source teiknimyndin *Elephants*

Dream, Creative Archive verkefni BBC, open source heimildamyndin *RIP!: A Remix Manifesto* og tónlistargagnagrunnurinn *CCMixer*.

Endurblönduð menning: Fimm dæmi

*Endurblöndunarhugtakið*³⁴⁹ gegnir mikilvægu hlutverki því það býður upp á ýmsa möguleika hvað frekari úrvinnslu og dreifingu stafrænna menningarafurða varðar. Þessi endurblöndun skapar stafræn híbríð sem hefðbundin menningarpólitísk listgreinaflokkun á erfitt með að koma böndum á. Lykildæmi um slík híbríð eru internet-listaverk³⁵⁰ sem blanda saman ólíkum listgreinum. Slíkur sambræðingur er þó ekki eina einkenni internet-listaverka því þau gera oft ráð fyrir mikilli gagnvirkri notkun af hálfu neytenda sem skapa oft sína eigin persónulegu útgáfu af verkinu. Hvert internet-listaverk getur því fræðilega verið til í endalaust mörgum útgáfum. Slík verk setja því spurningarmerki við höfundarhugtakið, því oft er óljóst hvor er listamaðurinn: sá sem skapaði rammann eða sá sem skapaði hina endanlegu útkomu (ef það er einhver endanleg útkoma).

Internet-listaverk koma einnig við kaunin á stofnuninni sem yfirleitt er að baki gerð listaverka og listamanna. Sé því haldið fram að Marcel Duchamp hafi „mengað“ áru listaverka árið 1917 þegar hann stillti pissuskál upp í sýningarrými, má segja að internet-listaverk leysi áruna upp. Hvernig er hægt að stofnanavæða listaverk í listræna stigveldisröð menningarstofnana þegar listaverkið er til í óteljandi mismunandi gerðum á internetinu, þar sem allir nettengdir „framneytendur“ geta nálgast það, endurblandað, breytt því og dreift án teljandi kostnaðar?

Internet-listaverk eru vitaskuld ekki öll eins hvað varðar aðgang, gagnvirkni, fagurfræði, forritun og dreifingarmöguleika. Flest skapa þau hins vegar híbríð sem hefðbundin menningarpólitík á erfitt með að laga sig að og koma því brestir í hefðbundinn hugtakaramma hennar, sérstaklega þann hluta sem lýtur að stjórnun lista. Menningarpólitík snýst hins vegar ekki eingöngu um stjórnun lista því hún reynir einnig að koma á góðu jafnvægi milli áhrifa mark-

349 Ég geri hugtakinu betri skil í doktorsverkefni mínu *Access Culture: Remixable Culture of Prosumers and the Cultural Policy of the European Union*, en einnig mæli ég með verki Lawrence Lessig, *Remix, Wired Shut* eftir Tarleton Gillespie og *The Pirate's Dilemma* eftir Matt Mason.

350 Netveita internet-listamannsins Mark Napier er góður kynningarvettvangur á heimi internet-listar. Sjá „Potatoland,“ nálgast 10. febrúar 2010. URL: <http://potatoland.org/>

aðar, ríkis og hins borgaralega samfélags, svo flæði menningarlegra upplýsinga sé með sem bestum hætti. Stjórnun slíks flæðis er vitaskuld breytileg milli þjóða sem styðjast við mismunandi módel menningarstjórnunar, en eins og ég hef bent á hefur stafræn menning áhrif á alla þætti samfélagsins. Því koma hér þrjú dæmi um hvernig markaður, ríki og lífheimur geta, hvert á sinn hátt, notfært sér möguleika stafrænnar menningar til að raungera menningarpólitísk markmið á löglegan hátt.

Teiknimyndastúdíóið *Orange* í Amsterdam gerði stuttmyndina *Elephants Dream*. Myndin fylgir hugmyndafræði *Open Source* hreyfingarinnar og er dreift samkvæmt *Creative Commons* leyfinu. Starfshópur verkefnisins vann myndina á forrit sem hannað er á forsendum hugmyndafræði *Open Source* og býður almenningi upp á ókeypis aðgang að myndinni á internetinu. Myndinni var hleypt af stokkunum í þremur mismunandi útgáfum. Ein var aðlöguð mismunandi útgáfum á vefnum, önnur var gefin út sem DVD mynddiskur og sú þriðja sem 35 mm mynd sem sýnd hefur verið í kvikmyndahúsum og á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum.³⁵¹

Það sem vert er að hafa í huga er ekki endilega gæði myndarinnar sem slíkarar heldur miklu fremur hugmyndafræðin, aðferðirnar, dreifingartæknin og gagnvirkni verkefnisins. Fyrir tíma stafrænu sprengjunnar var gerð slíks verkefnis ómöguleg, sérstaklega með tilliti til mismunandi dreifingarforma. Sú krafa að verkefnið standi undir sér fjárhagslega hefur vitaskuld ekki horfið en hún hefur svo sannarlega tekið nýtt form. Netútgáfa myndarinnar gefur fólki færi á að sjá myndina án nokkurs kostnaðar, auk þess sem notendur eru beinlínis hvattir til að endurblanda myndina og taka þar með þátt í framhaldslífi hennar. Notendum er samt einnig gefinn kostur á að kaupa myndina á DVD disk, með ýtarlegu viðbótarefni, eða sjá hana í kvikmyndahúsi. Áhorfendur geta því valið um þrjár mismunandi leiðir til að njóta myndarinnar sem leiðir auðvitað til þess að fleiri sjá hana. Slíku verkefni er samt ekki hægt að hleypa af stokkunum án fjármagns. Munurinn á þessu verkefni og hefðbundinni kvikmyndaframleiðslu er hins vegar sá að framleiðendum er meira í mun að „branda“ sig með því góða umtali sem slíkt verkefni vekur.

Þetta verkefni sýnir því fram á hvernig *kerfið*, með sínum strategísku almannatengslaherferðum, verkefna- og fjárhagsáætlunum, dreifingarplönun

351 Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu myndarinnar. Sjá „Elephants Dream,“ nálgast 10. febrúar 2010. URL: www.elephantsdream.org

o.s.frv., og *lífheimur*, með sínum áherslum á hugmyndafræði *Open Source*, stafræna dreifingartækni og lagaleg réttindi *Creative Commons*, vinna saman að kjörjafnvægi milli viðskiptalegra hagsmuna og hagsmuna almennings. Kóðinn á þeim útgáfum sem settar voru á internetið var opinn svo notendur gátu hæglega halað myndinni niður og notfært sér efni úr henni til eigin verka. Ekki leið á löngu þar til slíkar útgáfur tóku að birtast með tenglum á persónulegar heimasíður, eða heimasvæði á YouTube og MySpace, þar sem áhorfendaskarinn er öllu stærri. Deila má um gæðin á mörgum þessum endurblöndunum en mér finnst gæði ekki skipta höfuðmáli í þessu tilviki, heldur fremur boðskipti boðskiptanna vegna, eða sköpun sköpunarinnar vegna. Í flestum tilvikum þurfa listamenn og framleiðendur margar atrennur að miðlinum áður en vel tekst til og í tilfelli stafrænna menningararfurða er aðgengi að kóðanum til löglegrar skapandi endurblöndunar afar mikilvægt. Árið 2008 gaf sama teymi út myndina *Big Buck Bunny*³⁵² á sömu forsendum. Aðgangur að kóðanum er opinn undir Creative Commons leyfi og eru notendur enn á ný hvattir til skapandi endurblöndunar.

Þriðja dæmið sýnir vel hvernig ríkisvaldið getur notfært sér möguleika stafrænnar tækni til að auka menningarlega neyslu og þátttöku almennings. *Creative Archive* verkefni BBC fylgir einkunnarorðunum *Find it, Rip it, Mix it. Come and get it*. Eins og einkunnarorðin gefa til kynna snýst verkefnið um aðgang almennings að upplýsingum á stafrænum tímum. Þannig er *Creative Archive* stór gagnabanki sem er uppfullur af menningarefni sem BBC og ýmsir samstarfsaðilar hafa framleitt og fært yfir á stafrænt form. Aðgangur og umgengnisreglur eru byggðar á *Creative Commons* leyfinu og þræðir því meðalveg milli öfga fullkomins upplýsingafrelsis og leyfa þar sem allur réttur er áskilinn. Þessi ásetningur BBC kemur skýrt fram í fréttatilkynningu frá 26. maí 2004: „Notkun internetsins gerir rétthöfum kleift að birta mynd- og hljóðskrár svo notendur geti séð, afritað og deilt efninu en haldið ákveðnum rétti, til að mynda rétti til að hagnast fjárhagslega. Almennigur fær því aukið svigrúm, án þess að rétthafinn beri fjárhagslegan skaða af.“³⁵³

352 Sjá „Big Buck Bunny,“ nálgast 10. febrúar 2010. URL: <http://www.bigbuckbunny.org/index.php/about/index.php>

353 „BBC Creatice Archive pioneers new approach to public rights in digital age.“ Fréttatilkynning BBC, 26. maí 2004, nálgast 17. janúar 2010. URL: http://www.bbc.co.uk/pressoffice/pressreleases/stories/2004/05_may/26/creative_archive.shtml

Verkefnið hófst formlega 13. apríl 2005 og á heimasíðunni stendur m.a.: „Við hjá BBC vinnum ötullega að því að finna nýjar leiðir til að leysa höfundarréttarmál á sjónvarps- og útvarpsefni svo breskur almenningur geti notað efnið til eigin sköpunar.“³⁵⁴ Tilgangur verkefnisins er því ekki einvörðungu sá að búa til stafrænan gagnagrunn svo fleiri geti sótt sér efni þangað og notið á eigin forsendum, heldur einnig að hvetja fólk til sköpunar og til að deila þekkingu sinni og sköpun með öðrum notendum. Þetta verkefni sýnir því ágætlega hvernig ríkisvaldið getur notfært sér stafræna menningu – og sérstaklega möguleika „framneytenda“ knúinnar endurblöndunar – með það að markmiði að fá sem flesta til að skapa og njóta menningar og lista.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit *Creative Archive* eru ýmsir gallar á því sem flókið getur verið að leysa úr. Það vekur t.d. undrun að verkefnið sé takmarkað við íbúa Bretlands, þar sem internetið er engan veginn bundið við landamæri þjóðríkja. *Creative Archive* verkefnið mismunar því í raun Bretum sem búsettir eru erlendis, því þeim er meinaður aðgangur. Form skrána og aðgangur að þeim er einnig þrættuepli, ekki einungis vegna örrar þróunar í upplýsingageiranum heldur einnig vegna pressu frá fjárhagslega sterkum aðilum innan þess geira. Annar ljóður á verkefninu er leyfið sjálft, því þótt það byggi á *Creative Commons* leyfinu völdu forsvarsmenn verkefnisins samt sem áður að hanna sína eigin útgáfu í stað þess að fylgja þeirri sem öðlast hefur mestan hljómgrunn og útbreiðslu.

Slíkir vankantar eru þó dæmigerðir fyrir „paradímuskipti“ sem þessi, því handhafar valds gefa það helst ekki frá sér baráttulaust. Því eru svona skref yfirleitt lítil en mestu máli skiptir að þau séu stigin í rétta átt. Stafræn menning sprengir mörk hefðbundinna landamæra og því bera gerendur framtíðar menningarstefnu töluverða ábyrgð þegar kemur að því að ákvarða hvort aðgangur að stafrænum menningarafurðum einkennist af *leyfismenningu* eða *aðgangs-menningu*. Ég tel þetta vera eitt mikilvægasta hlutverk menningarpólitíkur nú á dögum enda fer menningarleg sköpun, neysla og skapandi endurblöndun sífellt meira fram í netheiminum. Því vekur það furðu hversu lítil áhersla er á stafræna menningu og stafrænan menningar hjá helstu aðilum íslenska menningarvettvangsins.

Að lokum nefni ég tvö dæmi sem eiga það sammerkt að hvetja til skapandi endurblöndunar. Þetta eru heimildamyndin *RIP!: A Remix Manifesto* og gagna-

354 „The BBC Plans“, nálgast 10. júlí 2008. URL: http://creativearchive.bbc.co.uk/archives/the_bbc_plans/

grunnurinn *CCMixer*.³⁵⁵ *Remix Manifesto* svipar í raun um margt til *Elephants Dream* en í þessu tilviki er söguþráðurinn brotinn enn frekar upp til að gera endurblöndunina auðveldari. Á heimasíðu myndarinnar³⁵⁶ er boðið upp á að taka hana til sýningar, t.d. á alþjóðlegum heimildamyndahátíðum, fá ýmsar praktískar upplýsingar um myndina, og hala henni niður út frá sama módeli og Radiohead notaði með verki sínu *In Rainbows*, þar sem notendur ráða sjálfir hversu mikið þeir borga. Myndin fjallar um höfundarrétt og ýmsa þætti endurblandaðrar menningar og á heimasíðunni *Open Source Cinema* geta notendur tekið þátt í framhaldslífi myndarinnar, með því leggja til efni í 2.0 útgáfuna. Myndin fylgir því samskonar framleiðsluferli og þetta rit, sem og rit Lawrence Lessig, *Code v. 2.0*.

Á *Open Source Cinema* er myndin klippt niður í 13 búta og hefst sá fyrsti á ávarpi Brett Gaylor, leikstjóra myndarinnar, þar sem hann hvetur til gagnvirkni notenda og við lok kaflans spyr hann áhorfendur hvort þeir lumi á tónlist sem hægt væri að leggja undir ákveðið atriði í myndinni. Sams konar ferli á við um aðra þætti myndarinnar. Að mati Gaylor er samræðan um efni myndarinnar og myndirnar sjálfar einungis á frumstigi, en hann hvetur framneytendur hvar sem er í heiminum til að taka þátt í verkefninu, gera það betra og umfangsmeira. Leyfið sem ver höfundarrétt er að sjálfsögðu ákveðin týpa Creative Commons leyfisins,³⁵⁷ í þessu tilviki leyfis sem kveður á um að notendur megi dreifa og endurblanda afurðinni en einungis ef upphafsfolks er getið og að viðkomandi endurblandari hagnist ekki fjárhagslega á endurblöndun sinni.

Svipað ferli má finna á tónlistargagnagrunninum *CCMixer*³⁵⁸ þar sem tónlistaráhugafólk, framleiðendur, söngvarar, hljóðhönnuðir og tónlistarfólk setur tónsmíðar sínar í sameiginlegan gagnagrunn sem varinn er með Creative Commons leyfi. Í grunninn geta allir sem áhuga hafa sótt efni og endur-

355 Á internetinu má finna urmul skapandi endurblandana. Í leit minni og útskýringum á þeim dæmum sem ég tek fyrir legg ég höfuðáherslu á að leyfið sem liggur þeim að baki geri endurblöndun að löglegu athæfi. Spænska stuttmyndin *Microfísica* er einnig ágætt dæmi. Sjá „Microfísica“, nálgast 19. janúar 2010. URL: <http://microfisica.com/>

356 Sjá „RIP!: A Remix Manifesto“, nálgast 20. janúar 2010. URL: <http://www.ripremix.com/>

357 Sjá „Creative Commons: Attribution-Noncommercial 3.0 Unported“, nálgast 10. febrúar 2010. URL: <http://creativecommons.org/licenses/by-nc/3.0/>

358 Sjá „CCMixer: Download, Sample, Cut-up, Share“, nálgast 10. febrúar 2010. URL: <http://ccmixter.org/>

blandað, annað hvort við eigin afurðir eða afurðir annarra. Síðan er hönnuð þannig að auðvelt er að fá aðgang að öllum skráð tiltekinnar endurblöndunar og þeim upprunalegu skráð sem endurblöndunin byggir á. Það er því auðvelt að fylgja eftir framleiðsluferli endurblandana og að bæta við þær, eða bara hala niður sér til ánægju. Leyfið sem ver hugverkin segir til um að ekki megi hagnast fjárhagslega á þeim og að uppruna endurblöndunar skuli geta. Þannig er hvert hljóðspor greinanlegt en þegar þau verða mörg í flóknum endurblöndunum verður æ erfiðara að koma auga á „upprunaleika“ hugsmíðarinnar, enda hættir hún að skipta máli. Slíkar framleiðslur, sem eru dæmigerðar fyrir breytt framleiðslumynstur og notkun samfara uppgangi Vefs 2.0,³⁵⁹ setja sem fyrr segir spurningarmerki við höfundarhugtakið, höfundarréttinn á tímum stafrænnar menningarframleiðslu, og í víðara samhengi við hugtök á borð við fagurfræði, stjórnnun, venjur, siðferði, viðskipti,³⁶⁰ einkalíf og eðli almannasviða.

Öll eiga þessi dæmi sameiginlegt að búa til notendavæn, gagnvirk tól svo úr verður stafræn menning „framneytenda“. Á þessu stigi er erfitt að mæla nákvæmlega áhrif slíkrar endurblandaðrar stafrænnar menningar á venjubundna menningarpólitík en ljóst er að menningarstefna framtíðarinnar þarf að endurraða áherslum sínum töluvert til að bregðast við þeim áskorunum sem stafræna menningarhugtakið þrengir upp á hana. Á t.d. að taka þessari framleiðslu fagnandi, líta framhjá gæðunum og horfa frekar á námstengda, fræðandi og frelsandi þætti sem slíkum sköpunum fylgja? Eða ætti menningarstefna að líta framhjá slíkri framleiðslu, dæma hana sem bernskubrek áhugamanna sem eiga ekki erindi á menningarpólitíska vettvanginn?³⁶¹ Hver sem niðurstaðan verður er þetta afskaplega brýnt málefni sem íslensk menningarstefna verður að gefa betri gaum.

359 Égbendi á ný á video Michael Wesch, *The Machine is Us/ing Us*, nálgast 14. janúar 2010. URL: <http://www.youtube.com/watch?v=6gmP4nk0EOE>

360 Sjá t.d. verk Chris Anderson, *The Long Tail*.

361 Í bók sinni *The Cult of the Amateur* tekur Andrew Keen upp þetta sjónarmið en að mati hans er vefurinn að drukkna í lélegri framleiðslu áhugamanna og telur hann þessa þróun heldur neikvæða. Á hinum endanum eru fræðimenn á borð við Lawrence Lessig og Henry Jenkins og mæli ég aftur með *Remix* þess fyrrnefnda og *Convergence Culture* og *Fans, Bloggers and Gamers* þess síðarnefnda. Einnig bendi ég á safnrítið *Fandom: Identities and Communities in a Mediated World*, en þetta rit tekur fyrir ýmsar hliðar áhangendakíma (e. fandom).

Stafræn endurblöndun og menningarpólitík

Séu hin ýmsu almannasvið móðels 1 stækkuð kemur í ljós að þau eru óendanleg að tölu, margræð og margbreytileg. Sambandið á milli þeirra er á stöðugri hreyfingu þar sem hnútar í áður ótengdum netum geta tengst og myndað stærri samfélög. Þannig getur t.d. stafrænt almannasvið sem myndast hefur vegna þátttöku fólks í Creative Archive gagnasafni BBC tengst öðrum slíkum almannasviðum í endurblandaðri útgáfu – sem síðan getur hæglega verið endurblönduð á ný og þannig koll af kolli.

Ég ímynda mér notanda sem langar til að gera endurblandaða heimildamynd um Adolf Hitler. Hann byrjar á að fletta Hitler upp í Creative Archive gagnasafninu, velur úr og hleður niður tuttugu mismunandi hljóð- og myndskrár sem eiga það sameiginlegt að fjalla um Hitler. Viðkomandi notandi klippir og endurblandar að vild og skapar eigin endurblandaða útgáfu af efninu sem hann halaði niður. Hann hefur því ekki einungis hlýtt og horft á annarra manna efni heldur einnig notfært sér myndskot, hljóð og tal annarra til að skapa sína eigin heild og tekur þar með virkan þátt í framhaldslífi menningarefnisins. Slíkir „framneytendur“ eru ekki móttakendur einstefnu boðskipta, því þeir vinna meðvitað með efnið sem er beint að þeim og skapa nýja heild úr því. Þeir eru hvort tveggja í senn, neytendur og framleiðendur.

Slík margstefnubodskipti búa til stafræn almannasvið sem geta margfaldað virkni sína og myndað netvirk stafræn samfélög, þar sem notendur neyta ekki einvörðungu listaverka heldur taka virkan þátt í sköpun þeirra. Annar mikilvægur þáttur slíkra almannasviða er gagnrýnisþáttur þeirra. Þegar notendur endurblanda og endurvinnna menningartengt efni taka þeir um leið afstöðu til þess efnis á gagnrýninn hátt. Ein af ástæðum þess að fólk gerir þetta er sú að því liggur eitthvað á hjarta. Því taka stafrænir „framneytendur“ virkan þátt í gagnrýninni menningarumræðu og leggja eitthvað nýtt af mörkum.

Netið, sem framleiðandi Hitler-endurblöndunarinnar notaði og endurskapaði, getur auðvitað tengst öðrum netum og myndað stærri og flóknari heildir með fleiri notendum og meiri dreifingu. Þannig gæti „framneytandi“ í netheiminum ákveðið að gera mynd um tengsl Hitler og hryðjuverkaógnar tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Hann gæti notfært sér efni hins „framneytandans“ um Hitler og fært ákveðna þætti þess í „hryðjuverkanetið“ sem hann skapar með niðurhali sínu. Þannig geta mismunandi net innan hins hnattvædda nets nýmiðla tengst og myndað stærri net með meiri dreifingarmöguleikum og

meiri þátttöku. Þessi net geta svo tekið breytingum, allt eftir því hvort viðkomandi „framneytandi“ valdi t.d. að setja afurðina á persónulega heimasíðu, á YouTube, blip.tv, MySpace, á Facebook, setja tengil á Twitter, eða allar þessar gáttir samtímis.

Annað dæmi tengt mótun netsamfélaga er internet-listaverk Mark Napier, *net.flag*, sem má finna á netstúdíói hans, www.potatoland.org.³⁶² *Net.flag* er pólitískt verk um óljós og færanleg landamæri netheima. Verkið hefur skýra tilvísun í mótsagnakennt eðli miðilsins sem er bæði fær um að auka pólitískt og efnahagslegt tangarhald á samfélögum, sem og að skapa samfélög þar sem ólíkar sjálfsmyndir, óháðar landfræðilegum, kynjabundnum, stéttaskiptum og kynþáttatengdum böndum, geta skipst á skoðunum og upplýsingum sem eiga lítið sameiginlegt með ráðandi sannleiksveldum. *Net.flag* leikur sér meðvitað með þessa mótsögn og tærir upp hefðbundnar hugmyndir um eignarhald á svæði, hvort heldur sem þetta svæði er „raunverulegt“ eða „sýndarraunverulegt“. Notendur geta búið til sinn eigin fána úr öllum fánum jarðkringlunnar og blandað saman kunnuglegum táknum, litum og formum sem hvert hefur sína meiningu og þar með slegið tímabundinni „eign“ sinni á netheima.

Algengustu formin sem fólk velur á fánana sína eru samheldni, hugrekki, friður og hreinleiki. Á tímum þar sem heimsmálum er gjarnan beint í orðræðu hryðjuverkaógn er mjög algengt að notendur blandi saman kristnu tákni og múslímsku, hömrum, sigðum, hálfmánnum, stjörnum og krossum. Tilgangurinn er oft hugmyndafræðilegur en einnig pólitískur, og það sem meira er; notendur skapa með því að endurblanda sköpun annarra. Afraksturinn má sjá í gagnabanka *net.flag* sem geymir eldri fána og þýðingu þeirra. Napier hefur einnig forritað fítus þar sem röð tilviljanakenndra flóktandi fána, sem taka sífelldum breytingum, birtist á skjánum. Í þessu flókti er hefðbundnum hugmyndum um valdamikið og merkingarþrungnið tákn fánans storkað, ekki einungis af netlistamanninum Mark Napier heldur einnig af „framneytandanum“ þér. Gagnagrunnur *net.flag* hefur með öðrum orðum skapað stafrænt almannasvið þar sem fjögur helstu gildin eru sem fyrr segir samheldni, hugrekki, friður og hreinleiki.

Umfjöllun mín um internet-listaverk, Elephants Dream, Creative Archive gagnagrunninn, Remix Manifesto og CCMixer sýnir fram á fjölbreytt not-

362 Sjá nánar grein mína „Om internetkunst“ sem birtist í greinasafninu *Om Niels Erik*.

endasvið nýmiðla og gefur vísbendingu um möguleg áhrif stafrænnar menningar á menningarpólitík. Þótt Castells tali um hnattvætt netverk nýmiðla þá er alveg eins hægt að beita þeim af staðbundnum sveitarfélögum og þjóðríkjum. Aðgangur að Creative Archive er til dæmis bundinn við breska þegna og sýnir því fram á möguleika nýmiðla til að koma af stað afmarkaðri umræðu og menningarsköpun. Hin dæmin hafa hins vegar alþjóðlegar tilvisanir, því þessi verkefni hvetja beinlínis til hnattvæddrar þátttöku „framneytenda“ víðsvegar um heiminn og eru gjarnan til í mörgum miðlum og á mörgum sviðum samtímis, hvort sem um mikró-, mesó- eða makró-þætti sé að ræða.

Jafnvel þótt hægt sé að beita stafrænni menningu, knúinni af lögmálum nýmiðla, á bæði staðbundin og hnattvædd samfélög, þá eru tæknilegar og hugmyndafræðilegar stöðir netsamfélagsins án landamæra, a.m.k. í hefðbundnum landfræðilegum skilningi orðsins. Því ættu gerendur nútíma menningarstefnu í auknum mæli að spyrja sig hvaða áhrif *hnattvætt net nýmiðla*, *tímalaus tími* og *flæðisrými* hafa á menningu, hvaða áhrif þeirra menningarstefna hefur á hnattvætt netverk nýmiðla og hvers konar stafræn almannasvið þeir vilja skapa með stefnu sinni. Þetta er mikilvægt viðfangsefni sem snertir viðkvæm hagsmunamál. Andstaða við endurblandaða stafræna menningu er til marks um hversu mikil menningarpólitísk þýðing hennar er og því verður menningarpólitík að bregðast við á fullnægjandi hátt. Þessi andstaða er m.a. leidd af stórum fyrirtækjasamsteypum sem halda því fram að listamenn, framleiðendur og fjárfestar tapi stórum fjárhæðum vegna ólöglegs niðurhals listaverka. Í ljósi fjárhagslegs styrks hafa þessir aðilar markaðarins mikil ítök á pólitískum sviðum samfélagsins, eins og Mikka mús lögin eru gott dæmi um. Þessari andstöðu er yfirleitt svarað með sambærilegum öfgum í hina áttina, þar sem því er haldið fram að ekki eigi að setja hömlur á stafrænt efni og stafrænar upplýsingar eigi að flæða frjálssar um netheima.³⁶³

Eitt helsta hlutverk menningarpólitíkur er að koma á jafnvægi milli þessara ólíku viðhorfa. Lawrence Lessig hefur sem fyrr segir sett fram tillögu að slíku jafnvægi, bæði í fræðiverkum sínum og í framkvæmd með Creative Commons leyfinu. Eigi slíkt kerfi að hafa áhrif á pólitíska ákvarðanatöku er mikilvægt að taka það skýrt fram að ólöglegt niðurhal er ekki ásættanlegt, enda sé það þjófnaður. Hann heldur því þó fram að núverandi löggjöf ofverndi höfundarréttinn

363 Málflutningur svokallaðra „sjóræningjahreyfinga“ víðsvegar um heim einkennist oft af slíkum öfgum.

og kæfi því sköpunarmátt stafrænna menningarafurða, auk þess sem slík lög geta unnið gegn hagsmunum skapara og útgefenda. Gríðarlegur menningarlegur auður í formi bóka, kvikmynda, tónlistar o.fl., getur því ekki brotist upp á yfirborðið og orðið sýnilegur almenningi, sökum alltof strangra höfundarlaga sem að stórum hluta eru runnin undan rifjum *kerfisins*. Mörg listaverk eru löngu hætt að gefa af sér nokkurn fjárhagslegan arð og geta ástæður þess t.d. verið að upplagið sé uppselt og ekki svari kostnaði að endurútgefa verkið. Flestar menningarafurðir hafa því ákveðinn „söluvænan“ líftíma og þegar honum er lokið hverfa þær yfirleitt úr hillum og tynast í flóði nýrri og söluvænlegri verka. Lessig vill beita Creative Commons leyfinu til að minnka hömlur á slíku efni. Framleiðendur geta t.d. kosið að gefa efnið út undir því leyfi sem þetta verk er gefið út undir og ganga þannig úr skugga um að notendur úti í bæ hagnist ekki fjárhagslega á þinni eigin afurð, en þú tryggir einnig viðtæka dreifingu verksins og endurblöndun þess.

Menningarpólitík er jafnvægiskunst og stafræn menning hefur gert þá kunst enn erfiðari. Þar þarf að fylgjast vel með þróun í netheiminum og passa sig á að setja ekki of stífar reglur að óseki. Ljóst er þó að skýrari og gagnsærri notendareglur eru nauðsynlegar. Dæmin sem ég hef tekið hér sýna fram á ákveðna möguleika sem stafræn menning og nýmiðlar búa yfir og væri mjög vanhugsað að styðja ekki við slíka löglega menningarneyslu, því hún getur leitt til aukinnar menningarsköpunar og þátttöku almennings. Ziauddin Sardar hefur samt ýmislegt til síns máls í spá sinni um yfirtöku kerfisafllanna á netheiminum. Slík yfirtaka myndi staðfesta völd elítu hins hnattvædda samfélags og draga úr mögulegri birtingarmynd virkra, menningarlegra, gagnrýninna stafrænna almennasviða. Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á mátt Google samsteypunnar hvað varðar leit á netinu og mögulega skráðar upplýsingar um notendur sína.

Endurskilgreind hugtök Habermas um *kerfi*, *lífheim* og *almannasvið* eiga því enn við og hlutverk menningarpólitíkur er ennþá að koma á kjörjafnvægi milli þessara þátta. Endurblönduð, stafræn menning gæti orðið öflugt menningarpólitískt tól til að ná slíku jafnvægi og því er mikilvægt að gerendur menningarpólitíkur séu upplýstir um góðar og slæmar hliðar stafrænna þekkingarforma. Stafræn menning hefur ekki þurrkað út menningarhugtök á borð við það húnániska, mannfræðilega og þjóðernislega. Það hefur hins vegar bætt nýrri vídd við og því þarf að endurskilgreina ýmis grunnhugtök eins og t.d.

listgreinahugtakið, höfundarhugtakið, listamannshugtakið, dreifingarhugtakið, höfundarréttarhugtakið, framleiðandahugtakið og neytandahugtakið. Sé rétt haldið á spöðunum mun slík endurskilgreining sameina hagsmuni markaðar, ríkis, lífheims og almennasviða og auka virkni, þátttöku og dreifingu menningarefnis og gagnrýninnar menningarumræðu.

Þegar ný vidd, eða orðræða, bætist við eldri orðræðubúnt fara hugtök á flókt og valdastraumar breyta um stefnu. Þetta er eðlilegt og hollt því annars myndi samfélagið staðna. Stafræn menning er ný orðræða sem orðræðubúnt menningarpólitíkurinnar verður að innlima í kerfi sitt. Þegar valdahlutföll breytast á sér alltaf stað mótspyrna og átök, en beiti höfundar menningarstefnu valdi sínu vel geta þeir stuðlað að nýju og betra jafnvægi, sem hefur hagsmuni menningar og lista fyrst og fremst að leiðarljósi.

Sé litið á þróun menningarneyslu íslenskra ungmenna þá eyða þau sífellt meiri tíma fyrir framan nettengdar tölvur. Þannig verður notendaviðmót manns og tölvu æ sterkara sýndarsafn síðmóðernismans. Blogg eru gott dæmi um slíka menningarnotkun, því þar skiptast „framneytendur“ á texta, myndum, kvikmyndum, teikningum og tenglum og svo á einnig við um stærri netsamfélagsgáttir á borð við Facebook. Þessir „framneytendur“ mynda vefsamfélög sem vinda upp á sig og vísa út fyrir sig, bæði innan vefheims og raunverulega heimsins. Þetta stórauðna menningarmynstur stafrænnar menningar mun halda áfram að þróast og hafa áhrif á „venjubundin“ menningarmynstur og menningarneyslu og því væri óráðlegt að hunsa slíka þróun.

Íslensk menning árið 2050

Í upphafi þessa rits kynnti ég til sögunnar afmarkaða þætti kenninga Jürgens Habermas, Michel Foucault, Anthony D. Smith, Roberts J. Holton og síðar Manuel Castells, Lev Manovich og fleiri. Ég notfærði mér ákveðna þætti þessara kenninga til að búa til mólél sem sýnir fram á flókin menningarpólitísk tengsl ólíkra hagsmunaaðila menningarvettvangsins og mögulegar færslur á milli þeirra, sérstaklega milli markaðar, ríkis, lífheims og almennasviða. Menningarpólitík takmarkast ekki við þjóðríkið og því er afar mikilvægt að draga fram þætti sem sprengja mörk þess og greina landamæralaus menningarpólitísk híbríð sem storka venjubundnum hugtakaramma menningarpólitíkur og endurskilgreina hann.

Stafræn menning er dæmi um slíkt híbríð. Hún blandar og endurblandar staðbundna, þjóðbundna, þjóðríkisbundna og alþjóðlega menningarstrauma og gerir mörk listgreina, listamanna og framleiðenda móðukennd. Þá er mun erfiðara fyrir markað og ríki að hafa áhrif á menningarneyslu og sköpun almennings. Stafræn menning brynjar nútíma menningarneytendur með mikró-vopni sem þeir geta bæði notað til að berjast gegn kúgun kerfis í garð lífheims, eða til að gera veg slíkrar kúgunar enn meiri. Ég tel óraunhæft að gera ráð fyrir einhvers konar endurreisn almannasviðanna eða frelsun almannasviða undan oki kerfisaflanna. Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að í kjölfar stafrænu sprengjunnar hafi íslenskir menningarneytendur öðlast máttugt tæki sem þeir geta notað til að komast í kynni við fjölbreytta menningarstrauma, auk þess sem þeir geta í auknum mæli tekið þátt í og skapað, endurskapað og gefið út menningarefni sem náð getur til fjölda fólks á internetinu. Íslenskir netneytendur hafa tekið þessari þróun opnum örmum, eins og fjöldi blogg síðna og þátttaka í stærri netsamfélögum sýnir. En nú reynir á viðbrögð helstu aðila íslenska menningarvettvangsins við þessari þróun.

Greining mín á starfsemi helstu aðila þessa vettvangs bendir hins vegar til þess að enginn þeirra bregðist við stafræna menningarhugtakinu með fullnægjandi hætti. Ástæðuna tel ég vera viðhald íslensku menningarvitundarinnar og þaður hennar við menningararfinn, tungumálið og náttúruna. Í íslenskri menningarpólitík gengur menningarvitundin góðkunna í endurnýjun lífdaga, því kerfiseindirnar notfæra sér hana mjög meðvitað, bæði til skjótfengins gróða og til skammsýnnar atkvæðaleitar. Þetta þýðir að íslensk menningarpólitík starfar í skugga efnahagslegrar og pólitískrar ákvarðanatöku sem hefur oft sáralítið með jákvæða þróun menningar og lista að gera. Langtímaáhrif slíkrar stefnu eru möguleg hnignun íslenskrar menningar og lista, þar sem ódýrar markaðslausnir verða umsvifameiri á kostnað gæða lista.

Íslensk menningarpólitík er ekki tekin nógu alvarlega og henni eru ekki settar nógu fastar skordur. Stefnan er í mörgu flotkennd og ómarkviss, á köflum ófagleg, og hefur krafa markaðarins um skjótfenginn gróða og endurkjörskrafa stjórnámamanna alltof mikið vægi. Þessu þarf að breyta og besta leiðin til þess er að gera menningarpólitískar ákvarðanatökur gegnsærri, minnka vald stjórnámamanna og nota faglega framkvæmt seilingarfjarlægðarlögmál þegar peningum er úthlutað. Þá er kominn tími til að bæta stafræna þekkingarforminu við stjórnsvið íslenskrar menningar-

pólítíkur og takast á við hrærigraut síðmóðernismans í stað þess að hunsa hann. Breytingar á framkvæmd og stjórn verða vitaskuld að haldast í hendur við breytingar á hugmyndafræði, sem verður að vera bæði framkvæmanleg og trú sjálfri sér. Menningarpólítík ríkisvaldsins leggur töluverða áherslu á menningararf og tungumál en samt var Þjóðminjasafnið lokað almenningi frá 1998 til 2004 sökum viðgerða og standsetningar. Það er því ekki alltaf rökrétt orsakasamhengi milli hugmyndafræðilegra stöða og raunverulegrar birtingarmyndar stefnunnar.

Einhver teikn eru þó á lofti um breytingar til hins betra. Áhugi fyrirtækja er t.d. af hinu góða, svo framarlega sem gott jafnvægi myndast milli hagsmuna safna, sýninga, tónlistarviðburða og þeirra aðila markaðarins sem koma að fjármögnun. Heldur er hallað á menningarstarfsemi í samskiptum þessara aðila en vonandi mun það breytast með meiri reynslu og jákvæðum upplifunum beggja aðila af slíku samstarfi. Þetta á sérstaklega við í kjölfar efnahagshrunsins, því það ætti að geta nýst sem hvati til nýrrar stefnumörkunar í menningargeiranum. Ríki og sveitarfélög bera vitaskuld töluverða ábyrgð þegar kemur að slíku samstarfi, því séu menningarstofnanir fjársveltar og kjör listamanna bágborin verður samningsstaða þeirra gegn aðilum markaðarins slök. Það leiðir til þess að þeir verða að setta sig við smásporslur á meðan markaðurinn baðar sig í ljóma jákvæðs og ódýrs umtals.

Kjör listamanna eru mikilvægur þáttur þessarar umræðu og á það bæði við um launakjör þeirra og aðstöðu. Það þarf ekki stærðfræðing til að reikna út að markaðurinn getur ekki haldið úti fjölbreyttu listalífi í rúmlega 300.000 manna samfélagi. Áðurnefnd umfjöllun samstarfshóps um breytingar á listamannalaunum staðfestir þetta en tillögur starfshópsins ganga samt ekki nægilega langt og bregðast alls ekki nógu vel við hibríðum síðmóðernismans. Það sama má segja um nýlegar breytingar á listamannalaunum, þótt vissulega séu þær breytingar í rétta átt.

Allir helstu aðilar íslenskrar menningarpólítíkur verða að koma starfsemi sinni í faglegri farveg og bregðast á áhrifaríkari hátt við ýmsum óumflýjanlegum viðfangsefnum, eins og stafrænun menningar og viðkvæmum höfundaréttarmálum, listgreinamálum og stefnumálum. Íslenska menningarvitundin þarf ekki að hverfa sem slík, hún þarf hins vegar að víkja aðeins til hliðar og hleypa fleiri málefnum að. Annars er hætta á að íslensk menning storkni í sporum hugmyndafræði sem þegar hefur verið mergsogin að mestu.

Hvað stafræunun menningar varðar á ríkisvaldið að taka frumkvæði og koma á kerfi sem hindrar fjárhagslegt tap listamanna og framleiðenda sökum niðurhals – um leið og það hvetur til menningarlegrar þátttöku almennings, í stað þess að kæfa listsköpun með reglum sem samdar voru fyrir daga stafrænu sprengjunnar. Þetta þýðir ekki að algjör umpólun verði að eiga sér stað í menningarstefnu ríkisins heldur fremur að hleypa verði fleirum að kjötkötlum þess ríkisfjármagns sem varið er til menningarmála. Þótt fjármagn til menningarstarfsemi yrði aukið myndi þetta alltaf hafa í för með sér uppstokkun sem hrófla myndi við hagsmunum ákveðinna vel alinna aðila. Slík uppstokkun orðræðubúnta helst í hendur við umfangsmiklar breytingar á innviðum samfélagsins og stafræna umhverfin er ein slík. Ríkisvaldið er umsvifamesti aðili menningarpólitíska umræðusviðsins og því er eðlilegt að það ríði á vaðið og verði stefnumarkandi um íslenskt viðbragð við stafrænni menningu og stafræunun menningar. Margar leiðir eru til þess að aðlaga menningarstefnu ríkisins að þessum nýja veruleika en rökrétt leið væri að stofna sjóð sem einblíndi á að styrkja verkefni sem snerta á stafrænni menningu og frekari uppgangi stafrænna almennasviða. Sjóðurinn myndi vitaskuld vinna eftir reglum virks seilingarfjarlægðarlögmáls og tryggja þar með jafna valdadreifingu ólíkra hagsmunaaðila. Einnig væri hægt að setja á laggirnar stafrænan sjónvarpssjóð sem ynni eftir svipaðri formúlu og Creative Archive. Gagnagrunnur RÚV er sneisafullur af fjársjóðum sem gætu þannig öðlast endurblandaða endurnýjun lífdaga.

Í raun er þetta einungis spurning um forgangsroðun. Tómas Ingi Olrich stakk upp á að verja 200 milljónum í sjóð fyrir menningartengda ferðaþjónustu. Núverandi menntamálaráðherra gæti allt eins lagt fram tillögu um að sömu fjárhæð ætti að verja til stuðnings og uppgangs stafrænnar menningar. Hvað sem efnahagslegu árferði líður er þetta alltaf spurning um forgangsroðun.

Forgangsroðun íslenskrar menningarpólitíkur hyglir íslensku menningarvitundinni og þess vegna búa Íslendingar við það menningarpólitíska landslag sem hér hefur verið lýst. Þessi menningarvitund tengist markaðnum æ sterkari tryggðarboðum og er fyrirhuguð bygging ráðstefnu- og tónlistarhúss í Reykjavík gott dæmi um þá hneigð. Töluverður elítubragur er á verkefninu og er ákveðin hætt á að hagsmunir lista og menningar verði enn og aftur undir í baráttunni við aðra þætti sem húsinu er ætlað að þjóna. Umræða og útfærsla verkefnisins er samt dálítið þversagnakennd, því þrátt fyrir elítubraginn, einkum tengdum Sinfóníuhljóm-sveit Íslands, var Íslensku óperunni úthýst, í það minnsta fyrir efnahagshrunið.

Það er löngu tímabært að Sinfóníuhljómsveit Íslands fái aðsetur sem henni sæmir en mér þykir afar undarlegt að skipuleggjendur hafi ekki komið auga á kosti þess að útbúa húsið einnig fyrir starfsemi óperunnar og t.d. Íslenska dansflokksins. Eftir efnahagshrunið er þó komið nýtt hljóð í strokkinn og er unnið að því að gera húsið að fjölnota listahúsi en auðvitað átti það að vera hugsað sem slíkt frá upphafi. Mikið hefur einnig verið lagt upp úr því hlutverki hússins að blása meira lífi í miðbæinn enda eru menningar- og listviðburðir vel til þess fallnir. En ég á erfitt með að sjá hvert hlutverk ráðstefnumiðstöðvar og hótels, sem í eðli sínu eru hálfflíflaus hulstur, er við slíkan blástur. Það er hins vegar auðveldara að finna þeim stað innan hagsmuna markaðarins. Persónulega hefði ég viljað sjá rísa þarna stóra menningarmiðstöð, með afar vítt skilgreint athafnasvið, þannig að sem flestar listgreinar gætu notið sín þar, hvort sem um Sinfóníuhljómsveit eða performatíva gjörningslist væri að ræða. Vindum íslenskrar menningarpólitíkur virðist hins vegar meira í hag að virkja öldur sem skola fjárhagslegum hagnaði og jákvæðri ímyndasköpun á land, og meðan svo er verður visin grasrótin að þurrausa þá litlu næringu sem henni er veitt.

Í kjölfar efnahagshrunsins spratt upp kunnugleg þræta sem lengi hefur fylgt íslenskrri menningarumræðu. Margir sögðu að þar sem menning og listir væru ekki lífsnauðsynlegir málaflokkar í þröngum skilningi ætti ekki að setja fjármagn í slíkt daður. Verður að teljast Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra til hróss að hafa staðið fast við uppbyggingu hússins en gæta skal þess að það nýtist sem flestum og verði gjöfult til listrænnar nýframleiðslu í bland við hefðbundnari listform.³⁶⁴

364 Í ritum sínum *Byen som scene: Kultur- og byplanlægning i oplevelsessamfundet og Museerne i den danske oplevelsesøkonomi: Når oplysning bliver til en oplevelse*, fer Dorte Skot-Hansen í saumana á nýlegri þróun í danskri menningarpólitík, sérstaklega út frá þeirri bylgju sem Joseph Pine og James H. Gilmore hrundu af stað með riti sínu *Experience Economy: Work is Theatre and Every Business a Stage*. Í stuttu máli ganga rit Skot-Hansen út á að greina ákveðna notkun á upplifunarhugtakinu (e. experience) og hvernig dönsk menningarpólitík gerir auknar kröfur til þess að menningarmiðlun skilji neytendann eftir með skemmtilegar upplifanir. Að mati Skot-Hansen þarf þetta ekki að vera neikvætt, svo framarlega sem upplýsandi og listnæmum þáttum sé miðlað um leið. Menningarhús leika stórt hlutverk í samfélagi upplifana og er hættan oft sú að þau verði einskonar vörumerki eða tákn fyrir borgir og bæi, en minna er gert úr innihaldi þeirra. Flestir þekkja til að mynda ímyndarmátt byggingar á borð við Guggenheim-safnið í Bilbao en færri vita hvað safnið inniheldur. Sama má segja um Gyðingasafnið í Berlín og jafnvel Óperuhúsið í Sydney. Sú orðræða sem umlukði hefur ráðstefnu- og tónlistarhúsið í Reykjavík ber líka keim af þessum hugsunarhætti. Spurningin er því hvort húsið verði segull byggður úr afleiddum hagfræðirökum eða hvort hér verði um kraftmikið menningar- og listhús að ræða.

Mig langar að lokum að taka saman nokkur áleitin vandamál sem eru sannarlega aðkallandi íslensk menningarpólitísk viðfangsefni. Þeim þarf að bregðast við sem fyrst eigi ekki að fara illa fyrir íslenskri menningu, íslenskum listum og íslenskum miðlum, gömlum og nýjum. Öll hafa þessi atriði verið nefnd áður og treysti ég því hér á retórískan mátt endurtekningarinnar.

1) Það vantar alltaf meira fjármagn. Menningarstofnanir og listviðburðir þurfa á meira fjármagni að halda til að styrkja samningsstöðu sína við aðila markaðarins og auðvitað til að skapa meira öryggi um starfsemi sína. Hér gætu ríki og sveitarfélög gert betur og einfaldlega útdeilt meira fé til menningarmála. Þannig liggur boltinn að einhverju leyti hjá þeim. Efnahagslegur samdráttur er ekki afsökun, því fjármagn sem fer í menningu er alltaf fjárfesting til framtíðar og ber ekki ávöxt eftir hagvaxtarsveiflum.

Markaðsöflin þurfa líka að breyta áherslum sínum hvað nýtingu á fjármagni til menningarmála varðar. Fé sem látið er til menningarstarfsemi er fjárfesting til framtíðar. Sýnilegur árangur getur látið á sér standa og tölfraði er vond mælistika á menningarlegan og listrænan árangur. Mikið hugvit, sköpun og nýbreytni liggur í menningar- og listageiranum og því ættu markaðsöflin að virkja slíka eiginleika til frekara samstarfs, því það er margt sem markaður og menningarbransi geta lært hvor af öðrum. Það þarf hins vegar gagnkvæma virðingu og viðurkenningu til, en á Íslandi eru menning og listir oftast ekki tekin eins alvarlega og aðrir samfélagslegir málaflokkar á borð við verðbréfabrask, virkjanasmíði, brúargerð, heilbrigðismál, sjávarútvegsmál o.s.frv. Meira fjármagn helst því í hendur við breytt hugarfar gagnvart menningu og listum.

2) Menningarleg menntun. Hér þarf róttæka hugmyndafræðilega breytingu á afstöðu okkar til lista og menningar. Skólar á öllum stigum gegna lykilhlutverki. Skólarnir þurfa að gera hlut menningar mun meiri og þá á ég ekki einungis við aukna tónmennta- og myndmenntakennslu heldur einnig að kenna nemendum að vera virkir aðilar í gagnrýninni menningarumræðu. Að kenna þeim að greina menninguna sem er allt í kringum þá og mynda sér skoðun á henni, út frá öllum fjórum skilgreiningum á menningarhugtakinu sem áður hafa verið nefndar. Það verður að kenna börnum að lesa menningarleg tákni svo þau geti afkóðað hvað býr að baki og tekið afstöðu með eða á móti. Það þarf með

öðrum orðum að gera börn að virkari þátttakendum og neytendum í menningu og listum, gera þau betur læs á menningu og listir.

Stafræn menning, með áherslu sinni á framneytanda-hugtakið, stafræn endurblöndun og auknir dreifingarmöguleikar eru einkar vel til þess fallin að auka áhuga fólks á menningu og listum. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að stafræn menning verði kennd sem sérstakt fag í skólum. Þar væri nemendum ekki eingöngu kennt að notfæra sér einfalda stafræna endurblöndunartækni, heldur líka réttar umgengnisreglur með stafræna hugarsmiði annarra.

Slík menningarleg menntun og endurmenntun myndi hægt og rólega gera þýðingu málaflokksins sýnilegri og fólk meðvitaðra um að menning og listir eru ekki munaðarvara, heldur nauðsynlegt hreyfiafl þess sem vill vera virkur þátttakandi í lýðræðisþróun samfélagsins. Því þarf að auka vægi menningarlegu almennasviðanna í mikró-, mesó- og makró-þáttum íslensks samfélags. Menntun spilar stóra rullu við gerð slíkrar orðræðu, en eigi orðræðan að vaxa og verða að orðræðubúnti, sem breytt getur árvegi gamalla valdastrauma, verða aðrar stofnanir samfélagsins að taka við sér. Það á jafnt við um ríki, sveitarfélög, markað, stjórn málaöfl, Bandalag íslenskra listamanna og aðrar hreyfingar sem eiga rætur í lífheimi hins borgaralega samfélags.

3) Íslenskir fjölmiðlar hafa brugðist í framleiðslu á vönduðu menningarefni. Ein mikilvægasta forsenda auðugs menningarlífs er gagnrýnin umræða og þar gegna fjölmiðlar lykilhlutverki. Magn og gæði slíks efnis er hins vegar ekki nægilegt í íslenskum miðlum en eins og bent var á í kaflanum um fjölmiðla þarf að leggja mun meira fé og metnað í slíka dagskrárgerð.

Nýmiðlar eru vin í eyðimörk íslenskra miðla því þeir geta breytt menningarmynstri og menningarneyslu almennings, m.a. með því að gera honum kleift að njóta tilbúins menningarefnis á eigin forsendum í stað þess að vera bundinn ákveðnum tíma og stað. Hlaðvörp eru t.d. spennandi kostur þar sem notendur gerast áskrifendur að ákveðnum þáttum og verður þættinum þá sjálfkrafa hlaðið niður í tölvu viðkomandi notanda. Notandinn getur svo nálgast efnið þegar honum sýnist og annað hvort hlustað eða horft í tölvunni, eða hlaðið efniinu niður í mp3 spilarann sinn og snjallsíma. Þrátt fyrir að Ísland sé tæknivætt þjóðfélag virðast stórar menningarstofnanir á borð við Ríkisútvarpið ekki vera sérlega meðvitaðar um möguleikana sem felast í slíku stafrænu dreif-

ingarmynstri. Því tók það bæði seint og illa við sér hvað hlaðvörp varðar, og er heimasíða RÚV reyndar almennt í skötulíki.

Einhvern veginn er þetta dæmigert fyrir viðbragð og vinnubrögð íslenskra fjölmiðla; þótt forskriftirnar séu til staðar og leikur einn að nálgast þær og útfæra eftir eigin hentugleik þá einkennist útkoman af vanefnum. Eftirfarandi klausa, sem trónir efst á heimasíðu hlaðvarps RÚV, vekur einnig furðu: „Öllu efni sem miðlað er á þessari síðu er stranglega bannað að dreifa eða fjölfalda á nokkurn hátt né er það ætlað til opinbers flutnings. Efnið er eign Ríkisútvarpsins og miðlun þess eingöngu ætluð til persónulegra einkanota hlustenda RÚV.“³⁶⁵ RÚV hefur augljóslega valið *leyfismenningu* á kostnað *aðgangsmenningar*. Það hefði alveg eins getað farið hina leiðina og veitt fullan aðgang notendum að kostnaðarlausu, til frjálsrar endursköpunar, sérstaklega í ljósi þess að notendur hafa þegar borgað fyrir efnið með afnotagjöldum og síðar nefskatti.

Slík tækni er þó lítils virði sé upphaflegu menningarframleiðslunni skorinn þröngur stakkur og því má finna rót vandans í forgangsöröðun íslenskrar dag-skrárgerðar. Þar skipar framleiðsla menningarefnis, sem og umfang þess á góðum sýningartíma, ekki stóran sess. RÚV er ein mikilvægasta menningarstofnun landsins og gegnir lykilhlutverki við hönnun menningardriffinna almennasviða. Því er núverandi ástand stofnunarinnar, svo ekki sé talað um sí-endurtekna sparnaðarkvöð, mikið áhyggjuefni. Ég nefni RÚV sérstaklega því það er almannamiðill allra landsmanna og á að vera í miðju þess miðlamóðels sem ríkir á Íslandi. Ég hef færri orð um aðra miðla, eins og til dæmis dagblöðin Morgunblaðið og Fréttablaðið, því í ljósi eignarhalds og ritstjórnarstefnu eru þau ótrúverðug, hvort á sinn hátt, og hafa að auki að mestu slátrað þeirri litlu menningarumræðu sem þó var þar fyrir.

4) Fjórða vandamálið, og hugsanlega það stærsta, er hugmyndafræðilegs eðlis. Menningu hefur í gegnum tíðina ekki verið forgangsraðað að verðleikum. Kerfisöflin, með stjórn mála- og viðskipta fólk í fararbroddi, líta því miður enn á menningu og listir sem sýmbólískt stöðutákn í stað þess að meta eiginleika þessa málaflokks að verðleikum.

Það er fyrst núna, þegar tengslin við atvinnulífið verða ljósari, að fólk er farið að líta menningu alvarlegri augum. Þótt það sé gott og blessað þá eru þetta

365 Sjá „Hlaðvarp – Podcast RÚV“, nálgast 21. janúar 2010. URL: <http://ruv.is/podcast/>

samt sem áður einungis mælanlegir ytri þættir. Menning hefur nefnilega innra gildið framyfir flesta hina samfélagslegu málaflokkana. Þetta ómælanlega. Menning og listir eru mikilvægir þættir í þróun sjálfsvitundar okkar, þættir sem gera okkur að þeim persónum sem við erum og þeim persónum sem við verðum. Menning og listir koma við kvikuna í okkur, láta okkur oft sjá hlutina í öðru ljósi og koma okkur í samband við framandi kenndir. Í sinni bestu mynd geta listir og menning gert okkur að betri starfskröftum og betri þjóðfélagsþegnum og þess vegna þarf meira fjármagn, meiri fræðslu, meiri fjölmiðlaumræðu og breytta hugmyndafræðilega afstöðu inn í geirann.

Jürgen Habermas kom auga á mikilvægi menningar í upphaflega riti sínu um almannasviðið en þar setti hann menningarsvið í miðju þess. Samkvæmt skilningi hans er ómögulegt að tala um pólitísk svið eða efnahagsleg svið án þess að gera sér grein fyrir þeim menningarlegu öflum sem búa þeim að baki. Slík menning má þó ekki einvörðungu verða markaðsmenning eða pólitísk menning þótt þeir þættir séu mikilvægir. Menningarpólitíski vettvangurinn verður því að tryggja að annars konar beiting á menningarhugtakinu sé einnig við lýði og fái jafn mikla athygli, fjármagn og umræðu í fjölmiðlum og efnahagslegu og pólitísku þættirnir. Því verður að auka hlut menningarlegra almannasviða, þar sem menning menningarinnar vegna og listir listanna vegna eiga einnig heima. Ég leyfi mér að halda því fram að hefði þetta verið tilfellið í „góðærinu“ og í aðdraganda þess hefði efnahagshrunið ekki orðið jafnharkalegt. Í þeirri endurreisn almannasviða sem nú á sér stað ættu menning og listir að fara með stórt hlutverk. Fátt bendir þó til þess að sú sé raunin.

Líkt og Habermas kom Manuel Castells auga á mikilvægi menningar því það er hún sem „kóðar“ netsamfélagið og gefur því merkingu. Að hans mati eru menning og menningartengd boðskipti, hvort sem þau einkennast af skynsömum, upplýstum boðskiptum eða boðskiptum boðskiptanna vegna, einn helsti grundvöllur og aflgjafi boðskiptaflæðis, bæði í raunheimum og sýndarheimum. Greining mín hér að framan bendir því miður ekki til þess að menningu sé skipaður sá sess sem henni sæmir, í það minnsta ekki öllum þáttum menningarhugtaksins.

Nokkur nýleg verkefni gefa þó jákvæð fyrirheit um að hugsanlega sé að komast á betra menningarpólitískt jafnvægi milli kerfa og lífheims. Stofnsetning *Listaháskólans* árið 1999 er mikilvægt skref, því árlega skilar hann fjölda ungra listamanna út í samfélagið. Hafi skólinn haldið víðsýni og nýsköpun að nem-

endum sínum mun áhrifa hans gæta svo um munar í komandi framtíð. Það er vitaskuld von mín að útskriftarnemar Listháskólans séu vel skólaðir í margbreytni og flækjum síðmóðernismans og takist á við erfiðar lausnir hans, í stað þess að leita ódýrra lausna í faðmi íslensku menningarvitundarinnar.

Mér finnst einnig vert að nefna verkefni eins og *Klink & Bank* sem studdi ekki við þekkta listamenn heldur grasrótina. Þetta verkefni var ágætis dæmi um hvernig markaður og lífheimur mætast í miðju almannasviðsins með hagsmunum beggja að leiðarljósi. Örlög verkefnisins segja ýmislegt um raunverulegan vilja markaðarins en slíkt verkefni veitir samt sem áður upprennandi listafólki kjöraðstöðu til að skapa list sem dansar ekki endilega eftir höfði markaðsaflanna og gæti því orðið til þess að búa til almannasvið sem hvetja til gagnrýnnar umræðu, þátttöku almennings og góðrar listar, með eða án gróða.

Einnig er mikilvægt að taka fram að á Íslandi er þrátt fyrir allt mjög öflugt menningarlíf, í það minnsta sé miðað við hina frægu höfðatölu og tölfræðilega útgáfu verka. Ég leyfi mér þó að halda því fram að þetta líf myndist að miklu leyti *þrátt fyrir* núverandi menningarstefnu en ekki sem rökrétt afurð hennar. Um þetta má vissulega deila en ég tel í það minnsta að hægt sé að gera mun betur. Önnur hlið á þessari grósku er *gæðaumræðan*. Á Íslandi er vissulega mikið framleitt af listrænum afurðum en ég sakna ígrundaðrar umræðu um gæði þessarar framleiðslu. Slík umræða ætti vitanlega að fara fram fyrir opnum tjöldum, en þar sem íslenskir menningarmiðlar eru í skötulíki er lítil von til að umræða næði einhverjum verulegum hæðum, næði að vísa út fyrir dægurþras og þar með hafa áhrif á þróun menningartengdra almannasviða.

Því fer fjarri að öll von sé úti fyrir íslenska menningarpólítík og vitund um þýðingu hennar er í raun rétt að byrja að mótast. Íslensk menningarpólítík árið 2050, og sú menning sem hún leiðir af sér, veltur að mínu mati á því hvernig þau sem móta stefnu hennar bregðast við þeim viðfangsefnum sem sett voru fram í þessu riti. Mun íslensk menningarpólítík áfram einblína á kunnuglega fleti gömlu menningarvitundarinnar eða mun hún takast á við, þróa og innleiða flókin híbríð síðmóðernismans í framtíðarstefnu sína? Höfundum menningarstefnu framtíðarinnar virðast tveir vegir færir. Annars vegar að ríghalda í gildi gömlu menningarvitundarinnar og vona að kraftur hennar og sköpunarmáttur sé nógu mikill til að leiða íslenska menningu og listir á nýju árbúsundi. Stafræn híbríð eru hins vegar ákveðið mót svar við ægivaldi menningarvitundarinnar. Ég efast þó um virkni slíkrar tvíþólunar og svarið hlýtur að liggja mitt á milli

öfganna tveggja. Íslenska menningarvitundin er mikilvæg íslenskri menningu og listum. Hún væri hins vegar áhrifameiri fengi hún ráðrými og fjárrými til að þróast á skapandi hátt við hlið ýmissa þeirra híbríða síðmóðernismans sem lýst hefur verið í þessu riti.

Kjörjafnvægi er lykilatriði. Það er óskandi að í framtíðinni muni menningar-
pólitík skilgreina slíkt jafnvægi betur en gert hefur verið fram að þessu.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Adorno, Theodor og Max Horkheimer. 2002 [1947]. *Dialectic of Enlightenment: Philosophical Fragments*. Gunzelin Schmid Noerr (ritstj.). Stanford University Press, Stanford.

Aðalgeir Kristjánsson. 1999. *Nú heilsar þér á Hafnarslóð: Ævir og örlög í höfuðborg Íslands 1800-1850*. Nýja bókafélagið, Reykjavík.

Anderson, Benedict. 1991 [1983]. *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. Verso, London og New York.

Anderson, Chris. 2009. *The Longer Long Tail: How endless Choice is Creating Unlimited Demand*. Random House Business Books, London.

Andrea Dofradóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðlaug Júlía Sturludóttir og Friðrik H. Jónsson. 2010. Íslensk menningarvög: *Könnun á menningarneyslu Íslendinga*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Arnold, Matthew. 1995. „Sweetness and Light.“ *A Cultural Studies Reader: History, Theory, Practice*. Jessica Munns og Gita Rajan (ritstj.). Longman, London og New York: 20-32.

Auðlegð Norðurlanda: Menning. Formennskuáætlun Íslands í norrænu samstarfi 2004. 2003. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Auðlegð Norðurlanda: Menntamál og vísindi. Formennskuáætlun Íslands í norrænu samstarfi 2004. 2003. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Ágúst Einarsson. 2001. „Menning er mikilvæg atvinnugrein og umfangsmikill þáttur í hagkerfinu.“ *TMM* 62. árgangur (3):43-50.

Árni Sigurjónsson. 1986. *Laxness og þjóðlífið: Bókmenntir og bókmenntakenningar á árunum milli stríða*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Ársskýrsla menningarmála 2002. 2003. Skrifstofa menningarmála Reykjavíkurborg, Reykjavík.

Ársskýrsla menningarmála 2003. 2004. Skrifstofa menningarmála Reykjavíkurborg, Reykjavík.

Áræði með ábyrgð: Stefna menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005-2008. 2005. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Bakhtin, Mikhail. 1968. *Rabelais and his World*. MIT Press, Cambridge.

Barber, Benjamin. R. 1995. *Jihad vs. McWorld*. Ballantine Books, New York.

Barthes, Roland. 1975. *The Pleasure of the Text*. Basil Blackwell, London.

———. 1977 [1971]. „From Work to Text.“ *Image Music Text*. Fontana Press, London: 155-164.

Bauer, Martin W. og George Gaskell (ritstj.). 2000. *Qualitative Researching with Text, Image and Sound: A Practical Handbook*. Sage Publications, London.

Beck, Ulrich. 2005. *Power in the Global Age: A New Global Political Economy*. Polity Press, Cambridge.

Beck, Ulrich, Anthony Giddens og Scott Lash. 1994. *Reflexive Modernization: Politics, Tradition and Aesthetics in the Modern Social Order*. Polity Press, Oxford.

Bennett, Tony. 1995. *The Birth of the Museum: History, Theory and Politics*. Routledge, London.

———. 1999. *Accounting for Tastes: Australian Everyday Cultures*. Cambridge University Press, Cambridge.

——— (ritstj.). 2001. *Differing Diversities: Transversal Study in the Theme of Cultural Policy and Cultural Diversity*. Cultural Policy and Action Department, Council of Europe, Strasbourg Cedex.

Berry, David M. 2008. *Copy, Rip, Burn: The Politics of Copyleft and Open Source*. Pluto Press, London.

Bille, Trine, Chr. Hjorth-Andersen og Mikkel Gregersen. 2003. „A Tale of Tables: On Public Cultural Expenses.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 335-350.

Bjarki Valtýsson. 2007. „Om internetkunst.“ *Om...: Festkompendium til Niels Erik Wille – om performance-design, sprog og visuel kultur*. Roskilde Universitetscenter, Roskilde.

———. 2008. *Access Culture: The Remixable Culture of Prosumers and the Cultural Policy of the European Union*. PhD Thesis. Roskilde Univeristy.

———. 2010a. „Access Culture: Web 2.0 and Cultural Participation.“ *International Journal of Cultural Policy*. Volume 16, 2. Routledge, Talor & Francis Group: 200-214.

———. 2010b. „Playing with Power: The Cultural Impact of Prosumers.“ *International Cultural Policies and Power*. J.P. Singh (ritstj.). Palgrave Macmillan, New York.

Björn Th. Björnsson. 1964. *Íslensk myndlist á 19. og 20. öld: Drög að sögulegu yfirliti*. 1. bindi. Helgafell, Reykjavík.

Boler, Megan (ritstj.). 2008. *Digital Media and Democracy: Tactics in Hard Times*. The MIT Press, Cambridge og London.

Borradori, Giovanna. 2003. *Philosophy in a Time of Terror: Dialogues with Jürgen Habermas and Jacques Derrida*. The University of Chicago Press, Chicago og London.

- Bourdieu, Pierre. 1993. *The Field of Cultural Production: Essays on Art and Literature*. Randall Johnson (ritstj.). Polity Press, Cambridge.
- Bruns, Axel. 2008. *Blogs, Wikipedia, Second Life, and Beyond: From Production to Produsage*. Peter Lang, New York.
- Brynjólfur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason og Tómas Sæmundsson. 1835. *Fjöltnir: Árs-Rit handa Íslendingum*. Fyrsta ár. Samið, kostað og gefið út af Brynjólfi Péturssyni, Jónasi Hallgrímssyni, Konráði Gíslasyni og Tómasi Sæmundssyni, Kaupmannahöfn.
- . 1837. *Fjöltnir: Árs-Rit handa Íslendingum*. Þriðja ár. Samið, kostað og gefið út af Brynjólfi Péturssyni, Jónasi Hallgrímssyni, Konráði Gíslasyni og Tómasi Sæmundssyni, Kaupmannahöfn.
- Brøgger, Andreas. „www.kunst.net/essay.doc.“ *Kritik* nr. 149: 41-50.
- Cahoone, Lawrence. 2003. „Introduction.“ *From Modernism to Postmodernism: An Anthology*. Lawrence Cahoone (ritstj.). Blackwell Publishing, Malden: 1-13.
- Calhoun, Craig (ritstj.). 1992. *Habermas and the Public Sphere*. The MIT Press, Cambridge og London.
- Calhoun, Craig. 1992. „Introduction: Habermas and the Public Sphere.“ *Habermas and the Public Sphere*. Craig Calhoun (ritstj.). The MIT Press, Cambridge og London: 1-48.
- Castells, Manuel. 2000. *The Rise of the Network Society*. Blackwell Publishers, Oxford og Malden.
- . 2001a. „Informationalism and the Network Society.“ *The Hacker Ethic and the Spirit of the Information Age*. Secker og Warburg, London: 155-178.
- . 2001b. *The Internet Galaxy: Reflections on the Internet, Business, and Society*. Oxford University Press, Oxford og New York.
- . 2004a. „Informationalism, Networks, and the Network Society: A Theoretical Blueprint.“ *The Network Society: A Cross-Cultural Perspective*. Manuel Castells (ritstj.). Edward Elgar Publishing Limited, Cheltenham og Northampton: 3-51.
- . 2004b. *The Power of Identity*. Blackwell Publishing, Oxford og Malden.
- . 2006. „The Network Society: From Knowledge to Policy.“ *The Network Society: From Knowledge to Policy*. Manuel Castells og Gustavo Cardoso (ritstj.). The John Hopkins University, Washington DC: 3-22.
- . 2009. *Communication Power*. Oxford University Press, Oxford.
- Cowen, Tyler. 2002. *Creative Destruction: How Globalization is Changing the World's Cultures*. Princeton University Press, Princeton.
- Curran, James. 2002. *Power and Media*. Routledge, London.

Dahlgren, Peter. 2005. „The Internet, Public Spheres, and Political Communication: Dispersion and Deliberation.“ *Political Communication*, 22. Taylor and Francis Group: 147-167.

———. 2006. „Civic Participation and Practices: Beyond ‘Deliberative Democracy’.“ *Researching Media, Democracy and Participation*. Nico Carpentier, Pille Pruulmann-Vengerfeldt, Kaarle Nodrenstreng, Maren Hartmann, Peeter Vihalemm og Bart Cammaerts (ritstj.). Tartu University Press, Tartu: 23-34.

———. 2009. *Media and Political Engagement: Citizens, Communication and Democracy*. Cambridge University Press, Cambridge.

Dahlgren, Peter og Colin Sparks (ritstj.). 1991. *Communication and Citizenship: Journalism and the Public Sphere in the New Media Age*. Routledge, London.

Duelund, Peter. 2003a. „Cultural Policy: An Overview.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 13-30.

———. 2003b. „Cultural Policy in Denmark.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 31-78.

———. 2003c. „Cultural Policy in the Small Nations of Norden.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 415-436.

———. 2003d. „The Nordic Cultural Model: Summary.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 479-530.

———. 2004. „The Rationalities of Cultural Policy: Approach to a Critical Model of Analysing Cultural Policy.“ 3rd *International Conference on Cultural Policy Research in Montreal*, 25.-28. ágúst. CD-ROM François Colbert (ritstj.).

Duelund, Peter og Gitte Pedersen. 2003. „The Nordic Cultural Cooperation.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 253-276.

Duelund, Peter og Tor Larsson. 2003. „Regions and the Arts.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 385-414.

du Gay, Paul (ritstj.). 1997. *Production of Culture, Cultures of Production*. Sage, London.

Donner, Jonathan og Rich Ling. 2009. *Mobile Communication*. Polity Press, Cambridge.

Ellmeier, Andrea og Bela Rasky. 1998. *Cultural Policy in Europe – European Cultural Policy?: Nation-State and Transnational Concepts*. Veronika Ratzenböck (ritstj.). Österreichische kulturdokumentation, Vín.

Finnemann, Niels Ole. 2005a. *Internettet i mediehistorisk perspektiv*. Forlaget Samfundslitteratur, Frederiksberg.

———. 2005b. „The Cultural Grammar of the Internet.“ *Interface://Culture: The World Wide Web as Political Resource and Aesthetic Form*. Klaus Bruhn Jensen (ritstj.). Samfundslitteratur/NORIDCOM, Frederiksberg: 65-89.

Fornäs, Johan. 1995. *Cultural Theory & Late Modernity*. Sage Publications, London.

Foucault, Michel. 1977. *Discipline and Punish: The Birth of the Prison*. Penguin Books, London.

———. 1980. „Two Lectures.“ *Power/Knowledge: Selected Interviews and Other Writings 1972-1977*. Colin Gordon (ritstj.). Pantheon Books, New York: 78-108.

———. 2002a [1969]. *The Archaeology of Knowledge*. Routledge, London og New York.

———. 2002b. „The Subject and Power.“ *Power: Essential Works of Foucault 1954-1984. Volume 3*. James D. Faubion (ritstj.). Penguin Books, London: 326-348.

———. 2002c. „Truth and Power.“ *Power: Essential Works of Foucault 1954-1984. Volume 3*. James D. Faubion (ritstj.). Penguin Books, London: 111-134.

Framtíðarsýn og stefnumótun í íslensku listalífi 2004-2008. 2003. Bæklingur gefinn út í til efni af 75 ára samstarfi listamanna að vexti og viðgangi íslenskra lista. Bandalag íslenskra listamanna, Reykjavík.

Framtíðarsýn og stefnumótun í íslensku listalífi: Niðurstöður 1. fundar 5.-6. október 2003. Samantekt fundarins var fengin frá þáverandi forseta BÍL, Tinnu Gunnlaugsdóttur.

Fridberg, Torben. 2003. „Cultural and Leisure Activities in the Nordic Countries, 1980-2000.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 351-384.

Garnham, Nicholas. 1990. *Capitalism and Communication: Global Cultures and the Economics of Information*. Fred Inglis (ritstj.). Sage, London.

———. 1992. „The Media and the Public Sphere.“ *Habermas and the Public Sphere*. Craig Calhoun (ritstj.). The MIT Press, Cambridge og London: 359-376.

Gellner, Ernest. 1983. *Nations and Nationalism: New Perspectives on the Past*. Blackwell Publishers, Oxford og Cambridge.

Gestur Guðmundsson. 2003. „Cultural Policy in Iceland.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 113-145.

Gestur Pálsson. 1888. *Lífið í Reykjavík*. Fyrirlestur. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

———. 1889. *Menntunarástandið á Íslandi*. Prentsmiðja Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík.

Gillies, James og Robert Cailliau. 2000. *How the Web was Born: The Story of the World Wide Web*. Oxford University Press, Oxford.

Gillespie, Tarleton. 2007. *Wired Shut: Copyright and the Shape of Digital Culture*. The MIT Press, Cambridge og London.

Gilmore, James H. og Joseph Pine. 1999. *Experience Economy: Work is Theatre and Every Business a Stage*. Harvard Business School Press, Boston.

Gray, Jonathan, Cornel Sandvoss og C. Lee Harrington (ritstj.). 2007. *Fandom: Identities and Communities in a Mediated World*. New York University Press, New York og London.

Greene, Rachel. 2004. *Internet Art*. Thames & Hudson, London.

Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. 2004. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Greve, Carsten. 2002. „New Public Management.“ *Nordisk administrativ tidsskrift*. 83. árgangur, 1. hefti: 74-90.

Guðjón Friðriksson. 1993. *Saga Jónasar Jónssonar frá Hriflu: Ljónið öskrar*. Iðunn, Reykjavík.

Guðmundur Finnbogason. 1933. *Íslendingar: Nokkur drög að þjóðarlýsingu*. Bókadeild menningarsjóðs, Reykjavík.

Guðmundur Hálfðanarson. 1993. „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld.“ *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990: Ritgerðir*. Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík: 9-56.

———. 1996. „Hvað gerir Íslendinga að þjóð? Nokkrar hugleiðingar um uppruna og eðli þjóðernis.“ *Skírnir*. 170. -árgangur (vor). Hið íslenska bókmenntafélag: 7-31.

———. 1999. „„Hver á sér fegra föðurland.“ Staða náttúrunnar í íslenskri þjóðarvitund.“ *Skírnir*. 173. árgangur (haust): 304-336.

———. 2007 [2001]. *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag. ReykjavíkAkademían, Reykjavík.

Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). 1993. *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990: Ritgerðir*. Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Gunnar Karlsson. 1999. „Íslensk þjóðernisvitund á öþjóðlegum öldum.“ *Skírnir*. 173. árgangur (vor): 141-178.

———. 2004. „Syrpa um þjóðernisumræðu.“ *Skírnir*. 178. árgangur (vor): 153-201.

Habermas, Jürgen. 1984 [1981]. *The Theory of Communicative Action. Volume 1. Reason and Rationalization of Society*. Heinemann, London.

———. 1987 [1981]. *The Theory of Communicative Action. Volume 2. Lifeworld and System: A Critique of Functionalist Reason*. Beacon Press, Boston.

- . 1989 [1962]. *The Structural Transformation of the Public Sphere: An Inquiry into a Category of Bourgeois Society*. Polity Press, Cambridge.
- . 1992. „Further Reflections on the Public Sphere.“ *Habermas and the Public Sphere*. Craig Calhoun (ritstj.). The MIT Press, Cambridge og London: 421-462.
- . 1996 [1992]. *Between Facts and Norms: Contributions to a Discourse Theory of Law and Democracy*. Polity Press, Cambridge.
- . 2001 [1998]. „The Postnational Constellation and the Future of Democracy.“ *The Postnational Constellation: Political Essays*. Max Pensky (ritstj.). Polity Press, Cambridge: 58-114.
- Hall, Stuart. 1997. „The Spectacle of the ‘Other’.“ *Representation: Cultural Representations and Signifying Practices*. Stuart Hall (ritstj.). Sage Publications Ltd, London: 223-290.
- Halldór Guðmundsson. 1987. „Loksins, loksins“: *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútíma-bókmennta*. Mál og menning, Reykjavík.
- Halldór Laxness. 1929. *Alþýðubókin*. Jafnaðarmannafélag Íslands, Reykjavík.
- . 1955. *Dagur í senn: Ræða og rit*. Helgafell, Reykjavík.
- . 1962 [1937]. *Dagleið á fjöllum: Greinar*. Helgafell, Reykjavík.
- . 1962 [1942]. *Vettvángur dagsins: Ritgerðir*. Helgafell, Reykjavík.
- . 1962 [1946]. *Sjálfsagðir hlutir: Ritgerðir*. Helgafell, Reykjavík.
- . 1967. *Íslendingaspjall*. Helgafell, Reykjavík.
- . 1986. *Afmenningarástandi*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Halkier, Bente. 2008. *Fokusgrupper*. Forlaget Samfundslitteratur, Frederiksberg.
- Heikkinen, Merja. 2003. „The Nordic Model of Promoting Artistic Creativity. Public Support for Artists in Denmark, Finland, Norway and Sweden.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 277-304.
- Herder, Johann G. 1968. *Reflections on the Philosophy of the History of Mankind*. The University of Chicago Press, Chicago og London.
- Hillman-Chartrand, Harry og Claire McCaughey. 1989. „The Arm’s Length Principle and the Arts: An International Perspective – Past, Present and Future.“ *Who’s to Pay for the Arts?* Milton C. Cummings Jr. og J. Mark Davidson Schuster (ritstj.). ACA Books, New York.
- Himanen, Pekka. 2001. *The Hacker Ethic and the Spirit of the Information Age*. Secker and Warburg, London.
- Hobsbawn, Eric og Terence Ranger (ritstj.). 1983. *The Invention of Tradition*. Cambridge University Press, Cambridge.

Holden, John. 2004. *Creating Cultural Value: How Culture Has Become a Tool of Government Policy*. Demos, London.

Holton, Robert J. 1998. *Globalization and the Nation-State*. Palgrave, New York.

Huyssen, Andreas. 1986. *After the Great Divide: Modernism, Mass Culture, Postmodernism*. Indiana University Press, Bloomington og Indianapolis.

———. 1995. *Twilight Memories: Marking Time in a Culture of Amnesia*. Routledge, New York.

Í krafti upplýsinga: Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996–1999. 1996. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna. 2008. Forsætisráðuneytið, Reykjavík.

Íslenska: Í senn forn og ný. 2001. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Järvinen, Margaretha og Nanna Mik-Meyer (ritstj.). 2005. *Kvalitative metoder i et interaktionistisk perspektiv: Interview, observationer og dokumenter*. Hans Reitzels Forlag, Kaupmannahöfn.

Jenkins, Henry. 2006a. *Convergence Culture: Where Old and New Media Collide*. New York University Press, New York og London.

———. 2006b. *Fans, Bloggers and Gamers: Exploring Participatory Culture*. New York University Press, New York og London.

Jordan, Glenn og Chris Weddon (ritstj.). 1995. *Cultural Politics: Class, Gender, Race and the Postmodern World*. Blackwell, Oxford og Cambridge.

Jón Karl Helgason. 2002. „Hver á íslenska menningu? Frá Sigurði Nórdal til Eddu – miðlunar og útgáfu.“ *Skírnir*. 176. árgangur (haust): 401–422.

———. 2003. *Ferðalok: Skýrsla handa akademíu*. Bjartur, Reykjavík.

Jón Yngvi Jóhannsson. 2001. „Jøklens Storm svaledde den kulturtrætte Danmarks Pande.“ *Skírnir*. 175. árgangur (vor), Reykjavík.

Jón Sigurðsson. 1951. „Hugvekja til Íslendinga.“ *Hugvekja til Íslendinga: Úrval úr ritum og ræðum Jóns Sigurðssonar til loka þjóðfundar*. Jakob Benediktsson valdi kaflana og bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík: 112–130.

———. 1951. „Um alþing á Íslandi.“ *Hugvekja til Íslendinga: Úrval úr ritum og ræðum Jóns Sigurðssonar til loka þjóðfundar*. Jakob Benediktsson valdi kaflana og bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík: 1–49.

Kant, Immanuel. 1993. „Svar við spurningunni, hvað er upplýsing?“ *Skírnir*. 167. árgangur (haust): 379–386.

Keane, John. 2000. „Structural Transformations of the Public Sphere.“ *Digital Democracy: Issues of Theory and Practice*. Kenneth L. Hacker og Jan van Dijk (ritstj.). Sage Publications, London: 70–89.

Kellner, Douglas. 1990. *Television and the Crisis of Democracy*. Westview Press, Oxford.

Keen, Andrew. 2008. *The Cult of the Amateur: How Blogs, MySpace, YouTube and the Rest of Today's User-Generated Media are Killing Our Culture and Economy*. Nicholas Brealey Publishing, London og Boston.

Knippel, Lars Ole. 2007. „Mestrenes stævnemøde.“ *Jyllands Posten*, 15. febrúar 2007.

Kristeller, Paul Oskar. 2005 [1951]. *Listkerfi nútímans*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Kristeva, Julia. 1984 [1975]. *Desire in Language: A Semiotic Approach to Literature and Art*. Leon S. Rodiez (ritstj.). Basil Blackwell, New York.

Kristín Ástgeirsdóttir, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason. 2010. „Siðferði og starfshættir í tengslum við fall bankanna 2008.“ *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.). Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða, Reykjavík.

Kristín Marja Baldursdóttir. 2005 [2004]. *Karitas án titils*. Mál og menning, Reykjavík.

Kristján Árnason. 1999. „Landið, þjóðin, tungan – og fræðin.“ *Skírnir*. 173. árgangur (haust): 449–466.

Kristján B. Jónasson. 2000. „Fúlstað við flótinu: Íslensk menning eftir Sigurð Nordal á árinu 2000.“ *Tímarit máls og menningar*. 61. árgangur (1): 17–25.

Kvale, Steinar. 1997. *Interview: En introduktion til det kvalitative forskningsinterview*. Hans Reitzels Forlag, Kaupmannahöfn.

Lessig, Lawrence. 2001. *The Future of Ideas: The Fate of the Commons in a Connected World*. Vintage Books, New York.

———. 2004. *Free Culture: How Big Media Uses Technology and the Law to Lock Down Culture and Control Creativity*. The Penguin Press, New York.

———. 2006. *Code: Version 2.0*. Basic Books, New York.

———. 2008. *Remix: Making Art and Commerce Thrive in the Hybrid Economy*. The Penguin Press, New York.

Ling, Rich. 2004. *The Mobile Connection: The Cell Phone's Impact on Society*. Morgan Kaufmann Publishers, Amsterdam.

———. 2008. *New Tech, New Ties: How Mobile Communication is Reshaping Social Cohesion*. The MIT Press, Cambridge og London.

Lyotard, Jean-François. 2008 [1979]. *Hið póstmóðerníska ástand*. Háskólaútgáfan – Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Manovich, Lev. 2001. *The Language of New Media*. The MIT Press, Cambridge Massachusetts og London.

Mason, Matt. 2008. *The Pirate's Dilemma: How Hackers, Punk Capitalists, Graffiti Millionaires and Other Youth Movements are Remixing Our Culture and Changing Our World*. Penguin Books, London.

Matthías Viðar Sæmundsson. 1996. „Sagnagerð frá upplýsingu til raunsæis.“ *Íslensk bókmenntasaga. Þriðja bindi*. Halldór Guðmundsson (ritstj.). Mál og menning, Reykjavík: 495-588.

———. 1996. „Sagnagerð frá þjóðhátíð til fullveldis.“ *Íslensk bókmenntasaga. Þriðja bindi*. Halldór Guðmundsson (ritstj.). Mál og menning, Reykjavík: 767-882.

———. 1996. „Upplýsingaröld 1750-1840.“ *Íslensk bókmenntasaga. Þriðja bindi*. Halldór Guðmundsson (ritstj.). Mál og menning, Reykjavík: 21-218.

McChesney, Robert W. 2000 [1999]. *Rich Media, Poor Democracy: Communication Politics in Dubious Times*. The New Press, New York.

McGuigan, Jim. 1996. *Culture and the Public Sphere*. Routledge, London og New York.

———. 2004. *Rethinking Cultural Policy*. Open University, Maidenhead.

McHoul, Alec og Wendy Grace. 1993. *A Foucault Primer: Discourse, Power and the Subject*. New York University Press, New York.

Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál. 2001. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál. 2002. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál. 2006. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál. 2009. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál. 2010. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Menning og menntun: Forsenda framtíðar. 1996. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Menningarsamstarf á Austurlandi 2002-2004: Úttekt á samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og framlög menntamálaráðuneytisins skv. samningum frá 14. maí 2001. 2004. Menningarráð Austurlands.

Menningartengd ferðahjónusta. 2001. Samgöngumálaráðuneytið, Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið: Menning, menntun og vísindi. 2005. Samgönguráðuneytið, Reykjavík.

Menntun og menning fyrir alla: Verkefnaáætlun 1999-2003. 2000. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga. Formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2009 á sviði vísinda, menningar og mennta. 2008. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn.

Miller, Toby og George Yúdice. 2002. *Cultural Policy*. Sage Publications, London.

Mouffe, Chantal. 2000. *The Democratic Paradox*. Verso, London og New York.

Mundy, Simon. 2000. *Cultural Policy: A Short Guide*. Council of Europe Publishing, Strasbourg Cedex.

Negt, Oskar og Alexander Kluge. 1993 [1972]. *Public Sphere and Experience: Toward an Analysis of the Bourgeois and Proletarian Public Sphere*. University of Minnesota Press, Minneapolis og London.

Niðurstöður starfshóps um endurskoðun laga um starfslaun listamanna. Október 2002. Starfshóppinn skipuðu Magnús Ragnarsson (formaður), Hjálmar H. Ragnarsson og Tinna Gunnlaugsdóttir. Tengiliður hópsins í menntamálaráðuneyti var Karitas Gunnarsdóttir skrifstofustjóri.

Ólafur Ragnar Grímsson. 2000. „Ávarp forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar.“ *Living and Reliving the Icelandic Sagas – Stefnumót við íslenska sagnahefð*. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og The Library of Congress, Cornell University Library, The University of Manitoba Libraries, Reykjavík.

Páll Skúlason. 2001. „Inngangur.“ *Lokaskýrsla Reykjavíkur menningarborgar árið 2000*. Svanhildur Konráðsdóttir (ritstj.). Reykjavík: 6-9.

Páll Valsson. 1996. „Íslensk endurreisn.“ *Íslensk bókmenntasaga. Þriðja bindi*. Halldór Guðmundsson (ritstj.). Mál og menning, Reykjavík: 219-406.

Raunhæfjáfárlög án skattahækkana: Fjárlagatillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna fyrir 2010. 2009. SUS, Reykjavík.

Rettberg, Jill W.. 2008. *Blogging*. Polity Press, Cambridge.

Robbins, Bruce (ritstj.). 1993. *The Phantom Public Sphere*. University of Minnesota Press, Minneapolis.

Sardar, Ziauddin. 2000. „Alt.civilizations.Faq.“ *The Cybercultures Reader*. David Bell og Barbara M. Kennedy (ritstj.). Routledge, London: 732-752.

Sigríður Matthíasdóttir. 2000. „Íslensk menning og evrópsk þjóðernisstefna.“ *Tímarit Máls og menningar*. 61. árgangur (1):10-16.

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir. 2006. „Klink og Bank: Sagan öll.“ *Mannlíf*. 11. tbl.: 31-35.

Sigurður Gylfi Magnússon. 2010. *Wasteland with Words: A Social History of Iceland*. Reaktion Books, London.

Sigurður Nordal. 1942. *Íslensk menning*. Fyrsta bindi. Mál og menning, Reykjavík.

———. 1987. *Ritverk – List og Lífsskoðun II: Andstæður*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Sigurður G. Valgeirsson. 2002. *Leikið íslenskt sjónvarpsefni: Staða, horfur og möguleikar*. Aflvaki hf., Reykjavík.

Sirnes, Thorvald. 2003. „A Comparison of Theatre Policy.“ *The Nordic Cultural Model*. Peter Duelund (ritstj.). Nordic Cultural Institute, Kaupmannahöfn: 305-334.

Skot-Hansen, Dorte. 2007. *Byen som scene: Kultur- og byplanlægning i oplevelsessamfundet*. Biblioteksforbundet, Frederiksberg.

———. 2008. *Museerne i den danske oplevelsesøkonomi: Når oplysning bliver til en oplevelse*. Imagine.-Samfundslittertur, Frederiksberg.

Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. 2005. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni. 2000. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Skýrsla vinnuhóps menntamálaráðuneytisins um fjárhag og rekstur Ríkisútvarpsins. 2001. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Smith, Anthony D.. 2001. *Nationalism: Theory, Ideology, History*. Polity Press, Cambridge.

Snorri Hjartarson. 2006. *Kvæðasafn*. Mál og menning, Reykjavík.

Stalder, Felix. 2006. *Manuel Castells: The Theory of the Network Society*. Polity Press, Cambridge.

Stefna í menningarmálum á Suðurlandi: Tillögur samstarfshóps á vegum Samtaka sunn- lenskra sveitarfélaga, og Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands. 2004. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Stefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt starf að menningarmálum: Samantekt unnin af menningarráði, maí 2005, með fyrirvara um formlegt samþykki sveitarstjórnar á Norðurlandi vestra. 2005.

Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum: Tillögur unnar fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga af Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og vinnuhópi sem í áttu sæti fulltrúar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. 2004. Skýrslan var fengin í menntamálaráðuneytinu.

Svanhildur Konráðsdóttir. 2001. „VI. hluti: Kynningarmál.“ *Lokaskýrsla Reykjavíkur menningarborgar árið 2000*. Svanhildur Konráðsdóttir (ritstj.). Reykjavík: 138-180.

Sveinn Einarsson. 1996. *Íslensk leiklist: Ræturnar. 1. bindi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

———. 1996. *Íslensk leiklist: Listin. 2. bindi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting: Rannsókn í íslenskri rómantik*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík/Akademían, Reykjavík.

Thurah, Thomas. 2009. „Turistnips og truckerplysterning.“ *Politiken*, 2. maí 2009.

Tönnies, Ferdinand. 1990. „Gemeinschaft og Gesellschaft.“ *Handling og samfunn: Sosiologísk leiri í utvalg*. Dag Østerberg (ritstj.). Pax forlag A. S., Oslo.

Úlfhildur Dagsdóttir. 2001. „Myndanir og myndbreytingar.“ *Skírnir*. 175. árgangur (haust): 391-419.

———. 2004. „Is this Iceland? Nationality Glimpsed Through Music Videos.“ Fyrirlestur haldinn á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn 24. apríl 2004.

Williams, Raymond. 1976. *Keywords: A Vocabulary of Culture and Society*. Fontana/Croom Helm, London.

„Þetta er afar skýrtín þjóð! Hringborðsumræður í Þjóðmenningarhúsinu.“ Brynhildur Þórarinsdóttir stýrði umræðum 2001. *TMM*. 62. árgangur (1): 30-39.

„Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.“ 2007. *Lesbók Morgunblaðsins*, 17. febrúar: 12.

Þórbergur Þórðarson. 1974 [1924]. *Bréftil Láru*. Mál og menning, Reykjavík.

Þórunn Sigurðardóttir. 2001. „I. hluti: Aðdragandi og undirbúningur.“ *Lokaskýrsla Reykjavíkur menningarborgar árið 2000*. Svanhildur Konráðsdóttir (ritstj.). Reykjavík: 10-20.

Heimildir á netinu

„About the BBC – Mission and Values,“ nálgast 30. júlí 2009. URL: <http://www.bbc.co.uk/info/purpose/>

„Aðgerðaáætlun,“ nálgast 23. apríl 2007. URL: <http://www.islandshreyfingin.is/index.php-tree=3&page=3.htm>

„Aðstoð Björgólfs,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.visir.is/article/200771112106>

„Allt annað lífl,“ nálgast 5. febrúar 2010. URL: <http://vg.is/kosningar/Undirflokkur/>

„Árangursstjórnunarsamningar við menningarstofnanir,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Forsidugreinar/nr/3412>

„Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við foropnun sýningar Ólafs Eliassonar „Frost Activity“ Listasafni Reykjavíkur 16. janúar 2004,“ nálgast 18. mars 2010. URL: <http://www.forseti.is/media/files/04.01.17.Olaf.Elias.opnun.pdf>

„Ávarp menntamálaráðherra á stofnfundi Ríkisútvarpsins ohf. í Þjóðmenningarhúsinu 5. mars 2007,“ nálgast 13. mars 2007. URL: <http://menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/nr/3957>

„Ávarp ráðherra á ráðstefnunni Menningarlandið, 11. maí 2009,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/2009/07/16/nr/5001>

Barnevæn menning – betri borg: Starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar 2008, nálgast 8. mars 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-458>

„Baugur styrkir hið íslenska bókmenntafélag um 19 milljónir,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1239231>

„Baugur styrkir listafólk,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.visir.is/article/20070207/LIFID08/102070114>

„BBC Creative Archive pioneers new approach to public rights in digital age.“ Fréttatilkynning BBC, 26. maí 2004, nálgast 17. janúar 2010. URL: http://www.bbc.co.uk/pressoffice/pressreleases/stories/2004/05_may/26/creative_archive.shtml

„Bick Buck Bunny,“ nálgast 10. febrúar 2010. URL: <http://www.bigbuckbunny.org/index.php/about/index.php>

„Breaking the Ice: Sigur Rós wrestle with the pop aesthetic in a language few speak but everyone can understand,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/articles/dazed0.php>

„CCMixer: Download, Sample, Cut-up, Share,“ nálgast 10. febrúar 2010. URL: <http://ccmixter.org/>

„Creative Commons: Attribution-Noncommercial 3.0 Unported,“ nálgast 10. febrúar 2010. URL: <http://creativecommons.org/licenses/by-nc/3.0/>

„Creative Commons: Share, Remix, Reuse – Legally,“ nálgast 10. febrúar 2010. URL <http://creativecommons.org>

„Drög að frumvarpi til laga um fjölmiðla,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/frumvorp/>

Duelund og Valtýsson. 2010. „Denmark,“ nálgast 15. mars 2010. URL: <http://www.culturalpolicies.net/web/denmark.php>

„Eigtheen Seconds Before Sunrise,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.sigur-ros.co.uk/>

„Elephants Dream,“ nálgast 10. febrúar 2010. URL: www.elephantsdream.org

Ferðamannaborgin Reykjavík: Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2004-2010, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-453/>

„Fjárlög fyrir árið 2006,“ nálgast 1. mars 2010. URL: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2005.152.html>

„Fjölgun opinberra listamanna um 33%,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.visir.is/article/20090309/SKODANIR03/234110356>

Forskot til framtíðar: Verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun 2001-2003. 2001. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík. Nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://bella.mrn.stjr.is/utgafuskra/rit.adp?id=34082&leitarord=forskot%20til%20framt%C3%AD%C3%B0ar>

Framsókn Íslendinga í 90 ár: Ályktanir 29. flokksþings framsóknarmanna 2.-3. mars 2007, nálgast 23. apríl 2007. URL: http://www.framsokn.is/framsokn/upload/files/framsokn/alyktanir_2007-loka.pdf

„Framtíðarsýn – Starfsumhverfi listamanna,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://bil.is/index.php?option=content&task=view&id=30&Itemid=50&sP=38>

„Framtíðarsýn og stefnumótun,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://bil.is/index.php?option=content&task=view&id=18&Itemid=38>

„Frumvarp um RÚV samræmist ekki EES reglum,“ nálgast 7. febrúar 2010. URL: <http://www.sa.is/frettir/samkeppnismal/nr/3497/>

Fyrir okkur öll, nálgast 11. janúar 2010. URL: <http://www.framsokn.is/>

Grundvallastefnuskrá Framsóknarflokksins 2001, nálgast 11. janúar 2010. URL: <http://www.framsokn.is/stefnan/>

Haukur F. Hannesson. 2010. „Er til menningarstefna á Íslandi?: Greining á menningarstefnu íslenska ríkisins eins og hún litur út í desember 2009.“ Samantekt unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið ágúst til desember 2009. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarlandid2010/>

Hollvinir RÚV mótmæla samningi við Björgólf Guðmundsson,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1302353>

„Hlaðvarp – Podcast RÚV,“ nálgast 21. janúar 2010. URL: <http://ruv.is/podcast/>

„Hugsum á heimsvísu - tökum til heima: Samþykkt á Landsfundi 2007,“ nálgast 16. mars 2010. URL: <http://www.vg.is/landsfundir/alyktanir/nr/1605>

„Hvers vegna er verið að styrkja listamenn?,“ nálgast 18. október 2010. URL: <http://www.visir.is/article/20101006/FRETTIR01/366650700>

„I had a little bit of cabin fever,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://music.guardian.co.uk/pop/story/0,,2066041,00.html>

„Ice Capades – Björk and Beyond with Reykjavík's Sigur Rós,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/articles/vanity0.php>

„Inngangur,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.bil.is/index.php?option=content&task=view&id=19&Itemid=38&sP=25>

„Irish Times Review of Heima,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/heima/irish-times.php>

„Islandske hverdagsskæbner på en bund af mystik og svedigt begær,“ nálgast 18. mars 2010. URL: <http://www.information.dk/189671>

„Kastljós,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://dagskra.ruv.is/kastljós/umokkur/>

Kraftmikil menning – skapandi borg: Starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar 2007, nálgast 8. mars 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-458>

„Kulturkanon,“ nálgast 2. febrúar 2010. URL: <http://www.kulturkanon.kum.dk/>

Kulturpolitisk redegørelse 2006, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.netpublikationer.dk/kk/6455/>

„Landsfundir Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs – ályktanir 2009,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.vg.is/landsfundir/>

„Landsfundur 2007: Ályktun um menningarmál,“ nálgast 16. mars 2010. URL: http://www.xd.is/?action=landsfundur_nanar&id=600

„Landsfundur 2009: Ályktun um menningarmál,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: http://xd.is/?action=landsfundur_2009_nanar&id=921

„Leikhópur SUS sækir um listamannalaun,“ nálgast 15. mars 2007. URL: <http://www.sus.is/frettir/nr/439>

Litrík menning – lifandi borg: Starfsáætlun menningar- og ferðamálasviðs 2009, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-458/>

Loftur Atli Eiríksson. 2009. *Viðskiptavæðing menningarlífsins og menningarvæðing viðskiptalífsins: Áhrif stefnu íslenskra stórfyrirtækja í styrkveitingum til menningarmála á menningarstofnanir á árunum 2002-2008*, nálgast 18. febrúar 2010. URL: <https://skemman.is/dspace/handle/1946/3629>

Lýsigagnaskráning á menningarefni: Menningargátt. 2002. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík. Nálgast 16. febrúar 2010. URL: <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/menningargatt.pdf>.

„Lög um listamannalaun,“ nálgast 14. mars 2007. URL: <http://listamannalaun.is/log.php?visi=1>

„Lög um listamannalaun,“ nálgast 1. mars 2010. URL: <http://www.althingi.is/lagas/137/2009057.html>

„Lög um Menningarsjóð,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.althingi.is/lagas/133a/1993079.html>

„Lög um Ríkisútvarpið ohf.,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0773.html>

Manovich, Lev. „Remixability,“ nálgast 14. janúar 2010. URL: <http://manovich.net/>

Málefnahandbók – Frjálslyndi flokkurinn, nálgast 11. janúar 2010. URL: http://www.xf.is/files/Skra_0017259.pdf

„Melody Maker,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/articles/mm0.php>

Menning og listir – virkt afl – mikilvæg auðlind, nálgast 11. janúar 2010. URL: <http://www2.samfylking.is/Forsida/Umflokkinn/Kosningastefna2007/Menningarstefna/>

„Menningar- og menntamál,“ nálgast 5. febrúar 2010. URL: <http://vg.is/stefna/menning-menntun/>

„Menningarlíf í Ísafjarðarbæ,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://isafjordur.is/menning%5Fog%5Fmannlif/>

„Menningarmál,“ nálgast 23. september 2009. URL: http://www.kopavogur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=345&Itemid=109

„Menningarstefna Reykjavíkurborgar,“ nálgast 14. mars 2007. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-452>

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2009-2012, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-452/>

„Microfisica,“ nálgast 19. janúar 2010. URL: <http://microfisica.com/>

„Nefndarálit um frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf. frá minni hluta menntamálanefndar,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0558.html>

Opinn hugur – opin hús: Starfsáætlun 2006, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-458>

O'Reilly, Tim. „What is Web 2.0?“, nálgast 14. janúar 2010. URL: <http://oreilly.com/web2/archive/what-is-web-20.html>

„Q Review of Heima“, nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/heima/q.php>

„Potatoland“, nálgast 10. febrúar 2010. URL: <http://potatoland.org/>

„Reglur um bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar“, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/DesktopDefault.aspx/tabid-830>

„RIP!: A Remix Manifesto“, nálgast 20. janúar 2010. URL: <http://www.ripremix.com/>

„Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál“, nálgast 23. september 2009. URL: <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/FF6C260B2319251D002567BA004D88CB/3305-B7DF4EDDD709002572D1003F5D56?OpenDocument>

„Samningurumúttvarpsþjónustuíalmannabágu“, nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/FF6C260B2319251D002567BA004D88CB/034288-DD68D2E243002572A7004D5B91>

„Samningur við Ríkisútvarpið um almannabjónustu“, nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/3702>

„Samstaða um Ríkisútvarpið – traust og sjálfstætt almannautvarp“, nálgast 15. mars 2010. URL: www.mbl.is/media/14/614.pdf

„Samstarfsyfirlýsing og 100 daga áætlun“, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.samfylkingin.is/Fr%C3%A9ttir/articleType/ArticleView/articleId/374/categoryId/3/Samstarfsyfirlýsing-og-100-daga-atlun>

„Samþykkt fyrir menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar“, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-520/>

„Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn“, nálgast 16. febrúar 2010. URL: <http://www.sarpur.is/>

Skal gert: Leiðir jafnaðarmanna í efnaðags-, atvinnu- og velferðarmálum, nálgast 15. mars 2010. URL: <http://www.samfylkingin.is/Stefnum%C3%A1ll>

„Skipurit menningar- og ferðamálasviðs“, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-531/>

Stalder, Felix. „The End of an Era: The Internet Hits Ground“, nálgast 14. janúar 2010. URL: <http://felix.openflows.org/html/endofera.html>.

Stallman, Richard M. 2002. *Free Software, Free Society: Selected Essays of Richard M. Stallman*. Joshua Gay (ritstj.). GNU Press, Boston. URL: http://en.wikipedia.org/wiki/Free_Software,_Free_Society:_Selected_Essays_of_Richard_M._Stallman

Starfsáætlun menningarmála 2005, nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-458/>

„Stefna Borgarahreyfingarinnar,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: http://www.xo.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=14&Itemid=23

„Stefnuyfirlýsing Íslandshreyfingin – lifandi land,“ nálgast 23. apríl 2007. URL: <http://www.islandshreyfingin.is/index.php-tree=2&page=2.htm>

„Steingrímur Eyfjörð – The Golden Plover has Arrived – Lóan er komin,“ nálgast 5. ágúst 2009. URL: <http://www.cia.is/venice/Icelandic%20Pavilion%202007.htm#press>

„Strange? Us?,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/articles/guard0.php>

„Styrkir Listasafn Reykjavíkur um milljónir vegna sýningar Ólafs,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2004/01/15/styrkir_listasafn_reykjavikur_um_milljोनir_vegna_sy/

„Söderberg TV,“ nálgast 13. janúar 2010. URL: <http://soderberg.tv/>

„The BBC Plans,“ nálgast 10. júlí 2008. URL: http://creativearchive.bbc.co.uk/archives/the_bbc_s_plans/

„The End – Ragnar Kjartansson,“ nálgast 5. ágúst 2009. URL: <http://www.cia.is/venice/index.htm#press>

Tillögur starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra um almannauðvarp, nálgast 20. febrúar 2010. URL: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5316>

„Tilkynningar,“ nálgast 4. febrúar 2010. URL: <http://www.listamannalaun.is/default.asp?page=44&PgSize=10>

„Time Out Review of Heima,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://sigur-ros.co.uk/media/heima/time-out.php>

„Trygg atvinna – vegur til framtíðar,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.vg.is/kjor-daemi/kosningaaherslur--vegur-til-framtidar/trygg-atvinna/>

„Útlutað úr Styrktarsjóði Baugs,“ nálgast 10. maí 2007. URL: <http://www.baugurgroup.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2303>

„Ytringsfiheten på Island under press,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.nrk.no/nyheter/utenriks/1.6891249>

„Verklagsreglur fyrir fagráð og faghóp um úthlutun styrkja og samninga menningar- og ferðamálaráðs,“ nálgast 9. mars 2010. URL: http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3899/6588_read-18594/6139_view-2571/

„Vill að fjölmiðlar fái stuðning frá ríkinu,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: <http://www.visir.is/article/20091125/FRETTIR01/417433067>

„Vinna og velferð: Stjórn málaályktun Samfylkingarinnar 2009,“ nálgast 8. febrúar 2010. URL: http://www.samfylkingin.is/Stefnum%C3%A1l/%C3%81herslur_2009#MenntunOgMenning

Virkjum menninguna, nálgast 23. apríl 2007. URL: <http://www.samfylking.is/Forsida/Stefnan/Framtidarhopur/Virkjummenninguna/>

Wesch, Michael. „The Machine is Us/ing Us,“ nálgast 14. janúar 2010. URL: <http://www.youtube.com/watch?v=6gmP4nk0EOE>

Viðmælendaskrá

Viðtal við Þorgeir Ólafsson, sérfræðing hjá menntamálaráðuneytinu. Tekið 5. apríl 2004.

Viðtal við Tinnu Gunnlaugsdóttur, þáverandi forseta BÍL. Tekið 19. ágúst 2004.

Viðtal við Hjálmar Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands. Tekið 17. ágúst 2004.

Viðtal við Signýju Pálsdóttur, þáverandi menningarmálastjóra Reykjavíkurborgar. Tekið 24. ágúst 2004.

Viðtal við Þórunni Sigurðardóttur, þáverandi listrænan stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík. Tekið 30. ágúst 2004.

Auk þess átti ég viðtal við Karitas Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra menningardeildar menntamálaráðuneytis, og var hún mér innan handar við gagnaöflun sem varðaði ráðuneytið.

menning + listir + vald + almannasvið + menningarstefna + íslensk menningarvitund +
þjóðerniskennd + hnattvæðing + stafræn menning + BÍL + ríki + borg + Habermas +
stjórnmálaflokkar + Björk + sveitarfélög + Fjölur + Castells + menningartengd
ferðaþjónusta + alþjóðleg menningarsamvinna + fjölmiðlar + Foucault + netsamfélagið

Hér er íslensk menningarstefna greind fræðilega og sett í samhengi við alþjóðlegar
menningarstefnur. Samband menningar og ríkis, sveitarfélaga, stjórnmálaflokka og
markaðar er skoðað, sem og áhrif Fjölnismanna, Bjarkar og fleiri lista- og fræðimanna.
Þá er skoðað hvernig menningarstefnu tekst að bregðast við breyttu landslagi internets
og annarra nýmiðla og spáð fyrir um menningarpólitik framtíðarinnar.

Bjarki Valtýsson er doktor í boðskipta- og menningarfræðum og aðjúntkt við IT háskólann í
Kaupmannahöfn.

Þúhú

ISBN 978-9935-413-10-9



9 789935 413109